RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR
Tilraunadýr systur sinnar
• tíska
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

MYNDAVÉLAR
Fróðleikur, námskeið og nýjungar á markaði
Sérblað um myndavélar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG


Hreindýrakjöt
Úrval af villibráð!
Melabúðin
Þín verslun
Seljabraut

PITT

FRÉTTABLAÐIÐ

10. desember 2009 — 292. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

HAM raknar úr rotinu
Fyrsta stúdíóplatan í tuttugu ár væntanleg.
FÓLK 70

Gerir mynd um fíkla
Ragnhildur Magnúsdóttir fékk handritsstyrk frá Kvikmyndasjóði Íslands.
FÓLK 82

Áhrifamiklar hljóðbækur
Fyrirtækið Hljóðbók.is hljóðskreytir þrjár bækur fyrir jólin.
FÓLK 82

Risarnir stóðust prófið
Barcelona og Inter tryggðu sér í gær sæti í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar.
ÍÞRÓTTIR 78

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI NA-TIL Í dag verða sunnan 5-10 m/s, en vaxandi suðaustanátt og skúrir S- og V-til síðdegis. Bætir heldur í úrkomu í kvöld. Milt í veðri og hiti 2-10 stig.
VEÐUR 4

Búast má við þingi á milli jóla og nýárs

Margt bendir til að þingfundir verði á milli hátíðanna. 61 stjórnarmál liggur fyrir þinginu. Starfsáætlunin er úr lagi gengin vegna Icesave. Enn stefnt að samþykkt þess fyrir áramót. Fimmtán ár síðan síðast var þingað milli hátíða.

ALÞINGI Ólíklegt er talið að Alþingi takist að ljúka meðferð allra mála sem ríkisstjórnin telur mikilvægt að verði að lögum fyrir áramót áður en jólahátíðin gengur í garð. Því er útlit fyrir að þingfundir verði milli jóla og nýárs.

Starfsáætlun þingsins er farin úr skorðum en samkvæmt henni átti önnur umræða fjárlaga að vera í dag, þriðja umræða á þriðjudag og síðasti þingfundur fyrir jólaleyfi eftir viku. Fjárlagafrumvarpið er enn til meðferðar í fjárlaganefnd en vonir standa til að önnur umræða geti farið fram á mánudag. Óvíst er hvenær þriðja umræðan getur farið fram. Stjórnarandstaðan hefur sett fram kröfur í sextán liðum um verklag við meðferð Icesave-málsins á milli annarrar og þriðju umræðu. Ljóst er að sú vinna tekur nokkurn tíma en að sama skapi er óljóst hvenær málið kemst til þriðju umræðu.

Alls hefur Alþingi 61 stjórnarfrumvarp til meðferðar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggur ríkisstjórnin ríka áherslu á að um helmingur þeirra verði að lögum fyrir áramót. Fjárlög, skattalagabreytingar, Icesave og margvíslegar breytingar á lögum um félagsleg réttindi eru þar á meðal.

Í fyrra lauk þingið störfum fyrir jólaleyfi hinn 22. desember.

Alþingi sat síðast að störfum milli jóla og nýárs árið 1994.

Umræðum um fjárlög ársins 1995 lauk á næturfundi aðfaranótt Þorláksmessu en síðan var þingfundum frestað til þriðja dags jóla. Kom það þá saman til þess að afgreiða frumvörp um lánsfjárlög, breytingar á skattalögum og ráðstafanir í ríkisfjármálum. Auk þess var samþykkt að Ísland yrði meðal stofnaðila að Alþjóðaviðskiptastofnun GATT, en frestur til þess rann út um áramótin.

- bþs, pg

ÆGIR VIÐ RENNIBEKKINN Mörg hundruð laufabrauðsjárn hafa verið smíðuð við rennibekkinn sem Ægir keypti fyrir tuttugu árum. Fyrri eigandi bekkjarins hafði smíðað laufabrauðsjárn og fylgdi bekknum tól til smíðinnar og listi yfir viðskiptavini.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ægir Björgvinsson byrjaði að smíða laufabrauðsjárn fyrir tuttugu árum:

Annar vart pöntunum

FÓLK „Það er brjálað að gera," segir Ægir Björgvinsson sem undanfarin tuttugu ár hefur smíðað laufabrauðsjárn í aukavinnu í bílskúrnum hjá sér. Járnin sem Ægir hefur smíðað skipta hundruðum og segir hann áhugann á laufabrauðsgerð greinilega aukast á ári hverju. „Ætli ég smíði ekki svona um það bil 400 járn í ár," segir Ægir sem hafði ekki mikinn áhuga á smíðunum í fyrstu. „Svo fór ég að skoða málið, hringdi í Gerði Hjörleifsdóttur sem þá rak Íslenskan heimilisiðnað sem fagnaði mér mjög, enda hafði hún þá ekki náð í laufabrauðsjárn í tvö ár."

Salan á járnunum er mest í nóvember og desember en með tilkomu Jólahússins í Eyjafirði og Laufabrauðssetursins seljast þau allt árið. Ægir hefur því nóg að gera í aukavinnunni sem tekur öll kvöld og helgar um þessar mundir. „Ég hef reyndar sleppt sunnudögunum í haust svona yfirleitt, varð við beiðni konunnar um það," segir Ægir sem hefur að aðalstarfi lagerstjórn hjá Héðni.

Ægir smíðar ekki bara hefðbundin laufabrauðsjárn, heldur einnig nýrri og fínlegri útgáfu. „Ég fékk beiðni hjá konu fyrir norðan fyrir nokkrum árum, hún vildi járn sem líktist handskurðinum meira en þessi dæmigerðu. Þessi járn tókust vel og hefur eftirspurnin eftir þeim verið mikil nú í haust."

- sbt

UNDIRBÚNINGUR Skothelt gler sett upp á svalir hótelsins sem Obama gistir á.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nóbelsafhending í dag:

Norðmenn taka á móti Obama

NOREGUR, AP **Bæði norska lögreglan og hópar mótmælenda eru í viðbragðsstöðu vegna komu Baracks Obama Bandaríkjaforseta til Noregs í dag. Obama tekur þar við friðarverðlaunum Nóbels.**

„Þetta er stærsta og mest krefjandi öryggisaðgerð í sögu Noregs," segir Johan Fredriksen, starfsmannastjóri lögreglunnar í Ósló. Dómsmálaráðuneytið þarf að greiða 92 milljónir norskra króna, en það samsvarar rúmlega tveimur milljörðum íslenskra króna, til að standa straum af öryggisráðstöfunum dagsins.

Verðlaunaféð, sem Obama fær afhent, nemur 10 milljónum sænskra króna, eða um 170 milljónum íslenskra.

- gb

Sundfólk og ræðarar í hættu:

Varað við vinalegum höfrungi

NÝJA-SJÁLAND Bæjaryfirvöld í Gisborne á Nýja-Sjálandi hafa varað fólk við ungum höfrungi sem virðist hafa fullmikinn áhuga á samneyti við mannfólkið, og hefur sett bæði sundmenn og kajakræðara í hættu.

Höfrungurinn Moko slasaði tvær tólf ára stúlkur sem voru á brimbretti úti fyrir strönd bæjarins og hirti af þeim brettin. Óttast sérfræðingar að hann geti sett fólk í hættu með því að velta brimbrettum og hindra sundmenn í að komast í land.

Ekki eru allir áhyggjufullir yfir uppátækjum Moko, og segir umhverfisfræðingur sem eytt hefur miklum tíma með honum höfrunginn meinlausan.

- bj

sbarro
18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum
1990 kr.
Risa pizza
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

Læknir Pönkari


SPURNING DAGSINS



Arnar, þurfa menn líka að hafa fimm háskólagráður til að komast í bíó?

„Nei, það þarf ekkert próf fyrir þetta."

Arnar Freyr Sigurðsson hefur ásamt félaga sínum stungið upp á því við Sambíóin að þeir sem mæta í gervi Georgs Bjarnfreðarsonar á frumsýningu kvikmyndarinnar Bjarnfreðarsonar fái ókeypis á myndina.

Velferðarsjóður barna afhenti Rjóðri viðbótarhúsnæði til listmeðferðar:

Kærkomin viðbót fyrir börnin

SAMFÉLAGSMÁL Velferðarsjóður barna afhenti í gær Rjóðri, hjúkrunarheimili fyrir langveik börn, viðbótarhúsnæði til listmeðferðar, með myndlistar-, nudd- og viðtalsherbergi.

Alls nýta um 50 fjölskyldur á landinu sér þjónustu Rjóðurs og gjöfin því kærkomin fyrir börnin. Í Rjóðri er rými fyrir átta langveik börn hverju sinni. Þar fá börnin endurhæfingu og aðhlynningu, og foreldrar fá oft kærkomna hvíld og tíma fyrir sjálfa sig. Velferðarsjóður barna kom Rjóðri á laggirnar fyrir sex árum. Á þeim tíma hefur sjóðurinn varið yfir 100 milljónum króna til heimilisins. **- bj**

OPIÐ Börnin klipptu sjálf á borðann og opnuðu viðbótarhúsnæði þar sem listmeðferð mun fara fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dularfull ljós yfir Noregi:

Líklegast rússneskt flugskeyti

NOREGUR Dularfullt ljós á himni vakti mikla athygli íbúa í Norður-Noregi í gærmorgun. Í norskum fjölmiðlum upphófust þegar miklar vangaveltur um hugsanlegar orsakir þess.

Á endanum virtust þó flestir sættast á að ljósið hafi komið frá rússnesku flugskeyti, sem hafi borið af leið og sprungið. Einkennilegt spíralmyndað ljós, sem á tímabili sást, hafi líklega stafað af skini sólar á flugskeytið.

Svipað ljós sást á norðurhimni í Noregi í byrjun nóvember, sem olli miklum heilabrotum þangað til ljóst þótti að þar hafi rússneskt flugskeyti verið á ferð. **- gb**

Fyrstu drög tilbúin:

Aðgerðaáætlun um loftslag

UMHVERFISMÁL Starfshópur sem umhverfisráðherra skipaði hefur skilað af sér fyrstu drögum um aðgerðaáætlun loftslagsmálum. Þar eru kynntar átta meginleiðir sem eiga að leiða til 19 til 32 prósenta minni losunar gróðurhúsalofttegunda árið 2020.

Meðal þeirra aðgerða er að breytt kerfi skatta og gjalda á bíla og eldsneyti, notkun lífeldsneytis á fiskiskiptaflotann, rafvæðing fiskimjölsverksmiðja og efling göngu, hjólreiða og almenningssamgangna sem valkosts í samgöngum.

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, fer á laugardaginn til Kaupmannahafnar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál.

- kóp

Fjárhagsáætlun 2010:

Níu milljónir í rekstrarafgang

SVEITARFÉLÖG Fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2010 gerir ráð fyrir 9 milljóna króna afgangi af rekstri sveitarfélagsins.

Fyrri umræða um áætlunina fór fram á þriðjudag. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði jákvæð um 38,9 milljónir

Tekjur eru áætlaðar 592,7 milljónir en gjöld 553,7 milljónir, auk 29,9 milljóna króna í fjármagnsliði.

Sveitarfélagið mun fullnýta útsvarsheimildir sínar og gerir ráð fyrir 8 prósenta almennri gjaldskrárhækkun en fimm prósenta hækkun launa.

Hækkun tryggingagjalds úr 5,37 prósentum í 8,6 prósent hefur í för með sér 8,9 milljóna króna hækkun útgjalda fyrir Dalabyggð. **- pg**

Bókabretti stuðlar að betra heilsufari

Í Múlalundi eru nú ekki framleiddar möppur heldur unnið að framleiðslu standa fyrir tölvur, bækur og dagblöð. Standarnir eru íslenskt frumkvöðlaverkefni og hafa fyrirbyggjandi heilsuvænleg áhrif. Þeir fara á markað í Evrópu.

NÝSKÖPUN Í Múlalundi er nú verið að framleiða hugarsmíð Ástu Kristrúnar Ragnarsdóttur. Þar er um að ræða standa fyrir tölvur, bækur og dagblöð sem hafa fyrirbyggjandi áhrif á heilsu þeirra sem þá nota. Ásta hefur hannað standana, í samvinnu við Hörpu Helgadóttur sjúkraþjálfa, en hún er að ljúka doktorsverkefni um háls- og axlamein í Háskóla Íslands.

Vörurnar, sem hafa hlotið heitið NEMAvörur, eru unnar í náinni samvinnu við lækna og iðjuþjálfa. Um er að ræða bretti eða stand, á hverju fólk lætur bækur hvíla við lestur, eða tölvur við vinnu. Þá er með einföldum hætti hægt að breyta vörunni í dagblaðabretti og notkun standanna því margþætt.

Sótt hefur verið um styrk til Impru til að markaðssetja vörurnar í Norður-Evrópu. Þegar eru komnir samstarfsaðilar í Noregi og Svíþjóð og einnig hafa framleiðendur verið í sambandi við Workability Europe Business, sem eru Evrópusamtök sem staðsett eru í Hollandi.

Eftir miklu er að slægjast; í Þýskalandi einu er námsmannamarkhópur NEMAvara um 35 milljónir króna og á Norðurlöndum 9 til 10 milljónir.

Markópurinn er fartölvunotendur, fólk sem vinnur samtímis með tölvu og ritað mál og þá fólk sem stundar lestur, til dæmis námsmenn og sá hópur sem á í erfiðleikum með að halda á og fletta blaði eða bók, til dæmis eldri borgarar.

Ásta segir sérstaklega skemmtilegt að vörurnar séu framleiddar í Múlalundi. Þar sé stærsti öryrkjavinnustaður landsins og hann standi höllum fæti og sé á ákveðnum tímamótum. Búið sé að selja húsið við Hátún og vinnustaðurinn flytji í húsnæði Reykjalundar, sem nýverið hætti starfsemi. Hönnunar- og þróunarferlið hefur tekið um eitt ár og þegar hún var komin með mótaða hugmynd hafði hún samband við Múlalund. Þar hófst þróunar- og prófunarstarf snemma árs 2009.

FRUMKVÖÐLAR Ásta Kristrún og Harpa standa að framleiðslu brettanna í samstarfi við Múlalund, en þar eru þau framleidd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NEMAvörurnar eru þegar komnar á markað og hafa fengið góðar viðtökur, að sögn Ástu. Múlalundur og NEMA hafa borið allan kostnað af þróunar- og markaðssetningu og segir Ásta að ljóst sé að styrk þurfi ef halda eigi dampi meðan varan er fersk.

„Nú þarf að sýna nýsköpun í verki. Við getum rétt okkur af þegar salan eykst, en nú vantar fjármagn til markaðssetningar. Okkur vantar vængi til að taka á flug."

kolbeinn@fretabladid.is

Siv Friðleifsdóttir:

Var pöruð út á móti Helga

ALÞINGI Ástæða þess að Siv Friðleifsdóttir var ekki viðstödd atkvæðagreiðslu um ábyrgðir vegna Icesave er að hún var pöruð út á móti Helga Hjörvar. Helgi var staddur á vegum þingsins erlendis og hefði för hans verið aflýst ef Siv hefði ekki vikið af þingfundi.

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Löng hefð er fyrir slíku á Alþingi.

Í yfirlýsingu Framsóknarflokksins vegna málsins segir að það sé gert til að valdahlutföll raskist ekki vegna lögmætra forfalla þingmanna.

Mörg dæmi séu um að þingmenn annarra flokka hafi verið paraðir út á móti þingmönnum Framsóknarflokks, á meðan hann var í ríkisstjórn. Þetta hafi ekkert með afstöðu Sivjar til málsins að gera og hafi þegar komið fram. **- kóp**

Stytta Nínu Sæmundsson:

Hafmeyjan fór til einkaaðila

MYNDLIST Hafmeyja Nínu Sæmundsson var í gær seld til einkaaðila. Verkið var á uppboði á þriðjudag í Gallerí Fold og vonaðist uppboðshaldarinn til að Reykjavíkurborg festi kaup á henni og setti upp við Tjörnina. Þar var áður hafmeyjumynd eftir Nínu en sú var sprengd í loft upp á nýársnótt 1960.

Ekki fékkst viðunandi boð í verkið á uppboðinu, en samkvæmt upplýsingum frá galleríinu keypti einkaaðili utan Reykjavíkur styttuna. Það verði sett upp utan borgarinnar, en verði almenningi aðgengilegt. **- kóp**

Metsala á jólabjór dregur úr sölu á venjulegum bjór:

60 prósenta söluaukning á jólabjór

NEYTENDUR Um 160 þúsund lítrar eru seldir af jólabjór í ár sem er um 60 prósenta söluaukning miðað við sama tíma í fyrra. Nokkrar tegundir eru uppseldar hjá birgjum en engin enn sem komið er í Vínbúðunum að því er Örn Stefánsson innkaupastjóri segir. Hann segir sölu á venjulegum bjór hafa dregist saman á sama tíma, sem er nýtt, áður hafi jólabjórinn verið sem hrein viðbót í bjórsölu.

Vinsælustu tegundirnar eru Tuborg jólabjór í flösku, Egils maltbjór og stórar dósir af Víking jólabjór, þær eru uppseldar hjá birgjum. Einnig er lítið eftir af Kalda og Víking í gleri að sögn Arnar.

Framboðið á jólabjór hefur aukist jafnt og þétt og nú má fá sextán tegundir af jólabjór í Ríkinu. Verð á litlum flöskum og dósum er frá 239 krónum og upp í 790 krónur. Sá dýrasti er belgískur og 10 prósent að styrk. Verð á stórum bjór er á bilinu frá 289 krónum og upp í 549 krónur, flestir kosta þó um 300 krónurnar.

Sölutímabil jólabjórs lýkur 6. janúar og því gæta framleiðendur þess að gera ekki of mikið af bjórnum, því þeir sitja uppi með það sem eftir er eftir að sölu lýkur.

Töluverðar verðhækkanir hafa orðið á áfengi undanfarið ár, nær 30 prósent svo dæmi séu tekin frá Hagstofunni á hálfs lítra dós af Becks frá nóvember 2008 til nóvember 2009. Örn bendir á að bjórsala hafi og dregist saman í nóvember í ár og í fyrra en það er í fyrsta sinn sem það gerist. Áfengisgjald hækkaði 21. desember í fyrra og síðan þá hefur Tuborg í dós til dæmis hækkað um 14 prósent, Kaldi um rúm níu prósent og stór dós af Egils um þrjú prósent. **- sbt**

VINSÆLIR Komu jólabjórsins var fagnað á öldurhúsum í ár eins og stundum áður.

Kringlan

Opið til 22 öll kvöld til jóla

Nýtt kortatímabil

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Barnagæsla Ævintýralands er opin til kl. 20 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 10.12.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,78	124,38
Sterlingspund	202,23	203,21
Evra	182,76	183,78
Dönsk króna	24,556	24,7
Norsk króna	21,525	21,651
Sænsk króna	17,437	17,539
Japanskt jen	1,4059	1,4141
SDR	197,22	198,4

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,4865
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tuttugu prósenta ávöxtun hefur verið á íslenskum skuldabréfum á þessu ári:

Fjárfestar kjósa ríkisskjólið

VIÐSKIPTI Fjárfestar hafa fengið góða ávöxtun á íslensk skuldabréf á þessu ári, eða allt frá átján til 21 prósents að meðaltali. Þetta á við um alla skuldabréfaflokka, að sögn Magnúsar Harðarsonar, forstöðumanns viðskiptasviðs Kauphallarinnar.

Skuldabréfavelta í Kauphöllinni hefur aukist jafnt og þétt hér en tók kipp þegar líða tók á síðustu viku. Að undanskildum mánudegi, sem var afar slakur, nam heildarveltan síðustu daga um 24 milljörðum króna.

Seðlabankinn greiðir í dag út um sjö milljarða króna í vexti og verðbætur af óverðtryggðum ríkisskuldabréfum á gjalddaga 2012 og á bilinu sex til átta milljarða af verðtryggðum íbúðabréfum á gjalddaga 2044 á þriðjudag í næstu viku.

MIÐLARAR AÐ STÖRFUM Velta með skuldabréf hefur aukist talsvert í Kauphöllinni upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erlendir fjárfestar eiga bróðurpartinn af styttri flokknum en lífeyrissjóðir þann lengri sem er á gjalddaga í næstu viku. Einhver hluti fjárins í fyrrnefnda flokknum kann að leita út fyrir landsteina enda standa gjaldeyrishöft Seðlabankans ekki í vegi fyrir því að erlendir fjárfestar geti flutt vaxtagreiðslur úr landi. Ekki er þó útilokað að báðir hópar endurfjárfesti í nýjum ríkisvíxlum, sem Seðlabankinn tilkynnti um eftir lokun markaða í fyrradag, að sögn Magnúsar.

- jab

Fóstureyðingabann á Írlandi:

Bannið kært til Strassborgar

ÍRLAND, AP Þrjár írskar konur hafa kært fóstureyðingabannið á Írlandi til Mannréttindadómstólsins í Strassborg.

Þær saka stjórnvöld á Írlandi um að brjóta mannréttindi á barnshafandi konum með því að neita þeim um viðeigandi læknisaðstoð og þvinga þær þar með til að leita til annarra landa til að fá fóstureyðingu.

Úrskurðar er að vænta á næsta ári. Sjö þúsund írskar konur ferðast árlega til Englands eða annarra landa til að fá þar fóstureyðingu. Fóstureyðingar eru leyfðar í flestum löndum Evrópu.

- gb

Steingrímur J. Sigfússon:

20% greidd inn á höfuðstól Icesave 2010

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á Alþingi í fyrradag að hægt verði að lækka höfuðstól Icesave-lánsins um 20 prósent á næsta ári með fé frá skilanefnd Landsbankans.

Steingrímur sagði að skilanefndin mundi eiga 180 milljarða króna í lausu fé nú um áramót. 120 milljarðar bætist í búið á næsta ári.

Af þessu fé verði hægt að greiða 160 milljarða strax inn á höfuðstól Icesave-lánsins og lækka hann þannig um 20 prósent.

- þg

Prófkjörskostnaður:

Langflestir skussar í VG

STJÓRNMÁL **Af þeim átján frambjóðendum til síðustu alþingiskosninga sem ekki hafa skilað upplýsingum til Ríkisendurskoðunar um kostnað við prófkjör eru tíu úr VG.**

Fimm sjálfstæðismenn eiga eftir að skila, tveir frjálslyndir og einn samfylkingarmaður.

Framsókn er eini flokkurinn þar sem allir hafa skilað sínu.

Skilafrestur rann út 25. október, en brot á lögum sem krefjast upplýsinganna varða sex ára fangelsi.

- kóþ

LEIÐRÉTTING

Skipting tímareima

Í sérblaðinu Leikur í höndum, sem fylgdi Fréttablaðinu í gær, var sagt að skipta ætti um tímareim á 100 þúsund kílómetra fresti. Réttara er að skipta getur þurft um tímareim bifreiða á 60 þúsund kílómetra fresti. Best er að kynna sér með hverju er mælt fyrir hverja bíltegund.

ÁLAG Mikil ásókn er í matargjafir góðgerðarsamtaka á borð við Fjölskylduhjálp Íslands þessa dagana. Mikill fjöldi beið í rigningunni í gær eftir að fá aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Illa staddir foreldrar fá desemberuppbót

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að greiða foreldrum sem fá fulla fjárhagsaðstoð frá borginni 6.000 krónur með hverju barni í desember. Tillaga VG um að fjölga starfsfólki hjá Barnavernd borgarinnar samþykkt.

SAMFÉLAGSMÁL Reykjavíkurborg mun greiða tekjulágum foreldrum 6.000 króna uppbót með hverju barni á næstu dögum. Þetta var samþykkt á fundi velferðarráðs borgarinnar í gær.

Gagnrýnt hafði verið að Reykjavíkurborg ætlaði sér ekki að greiða desemberuppbót með börnum, eins og tíðkast hjá Akureyrarbæ. Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir að þegar sú gagnrýni hafi komið fram hafi verið farið yfir málið og kannað hvort borgin væri eftirbátur annarra sveitarfélaga.

Jórunn segir Reykjavíkurborg síður en svo eftirbát annarra sveitarfélaga, sér í lagi í ljósi þess að borgin borgi meira með börnum yfir árið en önnur sveitarfélög.

„Við fórum yfir málið og skoðuðum hvort þetta rúmaðist innan fjárhagsáætlunar velferðarsviðs," segir Jórunn.

Alls fengu 255 fjölskyldur með 375 börn á framfæri fjárhagsaðstoð frá borginni í nóbember. Því má áætla að kostnaður við aukagreiðslur í desember sé um 2.250.000 krónur.

Velferðarráð ákvað einnig að fjölga starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur um þrjá á fundi sínum í gær. Ráðið samþykkti tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um fjölgun starfsmanna.

Jórunn segir engan tilgang í að standa í pólitískum rökræðum um höfundarrétt á tillögunni. Mikið álag hafi verið á starfsfólki Barnaverndarinnar og búast megi við áframhaldandi þunga í málaflokknum á næstunni. Full þörf sé á því að bæta við starfsfólki.

brjann@frettabladid.is

ÁFRAM AÐHALD Á ÖLLUM SVIÐUM

„Ég er ekki sammála því að Reykjavíkurborg eigi að fara út í skattahækkanir," segir Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær mótmælir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, niðurskurði á velferðarsviði borgarinnar. Hann lagði til aukin útgjöld, sem fjármagna megi með auknum sköttum.

Jórunn segir enga hagræðingarkröfu gerða á velferðarsvið borgarinnar, þótt framlög til sviðsins séu vissulega ekki aukin í samræmi við vísitöluhækkanir. Áfram verði mikið aðhald á öllum sviðum borgarinnar.

Eigendur Morgunblaðsins:

Vonast eftir fjölgun síðar

FJÖLMIÐLAR **Vonir standa til að fleiri bætist í hluthafahóp eignarhaldsfélags Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins.**

ÓSKAR MAGNÚSSON

Óskar Magnússon útgefandi segir þó engar breytingar hafa átt sér stað frá því sem síðast hefur verið frá greint.

Jón Pálmason fjárfestir sé því ekki með í hópnum, þótt orðrómur hafi verið um annað. „Hann hefur verið mér handgenginn og verður vonandi með síðar, eins og fleiri, en það er ekki orðið svo," segir hann.

Þrír stærstu eigendur blaðsins, með yfir helmingshlut, eru Óskar sjálfur, Samherji og Guðbjörg Matthíasdóttir fjárfestir, stundum kennd við Ísfélagið í Vestmannaeyjum.

- óká

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin:

Tóbakið drepur fimm milljónir

BRETLAND, AP Reykingar verða að minnsta kosti fimm milljónum manna að aldurtila ár hvert, að því er alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO fullyrðir í nýrri skýrslu.

Stofnunin segir að sú tala geti hækkað ef ekki verði gripið til harðari aðgerða í baráttunni gegn reykingum.

Hún segir nauðsynlegt að fleiri lönd lögleiði reykingabann, því nú sé staðan sú að nærri 95 prósent jarðarbúa séu varnarlaus gegn reykingum annarra.

Talið er að óbeinar reykingar verði um 600 þúsund manns að bana ár hvert.

- gb

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

BLAUTT OG MILT
Við fáum góðan skammt af vætu næstu dagana en myndarlegt úrkomuloft gengur yfir landið í kvöld. Helgin verður einnig blaut en það verður þó yfirleitt þurrt norðaustanlands. Útlit er fyrir að það létti til syðra á mánudag og fari að kólna á ný á þriðjudag.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	9°
Berlín	6°
Billund	7°
Eindhoven	11°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	23°
London	11°
Mallorca	17°
New York	4°
Orlando	18°
Ósló	3°
París	13°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TAX FREE
af öllum jólatrjám

Lifandi jólatré!

Normannsþinur

Rauðgreni Veljum íslenskt

Stafafura Veljum íslenskt

Kaupið jólatrén snemma. Í fyrra seldust þau upp!

HÚSASMIÐJAN

Allt á jólatréð

Jólakúlur
6 sm, 12 stk
1.299
8 sm, 6 stk
1.299

Jólakúlur
6 og 7 sm, 28 stk **2.990**

Toppar
á jólatréð
1.990kr/stk



Jólakúlur
19 stk **2.990**

blómaval

JÓLATRÉ
sölustaðir Blómavals

SKÚTUVOGUR
GRAFARHOLT
SELFOSS
AKUREYRI
DALVÍK
EGILSSTAÐIR

KJÖRKASSINN

Styrkir þú góðgerðarsamtök fyrir jólin?

Já	65,7%
Nei	34,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Sækir þú jólatónleika?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Tveir menn fá átta mánaða fangelsisdóm fyrir að hífa upp verð skuldabréfa:

Fyrrum Kaupþingsmenn í fangelsi

DÓMSMÁL Tveir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings hafa verið dæmdir í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir alvarlega markaðsmisnotkun.

Hinir dæmdu eru Daníel Þórðarson, fyrrverandi sjóðsstjóri peningamarkaðssjóðs hjá bankanum, og Stefnir Ingi Agnarsson, fyrrverandi skuldabréfamiðlari.

Mennirnir voru í Héraðsdómi Reykjavíkur fundnir sekir um að hafa í sameiningu lagt fram óeðlilega há tilboð í skuldabréf Existu sex sinnum á mánaðartímabili í ársbyrjun í fyrra. Tilboðin voru öll lögð fram í dagslok og þótti sannað að með þessu hafi mennirnir reynt að hafa áhrif á verð bréfanna í Existu, til að styrkja stöðu peningamarkaðssjóða Kaupþings.

DANÍEL ÞÓRÐARSON Fjölskipuðum héraðsdómi þykir Daníel og Stefnir ekki eiga sér miklar málsbætur. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Í þeim voru um 65 milljarðar, þar af fimm milljarðar af bréfum í Existu.

Mennirnir neituðu sök, báru meðal annars við vanþekkingu á lögunum og að þeir hefðu verið að leiðrétta óeðlilega lágt gengi bréfanna í Existu. Til grundvallar niðurstöðunni liggja hins vegar hljóðrituð samtöl og tölvupóstar milli mannanna.

Segir í dómnum að brotin hafi verið ítrekuð og alvarleg og þótt mennirnir hafi ekki haft persónulegra hagsmuna að gæta af brotunum hafi þeir verið fagmenn, og að háttsemin sýni styrkan og einbeittan brotavilja. - sh

Gríska stjórnin tekur sig á:

Versta lánshæfi á evrusvæðinu

GRIKKLAND George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, segir að ríkisstjórnin ætli að grípa til allra ráða til að skera niður halla á fjárlögum hins opinbera.

Halli á fjárlögum ríkisins nemur 12,7 prósentum af landsframleiðslu, tvöfalt meira en áætlað var.

Ummælum forsætisráðherrans var sjónvarpað á landsvísu í kjölfar lækkunar alþjóðlega matsfyrirtækisins Fitch Ratings á langtímaskuldbindingum gríska ríkisins. Matið fór úr A- í BBB+ með neikvæðum horfum og er ekkert land innan evrusvæðisins með lægra lánshæfismat, að sögn netútgáfu bandarískra tímaritsins Forbes. - jab

Tæp tíu prósent af málunum til FME

Fjármálaeftirlitið segir að upplýsingar um gjaldeyrissvikamál verði birtar „í fyllingu tímans“ en geti nú teflt rannsókn í tvísýnu. Seðlabankinn skoðar 110 mál lögaðila og 134 mál einstaklinga. 22 mál af 224 hafa verið send til FME.

GJALDEYRISMÁL Seðlabanki hefur sent Fjármálaeftirlitinu (FME) tilkynningu um mál 22 lögaðila af þeim 110, sem bankinn hefur tekið til athugunar vegna meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Alls hefur Seðlabankinn tekið mál 110 lögaðila og 134 einstaklinga til athugunar vegna gruns um brot á lögum um gjaldeyrismál. Viðskiptin nema samtals 57,5 milljörðum króna, þar af um 53 milljörðum hjá lögaðilum. Meðalfjárhæð viðskipta lögaðila er því um 520 milljónir króna en hjá einstaklingum er meðalfjárhæðin um 34 milljónir króna. Skoðun á málum 100 lögaðila og einstaklinga til viðbótar er í undirbúningi.

Hvorki FME né Seðlabankinn vilja veita upplýsingar um fjárhæðir, meinta brotamenn eða málsatvik í einstökum málum. Upplýsingafulltrúi FME segir í tölvuskeyti til Fréttablaðsins að niðurstöður úr málunum 22 verði birtar „í fyllingu tímans“. Þeir sem kærðir eru komi úr mismunandi starfsgreinum. Það gæti spillt rannsókn að veita upplýsingar. Ríkir rannsóknarhagsmunir séu í húfi.

Um leið og gjaldeyrishöftin voru sett eftir bankahrunið voru viðurlög við brotum hert. Seðlabankinn er eftirlitsaðili og er skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu vakni grunur um gjaldeyrisbrot. Brot geta varðað stjórnvaldssektum eða allt að tveggja ára fangelsi.

Heimilt er að gera beinan og óbeinan hagnað upptækan að fenginni dómsniðurstöðu.

Stjórnvaldssektirnar geta numið allt að 75 milljónum króna á lögaðila og en 20 milljónum á einstaklinga. Sektirnar verða aðfararhæfar, það er innheimta má þær með fjárnámi og nauðungarsölu án sérstakrar dómsmeðferðar. Við rannsókn er FME heimilt að krefjast kyrrsetningar á eignum bæði einstaklinga og lögaðila.

Ef brot eru talin varða bæði stjórnvaldssektum og refsingu er FME heimilt að meta hvort eingöngu er beitt sektum eða hvort mál er kært til lögreglu og fær þar meðferð að hætti opinberra sakamála. Þó er skylt að kæra til lögreglu ef brot er meiriháttar.

Skilgreining laganna á meiriháttar brotum er að það lúti „að verulegum fjárhæðum“ eða sé framið „með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins“.

Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor áætlaði í Fréttablaðinu í gær út frá gengi krónunnar á aflandsmarkaði að hagnaður af þessum viðskiptum gæti mest numið um helmingi viðskiptanna, en líklega mun lægri fjárhæð í flestum tilvikum.

peturg@frettabladid.is

SEÐLABANKINN Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor áætlaði í Fréttablaðinu í gær að miðað við aflandsgengi krónunnar gæti hagnaður af gjaldeyrissvikunum numið allt að helmingi viðskipta en oftast mun lægri upphæð. Meðalviðskipti lögaðila nema um 500 milljónum en hámarksstjórnvaldssektir eru 75 milljónir, auk þess sem gera má beinan og óbeinan hagnað upptækan með dómi.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar gerir ráð fyrir hallalausum rekstri á næsta ári:

Tókst að ná rekstrinum á núllið

AKUREYRI Bæjaryfirvöld á Akureyri gera ráð fyrir hallalausum rekstri samstæðunnar þrátt fyrir tekjusamdrátt og útgjaldaaukningu, samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár, sem lögð hefur verið fram í bæjarstjórn.

„Við vorum með halla á rekstrinum í ár, en settum okkur það markmið að ná rekstrinum í núllið árið 2010,“ segir Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri á Akureyri. Hann segir að ekki hafi verið farið út í verulegar breytingar til að ná rekstrinum í jafnvægi, en allra smærri leiða leitað til að draga saman útgjöld.

Útsvarið verður áfram í leyfilegu hámarki, 13,28 prósentum, og gert er ráð fyrir að gjaldskrár bæjarins hækki í takti við verðlagshækkanir almennt.

Útgjöld bæjarins verða áfram skorin niður, en ekki er gert ráð fyrir uppsögnum starfsmanna bæjarins, þótt skoðað verði vandlega hvort ráða þurfi í störf sem losni, að því er fram kemur í tilkynningu frá Akureyrarbæ.

Lán verða greidd niður um 2,3 milljarða króna á næsta ári, en sambærileg upphæð tekin að láni.

KYNNING Fjárhagsáætlun bæjarins var kynnt á blaðamannafundi þar sem viðstaddir voru oddvitar allra flokka í bæjarstjórn. MYND/RAGNAR HÓLM

Hermann segir að með þessu verði skuldir bæjarins óbreyttar.

Fjárhagsáætlunin verður tekin til annarrar umræðu 22. desember, og reiknar Hermann með því að hún verði afgreidd á fundi bæjarstjórnar. - bj

JÓLAÆVINTÝRI
Í SMÁRALIND

Opið til kl.
22
til jóla

Komdu þangað sem fjörið er!

Í Smáralind eru allar verslanir sneisafullar af jólavarningi og afgreiðslufólkið í jólastuði.

Gjafakort Smáralindar
Frábær jólagjöf fyrir alla!

Jólaævintýri Smáralindar

Frábær skemmtun, úrvalsleikarar:
Örn Árnason, Helga Möller,
Helga Braga, Edda Björgvins,
Steinn Ármann o.fl.

NÝTT
KORTATÍMABIL

Jólaævintýri í Vetrargarðinum
lau. 12. desember kl. 14.00
sun. 13. desember kl. 14.00
Ókeypis skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SIA / NM40232

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað skekur loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn?*
2. *Hvert er umfang gjaldeyrissvika sem nú eru til rannsóknar?*
3. *Hvar er Icesave til umfjöllunar fram að þriðju umræðu á Alþingi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 82

Ríkisstjórn Japans samþykkir björgunarpakka til að blása lífi í efnahagslífið:

Vilja snúa kreppudraug niður

JAPAN Ríkisstjórn Japans samþykkti í gær að veita 7.200 milljörðum jena inn í hagkerfið til að hvetja til neyslu og koma í veg fyrir að landið lendi aftur í krumlum kreppunnar. Þetta jafngildir tíu þúsund milljörðum króna.

Hagvöxtur í Japan var neikvæður í fyrra og fram á annan ársfjórðung á þessu ári þegar hann var jákvæður um 0,9 prósent.

Ríkisstjórnin hafði væntingar um að setja hvatann inn í hagkerfið í síðustu viku. Þingheimur taldi hann hins vegar of stóran og frestaðist málið.

Þetta er önnur stóra efnahagsinnspýtingin en fyrri ríkisstjórn Japans setti 15,4 þúsund milljarða jena inn í hagkerfið í apríl.

Stefnt er að því að fjármagnið nýtist til að auka atvinnuþátttöku, blása lífi í framleiðslu og hvetja til lántöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Breska ríkisútvarpið, BBC, segir japanska hagfræðinga hafa efasemdir um ágæti efnahagshvatans. Meiru skipti að gengi jensins hefur ekki verið sterkara gagnvart Bandaríkjadal í fjórtán ár. Það snertir mjög við útflutningsfyrirtækjum. Því verði að beita öðrum aðferðum, líkt og BBC hefur eftir Seiji Shiraishi, sérfræðingi hjá alþjóðabankanum HSBC. **- jab**

JAPANIR Í JÓLAÖS Stjórnvöld í Japan gera hvað þau geta til að draga úr líkum á nýrri kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinnsla nýs bankafrumvarps:

Fulltrúar eigenda upplýstir

STJÓRNMÁL Væntanlegir fulltrúar nýrra eigenda í bankaráðum Arion og Íslandsbanka hafa fengið upplýsingar um áformaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir þá ekki hafa gert athugasemdir við áformin. Hann óttast því ekki að nýir eigendur bankanna fyrtist við.

Hann bendir á að hagsmunir þeirra felist í að traust á íslenska fjármálakerfinu verði endurvakið; aukið verðmæti eigna þeirra hér sé háð því. Greint var frá frumvarpinu um breytingarnar í Fréttablaðinu í gær. **- bþs**

Eitt atvinnuvegaráðuneyti:

Sameiningu alfarið hafnað

STJÓRNSÝSLA Stjórn Landssambands smábátaeigenda mótmælir því harðlega að sérstaklega tilgreint sjávarútvegsráðuneyti verði ekki lengur til staðar í íslenskri stjórnsýslu eftir sameiningu ráðuneyta undir heitinu atvinnuvegaráðuneyti. Sameiningin mun draga úr vægi sjávarútvegsins í huga Íslendinga sem og alþjóðasamfélagsins.

Með fyrirhugaðar aðildarviðræður Íslands að Evrópusambandinu í huga telur stjórn smábátaeigenda nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að Ísland haldi þeirri sérstöðu að sérstakt sjávarútvegsráðuneyti sé til staðar og sé tilgreint í stjórnsýslunni. Stjórnin skorar því á stjórnvöld að falla frá fyrirhuguðum breytingum. - shá

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

Smáríkið Tuvalu fer fram á að iðnríki setji sér enn strangari markmið í loftslagsmálum:

Tilvist eyjanna ræðst á ráðstefnunni

KAUPMANNAHÖFN, AP Fulltrúi Kyrrahafsríkisins Tuvalu hafði ekki erindi sem erfiði á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn. Tillaga hans um að ríki heims setji sér strangari markmið varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fékk lítinn hljómgrunn.

„Framtíð okkar ræðst af niðurstöðu þessa fundar," sagði Ian Fray, fulltrúi Tuvalu, á ráðstefnunni í gær. Hlýnun jarðar með bráðnun jökla hefur líklega það í för með sér að eyríkið Tuvalu fer á kaf, rétt eins og fleiri eyjar á Kyrrahafinu.

Hann lagði til að ríki heims setji sér það markmið að hitastig jarðar hækki ekki um meira en 1,5 gráður frá því sem var fyrir iðnvæðingu. Á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn er reynt að ná samkomulagi um að hitastigið hækki ekki meira en 2 gráður.

Connie Hedegaard, forseti ráðstefnunnar, sá ekki ástæðu til þess að tillagan yrði tekin fyrir, þar sem hún mætti strax andstöðu margra ríkja, meðal annars olíuframleiðsluríkja sem ættu erfitt með að standa undir ströngum takmörkunum á brennslu jarðefnaeldsneytis.

Aðaldeilumálið á ráðstefnunni snýst um fjárhagsaðstoð til fátækari ríkja til að auðvelda þeim að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. **- gb**

KRÖFUGERÐ Í KAUPMANNAHÖFN Samhliða loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er í Kaupmannahöfn efnt til loftslagsvettvangs þar sem almenningur fær tækifæri til að tjá viðhorf sín til loftslagsmála. Þar mátti sjá þessi kröfuspjöld í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum.

24 þúsund í inneign yfir 12 mán.

LG Viewty
Útborgun
0 kr.
Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*
2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreiðsluverð: 34.900 kr.
*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá
Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube.
- 3G
- Snertiskjár
- 5 megapixla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth

ENNEMM / SÍA / NM40192

3G sími, snertiskjár, 24 þúsund í inneign, 160 þúsund vinir.

Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Síminn | Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinahópur á Íslandi
ring

Frábært verð
á undirfötum

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

Brjóstahaldari st. 75B - 90D **Boxer með blúndu** st. M - L

Brjóstahaldari st. 75B - 90D
Boxer með blúndu st. M - L

Brjóstahaldari st. 70B - 90D
Boxer saumlausar st. S - XL

Náttsloppur st. S - XL

Náttbuxur st. S - 2XL

Síður náttkjóll st. XS - XL

Hettusloppur st. S - 2XL

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

SNJÓMOKSTUR Á BÍLÞAKI Scott Carver í borginni Salina í Kansas, Bandaríkjunum, gerði sér lítið fyrir og brá sér upp á bílinn sinn þegar hann þurfti að sópa af honum snjó morgun einn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dagblöð og tímarit deila með sér tæpum 60 prósentum auglýsingamarkaðar fjölmiðla:

Erfiður auglýsingamarkaður allt þetta ár

FJÖLMIÐLAR Samdráttur á auglýsingamarkaði á þessu ári gæti numið þriðjungi eða svo, að mati Ara Edwald, forstjóra 365. Hann segir stöðuna heldur hafa batnað í haust og vonar að botni sé náð.

Óskar Magnússon, útgáfustjóri Morgunblaðsins, segir auglýsingamarkaðinn hafa verið mjög erfiðan allt þetta ár og frá hruni í fyrra. „En þó eru ýmis teikn á lofti um að eitthvað muni glæðast á næsta ári. Fyrirtæki á borð við bankana eru að koma sér í meiri stellingar en þau hafa getað gert og ég vænti þess að bankarnir þurfi að stunda eðlilega markaðsstarfsemi.“

Óskar segist jafnframt vona að það sama komi til með að eiga við um bílasölu, að þar taki markaður að glæðast eitthvað sem og í fasteignum. „Almennt getum við hjá Árvakri sagt að við þær breytingar sem hér hafa verið gerðar hefur áhugi á blaðinu aukist með ýmsum hætti og það er út af fyrir sig gott. Við teljum okkur því ágætlega sett í samkeppninni ef þetta fer eitthvað að taka við sér.“

ÓSKAR MAGNÚSSON

ARI EDWALD

Ari Edwald segir að fram undir haustið hafi menn þar á bæ metið sem svo að samdráttur á auglýsingamarkaði næmi um 35 prósentum á þessu ári og kæmi hvað harðast niður hjá prentmiðlum. „En markaðurinn er aðeins að taka við sér. Svo skiptir líka máli að viðmiðunarmánuðirnir eru komnir í að vera mánuðirnir eftir hrun.“

Þá segist Ari líka hafa á tilfinningunni að samdráttur í auglýsingatekjum 365 sé minni en annars staðar. Fjölmiðlar félagsins, Fréttablaðið, Stöð 2 og Vísir, hafi aukið hlut sinn eitthvað og því dregist minna saman en markaðurinn í heild. Almennt verði bati þó hægur. „Við gerum ráð fyrir mjög lítilli raunaukningu auglýsingatekna á næsta ári.“ - óká

Auglýsingatekjur voru 9,8 milljarðar í fyrra

Ríkisútvarpið sækir ekki hart á auglýsingamarkað að sögn markaðsstjóra RÚV. Ójöfn samkeppni, segir framkvæmdastjóri Skjásins. Sjónvarpsstöðvarnar deila með sér rúmum fjórðungi auglýsingakökunnar á fjölmiðlamarkaði.

FJÖLMIÐLAR Samanlagðar tekjur fjölmiðla af birtingu og flutningi auglýsinga, ásamt tekjum af kostun, námu ríflega 9,8 milljörðum króna árið 2008, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.

Fram kemur að auglýsingatekjur miðlanna hafi dregist saman um fimm prósent milli ára. „Reiknað á meðalverðlagi ársins 2008 rýrnuðu auglýsingatekjurnar um 15 af hundraði,“ segir Hagstofan.

Af þeim flokkum fjölmiðla sem tölur um auglýsingatekjur ná til, féll stærstur hluti tekna til fréttablaða (dagblaða og vikublaða), eða 58 prósent, en ríflega fjórðungur til sjónvarps. Hlutfall útvarps af auglýsingatekjum nam 14 prósentum. „Restina ráku kvikmyndahús, mynddiskar og myndbönd með samanlagt laust innan við tvo af hundraði teknanna,“ segir í tilkynningu Hagstofunnar. Skipting auglýsingatekna milli miðla er að mestu óbreytt síðustu ár.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins, segir að í ljósi talna um hlutfallsskiptingu fjölmiðla á auglýsingamarkaði sé athyglisvert að velta fyrir sér stöðunni á sjónvarpsmarkaði. „Hún er gríðarlega ójöfn með þennan risa inni á markaðnum sem fær til sín einhverjar 3.600 milljónir af skattfé okkar til að keppa við einkafyrirtækin,“ segir hún og staldrar við tölu í nýjum ársreikningi Ríkisútvarpsins (RÚV) um 336 milljóna króna sölukostnað. „Ég lít svo á að þar sé herkostnaður sem ríkið leggur út í til að keppa á þessum markaði,“ segir hún og bendir á að Landlæknisembættið fái úthlutað svipaðri tölu á fjárlögum 2010.

Sigríður kveðst annars ánægð með gang mála hjá Skjánum frá því ákveðið var fyrir mánuði að breyta Skjá einum í áskriftarstöð. „Við erum á næstu dögum að fara að verðlauna áskrifanda númer 20 þúsund,“ segir hún, en í þeirri tölu er vísað til virkra áskrifenda.

Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV, segir meintan „herkostnað“ hins vegar fremur lítinn í samanburði við annað, innan við 10 prósent af auglýsingatekjum. Með í sölukostnaði sé allur dagskrárkynningarkostnaður, fjölmiðlakannanir, allar afskriftir, sem í fyrra hafi numið 40 milljónum króna, auk afnotadeildar, sem hafi verið starfandi á þessum tíma. „Minnihlutinn af þessu er beinn sölukostnaður,“ segir hann og bætir við að á þessu ári hafi afföll af auglýsingatekjum aukist verulega, en þær falli undir afskriftirnar.

Þorsteinn segir skekkja nýbirtan reikning að reikningsárið byrji í september. „En við erum búin að vera í samdrætti alveg frá því í janúar.“ olikr@frettabladid.is

Auglýsingatekjur eftir flokkum fjölmiðla 2007-2008

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Breska ríkisstjórnin:

Ofurskattur á ofurkaupauka

BRETLAND, AP Breska stjórnin ætlar að leggja fimmtíu prósent skatt á ofurbónus bankamanna, sem þó á að taka aðeins af greiðslum ársins 2009.

„Sumir bankar telja það enn forgangsmál að greiða starfsfólki, sem fyrir er á háum launum, verulegan kaupauka,“ sagði Alistair Darling fjármálaráðherra þegar hann kynnti fjárlagaskýrsluna.

„Ég er staðráðinn í að krækja í peninga aftur handa skattgreiðendum.“

Stjórnarandstaðan segir þetta aðeins kosningabrellu, til þess ætlaða að koma í veg fyrir tap Verkamannaflokksins í kosningum í vor. Darling viðurkenndi jafnframt að efnahagssamdráttur á þessu ári verði 4,75 prósent, sem er töluvert hærra en spáð var í apríl. - gb

LÍKNARMÁL

Milljón króna styrkur frá VR

Stjórn VR hefur ákveðið að styrkja átakið Karlmenn og krabbamein um eina milljón króna. Krabbameinsfélag Íslands stóð fyrr á árinu fyrir átakinu sem er ætlað að vekja athygli á mikilvægi þess að karlar fylgist með einkennum krabbameins.

SVEITASTJÓRNARMÁL

Borgarlistinn hættir

Samfylkingin í Borgarnesi hefur ákveðið að bjóða fram undir eigin merkjum í sveitarstjórnarkosningum í vor. Þar með lýkur samstarfi flokksins við Vinstri græna og óháða, en það hefur staðið í þrjú kjörtímabil.

Skátar vilja í Voga

Bandalag íslenskra skáta hefur sent bæjarráði Voga bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um endurreisn skátastarfs í sveitarfélaginu. Bæjarráð fagnar erindinu og vísar því til frístunda- og menningarfulltrúa.

MEST SELDU BÆKUR VERALDAR!

„ÁN EFA **BESTA** SAGA YRSU TIL ÞESSA.“

„Áhrifamikil og skemmtileg glæpasaga sem er án efa besta saga Yrsu til þessa.“
– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

*„Vel fléttuð og spennandi saga sem **lætur hárin rísa**, líklega besta saga Yrsu hingað til.“*
Katrín Jakobsdóttir, Eyjunni.

„Flinkur höfundur.“ – PBB, Kiljunni

3. Sæti Metsölulisti Morgunblaðsins 6. desember Skáldverk



5. Sæti Metsölulisti Morgunblaðsins 6. desember Ævisögur, handbækur og almennt efni

HÚMOR, GLEÐI OG HARMUR

„Með skemmtilegri mönnum eins og endurminningar hans eru til vitnis um.“
– Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu

„Hreinlega erfitt að leggja hana frá sér, svo skemmtileg var hún.“
– Hanna Brynhildur Jónsdóttir, Pressunni

~pressan.is

HVAÐ GERÐIST Á BAK VIÐ TJÖLDIN?

Einstök bók um aðdraganda þess að Ísland hrundi og nýju ljósi varpað á mestu örlagatíma lýðveldissögunnar.

„Mikill fengur að bók Styrmis ... bráðvel skrifuð.“
Ögmundur Jónasson, Þjóðmálum

Upplýsingar úr innsta hring!

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK



VIKUGAMALL GÍRAFFI Sá litli hjúfrar sig upp að móður sinni í dýragarði í San Diego í Bandaríkjunum.
NORDICPHOTOS/AFP

Brotist var inn í grænlenskan togara og öryggisbúnaður skemmdur:

Neyðarsendir undir bryggju

ÖRYGGISMÁL Neyðarsendir úr grænlenska togaranum Qavak frá Grænlandi fannst undir bryggju á Ægisgarði þar sem skipið liggur. Merki bárust frá sendinum á laugardag og Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar ræsti út félaga í Flugbjörgunarsveitinni í kjölfarið.

Qavak varð vélarvana 200 sjómílur suð-vestur af Reykjanesi í október og var dregið til hafnar í Reykjavík. Nýlega var svo brotist um borð í skipið. Þá var rifinn upp björgunarbátur og er talið líklegt að á sama tíma hafi neyðarsendirinn verið fjarlægður og hent á milli skips og bryggju.

Miðanir bentu strax til að sendirinn væri undir bryggjunni og fannst hann eftir að togarinn hafði verið færður til, en að því verki kom færeyski dráttarbáturinn Thor Goliath sem mun draga togarann til viðgerðar í Danmörku.

Félagar úr Flugbjörgunarsveitinni tóku við sendinum og slökktu á útsendingum hans. Neyðarsendar af þessari gerð senda frá sér merki sem kemur upp á öllum vaktstöðvum sem fylgjast með merkjum frá slíkum sendum. Því var nauðsynlegt að finna sendinn tafarlaust og slökkva á neyðarsendingunni með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði. **- shá**

VÉLARVANA Á MIÐUNUM Varðskipið Ægir dró togarann til hafnar í október.
MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Fjármál hins opinbera:

Tekjuhalli fer minnkandi

FJÁRMÁL Tekjuhalli hins opinbera á þriðja ársfjórðungi 2009 var 33 milljarðar króna. Hann hafði lækkað um átta milljarða frá öðrum ársfjórðungi. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Á fyrstu níu mánuðum ársins var tekjuafkoma ríkissjóðs og almannatrygginga neikvæð um 85,7 milljarða króna. Það er mikill viðsnúningur frá fyrra ári, en þá var afkoman jákvæð um rúma 16 milljarða fyrstu níu mánuðina. Sveitarfélög skiluðu neikvæðri afkomu á þriðja ársfjórðungi í ár um 4,1 milljarð króna, hitt, 28,5 milljarðar, skrifast á ríkissjóð og almannatryggingar. **- kóp**

ÖRUGGARI STAÐUR FYRIR PENINGANA ÞÍNA

10 1999 2009 ÁRA

Hversu stór hluti af þínum sparnaði er í ríkistryggðum bréfum? Við bjóðum þér einfalda leið til að tryggja fjármunina þína með kaupum í Ríkisskuldabréfasjóði MP.



Kynntu þér Ríkisskuldabréfasjóð MP á www.mp.is, í síma 540 3200 eða hjá viðskiptastjórum í Skipholti 50d eða Borgartúni 26.

MP BANKI

Borgartúni 26 Skipholti 50d
thjonusta@mp.is www.mp.is

MP Sjóðir hf. hefur útvistað hluta af verkefnum sínum til MP Banka hf. á grundvelli 18. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. MP Sjóðir hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3.gr. og 1.-3. tölul. 1.mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfið tekur til reksturs verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1.mgr. 3.gr. laga nr. 161/2002 og til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 1.-3. tölul. 27. gr. laga nr. 161/2002. Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði og fagfjárfestasjóði MP Sjóða hf. má finna á *www.mp.is/mp-sjodir*. **Vinsamlega hafið í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.**

ÁTÖK Reglulega sló í brýnu á milli mótmælenda og lögreglu í búsáhaldabyltingunni svokölluðu. Níu lögreglumenn munu sækja sér bætur vegna áverka sem þeir hlutu.
FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Þrír lögreglumenn varanlega skaðaðir

Níu lögreglumenn munu krefjast bóta vegna áverka sem þeir hlutu í búsáhaldabyltingunni. Ekki er vitað hverjir gerendur voru í öllum tilvikum. Engin kæra hefur borist vegna aðfara lögreglu í mótmælunum.

LÖGREGLUMÁL Alls níu lögreglumenn munu krefjast skaðabóta vegna meiðsla sem þeir urðu fyrir í búsáhaldabyltingunni. Nokkur mál eru þegar frágengin. Þrír þessara níu hlutu varanlega örorku í mótmælunum, að sögn Gylfa Thorlacius, lögmanns Landssambands lögreglumanna.

Búið er að meta einn þessara þriggja með varanlega örorku. Sá var að störfum inni í Alþingishúsinu þegar ákveðið var að fjarlægja mótmælendur af þingpöllunum vegna óláta. Hann er með áverka á hné, handlegg og baki.

Gylfi segir einsýnt að hinir tveir verði einnig metnir með varanlega örorku, en læknisfræðilegar ástæður geri það að verkum að matið geti ekki farið fram strax.

Annar þeirra slasaðist sýnu verst, en taug í hönd hans skaddaðist þegar hann var bitinn fyrir utan Alþingishúsið. Hinn hlaut nokkuð alvarlega áverka á hné þegar mótmælendur reyndu að brjóta sér leið inn á lögreglustöðina við Hverfisgötu til að frelsa handtekinn félaga sinn.

Nefnt hefur verið að lögregluþjónn sem fékk gangstéttarhellu í höfuðið og var fluttur meðvitundarlaus á slysadeild hafi slasast mest. Þetta segir Gylfi misskilning. Sá lögregluþjónn hafi sloppið ótrúlega vel og ekki borið varanlegan skaða af árásinni. Það hafi þó bara verið millimetraspursmál.

Fimm málum er lokið, nýbúið er að meta meiðsl eins og enn á eftir að meta þrjá. Áætlað er að nokkra mánuði taki að ljúka málunum. Allir eru mennirnir enn við störf þrátt fyrir meiðsl sín.

Gylfi vill hvorki gefa upp hversu mikil örorka mannanna er, né hversu háar bætur mennirnir fara fram á eða þeim hafa verið dæmdar. Hann segir það einkamál lögregluþjónanna sem um ræðir.

Lögreglumenn fá bætur vegna meiðsla sem þeir verða fyrir í starfi greiddar úr ríkissjóði. Það er svo ríkissjóðs að sækja féð aftur til gerenda ef einhverjir eru. Að sögn Gylfa eru gerendur í þessum níu málum ekki þekktir í öllum tilvikum.

Málin eru einnig hjá ákæruvaldinu sem tekur ákvörðun um það hvort gefin verður út ákæra á hendur meintum gerendum. Engin slík ákæra hefur enn litið dagsins ljós. **stigur@frettabladid.is**

ENGINN HEFUR KÆRT LÖGREGLU

Engin kæra hefur verið lögð fram gegn lögreglumönnum vegna framgöngu þeirra í búsáhaldabyltunni. „Mér finnst það nú dálítið athyglisvert," segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari, en embætti hans fer með rannsókn mála gegn lögreglumönnum.

Töluverð gagnrýni kom fram á störf lögreglu í mótmælunum að þeim loknum, og var fullyrt að lögreglumenn hefðu farið offari, beitt miklu harðræði við handtökur og til dæmis sprautað piparúða í augu fólks af tilefnislausu. Þessar umkvartanir hafa ekki skilað sér í kærum.

VALTÝR SIGURÐSSON

Hringdu í síma 512 5060 ef blaðið berst ekki

Desember tilboð

MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2,13 kg

***Desember tilboð:**
189.990.-
Listaverð: 199.990.-

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 7 klst rafhlöðu ending

Öllum tölvum, sem keyptar eru fyrir jól, fylgir:

snara vefbókasafn
3 mánaða áskrift hjá Snara.is
Nánar á www.snara.is

1 mánaðar áskrift hjá Tónlist.is
Nánar á www.tonlist.is

iMac

3,06 GHz | Allt að 2TB Geymsla | Allt að 16GB Minni

21,5” og 27” LED baklýstur skjár
Full HD upplausn (1080p)
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife ‘09 og Snow Leopard
Engir vírusar

***Desember tilboð:**
Verð frá: 219.990.-
Listaverð frá: 239.990.-
Þráðlaus mús og lyklaborð fylgja

Nýr iPod nano

8GB
16GB

Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp
Stærri skjár
2000-4000 lög / 8-16 klst. video
USB snúra og heyrnartól

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

Tónlist.is
2.000.- kr. inneign fylgir

Verð frá: 39.990,-

MacBook Pro 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
160GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Tvö USB 2.0 tengi, eitt FireWire 800, ein SD kortarauf
Innbyggð iSight vefmyndavél
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2,04 kg

***Desember tilboð:**
219.990.- **Listaverð frá: 239.990.-**

2GB
4GB

iPod shuffle

Verð frá: 14.990,-

Geymir allt að 1000 lög
Vegur aðeins 10,7g
5 litir

Apple búðin | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

*Desember tilboð gildir til 24. desember 2009 - Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1698 KR.KG

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

498 KR.KG

HOLTA BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR

1598 KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

259 KR.KG

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

159 KR.FL

BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.

BIRKIREYKT ÚRBEINAÐ LAMBAHANGIKJÖT 30% AFSLÁTTUR

1664 KR.KG

SS BIRKIREYKTUR ÚRB.LAMBAFRAMPARTUR
MERKT VERÐ 2378 KR.KG. *30% AFSLÁTTUR*

2239 KR.KG

SS BIRKIREYKT ÚRB.LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 3198 KR.KG. *30% AFSLÁTTUR*

NORÐLENSKA FJALLAHANGIKJÖTIÐ Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS

1998 KR.KG

FJALLA NORÐLENSKA ÚRB.LAMBALÆRI

1398 KR.KG

FJALLA NORÐLENSKA ÚRB.LAMBAFRAMPARTUR

1298 KR.STK

KJARNA STEIKINGARFEITI 2,5 KG
ÞESSI GAMLA GÓÐA.

498 KR.STK

KÚTTER JÓLASÍLD 540G

1698 KR.KG

N.F ÍSLENSKUR LAX REYKTUR OG GRAFINN *15% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1998 KR.KG*

98 KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385G
98 KR.

989 KR.PK

KRISTJÁNS LAUFABRAUÐ ÓSTEIKT
20 STK

298 KR.STK

ÍSLENSK ÚTIKERTI
JÁRNADÓS TVÆR TEG.

139 KR.KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI-SUNNUDAGS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

30% AFSLÁTTUR

ALI HAMBORGARHRYGGIR ÚRB.
MERKT VERÐ 2498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **1749 KR.KG**

539 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

TÍU SÖLUHÆSTU
JÓLABÆKURNAR Í BÓNUS

1 **SVÖRTU LOFT** *ARNALDUR INDRIÐASON*
2 **VIGDÍS,** *KONA VERÐUR FORSETI*
3 **STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN**
4 **SÖKNUÐUR,** *VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON*
5 **ÚTKALL** *ÓTTAR SVEINSSON*
6 **HORFÐU Á MIG** *YRSA SIGURÐARDÓTTIR*
7 **LOFTKASTALINN SEM HRUNDI**
8 **KARLSVAGNINN** *KRISTÍN MARJA BALDURSD.*
9 **HJARTSLÁTTUR** *SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON*
10 **EF VÆRI ÉG SÖNGVARI**

789 KR. 2.3 KG

ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG 789 KR.
HINAR EINU SÖNNU JÓLAKLEMENTÍNUR

30% AFSLÁTTUR

ALI HAMBORGARHRYGGIR M.BEINI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **1399 KR.KG**

298 KR.PK

G.K SUÐUSÚKKULAÐI 3 plötur x 100g= 300g

1598 KR.PK

NÓA KONFEKT 650 GR
ALLIR BESTU MOLARNIR Í EINUM KASSA

498 KR.PK

TOBLERONE *3 STK. x 100g = 300g*

459 KR.PK

SAMBÓ LAKKRÍSKONFEKT 500G

2989 KR.DS

MACKINTOSH 2,4 KG

298 KR.PK

BÓNUS ÍSLENSKAR JÓLAPIPARKÖKUR 500G

168 KR.PK

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250ML

129 KR.DS

EGILS JÓLAÖL 500ML

139 KR.DS

EGILS MALT OG APPELSÍN 500ML

Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI-SUNNUDAGS

VISA

VM - FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA BOÐAR TIL FÉLAGSFUNDAR 17. DES. NK. KL. 20 Í VM HÚSINU STÓRHÖFÐA 25, REYKJAVÍK

DAGSKRÁ

- Kynning á tillögum uppstillingarnefndar VM til framboðs félagsmanna til stjórnar, varastjórnar og fulltrúaráðs árin 2010-2012.
- Önnur mál.

Vakin er athygli félagsmanna á að framboðsfrestur rennur út á fundinum en allir félagsmenn sem ekki eru á lista uppstillingarnefndar geta boðið sig fram með meðmæli 20 félagsmanna VM. Kosningu til stjórnar og varastjórnar þarf að ljúka fyrir aðalfund VM 20. mars 2010.

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

VM ► Stórhöfða 25 ► 110 Reykjavík ► sími 575 9800 ► www.vm.is

ÁHRIF KVENNA Í STJÓRNMÁLUM OG ATVINNULÍFI

Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar þann 10. des **kl. 12.00-13.30** í Iðnó

DAGSKRÁ

12.00 Setning 39. fundar mannréttindaráðs
Marta Guðjónsdóttir,
formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar

12.05 Ávarp
Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri

12.15 Konur og völd
dr. Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur

12.25 Fulltrúi Framsóknarflokks
Vigdís Hauksdóttir

12.30 Fulltrúi Samfylkingar
Guðrún Ögmundsdóttir

12.35 Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Anna Ólafsdóttir Björnsson

12.40 Fulltrúi F-lista frjálslyndra og óháðra
Ásta Þorleifsdóttir

12.45 Fulltrúi Sjálfstæðisflokks
Sólveig Pétursdóttir

12.50 Pallborðsumræður með þátttakendum

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir
Boðið verður upp á súpu, brauð og kaffi

Fjárhagsáætlun Dalvíkur ráðgerir samdrátt í skatttekjum en 95 milljóna afgang:

Samstaða um fjárhagsáætlun

DALVÍK 114 milljóna króna afgangur verður á rekstri A hluta Dalvíkurbyggðar á næsta ári. Að teknu tilliti til halla á B hlutanum verður afgangur bæjarfélagsins 95 milljónir, samkvæmt fjárhagsáætlun 2010.

Var hún til fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag. Stendur öll bæjarstjórnin að henni.

Fjárfest verður í Dalvíkurbyggð fyrir 324 milljónir á næsta ári. Ber þar hæst lok framkvæmda við nýja íþróttamiðstöð og búnaðarkaup vegna hennar. Þá verður nokkru fé varið til gatna og gangstétta og ýmissa umhverfisverkefna, að því er fram kemur í frétt frá Dalvíkurbyggð.

Fyrirtæki sveitarfélagsins, svo sem Vatnsveita og Hafnarsjóður, munu einnig framkvæma nokkuð á nýja árinu auk þess sem viðhaldi verður sinnt.

Reiknað er með að skatttekjur verði nítján milljónum króna lægri á næsta ári en 2009. Helgast það af lægri framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en útsvar og fasteignaskattar breytast ekki milli ára.

Lántaka upp á rúmar hundrað milljónir vegna framkvæmdanna við íþróttamiðstöðina er fyrirhuguð en heildarkostnaður vegna hennar verður þá kominn í 544 milljónir.

FRÁ DALVÍK Fiskidagurinn mikli laðar þúsundir gesta til bæjarins ár hvert.

Skuldir Dalvíkurbyggðar munu við lok næsta árs nema rúmum milljarði króna. Tæpur helmingur er tilkominn vegna félagslegra íbúða.

- bþs

Elísabet blekkti með villandi auglýsingum

Neytendastofa segir auglýsingar Elísabetar um 30 prósenta lækkun trygginga fyrir heimili vera villandi og bannar frekari birtingu. Neytendur væru blekktir með samanburði við umfangsmeiri tryggingar Vátryggingafélags Íslands.

TRYGGINGAR Neytendastofa bannar áframhaldandi birtingu auglýsinga um að svokallaðar Elísabetartryggingar séu allt að 30 prósentum lægri fyrir heimili en hjá öðrum tryggingafélögum.

„Í auglýsingunum er ekki greint frá því að um mismunandi tryggingar er að ræða og því eru þær villandi," segir í ákvörðun Neytendastofu sem skoðaði málið eftir ábendingar frá neytendum um að í tryggingum Elísabetar væru færri vátryggingaþættir en hjá öðrum tryggingafélögum.

Það er Tryggingamiðstöðin sem rekur tryggingafélagið Elísabet. Neytendastofa óskaði eftir að færðar yrðu sönnur á fullyrðinguna um að heimilin spöruðu 30 prósent með því að kaupa tryggingar Elísabetar. Þá var spurt hvort tekið hafi verið tillit til sjálfsábyrgðar og þeirra vátryggingaþátta sem keppinautar Elísabetar bjóða eða hvort einungis hafi verið litið til verðs.

Elísabet svaraði með því að vísa í verðdæmi á vefsíðu sinni. Í samanburði þar við Vátryggingafélag Íslands kæmi fram hver vátryggingafjárhæðin væri og að hvaða leyti trygging Elísabetar hefði takmarkaðra bótasvið en tryggingar VÍS.

„Neytendastofa hefur vegna máls þessa borið saman skilmála á fasteignatryggingum Elísabetar og skilmála samanburðarfélagsins. Við þá skoðun hefur komið í ljós að í tryggingu samanburðarfélagsins eru ábyrgðarliðir sem ekki eru í tryggingum Elísabetar," segir Neytendastofa sem telur Tryggingamiðstöðina hafa brotið gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

„Í auglýsingum Elísabetar er með almennum hætti fullyrt að neytendur geti lækkað kostnað við heimilistryggingar um allt að 30 prósent. Eins og að framan hefur verið rakið eru í auglýsingunum bornar saman tryggingar Elísabetar við tryggingar keppinauta þó þær innihaldi til dæmis ekki sömu ábyrgðarliði," segir Neytendastofa og minnir á að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur.

„Er það mat Neytendastofu að auglýsingar Elísabetar með fullyrðingu um allt að 30% lækkun á verði heimilistrygginga séu til þess fallnar að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda. Þá er neytendum að mati stofnunarinnar gefnar villandi upplýsingar um verð þjónustunnar þar sem ekki er greint frá því að færri ábyrgðarliðir eru í tryggingum Elísabetar en tryggingum keppinauta."

gar@frettabladid.is



AUGLÝSING ELÍSABETAR Þessi auglýsing og aðrar með sömu fullyrðingu hafa verið bannaðar frá og með næsta föstudegi.

Jólahátíð fyrir augu og eyru

N1

iPod nano 8GB
- Ný tegund - 5. kynslóð
- 2.000 lög / 8 klst. vídeó
- Nýtt: Vídeóupptaka, FM-móttakari og margt fleira
- USB snúra og heyrnartól fylgja

Verð áður 39.990
Verð nú 37.900

iPod nano 16GB
- Ný tegund - 5. kynslóð
- 4.000 lög / 16 klst. vídeó
- Nýtt: Vídeóupptaka, FM-móttakari og margt fleira
- USB snúra og heyrnartól fylgja

Verð áður 47.990
Verð nú 45.900

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9
N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Meira í leiðinni

VÍS veitir styrk:

Mænuskaðastofnun fær þrjár milljónir

GJÖF VÍS hefur veitt Mænuskaðastofnun Íslands þriggja milljóna króna styrk vegna undirskriftasöfnunar stofnunarinnar sem nú fer fram á Norðurlöndunum. Þar er fólk hvatt til að skrifa undir áskorun til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að beita sér fyrir alþjóðlegu átaki til að leita lækningar á mænuskaða.

Segir í tilkynningu frá VÍS að mænuskaði kosti þjóðir heims tugi milljarða króna á hverju ári. VÍS hafi ákveðið að leggja málefninu lið vegna þess að fyrirtækið hafi til fjölda ára starfrækt forvarnadeild, sem meðal annars hefur það að markmiði að koma í veg fyrir slys sem valdið geta mænuskaða.

Alþingismaður!

Boðaður niðurskurður í heilbrigðiskerfinu ógnar öryggi sjúklinga

Gættu handa þinna, greiddu atkvæði með heilbrigðiskerfinu

Allir landsmenn þurfa á lífsleiðinni að nýta sér þjónustu heilbrigðisstarfsmanna.

Fyrirhugaður niðurskurður eins og boðaður er á heilbrigðisstofnunum er bein ógnun
við öryggi sjúklinga og heilbrigðiskerfisins.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skorar á alþingismenn
að standa vörð um heilbrigðiskerfið í þeim mikla niðurskurði
sem framundan er í ríkisfjármálum.

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Þegar mest á reynir

ÍSBIRNIR ATAST Það var heldur betur leikur í þessum tveimur ísbjörnum í dýragarði í Gelsenkirchen í Þýskalandi nú í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SAFT, samtök um örugga tækninotkun barna, huga að merkingum tölvuleikja:

Vekja athygli á flokkunarkerfi

UPPLÝSINGATÆKNI Á næstu dögum verða kynntar niðurstöður SAFT könnunarinnar 2009 sem tengjast tölvuleikjum og farsímum. SAFT, sem stendur fyrir Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga hér á landi.

Samtökin vekja á því athygli að auki mynddiska séu tölvuleikir ein vinsælasta jólagjöfin til íslenskra barna. Þekkt sé að fullorðnir kunni að rata í vandræði þegar að því komi að velja tölvuleik sem henti aldri viðtakenda og því er bent sérstaklega á að velflestir leikir hafi til að bera sérstakar merkingar sem hjálpa eigi fólki.

Merki PEGI-flokkunarkerfisins (e. Pan European Games Information), sem er samevrópskt flokkunarkerfi sem setur aldurstakmörk fyrir gagnvirka leiki og kvikmyndir, er alla jafna að finna á framhlið tölvuleikjanna, neðst í vinstra horni. Með innleiðingu kerfisins í Evrópu var ætlunin að tryggja að ólögráða börn færu ekki í leiki eða hefðu aðgang að myndefni sem ekki væri við þeirra hæfi.

OFBELDISLEIKUR PEGI-merkið neðst í vinstra horni þessa tölvuleiks gefur til kynna að hann sé ekki ætlaður ungmennum undir átján ára aldri.

Þá nýtur kerfið stuðnings framleiðenda leikjatölva. Í þeim hópi eru framleiðendur þeirra tölva sem útbreiddastar eru, svo sem PlayStation, Xbox og Nintendo, sem og útgefendur og fyrirtæki sem þróa gagnvirkra leiki og myndefni um alla Evrópu. - óká

Árnefnd Andakílsár:

Flundra truflar hrygningu laxa

UMHVERFISMÁL Árnefnd Andakílsár í Borgarfirði hefur verulegar áhyggjur af uppgangi flatfisksins flundru í ánni, að því er segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Talsvert hafi verið af flundru í ánni á hrygningarsvæði í haust.

„Virðist flundran eiga mun auðveldara um vik að nálgast hrygningarsvæðin enda engir fossar eða flúðir í Andakílsá. Er slíkt mikið áhyggjuefni því álitið er að flundra geti herjað á hreiður laxfiska“, segir á svfr.is. Þar kemur einnig fram að veiðin í sumar hafi verið sú næstbesta í 40 ár, 706 laxar. Besta árið var 2008. Þá veiddust 839 laxar. - gar

Heilbrigðisútgjöld iðnríkja:

Bandaríkin greiða tvöfalt

BANDARÍKIN, AP Bandaríkin verja nærri helmingi meira fé til heilbrigðismála á mann en sem nemur meðaltalsútgjöldum iðnvæddra ríkja til þessa málaflokks. Þrátt fyrir það eru lífslíkur Bandaríkjamanna minni en íbúa flestra annarra ríkja iðnvædda heimsins.

Samkvæmt nýrri skýrslu frá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni OECD mega Bandaríkjamenn búast við því að lifa í 78,1 ár að meðaltali, sem er örlítið lengur en íbúar Tékklands, Póllands og Mexíkó geta vonast eftir.

Heilbrigðisútgjöld Bandaríkjanna árið 2007 voru 7.290 dalir á mann, en meðaltal 30 aðildarríkja stofnunarinnar nam 2.894 dölum á mann. - gb

Átta kjaradeilur eru nú á borði ríkissáttasemjara:

Deilt um kjör í flugi

VINNUMARKAÐUR Sjö kjaradeilur eru nú hjá ríkissáttasemjara, fimm þeirra tengjast flugrekstri.

Á UPPLEIÐ Flugfreyjur og flugmenn, flugvirkjar og flugumferðarstjórar deila nú allir um kjör sín við atvinnurekendur. MYND/ÚR SAFNI

Deilu Icelandair og Flugfreyjufélags Íslands var vísað til sáttasemjara 20. maí.

Deilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair þann 22. október.

Þá fór deila Flugstoða, Keflavíkurflugvallar ohf. og Félags íslenskra flugumferðarstjóra til sáttasemjara 23. nóvember.

Flugvirkjafélag Íslands deilir við Icelandair og Air Atlanta og var þeim ágreiningi vísað í karphúsið 1. desember.

Samtök atvinnulífsins aðstoða atvinnurekendur í flestum ef ekki öllum þessum deilum.

Aðrar yfirstandandi kjaradeilur, sem ekki tengjast fluginu, eru deila Landssambands lögreglumanna og ríkissjóðs og Sjómannafélags Íslands. - kóþ



BESSI Í MASSAVÍS Hönnunargripurinn íslenski stendur í röðum í ráðstefnusalnum. Hann var valinn með tilliti til útlits, þæginda, verðs og þess hve umhverfisvænn hann þykir. NORDICPHOTOS / AFP

Ráðstefnan á íslenskum stól

Gestir á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn verma allir íslenska stólinn Bessa á meðan þeir karpa um framtíð jarðarinnar. Samkeppnin um að fá húsgögn í ráðstefnuhöllina var mjög hörð.

FÓLK Íslenskur stóll eftir Erlu Sólveigu Gísladóttur er það húsgagn sem hvað mest ber á í blöðum og fréttatímum um heim allan um þessar mundir. Vel á þriðja þúsund eintaka af stólnum, sem kallast Bessi, prýða nefnilega ráðstefnusalinn þar sem loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna fer fram í Kaupmannahöfn.

„Það var mjög gaman að sjá hann þarna,“ segir Erla Sólveig, sem hannaði stólinn fyrir um sex árum. Stólarnir í Bella Center-ráðstefnuhöllinni eru framleiddir í Danmörku, en Bessinn er einnig framleiddur á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Danski framleiðandinn ákvað að bjóða í uppsetningu húsgagna í ráðstefnuhöllinni í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar. „Allir danskir húsgagnaframleiðendur fengu að bjóða í þetta. Stóllinn var margprófaður og síðan eftir margra mánaða streð var hann valinn,“ segir Erla Sólveig. Samkeppnin hafi verið afar hörð og eðlilega margir sem bitust um samning um sölu á vel á þriðja þúsund hönnunargripum.

Stóllinn var upphaflega með trésetu og trébaki á stálgrind en í fyrra var byrjað að framleiða hann með plastbaki og -setu. Ráðstefnustólarnir eru úr plasti með bólstraðri setu. „Hann er svolítið kameljón, hann getur litið mjög misjafnlega út eftir efnisvali og hvort þú bólstrar setuna eða bakið eða bara annaðhvort,“ segir Erla.

ERLA SÓLVEIG ÓSKARSDÓTTIR

Erla telur að þessi eiginleiki hafi haft mikið að segja þegar kom að valinu í ráðstefnusalinn. „Þeir seldu hann þannig – af því að þetta er nú loftslagsráðstefna – að hann væri umhverfisvænn, vegna þess að það væri ódýrt að skipta til dæmis bakinu út fyrir trébak sem er dýrara. Þá er ekki allur stóllinn ónýtur.“

Erla hefur ekki nákvæma tölu á stólunum í salnum, né því hversu stóran samning var um að ræða. „En þetta hjálpar auðvitað eitthvað,“ segir hún.

Stóllinn er víðar en bara í Kaupmannahöfn, til dæmis má sjá hann í Alþingisskálanum og Viðeyjarstofu, auk þess sem hægt er að kaupa hann hjá Sóló-húsgögnum á Íslandi og í Epal.

En hvaðan kemur nafnið? „Það er nú það. Bessastöðum? Eitthvað varð gripurinn að heita og þetta nafn er líka þjált á dönsku,“ segir Erla. stigur@frettabladid.id

Aðventuhátíð eldri borgara

Landsbankinn býður eldri borgurum til aðventuhátíðar í Aðalbanka í Austurstræti laugardaginn 12. desember frá kl. 13.30–15.30.

- Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona syngur við undirleik Elísabetar Waage hörpuleikara.
- Vilborg Davíðsdóttir les upp úr sögulegri skáldsögu sinni Auði og segir frá sögusviði hennar.
- Graduale futuri, barnakór Langholtskirkju, syngur jólalög.

Veitingar í boði og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.
Þeir sem hafa áhuga á að koma á aðventuhátíðina eru vinsamlegast beðnir að skrá sig í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000.

AÐVENTUHÁTÍÐ | 410 4000 | landsbankinn.is

Landsbankinn

Harmleikur í skóla í Kína:

Átta börn létu lífið í troðningi

KÍNA, AP Átta börn á aldrinum 11 til 14 ára létust og 26 særðust þegar þau tróðust undir í stigagangi í skóla í borginni Xiangxiang.

Nemendurnir voru að flýta sér út úr kvöldtíma, sem lauk klukkan 21.10 á mánudagskvöld.

Sum barnanna misstu fótanna í stigagangi og myndaðist þar þvaga með fyrrgreindum afleiðingum.

Skólinn er einkaskóli með 3.500 nemendur og talinn einn sá besti í borginni.

Eftir slysið tóku menntamálayfirvöld að sér stjórn skólans meðan tildrög slyssins eru rannsökuð. **- gb**

FRÁ FYRSTU TILRAUN Bygging vatnsátöppunarverksmiðjunnar á Rifi frestaðist í fyrra þegar einingar í húsið stóðust ekki staðla.

Framkvæmdir hafnar á Rifi:

Vatnið fer á flöskur 2012

IÐNAÐUR Framkvæmdir hófust í síðustu viku við vatnsátöppunarverkmiðju Icelandic Water Products á Rifi á Snæfellsnesi eftir tafir í ár. Tilboð voru opnuð í verkið um mánaðamótin og er Steypustöð Þorgeirs Árnasonar á Rifi aðalverktaki við bygginguna. Aðrir iðnaðarmenn koma víða að frá Snæfellsnesi, að því er fram kemur í Skessuhorni.

Áætlað er að húsið verði risið í mars á næsta ári og framleiðsla hefjist ekki síðar en á fyrri hluta árs 2012. Áætlað er að um þrjátíu manns muni vinna við verksmiðjuna. **- jab**

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Jákvætt á Dalvík

Fyrri umræða fjárhagsáætlunar Dalabyggðar var í sveitarstjórn á þriðjudag. Samþykkt var að vísa áætluninni til annarrar umræðu sem stefnt er að fari fram 17. desember. Í áætluninni er gert ráð fyrir níu milljóna króna afgangi af samstæðureikningi og að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði jákvæð um 38,9 milljónir króna.

Opið í útibúinu í Kringlunni til klukkan 21 í kvöld

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-2083

Starfsfólk okkar í Þjónustuverinu verður einnig við símann til kl. 21 í kvöld. Síminn er 440 4000.

Komdu og kynntu þér úrræði vegna húsnæðis- og bílalána

Að undanförnu höfum við kynnt úrræði með það að markmiði að auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Má þar nefna höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun fyrir einstaklinga á:
- verðtryggðum húsnæðislánum
- erlendum húsnæðislánum
- bílalánum og bílasamningum

Úrræðin henta viðskiptavinum misvel og við viljum hjálpa þér að vega og meta kosti þeirra og galla. Þess vegna bjóðum við viðskiptavinum að setjast niður með starfsfólki okkar í kvöld og fara ítarlega yfir þau úrræði sem eru í boði. Ekki verður opið hjá gjaldkerum.

Allir viðskiptavinir Íslandsbanka velkomnir.

Íslandsbanki

18. öldin – ný bók í rómaðri ritröð

Ómetanleg heimild um sögu þjóðar

„Þessar bækur eru alger djásn.
Ég get hreinlega týnt mér í að fletta þeim.“
Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

Sérstakt kynningarverð til áramóta

„Þvílík dramatík! 18. öldin er stórmerkilegt tímabil í Íslandssögunni – hér er komin enn ein perlan í þennan vandaða bókaflokk.“
Pálmi Gestsson leikari

„Það hefur sjaldan verið eins mikilvægt læra af sögunni. Ísland í aldanna rás e líflegur og upplýsandi aldarspegill.“
Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi

ÍSLAND
í aldanna rás

1700 -1799

584
blaðsíður

Ríkulega
myndskreytt

Fjöldi
sérgreina

SAGA LANDS OG ÞJÓÐAR ÁR FRÁ ÁRI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Aðalhöfundur bókarinnar er Bjarki Bjarnason en í henni er einnig fjöldi sérgreina eftir virta fræðimenn.

„ORÐRÉTT“

Sælir eru hógværir

„Ég er ekki einn af þeim sem krefjast þess að fá verðlaun fyrir sönginn.“

ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON, SÝSLUMAÐUR Á SELFOSSI.
DV 9. desember.

Fríhöfn í Útópíu

„Nú lifum við á tímum hins upplýsta samfélags þar sem slæmar venjur og vondir siðir þrífast ekki.“

HLYNUR SIGURÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRÍHAFNARINNAR
Afmælisrit Fríhafnarinnar 1959-2009.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ragnarsrit, kvennasáttmáli og mannréttindadagur á dagskránni

Við hér á Mannréttindaskrifstofunni erum að fara að gefa út handbók um kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fagnar 30 ára afmæli 18. desember næstkomandi. Við erum að leggja lokahönd á verkið og erum nú að mynda íslenskar konur sem er mjög skemmtilegt. Þá erum við einnig að gefa út Ragnarsbók svonefnda, fræðirit á sviði mannréttinda sem tileinkað er og dregur nafn sitt af Ragnari Aðalsteinssyni, okkar helsta lögfræðingi á því sviði,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

„Það sem er hins vegar á döfinni akkúrat núna er að halda upp á alþjóðlega mannréttindadaginn. Hann er á morgun [í dag] og af því tilefni verður ýmiss konar dagskrá víða um land. Við höldum upp á hann í samstarfi við Amnesty International á Íslandi með sýningu tveggja heimildarmynda sem tengjast konum, tónlist, kaffi og piparkökum í sal Amnesty í Þingholtsstræti. Á morgun [í dag] lýkur einnig sextán daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi en það hófst á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi á konum.“

Guðrún hefur þannig í nógu að snúast. „Það snýst allt um útgáfu og mannréttindi hjá mér þessa dagana en svo verður lagst í stórfellda konfektgerð og bókalestur þegar jólafríið hefst. Bók Steinunnar Sigurðardóttur er ofarlega á óskalistanum en mér sýnist margar góðar bækur vera að koma út í ár.“

FRÓÐLEIKUR

HVAÐ ER VATT?

■ Vatt er mælieining afls, hvort sem um er að ræða rafafl, varmaafl eða hreyfiafl. Hugatakið afl lýsir breytingu á orku. Ef hlutur tapar eða fær eitt joule af orku, jafnt og þétt á einni sekúndu, er afl orkutapsins eða orkuvinnslunnar eitt vatt. Eitt vatt er ákaflega lítið afl miðað við þau orkukerfi sem við notum. Þess vegna er oft þægilegra að nota einingarnar kílóvatt (kW) eða megavatt (MW). Kílóvatt er þúsund vött og megavatt er milljón vött.

TUNGUTAK

Föður- og móðurnöfn

■ Meira en þúsund ára gömul norræn hefð ræður því að Íslendingar eru oftar en ekki kenndir við föður sinn. Slíkt er þó ekki bundið við Ísland, því föðurnöfn eru meðal annars notuð víða á Indlandi og í Pakistan. Þá nota Rússar gjarnan bæði föðurnafn og ættarnafn. Föðurnöfn hafa reyndar gegnum tíðina oft breyst í ættarnöfn og má þar nefna sem dæmi spænska ættarnafnið Fernandez, sem merkir „sonur Fernandos“, og öll eftirnöfnin á Bretlandseyjum sem hefjast á „Mac“ eða „Mc“, sem merkir sonur á írsku. MacDonald merkir þannig upprunalega „sonur Donalds“.

Beyging nafns föður er í sumum tilvikum frábrugðin venjulegri beygingu fornafnsins. Þannig eru börn Magnúsar oftast skráð Magnúsdóttir eða Magnússon, þótt einnig þekkist myndirnar Magnúsardóttir og Magnúsarson. Í Íslandsklukkunni kemur eignarfallsmyndin Magnússis nokkrum sinnum fyrir, en föðurnöfnin Magnússisdóttir og Magnússisson geta tæplega talist sérlega líkleg til vinsælda. Nöfn eins og Sigurður og Þorvarður halda oftar venjulegri beygingu sinni en athyglisvert er að myndin Sigurðsson er mjög algeng en Sigurðsdóttir ekki.

Móðurnöfn hafa orðið æ algengari á síðari árum, en eins og sjónvarpspersónan Georg Bjarnfreðarson benti á hefur margt stórmennið borið nafn móður sinnar. Sennilega er elsta dæmið um slíkt annað stórt nafn úr menningararfinum, skelmirinn Loki Laufeyjarson sem gerði Ásum margan grikk í norrænni goðafræði. Greinarhöfundur þekkir hins vegar ekki dæmi þess að nafn móður breytist í móðurnafni frá venjulegri beygingu, svo sem Loki Laufeyson. **- mt**

Fasteignafélag til sölu:

Gott fasteignafélag til sölu. Eina eign félagsins er ca. 9000 fm fasteign á besta stað á Selfossi. Eignin er í traustri 10 ára leigu að stórum hluta. Leigutakar m.a. öflug matvörukeðja- Krónan og apótekið Lyf og Heilsa.

Mjög gott verð og hagstæð langtímafjármögnun. Útborgun samkl. Upplýsingar veiti Stefán s: 8232610.

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

OPIÐ HÚS FANNAFOLD 76
Í dag fimmtudag er opið hús milli 17.00 og 17.30.

Íbúðin er góð 100,3fm. 3ja herbergja íbúð á jarðhæð. Íbúðin er ekkert niðurgrafin. Sérinngangur. Sunnanmegin við húsið er sér sólpallur og sérlóð. Tvö til þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa. Nokkuð útsýni til suðvesturs. Íbúðinni fylgir réttur til að byggja bílskúr platan er komin. **Ragna Fasteignasali verður á staðnum sem tekur vel á móti ykkur.**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

PIPARKÖKUHÚSIÐ 2007 Upp fer húsið um miðjan desember á hverju ári og skipar heiðurssess í stofunni. Á þrettándanum fer húsið upp í hillu í búrinu og bíður næstu jóla. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Piparkökuhús frá 1969 er jóladjásn í Laxholti

Sama ár og maður sté fyrst á tunglið bakaði Guðlaug Valdís Kristjánsdóttir piparkökuhús sem er henni enn ómissandi í jólahaldinu.

JÓLABARN Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir var ellefu mánaða gömul þegar mynd var tekin af henni við piparkökuhúsið um jólin 1971.

„Þetta kökuhús var bakað fyrir jólin 1969,“ segir Guðlaug Valdís Kristjánsdóttir í Laxholti í Borgarfirði um piparkökuhúsið sem verður í öndvegi á heimili hennar um þessi jól eins og önnur jól síðustu fjörutíu ár.

Guðlaug segir piparkökuhúsið algerlega ómissandi fyrir jólahald fjölskyldunnar. „Húsið er því alltaf tekið niður af hillunni í búrinu fyrir hver jól og skipar heiðursess í stofunni. Síðan er það bara eins og áður – ef það lifir fram á þrettándann þá er því skellt upp í hillu á ný og beðið eftir næstu jólum. Uppskriftina fann ég í Eldhúsbókinni, sem er blað sem var gefið út á þessum tíma. Ég ákvað að prófa að geyma það fram að næstu jólum frekar en að lofa fjölskyldumeðlimum að brjóta það og borða. Kannski líka af því að ég var svo „löt“ að ég nennti ekki að leggja í svona bakstur fyrir hver jól!“ segir Guðlaug um upphafið að hinu langlífa húsi.

Guðlaug kveðst einfaldlega hafa sett piparkökuhúsið í góðan plastpoka og upp á efstu hillu í köldu búrinu í janúar 1970. „Síðan tók ég bara eitt ár fyrir í einu,“ segir hún.

Þegar Guðlaug gerði piparkökuhúsið átti hún tvö börn sem þótti húsið afar spennandi en báru mikla virðingu fyrir því. „Það var ekki fyrr en börnin voru orðin fjögur að fyrsta alvöru óhappið varð – bolti endaði á kökuhúsinu og strompurinn brotnaði. Þá fannst mér einhvern veginn ekki við hæfi að fara að baka nýjan stromp á húsið og því hefur það verið stromplaust síðan. Ég verð að viðurkenna að ég er hætt að festa hurðina á húsið því litlum fingrum þykir afar spennandi að opna og kíkja inn.“ **gar@frettabladid.is**

GLEÐI Benedikt Kristjánsson var sex ára og Jóhanna María Kristjánsdóttir var eins árs og níu mánaða þegar móðir þeirra gerði piparkökuhúsið góða fyrir jólin 1969.

1975 Piparkökuhúsið naut strax virðingar meðal barnanna. Strompurinn rauk af í boltaleik en var þó enn óskaddaður jólin 1975.

Kaupauki:
12.000 KR.
INNEIGN
yfir árið
fylgir

Aðeins hjá Símanum

- Facebook flýtihnappur
- Styður 3G langdrægt
- Íslenskt viðmót
- FM útvarp

HUAWEI U1251: NETTUR OG FULLKOMINN

Ódýrasti 3G síminn

Þú færð hann ekki annars staðar: Ódýrasta 3G síma á Íslandi með öllu sem þú þarft. Þessi styður 3G og 3G langdrægt kerfi, hefur íslenskt viðmót, 2 megapixla myndavél, Facebook-hnapp, FM útvarp og margt fleira.

SÍMALÁN-ÚTBORGUN:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt:12.000 kr.

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM40204

FRÉTTASKÝRING: Málþóf

Málin stöðvuð með málþófi

Mikið hefur verið rætt um málþóf síðustu vikur í kjölfar maraþonumræðna stjórnarandstöðunnar um Icesave. Málþóf er aldagömul aðferð til að stöðva mál og á rætur sínar að rekja til Rómaveldis. Þó tíðkast það aðeins í örfáum löndum í dag og þekkist ekki hjá öðrum Norðurlandaþjóðum.

Kató yngri er fyrsti skráði málþófsmaðurinn. Árið 60 fyrir Krist kom hann í veg fyrir að Júlíus Sesar kæmi máli í gegnum rómverska þingið með því að tala fram á kvöld, en Rómverjar höfðu lög um að öllum ákvörðunum þingsins yrði að ljúka í birtu. Árið eftir ætlaði hann að leika sama leikinn, en Sesar sá sitt óvænna og lét taka hann höndum og varpa í dýflissu. Það varð Sesari þó ekki til framdráttar og þótti til marks um valdníðslu hans. Þingmenn höfðu samúð með Kató og Sesar neyddist til að láta hann lausan.

Þingmenn í dag eiga ekki á hættu að vera varpað í steininn þótt þeim liggi mikið á hjarta. Öll takmörkun á ræðutíma hefur orðið til þess að umræða fer af stað um málfrelsi. Þegar reglum á Alþingi Íslendinga var síðast breytt, árið 2008, lögðu þingmenn Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs ríka áherslu á rétt sinn til málfrelsis. Á hann mætti ekki ganga. Þó varð samstaða um að breyta reglunum og löggjafinn ætlaði með því að málþóf væru úr sögunni. Annað hefur komið á daginn.

Önnur umræðan

Samkomulag náðist á milli flokkanna um að skerpa rétt stjórnarandstöðunnar í ýmsum málum gegn því að ræðutími yrði skertur. Áður höfðu reglur verið þannig að ræðutími var ótakmarkaður við aðra og þriðju umræðu. Hann er nú takmarkaður en þingmenn mega, eftir aðra ræðu, koma eins oft í pontu og þeir vilja og tala í fimm mínútur. Það hefur stjórnarandstaðan nú nýtt sér óspart, en þar að auki hafa þingmenn farið í andsvör hver gegn öðrum. Þannig hefur mátt heyra stjórnarandstöðuþingmenn hrósa hver öðrum fyrir ræður í andsvörum og jafnvel spyrja hver annan um hvað viðkomandi telji að þessi eða hin stjórnarþingmaðurinn eigi við með ummælum sínum.

Stjórnarliðar hafa margir gagnrýnt stjórnarandstöðuna fyrir framferði sitt. Þeir ættu þó ekki að gleyma því að á síðustu árum beittu þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar málþófi oftar en einu sinni. Og voru gagnrýndir fyrir af núverandi stjórnarandstöðu. Þeir héldu hins vegar fast í þann lýðræðislega rétt sinn að fá að tjá sig um mál eins og þá lysti. Líkt og stjórnarandstaðan gerir nú.

FÁMENNT Oft var fámennt í þingsal þegar umræður um Icesave stóðu sem hæst. Talað var fram á nótt og voru stjórnarandstæðingar mun fjölmennari á mælendaskrá en stjórnarliðar, svo vægt sé til orða tekið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

UMDEILD MÁL Á ALÞINGI

mál	ár	lengd umræðu
Icesave – seinna frumvarp	(1.-2. umr.) haust 09	105 klst*
EES	92-93	101 klst.
Fjölmiðlalög	03-04	83 klst.
Sveitarstjórnarlög	97-98	74 klst.
Ríkisútvarpið	06-07	70 klst.
Stjórnskipunarlög	08-09	59 klst.
Gagnagrunnur	98-99	53 klst.
Vatnalög	05-06	52 klst.
ESB-aðildarumsókn	sumar 09	48 klst
Icesave – fyrra frumvarp	(sumar 09)	43 klst

SAMKVÆMT UPPLÝSINGUM FRÁ SKRIFSTOFU ALÞINGIS.
*ÞRIÐJA UMRÆÐA ER EFTIR.

Forseti Alþingis getur þó úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns sé takmarkaður. Þá getur hann lagt til að umræðum sé hætt og eru greidd atkvæði um þá tillögu og einfaldur meirihluti ræður. Sömuleiðis geta níu þingmenn krafist þess að greidd séu atkvæði um að ljúka umræðunni.

Viðurkennt tæki

Óvíða er málþófi beitt með jafnskipulögðum hætti og í Bandaríkjunum. Þar hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar beitt málþófi óspart til að stöðva mál og tefja. Það hefur farið vaxandi síðustu ár. Á sjöunda áratugnum voru aldrei fleiri en sjö tilvik málþófs á hverju þingi. Síðan árið 2000 hefur ekkert þing verið haldið með færri en 49 málþófstilvik. Flest urðu þau árið 2008, en þá beitti stjórnarandstaðan málþófinu 112 sinnum.

BANDARÍKJAÞING Þing Bandaríkjanna hefur verið svo til óstarfhæft síðustu vikur vegna málþófs repúblikana. Þingmenn tóku sér þó hlé frá umræðum þegar Angela Merkel, forseti Þýskalands, sótti þá heim í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjamenn hafa af og til reynt að koma böndum á málþófið. Hver þingmaður í öldungadeildinni má tala eins oft og hann vill og eins lengi og hann vill. Þingið hefur þó þann öryggisventil að ef 3/5 þingmanna greiða með því atkvæði, er umræðunni lokið. Það ákvæði var tekið upp árið 1917, en þá þurftu 2/3 hluti þingmanna að greiða atkvæði með því að ljúka umræðu. Því var breytt árið 1975.

Málþófið er áhrifamikið tæki og var það sérstaklega fyrir sjöunda áratuginn. Þá voru reglur nefnilega þannig að einungis var hægt að vera með eitt frumvarp í gangi í einu. Málþófið stöðvaði þannig öll störf þingsins. Nú má hafa fjölda mála í gangi í einu.

Demókratinn, sem síðar varð repúblikani, Storm Thurmond, hefur haldið lengstu ræðu í sögu bandaríska þingsins. Thurmond var frá Suðurríkjunum og einarður stuðningsmaður kynþáttahyggjunnar sem þar var stunduð. Hann talaði gegn öllum tilraunum til að auka réttindi blökkumanna og árið 1957 talaði hann í 24 klukkustundir og átta mínútur til að stöðva frumvarp um mannréttindi.

Suðurríkjademókratar beittu málþófinu gjarnan gegn frumvörpum um mannréttindi og tókst oftar en ekki að hefta framgang þeirra.

Málinu rænt

Alþjóðlega orðið yfir málþóf er filibuster. Það á rætur sínar að rekja til hollenska orðsins vribjuiter, sem er samsvarandi enska orðinu freebooter. Það er notað yfir sjóræningja. Á fyrri öldum var ekki óalgengt að amerískir ævintýramenn, aðallega úr Suðurríkjunum, reyndu að steypa stjórnvöldum í Mið-Ameríkuríkjum af stóli. Þar var stjórnkerfið veikt og oftar en ekki tókst mönnum að ræna völdum um skeið, ekki ólíkt Jörundi hundadagakonungi hér á landi.

Þeir sem stunda málþóf, filibusterar, eru þess vegna, samkvæmt orðsifjafræðinni, þeir sem ræna umræðunni.

Íslenska orðið málþóf er gegnsætt, þeir sem því bæta þæfa málið, tefja það. Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans kemur fram að elsta dæmið um það er að finna í bók Bjarna Benediktssonar, Land og lýðveldi, en hún kom út í tveimur bindum árið 1965 og það þriðja árið 197 5.

Þekkist víðar

Þótt Bandaríkin séu mekka málþófsins þekkist það víðar. Það er hins vegar ekki algengt og til að mynda þekkist það ekki í nágrannalöndum okkar. Því hefur stundum verið beitt í Bretlandi, þó ekki oft. Elsta dæmið um málþóf þar er árið 1874, en þar talaði Joseph Gillis Biggar mikið gegn lögum sem áttu að tryggja reglu á Írlandi. Annar írskur þingmaður, Parnell, tók undir með honum og saman komu þeir í veg fyrir lagasetninguna. Ekki nóg með það, umræðan um sjálfstjórn Írlands komst á dagskrá aftur, þótt ekkert yrði úr henni á þeim tíma. Þrátt fyrir velgengnina eru aðeins skráð fjögur önnur tilvik um málþóf á breska þinginu, það síðasta árið 2007.

Frakkland er vagga lýðræðisins og þar standa menn vörð um réttindi eins og málfrelsi. Franskir þingmenn hafa hins vegar ekki oft beitt málþófi. Árið 2006 beittu vinstri þingmenn í stjórnarandstöðu því bragði að leggja fram 137.449 breytingatillögur við frumvarp sem kvað á um að selja hluta af eign ríkisins í gasfélaginu Gaz de France. Samkvæmt reglum um þingsköp hefði tekið tíu ár að afgreiða tillögurnar. Eftir að kannanir sýndu stuðning þjóðarinnar við einkavæðinguna drógu þeir hins vegar tillögurnar til baka.

Kanadamenn þekkja einnig málþóf, en árið 1997 var lagt fram frumvarp um að miðborg Toronto, sem hafði notið nokkurs sjálfstæðis, skyldi sameinuð Toronto. Demókrataflokkur Ontario lagði þá fram 11.500 tillögur um að göturnar þar yrðu nefndar upp á nýtt og íbúar þeirra fengju um málið að segja á fundum. Frjálslyndir í Ontario lögðu fram nokkur hundruð eins tillögur og þeir skiptust á að tala fyrir þeim á þingi.

Tillögurnar voru allar samhljóða, utan götunafnsins. Umræður um þær hófust 2. apríl. Fjórum dögum síðar ákvað þingforseti að ekki þyrfti að lesa upp þau 220 orð sem voru eins í öllum tillögunum, aðeins götunafnið. Það var þó ekki fyrr en 8. apríl að síðasta götunafnið, Zorrogata, var afgreitt.

Einnig eru til dæmi um málþóf á Norður-Írlandi, Suður-Ródesíu, Ástralíu og Nýja-Sjálandi.

FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA — 09-2077

Munum að slökkva á kertunum

Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna. Njótum dýrðarinnar en látum kerta-skreytingar og ljós aldrei loga án eftirlits. Verum örugg um hátíðarnar.

SJÓVÁ

Útgjöldin
>Meðalkílóverð á heilum frystum kjúklingi í nóvember ár hvert



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN RAKEL SVEINSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI CREDITINFO Á ÍSLANDI

Fær æðiskast á skóútsölum

„Verstu kaup mín um ævina eru þeir tugir ef ekki hundruð skópara sem ég hef keypt reglulega á útsölum síðastliðin tuttugu ár. Skórnir eru alltaf mjög smart á útsölum. Þegar við bætist gott verð verð ég að kaupa þá. Í flestum tilvikum eru þeir hins vegar dauðadæmdir frá upphafi og ég nota þá aldrei," segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo Ísland.

Hún viðurkennir að hún hafi líkt og margar konur æði fyrir skóm og eigi erfitt með að halda aftur af sér þegar útlit og verð sé annars vegar. Þegar heim sé komið með útsöluskóna verði hún ævinlega fyrir vonbrigðum. Þeir séu ýmist of háir, of lágir eða of þröngir í tána. „Vegna þessa á ég birgðir af ónotuðum skóm," segir Rakel og bætir við að hún fari á þriggja ára fresti með fullan ruslapoka af ónotuðum skóm í endurvinnsluna en þar öðlast þeir framhaldslíf á annarra kvenna fótum.

Rakel segir bestu kaupin hafa verið baðvog sem hún keypti á námsárum sínum í Los Angeles-borg í Bandaríkjunum árið 1991. „Ég keypti hana á bílskúrssölu á um tvo dollara. Hún mælir bæði í pundum og kílóum, virkar enn þá og stenst fyllilega samanburð við vogir á líkamsræktarstöðvum."

GÓÐ HÚSRÁÐ

MIGIÐ Á FÓTSVEPPI

■ *Friðrik Steinn Friðriksson nemi kann gott ráð við meinsemdum á fótum.*

„Ég las einhvern tímann pistil í Velvakanda eftir mann sem vildi útskýra hvernig ætti að losna við fótsveppi án þess að kaupa sveppaeyðingarlyf," segir Friðrik Steinn. „Til að gera langa sögu stutta á maður að míga um morguninn í bala og setja fæturna síðan í balann. Hátt sýrustig þvagsins ætti að eyða sveppunum á nokkrum vikum, það er ef þú gerir þetta á hverjum degi."

■ **Neytendasamtökin könnuðu verð á þvottavélum**

560 prósenta verðmunur á uppþvottavélum

Mikill verðmunur er á uppþvottavélum, að því er fram kemur í nýrri könnun Neytendasamtakanna. Samtökin könnuðu framboð og verð á uppþvottavélum í nóvembermánuði í fjórtán verslunum. Í ljós kom að úrvalið er mikið og hægt að velja á milli 136 véla í tveimur breiddum.

115 vélar voru til í breiddinni 60 sentimetrar, sú ódýrasta kostaði 69.900 kr. og sú dýrasta 392.550 þúsund. Af minni vélum sem eru um 45 sentimetrar á breidd kostaði sú ódýrasta 89.900 krónur og sú dýrasta 199.900 krónur. Loks voru fjórar borðvélar til og kostaði sú ódýrasta 59.995 kr. en sú dýrasta 199.995 kr.

Að því er fram kemur á vef samtakanna www.ns.is eru algengustu uppþvottavélarnar þær sem ætlað er að falli inn í innréttingu. Allar vélarnar í tveimur fyrrnefndu flokkunum eru til að setja inn í innréttingu en sumar þeirra má einnig kaupa sem frístandandi.

■ **Reiknivél Tals birti ólöglegan samanburð**

Neytendastofa bannar birtingu reiknivélar

Neytendastofa hefur bannað birtingu reiknivélar Tals í óbreyttri mynd. Í reiknivélinni gátu neytendur borið saman símreikning sinn saman við verð hjá Tali til þess að sjá hvort, og hversu mikið, þeir spöruðu á því að flytja viðskipti sín til Tals. Samanburðurinn brýtur hins vegar gegn lögum vegna þess að reiknivélin tók ekki tillit til þess að neytandinn gæti verið með svokölluð vinanúmer sem hann borgaði ekki fyrir en kæmi hugsanlega til með að greiða fyrir hjá Tali.

Þá var ekki tekið tillit til þess að viðskiptavinir Símans gætu til dæmis fengið fimmtíu prósenta afslátt af verði símtala í eitt símanúmer í útlöndum. Í reiknivélinni var þvert á móti gert ráð fyrir að verð fyrir útlandasímtöl hjá keppinautum væri það sömu hjá Tali og því ekki litið til mismunandi verðskrár fyrirtækjanna. Nánar má sjá á heimasíðu embættisins, www.neytendastofa.is.

monaco veggsamstæður

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SMS-lánin enn í skoðun

Neytendasamtökin vara eindregið við svokölluðum smálánum eða SMS-lánum. Fólk er lent á vanskilaskrá í Svíþjóð vegna slíkra lána. Stórhættuleg lán, segir lögmaður Neytendasamtakanna.

HEIMASÍÐA KREDIA Lántaki skráir sig á vef Kredia og með einu SMS-i getur hann fengið lán. Vextirnir sem þeim fylgja eru himinháir.

Um hundrað manns hafa hafnað á vanskilaskrá í Svíþjóð vegna smálána, svokallaðra SMS-lána. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar sem Kronofogden, sænska innheimtustofnunin, hefur gert og sagt er frá á vef sænsku neytendasamtakanna. Þeir sem hafa lent á vanskilaskrá vegna SMS-lánanna hafa sjaldnast aðeins tekið eitt slíkt lán. Í sumum tilfellum eru þau allt að fjörutíu talsins.

LEIFUR ALEXANDER HARALDSSON

Lánin sem veitt hafa verið eru allt frá 500 og upp í 4.000 sænskar krónur, sem eru rúmar 700 þúsund íslenskar krónur.

Samkvæmt rannsókninni eru þeir sem hafa lent á vanskilaskránni sænsku einnig komnir í vandræði með aðrar skuldir, til dæmis vegna leigu, rafmagnsreikninga, stöðumælabrota eða síma svo fátt eitt sé nefnt.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur Neytendasamtakanna, segir að samtökin hafi heyrt af slíkum málum hér á landi.

„Við höfum heyrt af fólki sem stendur kannski ekkert allt of vel að vígi í samfélaginu og er að fá innheimtubréf frá þessu smálánafyrirtæki," segir Hildigunnur.

Í nýjasta blaði Neytendasamtakanna er eindregið varað við SMS-lánunum. Lánin hafi verið harðlega gagnrýnd í nágrannalöndum okkar og markaðssetningu þeirra hafi aðallega verið beint að yngri neytendum.

„Við viljum ítreka það að þetta eru stórhættuleg lán. Þótt þetta séu ekki háar upphæðir bera þessi lán gríðarlega háa vexti og það er mjög auðvelt að detta í skuldasúpu út af þeim," segir Hildigunnur.

Neytendasamtökin hér á landi hafa hvatt stjórnvöld til aðgerða til að sporna við SMS-lánunum. Lánin falli ekki undir lög um neytendalán, þar sem þau séu einungis veitt til fimmtán daga. Fundur var haldinn í október með forsvarsmönnum Kredia, eina fyrirtækisins sem býður slík lán hér á landi, Neytendasamtökunum og talsmanni neytenda. Hildigunnur segir að ekkert hafi gerst í málinu síðan þá.

„Þeir aðilar sem bjóða upp á þessi lán virðast falla utan laga og eftirlits þannig að það er í bígerð hjá okkur að krefjast þess að þessi lánategund falli undir lög um neytendalán," segir Hildigunnur.

Leifur Alexander Haraldsson, framkvæmdastjóri Kredia, segir að smálánunum hafi verið vel tekið hér á landi og að viðskiptavinir hafi margir hverjir nýtt sér lánamöguleikann oftar en einu sinni. Hann vill þó ekki gefa upp hversu margir hafi nýtt sér slík lán.

Hann segir að tæplega þriðjungur lántakenda sé á aldrinum átján til 27 ára og þriðjungur frá þrítugu og upp í fimmtugt.

Leifur segir málum ólíkt farið með smálánin hér á landi og í Svíþjóð. Þar í landi séu um fjörutíu fyrirtæki sem veiti slík lán. Þau reki mjög óábyrga lánastefnu og gangi ekki nægilega vel úr skugga um lánstraust viðskiptavina.

„Þar er verið að lána viðskiptavinum fleiri hundruð þúsund króna og þeir fá jafnvel lán til að greiða upp gömlu lánin," segir Leifur. „Þannig er auðvelt að sökkva sér í skuldasúpu. Hjá Kredia er þetta hins vegar ekki vandamál því við lánum bara samanlagt að fjörutíu þúsund krónum. Við lánum heldur ekki til að greiða niður gömlu lánin."

Spurður hvort einhver lán séu komin í vanskil hjá Kredia segir Leifur svo vera. „Auðvitað gerist það að fólk geti ekki greitt á réttum tíma og þær kröfur fara í innheimtu samkvæmt íslenskum innheimtulögum. Það eru nokkrir aðilar sem hafa dregið endurgreiðsluna en þeir eru alls ekki margir og það eru ekki háar upphæðir sem um ræðir."

Leifur vill ekki segja til um hversu margir hafi lent í vanskilum. „Þetta er mjög lítill hluti sem hefur lent í vanskilum. Við erum með mjög góða viðskiptavini sem eru að nota þessa þjónustu til að fá fjármagn á skömmum tíma. Ég á því ekki von á að sjá sömu þróun hér og við höfum séð í Svíþjóð. Það hjálpar engum."

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir að sér hafi brugðið þegar hann frétti að SMS-lánin væru að koma hingað til lands. Þá hafi hann horft til reynslunnar frá Skandinavíu og þá sérstaklega Svíþjóðar. „Hins vegar eru töluvert lægri fjárhæðir í boði hér en þar, þannig að kannski er erfitt að halda því fram að þessi lán setji einhvern á hausinn," segir hann.

Gísli segist ekki hafa búist við því að þessi lán myndu festa rætur hér þar sem notkun kreditkorta og yfirdráttar sé mikil. Hann er engu að síður að skoða í samvinnu við aðrar stofnanir hvort hægt sé að sporna við þessum tegundum lána eða í það minnsta setja þeim einhver mörk.

LÁN MEÐ OKURVÖXTUM

Einfalt er að verða sér úti um smálán eða SMS-lán. Lántaki skráir sig á vef lánafyrirtækisins og getur í kjölfarið sótt um lán hvenær sem er með því að senda SMS-skeyti í ákveðið númer. Upphæðin sem beðið er um er þá lögð strax inn á bankareikning viðkomandi.
Lánið getur numið allt að fjörutíu þúsund krónum og þarf að endurgreiða það innan fimmtán daga. Lánin eru veitt á okurvöxtum, eins og segir í Neytendablaðinu, en af fjörutíu þúsund króna láni þarf að greiða 9.250 krónur í vexti.

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!



Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt 2009.

Allt sem þú þarft...

FLJÓTANDI JÓLATRÉ Mikil flugeldasýning skreytti himininn þegar risastórt jólatré var sett á flot á stórri tjörn í Rio de Janeiro í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Jólastemning leggur undir sig heiminn

Andi jólanna er óðum að heltaka fólk víðs vegar um jörðina. Næstu vikurnar verða jólaskreytingar, jólatónar og jólaboðskapur allsráðandi í tilveru íbúa í flestum heimshornum. Hér á síðunni má líta nokkur sýnishorn af dýrðinni.

UPPLJÓMUÐ VARSJÁRBORG Íbúar í Varsjá í Póllandi fara ferða sinna undir skrautlegum jólaljósum á götum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

JÓLASTEMNING Í MALASÍU Meira að segja í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu, eru jólaskreytingar áberandi þrátt fyrir að yfirgnæfandi meirihluti íbúa aðhyllist íslam. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

JÓLASKRAUT Í BÚLGARÍU Þetta mikla jólatré stendur í borginni Varna í Búlgaríu ásamt tilheyrandi ljósaskreytingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í flestu sem viðkemur jólahaldinu er best að halda í hefðirnar og þar er MS rjóminn hvergi undanskilinn. MS rjóminn er þessi gamli góði sem er samt alltaf ferskur. Nú er hann fáanlegur í nýjum umbúðum með skrúfuðum tappa. Hann myndi endast á milli jóla og nýárs – ef hann væri ekki svona góður.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 09–2225

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ertu aflögufær?

Eyðslan þín er vinnan mín

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Á undanförnum mánuðum hefur kaupmáttur launafólks dregist saman. Fyrirséð er að þessi kaupmáttarskerðing mun halda áfram og ekki skal gert lítið úr því að mörg heimili eiga erfitt með að láta enda ná saman. Hins vegar er það jafnframt staðreynd að mörg heimili lentu ekkert illa í hruninu og samkvæmt gögnum frá Seðlabankanum er greitt eðlilega og með óbreyttum hætti af um 80 prósentum allra íbúðarlána. Mörg þessara heimila finna örugglega fyrir kaupmáttarskerðingunni en eru samt enn með sín fjármál í góðum málum og síðan er enn fullt af fólki sem skuldaði ekkert fyrir hrun, tapaði engu í hruninu og er því enn fjárhagslega mjög vel sett. Það er nefnilega sem betur fer enn til fullt af fólki sem er vel aflögufært um hver mánaðamót og enn til fullt af fólki sem á nóg af peningum hér landi. Það sama má segja um fyrirtæki. Enn eru mörg fyrirtæki sem geta fjárfest og eru fjárhagslega vel stæð.

Rúmu ári eftir hrun er andrúmsloftið í þjóðfélaginu hins vegar enn með þeim hætti að þeir sem eru aflögufærir skammast sín hálfpartinn fyrir að vera með fjármálin sín í góðum málum enda eru allir aðrir í miklum fjárhagslegum kröggum – ef taka á mark á fréttaflutningi fjölmiðla. Þeim sem eiga peninga líður því eins og þeir séu undantekning á reglunni og ákveða að halda sig til hlés eða afsaka sig í hvert skipti sem veskið er tekið upp.

Fátt er brýnna en að breyta þessu hugarfari enda þarf atvinnulífið á venjulegri eyðslu almennings og fyrirtækja að halda sem aldrei fyrr. Þessi eyðsla á ekki að vera fólgin í því að heimili séu gerð fokheld og allt nýtt sé keypt inn – þvert á móti telja allir litlu hlutirnir sem aldrei fyrr! Mórallinn má ekki vera að það sé ekki í takt við tíðarandann að kaupa nýtt parkett, nýjar gardínur, nýjan sófa eða nýjan bíl, mála húsið eða fara út að borða. Eins og staðan er í dag er það nefnilega lífsnauðsynlegt fyrir mörg fyrirtæki að þeir sem hafa efni á því að kaupa geri akkúrat það. Það vinnur fólk í fyrirtækjum sem selja parkett, gardínur, húsgögn, bifreiðar, málningu og veitingar og ef velta í þessum fyrirtækjum fer ekki að glæðast þýðir það einfaldlega að færri fyrirtæki geta haldið öllu starfsfólki sínu í vinnu – kreppan dýpkar og dregst á langinn.

Fólk sem er aflögufært gerir lítið gagn með því að geyma peninga sína undir kodda eða inni á bankabók því við þurfum að fá þetta fjármagn til að vinna fyrir okkur öll – halda uppi veltu í hagkerfinu. Við eigum að fagna allri eyðslu og þegar við verslum eigum við að bera höfuðið hátt enda erum við að tryggja að hjól atvinnulífsins snúist. Við eigum að vera stolt af því að „eyðslan mín er vinna einhvers annars“.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Loksins stór
Vinstri græn leita að starfskrafti á skrifstofu sína á Suðurgötu. Á heimasíðu flokksins segir að starfssviðið sé „hefðbundin skrifstofustörf, símavarsla, móttaka gesta, félagaskráning og annað sem til fellur í *stórum* flokki [skáletrun blaðamanns].“ Einu sinni fundu VG-liðar Samfylkingunni það til hnjóðs að fyrir henni vekti fyrst og fremst að verða stór. Ekki er þó að sjá að Vinstri grænum leiðist að skreyta sig með þessu lýsingarorði, loksins þegar tilefni er til; þvert á móti má greina vott af stolti í orðum síðuhöldar VG.

Greiðvikinn og sveigjanlegur
Í sömu auglýsingu segir jafnframt að starfskrafturinn þurfi að vera þjónustulundaður, greiðvikinn og sveigjanlegur. Að sönnu eru það góðir kostir. En lýsa þeir hinum dæmigerða flokksmanni VG í hnotskurn?

Nálægð og fjarlægð
Breski blaðamaðurinn Roger Boyes vakti athygli fyrir vasklega framgöngu í Silfri Egils á sunnudag. Sitt sýnist þó hverjum um bók hans um hrunið á Íslandi. Ritrýnir DV fann henni allt til foráttu og gaf henni aðeins hálfa stjörnu. Egill tekur upp hanskann fyrir Boyes á heimasíðu sinni og segir bók hans þá bestu sem skrifuð hafi verið um hrunið. Egill sér tvo meginkosti við bókina: í fyrsta lagi sé þetta blaðamannabók, skrifuð í nálægð við atburðina. Í öðru lagi sé Boyes útlendingur, sem gefi honum fjarlægð frá atburðunum. Einhver kynni að halda að í þessu fælist mótsögn. Ekki Egill.

bergsteinn@frettabladid.is

Alvara lífsins

Nú er fyrsti dómurinn fallinn. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt tvo starfsmenn Kaupþings til átta mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir markaðsmisnotkun. Í niðurstöðu dómsins segir: „Brot ákærðu eru alvarleg og var brotið gegn trausti fjárfesta í peningamarkaðssjóðnum sem hér um ræðir og almennt á verðbréfamarkaði. … Þá voru brotin ítrekuð… Þótt hvorugur þeirra hafi haft persónulegra hagsmuna að gæta við framningu brotanna þykir háttsemi þeirra sýna styrkan og einbeittan brotavilja.“

Fjöldi svipaðra dómsmála er í uppsiglingu vegna frekari grunsemda um markaðsmisnotkun. Af þeim sökum hlýtur sú spurning að vakna, hvort hinir dæmdu frömdu brotin að eigin frumkvæði eða með vitund og vilja yfirmanna í bankanum. Fyrir dómi reyndu sakborningarnir ekki að skella skuldinni á stjórnendur bankans. Óvíst er, hvort sakborningar í öðrum málum af sama toga munu haga málsvörn sinni með sama hætti. Ekki er heldur að svo stöddu ljóst, hvort hinir dæmdu munu áfrýja dóminum til Hæstaréttar.

Líkur á sakfellingu

Þennan fyrsta dóm og þau mál önnur, sem Fjármálaeftirlitið (FME) hefur sent til sérstaks saksóknara, þarf að skoða í ljósi þess, að FME sendir ekki til sérstaks saksóknara önnur mál en þau, sem lögfræðingar eftirlitsins telja miklar líkur á, að leiði til sakfellingar. Fjármálaeftirlitið hefur á að skipa á þriðja tug lögfræðinga auk annarra sérfræðinga og hefur að undanförnu rækt skyldur sínar með prýði. Því færi að svo stöddu ekki vel á að sameina eftirlitið Seðlabankanum, svo sem rætt hefur verið um. Tilraunir til að hrófla við FME eins og sakir standa gætu vakið grunsemdir um áhuga innan stjórnkerfisins á að færa eftirlitið aftur í fyrra horf.

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Virðing landsins

Smálaxar, stórlaxar

Dómurinn yfir Kaupþingsmönnunum tveim vekur vonir um, að þeir, sem með refsiverðri háttsemi stuðluðu að hruni bankanna, þurfi að minnsta kosti sumir að sæta ábyrgð að lögum. Dómurinn ætti að sefa ótta þeirra, sem vantreysta dómskerfinu og hafa sagzt sannfærðir um, að enginn þurfi að sæta fangelsi vegna hrunsins. Hér er mikið í húfi, ekki aðeins framgangur réttvísinnar, heldur einnig afkomuhorfur landsins.

Þjóðin stendur nú frammi fyrir margþættri áskorun, þar á meðal þeirri ógn, að mikill fjöldi fólks fari úr landi vegna atvinnumissis og af öðrum ástæðum. Ferillinn er hafinn: Íslendingum fækkaði 2009 í fyrsta skipti frá 1889. Landið má þó ekki við mikilli mannfækkun, þar eð þá þyngist að því skapi skattbyrði hinna, sem eftir eru. Skyndileg mannfækkun í neyð frekar en af fúsum, glöðum og frjálsum vilja hneigist einnig til að veikja innviði samfélagsins og sundra fjölskyldum og vinum. Þjóðinni ríður nú á að halda hópinn.

Virðing landsins

Fólksfæðin er þó ekki versti óvinur landsins, enda hefur flestum öðrum smáríkjum tekizt að sneiða hjá hruni. Vandi Íslands fyrr og nú er að ýmsu leyti líkari vanda Rússlands, þar sem harðsvíraðar klíkur bítast um völdin og ein þeirra hefur náð að sölsa ríkisvaldið undir sig, og á Rússland þó að heita lýðræðisríki. Upptökin að valdabaráttunni nú þar eystra má rekja til einkavæðingar ríkisfyrirtækja og aðgangsins, sem óprúttnir menn gátu þá tryggt sér að orkulindum og öðrum náttúruauðæfum, líkt og lögfesting kvótakerfisins og einkavæðing bankanna á silfurfati lögðu grunninn að hruninu hér heima.

Einn angi vandans fyrir austan er undirgefni dómskerfisins við framkvæmdarvaldið, sem hefur öll ráð ríkisins í hendi sér. Rússum hefur fækkað á hverju ári frá 1992. Hér heima er í þessu ljósi mikils um vert, að dómstólarnir ávinni sér traust þjóðarinnar með því að fella réttláta dóma yfir þeim, sem brutu lög í aðdraganda hrunsins. Bregðist það, mun sjálfsvirðing þjóðarinnar skaddast enn frekar en orðið er og einnig álit hennar í augum umheimsins, og við það eykst hættan á, að mun fleiri en ella fari þá úr landi. Varanlegur álitshnekkir landsins inn á við og út á við yrði þjóðinni dýrkeyptur. Þung ábyrgð hvílir á dómstólunum.

Drengirnir á Alþingi

UMRÆÐAN
Steinunn Valdís Óskarsdóttir skrifar um jafnréttismál

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Síðasta vika hefur farið í umræðu um Icesave, reynt hefur á þolrifin í málþófi og margt verið sagt. Sumt nokkuð gáfulegt, annað miður gáfulegt og á stundum hefur maður skammast sín fyrir sinn annars góða vinnustað.

Hvað sem því líður er það hreint út sagt sorglegt að nýir þingmenn skuli temja sér orðfæri og tjá viðhorf sem hafa í för með sér hreina afturför á Alþingi. Framsóknarflokkurinn hefur kynnt sig fyrir og eftir síðustu kosningar sem Nýja Framsóknarflokkinn en nýir fulltrúar hans á þingi hafa einkum keppst við að bæta í stóryrðaflaum á þeim vettvangi.

Þó tekur steininn úr þegar formaður flokksins og fulltrúi hans í fjárlaganefnd gera sig hvað eftir annað bera að kvenfyrirlitningu með því að tala niður til kvenna á þingi. Sérstaka athygli mína hefur vakið yfirlæti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar þegar hann hefur átt orðastað við forsætisráðherra. Síðast hóf hann ræðu sína í lok 2. umræðu um Icesave með því að væna ráðherrann um skilnings- og þekkingarleysi og bar þó málefnaleg og rökföst ræða Jóhönnu Sigurðardóttur langt af stóryrðaræðu hans. Formaður Framsóknarflokksins gat sér þess þó til að ástæða þessa gæðamunar væri sú að Jóhanna hefði ekki samið ræðuna sjálf!

Ég er ekki í nokkrum vafa um að Sigmundur Davíð hefði aldrei vogað sér að viðhafa þessi ummæli ef ráðherra væri karlmaður. En formaður Framsóknarflokksins telur sig klárlega þess umkominn að tala með þessum hætti niður til konu sem hefur 30 ára reynslu af þingstörfum og þekkir málefni ríkisins betur en flestir aðrir. Höskuldur Þórhallsson bætti svo um betur í umræðunni og taldi ástæðuna fyrir því að forsætisráðherra væri ekki viðstödd umræðuna vera að hún væri örugglega heima að baka. Ég hélt að karlremba af þessu tagi heyrði sögunni til. En sé „drengjaremba“ af þessu tagi það sem Nýi Framsóknarflokkurinn hefur helst fram að færa á Alþingi þá er um afturkipp í jafnréttismálum að ræða hér á landi. Það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir alla jafnréttissinna.

Höfundur er alþingismaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Jólaskeidin 2009
Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 63 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Opið til kl. 22 til jóla

20%
afsláttur
af öllum dömufatnaði*

*Gildir ekki af NTC, Jane Norman og Oasis.
Tilboðið gildir fimmtudag til sunnudags.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Ný og virkari velferð

UMRÆÐAN
Sigursteinn Másson skrifar um velferðarmál

Áundanförnum árum hefur spurningin um það hvað einkenni norræn velferðarkerfi orðið áleitnari. Sumir hafa viljað meina að til sé norrænt velferðarlíkan sem slái við öðrum velferðarkerfum og þá hefur verið spurt hvernig þetta líkan eiginlega sé? Áhersla á miðstýrt stofnanakerfi hefur lengi verið mikil en síðustu þrjá áratugi hafa sprottið upp hreyfingar sem andæft hafa sterku stofnanakerfi og kallað eftir auknu valdi einstaklinga yfir daglegu lífi sínu og tilveru. Evald Krog, formaður samtaka vöðvarýrnunarfólks í Danmörku, reið á vaðið á áttunda áratug síðustu aldar þegar samtök hans náðu eyrum þarlendra stjórnvalda og komu, fyrst Norðurlandanna, á notendastýrðu persónulegu aðstoðarmannakerfi (NPA) fyrir fólk með MND, ALS og aðra vöðvarýrnunarsjúkdóma. Á örfáum árum varð til fyrirmyndarkerfi fyrir þennan hóp fólks. Einstaklingur sem metinn er með þörf fyrir sólarhringsaðstoð til að geta lifað sjálfstæðu lífi utan stofnana fær fjárveitingu fyrir minnst fjóra aðstoðarmenn í fullu starfi. Einstaklingurinn skipuleggur vaktir þeirra og felur annaðhvort því sveitarfélagi sem hann býr í eða einkafyrirtæki að sjá um umsýslu starfsmannanna. Hann ræður svo og rekur sína aðstoðarmenn og þjálfar þá til starfans.

SIGURSTEINN MÁSSON

Nú hafa Danir víkkað út réttinn til NPA þannig að geðfatlaðir og fleiri hópar fatlaðra geta ráðið sér aðstoðarmenn. Í Noregi hefur verið byggt upp öflugt samvinnufélag fatlaðra um þjónustuna og í Svíþjóð var tekið stórt skref í uppbygginu aðstoðarmannakerfis með lögum í miðri bankakreppu 1993. Finnar og Íslendingar hafa setið eftir. Hér á landi hefur um árabil verið boðið upp á sambræðing þjónustukerfa undir formerkjum tilraunaverkefna um notendastýrða aðstoð sem ekki hefur staðið undir nafni. Ekkert jafnræði hefur ríkt um það hverjir fái þjónustuna né hvernig hún er veitt heldur hentistefna. Núverandi félagsmálaráðherra hefur sýnt málinu mikinn áhuga og á ráðstefnu um NPA í Salnum í Kópavogi á alþjóðadegi fatlaðra 3. desember sl. skýrði hann frá því að í janúar nk. hæfist undirbúningur að lagasetningu sem feli í sér innleiðingu þjónustunnar. Það verði gert samhliða endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra og lögfestingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.

Það að komið verði á fót notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) fyrir þá sem þurfa á aðstoðinni að halda er ekki aðeins viðbót við velferðarkerfið eða áherslubreyting heldur grundvallarbreyting. Réttara væri að tala um byltingu. Rúmlega 5000 Íslendingar búa nú á stofnunum eða um 1,6 prósent þjóðarinnar. Ekki aðeins búa fleiri hér á landi á stofnunum en annars staðar heldur býr fólk mun lengur á stofnunum á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum eða ríflega 40 prósentum lengur. Með NPA getur fólk búið heima hjá sér með aðstoð, stundað vinnu, félagslíf og fjölskyldulíf. Þetta er því ekki spurning um þjónustuform heldur um mannréttindi og mannhelgi. Um leið hefst ný sókn í atvinnumálum á Íslandi því í stað milljarða fjárfestinga í steypu er fjárfest í þjónustu og vinnuafli. Á næstu tveimur árum er hægt að skapa 1.000 ný störf til viðbótar þeim störfum sem flytjast frá stofnunum til einstaklinga. Nú þurfum við öll að hugsa út fyrir rammann. Kreppan gefur okkur ekki aðeins tækifæri til þess heldur knýr okkur beinlínis til að gera það. Allir verða að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu nýs og betra samfélags. Notendastýrt persónulegt aðstoðarmannakerfi gerir fólki það kleift og er því grundvöllur að virkari velferð á Íslandi.

Höfundur er formaður Geðhjálpar.

Tími hugmyndafræði eða hagsýni?

UMRÆÐAN
Finnur Oddsson skrifar

FINNUR ODDSSON

Ánæstu dögum verða teknar til umfjöllunar á Alþingi tillögur stjórnvalda um aðgerðir til að brúa fjárlagahallann sem blasir við ríkissjóði. Verkið er ekki öfundsvert. Frekari skuldasöfnun er ekki í boði og því ætti enginn að velkjast í vafa um mikilvægi þess að vel takist til við hagræðingu í rekstri hins opinbera. Valmöguleikarnir í þessum efnum eru tiltölulega einfaldir; auknar tekjur, minni útgjöld eða hvort tveggja. Það er hins vegar erfiðara að meta hvers konar útfærsla af þessum leiðum skilar bestum árangri og eru skoðanir þar skiptar.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er kynnt til sögunnar blönduð leið, þ.e. að leitast er við að auka tekjur ríkissjóðs samhliða hagræðingu í útgjöldum. Í ljósi þess hve verulega kreppir að er ekki hægt annað en hafa skilning á því að tímabundið þurfi að hækka skatta og í þeim efnum getur enginn vikist undan ábyrgð. Hins vegar er ljóst að í þeirri blönduðu leið sem stjórnvöld hafa boðað verður mestur þungi lagður á aukna skattheimtu í aðlögun ríkisfjármála, frekar en að áhersla sé á niðurskurð.

Þetta er umhugsunarefni af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hafa heimili og atvinnulíf þegar axlað miklar byrðar og aðlagað sinn rekstur með skörpum hætti. Þetta má sjá á samdrætti í einkaneyslu, hruni í fjárfestingu einkaaðila, auknum gjaldþrotum fyrirtækja, nafnlaunalækkunum og meira en tíu þúsund töpuðum störfum á almennum vinnumarkaði. Síðari ástæðan lýtur að því að opinber útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu hafa vaxið verulega á síðustu áratugum og margfalt hraðar hér en í flestum öðrum iðnríkjum. Á þessu ári er t.a.m. gert ráð fyrir að heildarútgjöld hins opinbera nemi 57% af landsframleiðslu, sem verða þá hæstu hlutfallslegu útgjöld allra OECD-ríkja. Sterk rök má því færa fyrir því að í aðlögun ríkisfjármála ætti frekar að vera svigrúm á útgjaldahlið en skattahlið.

Einnig er vert að huga að því að í tillögum stjórnvalda er gert ráð fyrir verulega umfangsmiklum breytingum á núverandi skattkerfi. Taka á upp þrepaskipta skattlagningu á launatekjur, virðisaukaskattsþrepum verður fjölgað og vörugjöldum bætt við, nýir og auknir skattar verða lagðir á atvinnufyrirtæki í formi stórhækkaðs tryggingargjalds, orku- og umhverfisskatta og skattur á fjármagnstekjur verður nánast tvöfaldaður. Afar mikilvægt er að vandað sé til jafn viðamikilla breytingum á skattkerfinu og þeim sem til standa. Í þessum efnum má benda á að innan hagfræða er nokkuð almenn samstaða um að einföld skattkerfi sem byggja á breiðum skattstofnum sem leggjast tiltölulega jafnt á atvinnugreinar séu hagkvæm. Töluverðar líkur eru á því að umræddar breytingar valdi óæskilegri og ófyrirséðri röskun á umsvifum í hagkerfinu og að skattheimta verði minni en vænst er.

Segja má að markmið boðaðra breytinga á skattkerfinu séu tvíþætt. Annars vegar er þar leitast við að auka tekjur með skattheimtu og hins vegar er þeim ætlað að auka á jöfnuð í gegnum tekjutilfærsluáhrif. Ágæt rök má færa fyrir því að erfitt sé að ná báðum þessum markmiðum, því þær hugmyndafræðilegu breytingar sem nú standa til að gera á annars einföldu og skilvirku skattkerfi (sem vissulega er þó ekki gallalaust) geta valdið því að skattheimta verði minni en vænst er. Vænlegra væri að standa vörð um þessa eiginleika og ná fram sambærilegum tekjuauka og stefnt er að með skattahækkunum á núverandi skattstofna. Þannig yrði starfsemi hagkerfisins fyrir sem minnstu raski og líklegt væri að tekjur ríkissjóðs ykjust fyrr með efldum skattstofnum.

Töluverðar líkur eru á því að umræddar breytingar valdi óæskilegri og ófyrirséðri röskun á umsvifum í hagkerfinu og að skattheimta verði minni en vænst er.

Ef gera á grundvallarbreytingar á þeirri hugmyndafræði sem íslenskt skattkerfi byggir á, er það ekki ósanngjörn krafa að um þær verði haft víðtækt samráð og veitt verði tækifæri til samfélagslegrar rýni og umræðu um forsendur, framkvæmd og áhrif? Slíkt samráð hefur ekki átt sér stað og ljóst er af dagskrá þings að þeir fáu dagar sem af því lifa duga ekki til að bæta þar úr. Af þeim sökum er hætt við að breytingarnar verði vanhugsaðar eða mistakist í útfærslu og skili ekki tilætluðum árangri til að rétta af halla á opinberum fjárhag eða bæta kjör þeirra efnaminni. Þá er betur heima setið en af stað farið.

Í lok árs 2009 verður áherslan að vera á hagsýni, raunsæi og varðstöðu um heildarhagsmuni með það markmið í forgrunni að koma hagkerfinu sem hraðast á réttan kjöl. Við höfum tæpast efni á öðru.

Höfundur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Tökum afstöðu með mannréttindum

UMRÆÐAN
Guðrún D. Guðmundsdóttir og Jóhanna K. Eyjólfsdóttir skrifa í tilefni af alþjóðadegi mannréttinda 10. desember

JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR

GUÐRÚN DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR

Fyrir einu ári, á 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, samþykkti allsherjarþing SÞ viðauka sem felur í sér kæruleið vegna brota gegn efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum. Viðaukinn staðfestir að öll mannréttindi eru jafngild og samofin. Brot gegn efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum eru órjúfanlega tengd brotum gegn borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum. Tjáningarfrelsi tengist t.d. oft réttinum til menntunar og rétturinn til lífs krefst þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir ungbarnadauða, farsóttir og hungur.

Viðaukinn er mikilvægt skref í þeirri viðleitni að tryggja aðgang að réttlæti fyrir þolendur mannréttindabrota. Fólk sem býr við fátækt og hópar sem eru á jaðri samfélaga sæta alvarlegustu brotunum á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, þar með talið réttinum til húsnæðis, fæðis, vatns og hreinlætis, svo og réttinum til heilsu og menntunar.

Öryggi og lýðræði geta einungis þrifist í samfélögum þar sem mannréttindi eru virt. Virk vernd efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda er ekki hvað síst mikilvæg þegar skórinn kreppir. Sagan kennir okkur að efnahagslegir erfiðleikar geta leitt til alvarlegrar skerðingar mannréttinda. Brýnt er að efnahagslegum og félagslegum réttindum sé ekki varpað fyrir róða í aðgerðum yfirvalda til að takast á við efnahagsvandann; virðing fyrir mannréttindum borgaranna á að vera leiðarljós í allri ákvarðanatöku. Samþykkt kæruleiðar fyrir íslenska borgara sem telja efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á sér brotin er yfirlýsing íslenskra stjórnvalda um að þau hyggist tryggja þessi réttindi til fulls.

Í tilefni af alþjóðadegi mannréttinda hvetja Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofa Íslands yfirvöld til að undirrita og fullgilda viðauka við alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Með undirritun og fullgildingu viðaukans myndi Ísland skipa sér í framvarðasveit mannréttinda á heimsvísu og taka afgerandi afstöðu með mannréttindum.

Guðrún Dögg er framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands. Jóhanna er framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International.

Dropinn

Hönnuðurinn verður í verslun okkar,
föstudaginn 11. des. frá kl. 16-18 og
laugardaginn 12. des. frá kl. 12-16.

ÍSLENSK HÖNNUN

HÖNNUÐUR:
EINAR ÓLAFSSON
arkitekt
www.dropi.is

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI

Ali

30% afsláttur

1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

Gleðjumst saman

LAMBAHRYGGUR HEILL, FROSINN

ÓDÝRT

1.459 kr/kg

LAMBALÆRI FROSIÐ

ÓDÝRT

1.198 kr/kg

GRÍSABÓGUR REYKTUR

30% afsláttur

599 kr/kg
áður 855 kr/kg

KJÖTSEL

HAMBORGARHRYGGUR

30% afsláttur

998 kr/kg
áður 1.425 kr/kg

KJÖTSEL

UNGNAUTAHAKK

796 kr/kg
áður 948 kr/kg

GRÍSAMÍNÚTUSTEIK FERSK

43% afsláttur

968 kr/kg
áður 1.698 kr/kg

FÓTBOLTAMYNDIRNAR
FÁST HJÁ OKKUR

HANGIFRAMPARTUR BIRKIREYKTUR, ÚRB.

30% afsláttur

1.665 kr/kg
áður 2.378 kr/kg

HANGILÆRI BIRKIREYKT, ÚRB.

30% afsláttur

2.239 kr/kg
áður 3.198 kr/kg

LAMBAFILLET M/FITU, FROSIÐ

ÓDÝRT

2.998 kr/kg

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

30% afsláttur

1.749kr/kg
áður 2.498 kr/kg

Ali

HAMRORGARHRYGGUR
ÚRBEINAÐUR

á aðventunni

Kjöthúsið

REYKJANESBÆ, AKUREYRI OG MJÓDD

opnar 10.des

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
SÉRFRÆÐINGUR Á STAÐNUM

KEA HANGIKJÖT TVÍREYKT
nú 2.158kr/kg/áður 2.698kr/kg

KEA HANGIFRAMP.M/BEINI
nú 1.095kr/kg /áður 1.369kr/kg

KEA HANGILÆRI M/BEINI
nú 1.758kr/kg/áður 2.198kr/kg

SVÍNAHAMBORGARHRYGGUR
1.298kr/kg

SALAT
ÞRENNA, EIKARLAUF EÐA BIONDA

TILBOÐ

179kr/stk.
áður 249 kr/stk.

HANGILÆRI
ÚRB.

20% afsláttur

2.398kr/kg
áður 2.998 kr/kg

KJARNAFÆÐI

TANNBURSTAR
3/PK.

50% afsláttur

199kr/pk.
áður 399 kr/pk.

ASTONISH
HREINGERNINGARVÖRUR

25% afsláttur

COLGATE HERBAL WHITE
TANNKREM

40% afsláttur

95kr/stk.
áður 159 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 10. - 13. desember eða meðan birgðir endast

„Vér mótmælum“ - málþing á Sólon

UMRÆÐAN

Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um íslenskt samfélag

ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR

SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR

SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON

HJALTI HUGASON

ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR

BALDUR KRISTJÁNSSON

PÉTUR PÉTURSSON

Í fyrri greinum okkar höfum við fjallað um þá óvissu sem ríkir í samfélaginu eftir hrun fjármálakerfisins og spurt á hvaða leið við séum sem einstaklingar og þjóð. Auðvitað spyrjum við líka: Hvar erum við? Því miður er svarið að verða nokkuð ljóst. Við erum í skuldafangelsi. Það er staða sem fáir gátu gert sér í hugarlund að kæmi hér upp. Þjóðin á erfitt með að ímynda sér hvernig það gat gerst, harðduglegt, óspillt og heiðarlegt fólk!

Nú vitum við að bankar og fjármálafyrirtæki stunduðu fjárhættuspil á alþjóðlegum fjármálamarkaði og náðu að skapa skuldir í erlendum gjaldeyri sem svarar margföldum árstekjum allra íslenskra launþega samanlagt. Spuni, hönnuð hugmyndafræði, sem var skrumskæld mynd af veruleikanum, gerði þetta mögulegt. Of margir kjörnir fulltrúar, stjórnmálamenn og embættismenn léku með í farsanum sem nú hefur snúist upp í harmleik.

Þjóðfundur þá og nú

Spurningin um sjálfstæði Íslands gerist nú æ áleitnari. Það er ekki aðeins að afstaðan til Evrópusambandsins veki upp þessa eldfimu spurningu. Þar vegur allt eins þungt svokölluð samvinna okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og samningarnir um ICESAVE. Samningsstaða okkar er veik ef nokkur. Við hljótum að spyrja hvort það sé valmöguleiki fyrir Ísland að einangra sig taka ekki þátt í efnahagssamvinnu annarra þjóða,

Þjóðfundurinn 1851 markar þáttaskil í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Því var ekki óviðeigandi að efna til þjóðfundar nú með það í huga að marka rétta stefnu, spyrja þjóðina hvað henni finnist, hvert hún vilji fara. Það var gert á viðurkenndan vísindalegan máta og slembiúrtak úr þjóðskrá valið eins og gert er í stöðluðum markaðs- og viðhorfskönnunum. Úrtak sem myndaði smækkaða mynd af þjóðinni bar saman bækur sínar og tjáði sig um grundvallargildi. Niðurstaðan er sú að heiðarleiki er langmikilvægasti eiginleikinn í augum þjóðarinnar, það sem henni er hugleikið á þessum erfiðu tímum, leiðarljósið sem treyst er á við uppbyggingu Nýs-Íslands.

Sá sem er heiðarlegur segir satt, er sjálfum sér samkvæmur og horfist í augu við veruleikann. Þetta er það fyrsta sem við reynum að kenna börnum okkar. Næst í röðinni af grunngildum Þjóðfundarins 2009 er virðing, réttlæti og jafnrétti. Síðarnefndu gildin gefa heiðarleikanum inntak og merkingu. Frekari stoðum er skotið undir þetta ákall þjóðarinnar með gildunum sem koma næst í röðinni, en það eru kærleikur, ábyrgð og frelsi.

Fjölskylda og opinbert samfélag

Hér að framan eru talin kærkomin fjölskyldugildi í nútímalegu þjóðfélagi. Þessi gildi eiga þó ekki aðeins við um samskipti fólks í fjölskyldum og í nærumhverfi heldur eru þau traustur grunnur að samfélaginu í heild . Þetta er ekki nýjungagirni eða hagkaup þjóðar í kreppu heldur endurómur manngildishugsjóna sem sumar hafa vakað með þjóðinni frá upphafi, aðrar, eins og jafnrétti og frelsi, mótast í lífsbaráttu hennar og fyrir áhrif út í frá. Þessi gildi verða öll að ná festu í stofnunum Nýja-Íslands. Þegar skýrsla rannsóknarnefndar alþingis birtist verður tekist á um þetta. Túlka má Búsáhaldabyltinguna sem ákall um endurfæðingu þjóðarsálarinnar, að hún verði endurheimt úr viðjum þess óheiðarleika, vanvirðingar, ranglætis, misréttis, eigingirni og áþjánar sem hér hefur vaðið uppi að undanförnu.

Endurteknar alþjóðlegar samanburðarkannanir staðfesta að fjölskyldubönd eru sterk á Íslandi. Flestum er í blóð borið að styðja sína nánustu, standa með þeim og búa í haginn fyrir þá. Þetta er kærleiksríkt, kristilegt atferli sem skapar heilbrigða, dugmikla og frjálsa einstaklinga. Þessar sömu dyggðir og grunngildi geta hins vegar snúist upp í andhverfu sína þegar þær eru yfirfærðar í pólitískt samhengi. Kristur lagði áherslu á það þegar hann var genginn inn í opinbert hlutverk. Þá lagði hann þau sem ókunn voru að jöfnu við móður sína, bræður og systur. Einkavinavæðingin var honum framandi. Fyrir honum voru allir jafnir.

Hvaða erindi á kristinn boðskapur við Nýja-Ísland? Höldum áfram að ræða saman og leitum lausna. Til þess bjóðum við til málþings á Sólon í dag kl. 17.00.

Höfundar eru guðfræðingar.

Túlka má Búsáhaldabyltinguna sem ákall um endurfæðingu þjóðarsálarinnar, að hún verði endurheimt úr viðjum þess óheiðarleika, vanvirðingar, ranglætis, misréttis, eigingirni og áþjánar sem hér hefur vaðið uppi að undanförnu.

Dregið úr áhættu

UMRÆÐAN

Guðlaugur Sverrisson skrifar um Orkuveitu Reykjavíkur

Allt frá því samkeppnisyfirvöld ákváðu að Orkuveita Reykjavíkur mætti ekki eiga allan þann hlut í Hitaveitu Suðurnesja, sem keyptur var um mitt ár 2007, hefur raunverulegt verðmæti hans verið óvisst. Þvinguð sala er ekki heppileg. Ekki minnkaði óvissan við þann ágreining sem var uppi milli Orkuveitunnar og Hafnarfjarðarbæjar um kaup á hlut bæjarins. Hann rataði til dómstóla og var dómur héraðsdóms, sem féll í apríl 2008, Orkuveitunni í óhag. Hún skyldi greiða Hafnarfjarðarbæ 7,6 milljarða króna auk dráttarvaxta. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og nú leið að þeim fresti sem samkeppnisyfirvöld höfðu gefið OR til að losna við hlutinn. Á meðan á þessu stóð, var Hitaveitu Suðurnesja skipt upp í tvö fyrirtæki, sem einfaldaði ekki málin. Haustið 2008 hrundi svo gengi íslensku krónunnar, sem hafði veruleg áhrif á efnahagsreikninga orkufyrirtækjanna, sem staðið hafa í miklum uppbyggingarverkefnum á undanförnum árum. Eins og nærri má geta jók sú atburðarás öll enn á óvissuna um hvert verðmæti hlutarins væri í raun.

Þessu þurfti að greiða úr; að hlýða boði yfirvalda, ná sátt milli deiluaðila, draga úr þeirri óvissu sem eignarhald HS var í og þá myndi einnig skýrast hvaða verðmæti ættu að færast í bókum OR.

Úr varð að hluturinn var settur í opið og gagnsætt söluferli ásamt því að unnið var að samkomulagi við Hafnfirðinga. Kaupandi fannst, sem var reiðbúinn að greiða ásættanlegt verð, og gert var samkomulag um fullnaðaruppgjör við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði. Kaupandinn var kanadíska orkufyrirtækið Magma Energy, sem nokkru áður hafði keypt hlut í HS Orku af öðrum hluthafa. Kaupgengið var 6,31 og skyldi verðið greitt að 30% í reiðufé að söluskilmálum uppfylltum og skuldabréfi, sem gert skyldi upp með eingreiðslu í lok sjö ára samningstíma. Við að baki skuldabréfinu er allur hinn seldi eignarhlutur, líka sá hluti hans sem er staðgreiddur og fær Magma ekki bréfin fyrr en fullnaðargreiðsla hefur farið fram. Þá samdist um að yrði þróun álverðs á heimsmarkaði hagstæð, hækki kaupverðið frekar.

GUÐLAUGUR SVERRISSON

Þessi viðskipti eru enn ekki gengin í gegn. Óvissa er því enn fyrir hendi. Frá því OR samdi við Magma hafa verið viðskipti með hlutabréf í HS Orku á genginu 4,7. Þeir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar, sem Orkuveita Reykjavíkur fylgir, bjóða að taka þurfi tillit til þessa við að færa verðmæti eignarhlutar OR í HS Orku til bókar. Við gerð Árshlutauppgjörs Orkuveitunnar 30. júní 2009 voru hlutabréfin færð niður í gengið 6,31. Í árshlutareikningi Orkuveitunnar 30. september 2009 er gengi bréfanna fært niður í 5,4 með þeim rökum að óvissan sé enn slík að hækka þurfi áhættuálag við mat á greiðslu fyrir hlutabréfin frá Magma. Þetta er gert þrátt fyrir að Magma hafi lagt umtalsverða fjármuni í HS Orku og hafi því mikla hagsmuni af því að hlutabréfin í HS Orku haldi virði sínu. Þessi niðurfærsla í bókunum felur vitaskuld ekki í sér greiðslur heldur reiknaða niðurfærslu þar til skuldabréfið er að fullu greitt.

Það var órofa samstaða um það í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í júlí 2007 að ráðast í að kaupa þriðjungshlut í Hitaveitu Suðurnesja. Þá sáu menn ekki fyrir þá þyrnum stráðu braut, sem framundan var, vörðuð niðurstöðu samkeppnisyfirvalda, ágreiningi við Hafnarfjarðarbæ, uppskiptingu fyrirtækja og loks þeim efnahagslegu þrengingum sem allt þjóðarbúið ratað í. Niðurfærslur frá upphaflegu verðmæti hlutar Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku eiga meðal annars að endurspegla að enn er óvissunni ekki eytt. Það er hinsvegar búið að taka stór skref í að draga úr henni og þar með áhættu í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur.

Höfundur er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.

Mansalsskýrslan

UMRÆÐAN

Anna Stefánsdóttir skrifar um baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi

ANNA STEFÁNSDÓTTIR

Nú í september kynnti Rauði kross Íslands rannsókn sína um mansal á Íslandi sem unnin var í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK). Niðurstöðurnar eru sláandi, enda í fyrsta sinn sem teknar eru saman markvissar upplýsingar um eðli og umfang mansals hérlendis. Tilviljun ein réð því að skömmu síðar komst upp um mansalsmál á Suðurnesjum sem tók af allan vafa um að slíkt tíðkaðist hér og væri hluti af skipulagðri glæpastarfsemi.

Konur og karlar geta jafnt verið fórnarlömb mansals, en þó er munur á eðli þeirra mála eins og kemur fram í skýrslu Rauða krossins Mansal – líka á Íslandi. Konurnar eru nær undantekningalaust einnig fórnarlömb kynbundins ofbeldis og lenda í slæmum aðstæðum vegna kynferðis síns.

Rauði kross Íslands er ein af mörgum félagasamtökum sem standa að sextán daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Það er trú mín að mansalsrannsóknin sé veigamikill hlekkur í því að styrkja stöðu fórnarlamba mansals og kynbundins ofbeldis, og stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að tryggja betur viðeigandi þjónustu, vernd og stuðning.

Reynsla annarra þjóða sýnir að eftir því sem málefnum fórnarlamba er gefinn meiri gaumur og þekking á þeim eykst fleiri koma fleiri mál upp á yfirborðið. Þegar lönd hafa fullgilt alþjóðlega samninga sem vinna að því að uppræta mansal leita fleiri fórnarlömb sér aðstoðar. Fórnarlömb mansals eru oftar en ekki flækt inn í mál sem brotamenn – með því til að mynda að starfa ólöglega í landinu og vinna við ólöglega iðju. Oft þarf því mikið til að þessir einstaklingar leiti sér hjálpar hjá opinberum aðilum í viðkomandi ríkjum.

Með rannsókn Rauða krossins í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum hefur verið lagður mikilvægur grunnur að því að koma fórnarlömbum mansals til hjálpar. Þetta er þó aðeins fyrsta skrefið í átt að því að uppræta mansal á Íslandi. Þýðingarmikið er að gangast við því að vandamálið sé til hér á landi og að okkur beri sem þjóð að aðstoða fórnarlömbin. Jafnframt verði lögum og reglum komið yfir þá sem með hótunum, valdbeitingu eða annars konar nauðung útvega fólk í því skyni að notfæra sér það.

Höfundur er formaður Rauða kross Íslands.

Bóksalar benda á þessar

30% afsláttur

2.720 kr.

~~3.890 kr.~~
Ég og þú

2.720 kr.

~~3.890 kr.~~
Núll núll 9

3.480 kr.

~~4.990 kr.~~
Það liggur í loftinu

3.840 kr.

~~5.490 kr.~~
Síðustu dagar móður minnar



1.740 kr.

~~2.490 kr.~~
Bakkabræður

2.300 kr.

~~3.290 kr.~~
Finnur finnur rúsínu

2.580 kr.

~~3.690 kr.~~
Dagbók Kidda klaufa

2.440 kr.

~~3.490 kr.~~
Ef væri ég söngvari

2.790 kr.

~~3.990 kr.~~
Gullgerðarmaðurinn

3.980 kr.

~~5.690 kr.~~
Hyldýpi

3.840 kr.

~~5.490 kr.~~
Kirkja hafsins



3.910 kr.

~~5.590 kr.~~
Einu sinni átti ég gott

3.480 kr.

~~4.980 kr.~~
Hvar ertu nú?

3.420 kr.

~~4.890 kr.~~
Íslensk samtímahönnun



3.480 kr.

~~4.990 kr.~~
Alltaf sama sagan

3.840 kr.

~~5.490 kr.~~
Köttur út í mýri

3.980 kr.

~~5.690 kr.~~
Svörtuloft

2.580 kr.

~~3.690 kr.~~
Þvílík vika

4.190 kr.

~~5.990 kr.~~
Elfa

3.130 kr.

~~4.480 kr.~~
Heitar laugar á Íslandi

2.440 kr.

~~3.490 kr.~~
Galdrasteinninn

2.090 kr.

~~2.990 kr.~~
Segðu mér og segðu

1.950 kr.

~~2.790 kr.~~
Skellibjalla og týndi fjársjóðurinn

1.740 kr.

~~2.490 kr.~~
Gásagátan

Tilboð gildir til og með 13.12.09

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Ógnar niðurskurður öryggi sjúklinga?

UMRÆÐAN
Elsa B. Friðfinnsdóttir skrifar um heilbrigðismál

ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR

Fram undan er mikill niðurskurður í heilbrigðiskerfinu. Forstjóri Landspítala hefur gert ítarlega grein fyrir þeim aðgerðum sem þar hefur verið gripið til og þess sem er í deiglunni, ef stjórnvöld slá ekkert af framkominni hagræðingarkröfu. Fram hefur komið að sólarhringslegurýmum hefur fækkað úr 1.300 í 800 frá sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík og enn á að ganga lengra í þá áttina. Meðal legutími sjúklinga hefur styst á sama tíma og aðgerðum hefur fjölgað, svokölluð framleiðni hefur aukist. Nú boðar forstjórinn að draga þurfi úr valaðgerðum sem líklega muni lengja biðlista sem tekist hafði að stytta verulega. Í ljósi þess að laun eru langstærsti þátturinn í rekstri LSH hafa verið og munu verða gerðar miklar breytingar á mönnun og öllu skipulagi vakta. Færri munu sinna sjúklingunum en áður.

Í breska blaðinu The Observer var nýlega fjallað um öryggismál á breskum sjúkrahúsum. Í úttekt á grundvallar öryggisþáttum þjónustu á öllum almennum sjúkrahúsum á Englandi kom í ljós að 12 þeirra voru undir öryggismörkum og á 27 sjúkrahúsum taldist dánartíðni sjúklinga óeðlilega há. Yfir 5.000 sjúklingar létust á þessum sjúkrahúsum í fyrra umfram það sem ætla mátti. Þessir sjúklingar höfðu verið lagðir inn vegna vandamála sem alla jafna eru ekki áhættusöm, svo sem astma og botnlangabólgu. Í 209 tilfellum höfðu hlutir eins og grisjur og málmhlutir „gleymst“ inni í sjúklingum við skurðaðgerðir. Forseti hinna bresku samtaka skurðlækna segir í samtali við blaðið að stjórnendur sjúkrahúsa séu svo uppteknir af því að tryggja að rekstur sjúkrahúsanna sé innan fjárheimilda að öryggi sjúklinga líði fyrir. Í greininni er jafnframt sérstaklega tekið fram að ónóg hjúkrun og ófullnægjandi hreinlæti hafi mikil áhrif.

Þegar jafn mikill niðurskurður er boðaður á LSH og raun ber vitni er full ástæða til að vekja athygli stjórnvalda á þeim afleiðingum sem óhóflegur niðurskurður getur haft í för með sér. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á bein tengsl mönnunar hjúkrunarfræðinga og afdrifa sjúklinga. Því betur sem mannað er af hjúkrunarfræðingum, þeim mun færri ótímabær dauðsföll, þeim mun færri aukaverkanir meðferða og þeim mun minni lyfjanotkun. Slíkur árangur leiðir til raunverulegs sparnaðar og öruggrar þjónustu.

Hjúkrunarfræðingar hvetja stjórnvöld til að hlífa heilbrigðiskerfinu við þeim mikla niðurskurði sem boðaður hefur verið. Allir landsmenn þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda enda er heilbrigðiskerfið ein af grunnstoðum samfélagsins. Hjúkrunarfræðingar vara við því að svo nærri heilbrigðiskerfinu verði gengið að öryggi sjúklinga verði stefnt í hættu.

Höfundur er formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Norræn samvinna

UMRÆÐAN
Elvar Örn Arason og Gunnar Alexander Ólafsson skrifa um varnarmál

ELVAR ÖRN ARASON

GUNNAR ALEXANDER ÓLAFSSON

Ísland hefur ekki tekið varnar- og öryggismálum sínum nógu föstum tökum eftir brotthvarf bandaríska hersins. Skýrsla Thorvalds Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, um norræna samvinnu í utanríkis- og öryggismálum er mikilvægt framlag til þeirrar endurskoðunar sem þarf að eiga sér stað. Skýrslan var skrifuð að beiðni utanríkisráðherra Norðurlandanna og markmið hennar var að setja fram tillögur um með hvaða hætti norrænu ríkin gætu eflt samstarf sitt til að bregðast við framtíðarverkefnum á þessu sviði. Það er mat okkar að hún hafi ekki fengið nægjanlega umræðu í samfélaginu og að íslensk stjórnvöld þurfi að taka afstöðu til þeirra tillagna sem koma fram í skýrslunni með langtíma hagsmuni Íslands í huga.

Mikilvægt er að setja umræðuna í sögulegt samhengi. Ísland hefur átt farsælt samstarf við hin Norðurlöndin frá stofnun Norðurlandaráðs árið 1952. Hins vegar komu ólíkir öryggishagsmunir á tímum kalda stríðsins og landfræðileg nálægð við Sovétríkin sálugu í veg fyrir samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála. Af þessum sökum hafa þau verið sundruð í afstöðu til sameiginlegra utanríkis- og öryggismála. Ísland, Noregur og Danmörk hafa verið aðilar að NATO frá stofnun bandalagsins, en Svíþjóð og Finnland aðhyllast hlutleysisstefnu. Þess má geta að á árunum 1948-1949 fóru fram viðræður milli Norðurlandanna um sameiginlegt varnarbandalag en þær viðræður runnu út í sandinn og í kjölfarið gerðust fyrrgreind lönd aðilar að NATO. Þrátt fyrir það eiga þjóðirnar sameiginlegra hagsmuna að gæta í utanríkis- og varnarmálum. Þær hafa lagt sitt að mörkum til að koma á friði á átakasvæðum í heiminum og leggja ríflega til friðaruppbyggingar og alþjóðlegrar friðargæslu. Framámenn í norrænum stjórnmálum eins og Olof Palme, Marti Ahtisaari, Thorvald Stoltenberg og Carl Bildt hafa verið framarlega í alþjóðlegum friðarumleitunum og hlaut t.d. Ahtisaari friðarverðlaun Nóbels.

Í skýrslunni eru settar fram þrettán tillögur sem miða að því að styrkja norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála. Meðal tillagna Stoltenbergs er norrænt loftrýmiseftirlit yfir Íslandi, undir stjórn íslenskra yfirvalda og sameiginleg landhelgisgæsla á norrænu hafsvæði. Tillögurnar gera ráð fyrir að þjóðirnar komi allar að loftrýmisgæslu NATO á Íslandi, þótt hvorki Finnar né Svíar eigi aðild að bandalaginu. Þá er einnig lagt til að stofnuð verði norræn viðbragðssveit á sjó sem sérhæfði sig í leit og björgun og komið verði á sameiginlegu gervihnattakerfi yfir heimskautssvæðinu fyrir 2020. Auk þess er sett fram sú tillaga að Norðurlöndin stofni sameiginlega viðbragðssveit til að koma á hernaðarlegum og borgaralegum stöðugleika á átakasvæðum í heiminum í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðasamfélagið. Að lokum eru ríkisstjórnir Norðurlandanna hvattar til að samþykkja gagnkvæma samstöðuyfirlýsingu sem skuldbindur þjóðirnar til að bregðast við ef eitt land verður fyrir áras eða óviðeigandi þrýstingi.

Aðstæður í heiminum hafa gjörbreyst frá tíma kalda stríðsins og nýjar ógnir litið dagsins ljós. Við teljum að tími norrænnar samvinnu í utanríkis- og varnarmálum sé runninn upp og hætta sé á að Norðurlöndin munu dragast aftur úr ef þau efla ekki varnarsamstarfið. Nánara samstarf þjóðanna mun hafa í för með sér aukið öryggi á norðlægum slóðum þegar fram líða stundir og þær munu verða áhrifameiri á alþjóðavettvangi með því að koma fram sem ein sterk heild og deila með sér kostnaði. Efling norræns samstarfs á þessu sviði kæmi til viðbótar því evrópska samstarfi og Evró-Atlantshafssamvinnu sem nú þegar á sér stað.

Höfundar eru stjórnmálafræðingar og áhugamenn um norræna samvinnu.

Orsakir vanda

UMRÆÐAN
Hákon Þór Sindrason skrifar um hrunið

HÁKON ÞÓR SINDRASON

Rekja má ýmsar orsakir þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Því miður hafa bæði stjórnvöld og almenningur í gegnum tíðina hugsað mest um að fást við afleiðingar vandans í stað þess að athuga orsakirnar. Vinnan og umræður hafa oftar en ekki snúist um aukaatriði í stað aðalatriða. Þegar spurt er um ábyrgð bendir gjarnan hver á annan. Hér verða nokkur veigamikil atriði sem mega teljast helstu orsakavaldar óefnanna.

Eftirlit og eftirlitsstofnanir

Stofnanir eins og Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið, Neytendastofa og Skattrannsóknarstjóri hafa oft reynst veikburða og máttlitlar og ekki nægilega sjálfstæðar og óháðar, jafnvel háðar pólitísku valdi. Það er með ólíkindum að viðskipti innherja og eigenda í bönkum hafi farið fram hjá Fjármálaeftirlitinu og stjórnvöldum. Þegar mál hafa svo verið tekin fyrir hefur rekstur þeirra tekið allt of langan tíma. Ágætar stofnanir eins og Samkeppniseftirlitið hafa tæpast nægan mannafla til að vinna í stærstu málunum. Af þeim sökum er ekki tími til að vinna fljótt og skilvirkt í ýmsum umfangsminni málum, sem þó eru mikilvæg til að stuðla að heilbrigðu viðskiptaumhverfi. Niðurskurður fjármagns til þessarar stofnunar er því ekki góðar fréttir. Dæmi um óheilbrigði viðskiptaumhverfisins í áranna rás er hve ótrúlega auðvelt það hefur verið fyrir fyrirtæki að skipta um rekstrarfélög og kennitölur og þannig sleppa við skuldir, sem þannig falla oft á skattgreiðendur. Þessir viðskiptaósiðir eiga að mínu áliti stóran þátt í þeim vanda sem þjóðfélagið stendur nú frammi fyrir. Óhætt er að fullyrða að fjöldi aðila hafi tekið þátt í viðskiptalífinu án þess að eiga þangað erindi.

Mannauður og mannval

Í hverju þjóðfélagi skiptir miklu að ráðið sé í stöður eftir hæfni einstaklinga s.s. menntun og reynslu, en ekki eftir öðrum, óskyldum viðmiðum.

Mér er minnistætt að í brúðkaupsveislu á Indlandi snemma á árinu var ég spurður af þarlendum manni hvort það væri rétt sem hann hefði lesið að fjármálaráðherra Íslands væri dýralæknir? Það fannst honum merkileg frétt að ekki skyldi í það starf veljast maður með menntun á sviði fjármála og hagfræði. Í sömu stjórn var viðskiptaráðherra sagnfræðingur. Þeir sem hafa stjórnað ráðuneytum, bönkum og eftirlitsstofnunum hér á landi hafa oft ekki haft viðeigandi bakgrunn. Hið sama má líklega segja um fréttamenn sem reynt hafa að kryfja flókin viðskiptamál, að þá hafi vantað þá þekkingu sem til þurfti. Eign og áhrif hagsmunaaðila og gerenda á sömu miðlum hafa bersýnilega haft mjög skaðleg áhrif á alla umræðu.

Menntun og fjármálalæsi

Á tímum uppsveiflunnar var almenningur ótrúlega auðvelt fórnarlamb bankanna þegar kom að óskynsamlegum lántökum. Auglýsingar bankanna voru oft villandi og þar má nefna margar auglýsingar um erlend lán árið 2007. Það er brýnt að grunnþekking fjármála sé hluti af námi bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Því miður ruglar margt fólk saman ýmsum hugtökum eins og t.d. nafnvöxtum og raunvöxtum. Í kjölfar auglýsinga og oft of mikillar efnishyggju hefur fólk svo tekið lán á fáránlegum kjörum. Kosningaslagorð Framsóknarflokksins á sínum tíma um 90% lán, hjá þjóð sem lengi hefur búið við vaxtaokur, eru einnig einn af orsakavöldum hér.

Vinna

Landsmenn voru lengi vel aldir upp við þann sannleik að Íslendingar væru svo ríkir, jafnvel sjötta ríkasta þjóð í heimi. Þá var ekki kafað bak við tölurnar og rýnt í skýringarnar sem eru meðal annars lengri vinnuvika en í flestum Evrópulöndum og atvinnuþátttakan er mest af löndum OECD. Þá er hlutfall kvenna á vinnumarkaði hátt og atvinnuþátttaka eldra fólks. Börn byrja fyrr að vinna hérlendis en í samanburðarlöndum og allmörg börn vinna með skóla, í fríum og svo framvegis. Þetta skýrir að miklu leyti ríkan hagvöxt undanfarin ár. Mikil vinna hefur því borið uppi lífskjörin, og til marks um það þjóðarþel má nefna orð eins og þrælduglegur, sem mér vitandi finnst ekki í tungumálum annarra þjóða. Önnur „þrælaorð“ eru þrælskemmtilegur, þrælfyndinn og þrælgott. Ég vona svo sannarlega að þegar upp verður staðið verði hinn venjulegi launaþræll ekki einn um að taka ábyrgð sinna fjárhagslegu gjörða, heldur falli sú ábyrgð einnig á stjórnendur og eigendur banka og annarra fjármálafyrirtækja og stjórnmálamenn.

Höfundur er framkvæmdastjóri.

Nikon

At the heart of the image

HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

TILBOÐ!
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
VÖNDUÐ TASKA OG
2x2GB MINNISKORT
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)

NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

Verð: 114.995 kr.
Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

Nýjung á Íslandi!
Nikon skólinn
Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

www.nikon.is

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Samvera á aðventu fyrir syrgjendur

UMRÆÐAN
Rósa Kristjánsdóttir og Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir skrifa um sorgarferli

Lífið tekur miklum breytingum þegar sorgin vitjar og staðið er frammi fyrir andláti ástvinar. Ekkert er eins og áður og það reynir á að læra að lifa með þeirri reynslu sem sorgin er. Sorgin lætur engan ósnortinn og er hluti af mannlegu lífi. Allar manneskjur mæta sorginni fyrr eða síðar á lífsleiðinni, það er einungis spurning um tíma eða stund.

Þjóðkirkjan sinnir eftirfylgd við syrgjendur og starfsfólk hennar veitir sérhæfða sálgæslu og stuðning til þess að takast á við þá sáru reynslu sem sorgin er. Þess má jafnframt geta að ýmsar einingar á Landspítala og Hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustan Karitas hafa skipulagt eftirfylgd sem hluta af þeirri þjónustu sem verið er að veita. Eftirfylgdin felst í því að syrgjendum er fylgt eftir í ákveðinn tíma eftir andlát ástvinar með ýmsum hætti og m.a. er boðið til samverustunda reglubundið.

Undanfarin ár hefur sérstök samvera verið haldin á aðventu fyrir syrgjendur að frumkvæði fagfólks innan heilbrigðisþjónustunnar í samstarfi við þjóðkirkjuna en slík samvera var haldin í fyrsta skipti fyrir tíu árum í Grensáskirkju.

Samveran er ætluð þeim sem eiga um sárt að binda og er þeim boðið til kirkju á aðventu. Markmiðið er að koma saman fyrir jólin til að veita stuðning í tengslum við undirbúning jólanna og jólahald. Í samverunni er áhersla lögð á samfélagið og gildi þess að koma saman til þess að hljóta

GUÐLAUG HELGA ÁSGEIRSDÓTTIR

RÓSA KRISTJÁNSDÓTTIR

stuðning, uppörvun og styrk. Tónlistin skipar stóran sess, jólasálmar eru sungnir, hugvekja er flutt og tónlistarfólk bæði leikur á hljóðfæri og syngur. Hápunktur samverunnar er minningarstund þar sem tendruð eru ljós um alla kirkjuna til að minnast látinna ástvina.

Ljósið, Jesús Kristur, sem jólahátíðin vitnar um er þungamiðjan og ítrekað er mikilvægi þess

Samveran er ætluð þeim sem eiga um sárt að binda og er þeim boðið til kirkju á aðventu. Markmiðið er að koma saman fyrir jólin til að veita stuðning í tengslum við undirbúning jólanna og jólahald.

að horfa til ljóssins, leyfa því að varða vegferðina og vísa leiðina í myrkri sorgar og erfiðleika.

Samveran hefur fest sig í sessi og er orðin fastur liður í starfi þjóðkirkjunnar í samstarfi við Landspítala og Hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustuna Karitas. Hvatning og undirtektir þeirra sem sótt hafa samveruna hefur orðið til þess að þetta starf hefur vaxið og er orðið ómissandi þáttur fyrir marga. Sumir koma á hverju ári og margir hafa tjáð sig um gildi þess að safnast saman með fólki sem er að takast á við sambærilega reynslu. Við sem höfum frá upphafi tekið þátt í undirbúningi þessa starfs höfum fengið að heyra vitnisburði syrgjenda um samveruna og þeir vitnisburðir hafa hvatt okkur til þess að halda áfram þessu starfi ár eftir ár. Það er sterkt að heyra setningar og orð eins og: „Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef farið í kirkju frá því útför ástvinar míns fór fram," eða: „Ég kveið því að fara í kirkju á aðfangadagskvöld, en þessi samvera hefur hjálpað mér að mæta þeim kvíða," og „Mér finnst svo gott að fá tækifæri til þess að syngja jólasálmana áður en jólin koma og búa mig þannig undir komu þeirra." Einnig hafa sumir syrgjendur sagt „að það sé svo gott að fá tækifæri til að hitta aftur fólkið sem sinnti fjölskyldunni á þessum erfiða tíma í lífinu".

Í ár verður samvera á aðventu fyrir syrgjendur haldin í Grensáskirkju 10. desember klukkan 20.00. Vandað hefur verið til dagskrár að venju og leggja margir hönd á plóg til að gera samveruna að veruleika. Björg Þórhallsdóttir söngkona syngur og enn fremur flytur Hamrahlíðarkórinn nokkur lög undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.

Árni Arinbjarnarson, organisti Grensáskirkju, leikur á orgel en hann hefur ásamt félögum úr kór kirkjunnar tekið þátt í þessu starfi frá upphafi.

Samveran er öllum opin sem eiga um sárt að binda og vilja leggja leið sína í Grensáskirkju.

Rósa Kristjánsdóttir er djákni. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir er sjúkrahúsprestur.

Lítið eitt meira um Lottó

UMRÆÐAN
Eiður Guðnason skrifar um Lottó

EIÐUR GUÐNASON

Framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands sendir mér svolitla kveðju í Fréttablaðinu, mánudaginn 7. desember, vegna greinar, sem ég skrifaði í það ágæta blað um aðdraganda Lottósins á sínum tíma. Þar var þeirri skoðun lýst að tímabært væri nú að endurskoða skiptingu hagnaðar af þessari lögvernduðu peningamaskínu, sem beinir gríðarlegu fjármagni meðal annars til íþróttahreyfingarinnar. Hann segir að ég hafi vondan málstað að verja. Ef tekið er mið af því hve margir hafa þakkað mér fyrir þessa litlu grein, þá hlýt ég að telja málstaðinn nokkuð góðan og mig í góðum félagsskap. Ekkert er hrakið af því sem fram kom í grein minni.

Lögverndað einkaleyfi til lottóreksturs jafngildir beinum ríkisstyrk. Íþróttafélögin nota verulega fjármuni til að greiða íþróttamönnum, erlendum og innlendum, laun eða bónusa eða hvað það nú er nefnt. Ungmennafélag Íslands hefur staðið í heldur vafasömu braski í tengslum við fyrirhugað hótel í miðbænum, þótt það mál kunni að hafa verið sett í salt um sinn.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að golf eigi ekki að njóta ríkisstyrkja eins og lottóhagnaðurinn í raun og veru er. Ef menn vilja spila golf, þá eiga þeir að borga það úr eigin vasa. Það er engin ástæða til að niðurgreiða golfiðkun með þeim hætti sem framkvæmdastjórinn tíundar.

Það linnir ekki kveðjunum frá þeim sem starfa við að veita þeim samtökum forystu sem njóta lottógróðans, sjálfsagt eru þeir ólaunaðir áhugamenn. Í Fréttablaðinu 8. desember fæ ég aðra kveðju frá formanni Öryrkjabandalagsins, formanni Ungmennafélagsins og forseta Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, samanber fyrirsögnina: Mikið um eyður. Minna má það ekki vera. Grein þeirra byggist einkum á því að snúa út úr nafninu mínu. Eiður = eyður. Gagnrýni minni á miðbæjarbrask Ungmennafélagsins er ekki svarað fremur en gagnrýni á háar launagreiðslur til íþróttamanna erlendra og innlendra sem ég setti fram í grein minni. Ekkert af því sem fram kom í grein minni er hrakið.

Orð mín um afkastamikla peningamaskínu staðfesti einn af framámönnum íþróttahreyfingarinnar við mig nokkru eftir að lottóið tók til starfa. („Þú sást þetta fyrir," sagði hann.) Ég er viss um að hann man eftir samtali okkar um þetta í flugstöðinni í Keflavík. Grein þremenninganna er annars ekki svaraverð. Það er aumt að hafa þau rök helst að snúa út úr skírnarnafni mínu. Það er ekki mjög íþróttamannslegt.

Auðvitað er löngu tímabært að endurskoða skiptingu lottógróðans og horfa þá til þeirra leiða sem farnar eru í grannlöndum okkar. Að kalla umræðu um þetta ósanngjarna og villandi er í senn bæði ósanngjarnt og villandi og ekki fallið til að efla vitræna umræðu um málið. Þetta mál þarf að ræða. Það var áreiðanlega aldrei ætlan löggjafans að þessi skipting hagnaðarins yrði óbreytt um aldur og ævi.

Að rúmum fjórum vikum liðnum barst mér 8. desember svar við fyrirspurn minni um arð, skiptingu arðs, rekstrarkostnað o.fl. frá framkvæmdastjóra Íslenskrar getspár.

Í svarinu segir framkvæmdastjórinn að hann hafi aðeins verið í starfi tvö ár og síðan orðrétt: „... hef ekki fengið slíka fyrirspurn áður um upplýsingar sem þessar frá fólki úti í bæ. Mér var hins vegar bent á af mér reyndari (svo!) fólki að okkur bæri ekki nein skylda að afhenda slíkar upplýsingar. Við sendum allar upplýsingar til Dóms- og mannréttindaráðuneytisins og Hagstofunnar eins og okkur ber. Varðandi arðgreiðslur til eignaraðila okkar vísa ég þér beint til þeirra. Varðandi fyrirspurn þína um auglýsingakostnað þá ertu að biðja um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar á markaði sem ég er ekki tilbúinn að veita þér." Spurning mín um rekstrarkostnað er ekki nefnd. Neitað er að svara spurningu um kostnað við gerð auglýsingar með fyrirsætunni, sem dvalist hefur í Búlgaríu. Ekki var spurt um annan auglýsingakostnað.

Svo mörg voru þau orð framkvæmdastjórans. Félagi sem lifir á lögvernduðu einkaleyfi ríkisins er sem sé ekki skylt að svara spurningum skattborgara. En auðvitað eru til aðrar leiðir til að afla þessara upplýsinga. Þessi afstaða sýnir líklega betur en margt annað hve brýnt er að taka þessi mál til endurskoðunar. Sú endurskoðun þarf sannarlega ekki sjálfkrafa að fela í sér að Öryrkjabandalagið beri minna úr býtum eftir en áður.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ora

Ástríða í matargerð

Gleðilega Hátíð

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi, langafi og bróðir,

Þórarinn Björnsson
fyrrum bóndi Sandfellshaga Öxarfirði, Ekrugötu 3, Kópaskeri,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þriðjudaginn 1. desember. Útförin fer fram frá Skinnastaðarkirkju laugardaginn 12. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag eldri borgara í Öxarfjarðarhéraði, reikningur nr. 1129-26-180, kt. 561105-1110.

Erla Dýrfjörð
Sigurrós Þórarinsdóttir **Friðbjörn Þórðarson**
Margrét Þórarinsdóttir **Sigurður Oddsson**
Ólöf Þórarinsdóttir
Björn Hólm Þórarinsson **Erna Þórunn Einisdóttir**
Anna Jóhanna Þórarinsdóttir **Ólafur Sævar Gunnarsson**
Sigþór Þórarinsson
Rúnar Þórarinsson
Erna Stefánsdóttir
Hólm Dýrfjörð
barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.

Okkar kæra,

Unnur Ólöf Andrésdóttir
fyrrverandi bóndi Móum, Kjalarnesi, Espigerði 2,

lést á líknardeild Landspítala, Landakoti fimmtudaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Andrés Svavarsson **Þóra Stephensen**
Teitur Gústafsson **Katrín Guðjónsdóttir**

Hjartkær bróðir, mágur, fósturfaðir og frændi,

Björgvin Jón Pálsson
frá Lágafelli í Sandgerði, síðast til heimilis í Miðhúsum Sandgerði,

sem lést 30. nóvember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, laugardaginn 12. desember kl. 14.00. Jarðsett verður í Hvalsneskirkjugarði.

Sveinn Pálsson, Edda Ingibjörg Margeirsdóttir
fósturbörn og systkinabörn hins látna.

Elskulegur bróðir okkar,

Sigurþór Árnason
Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Keflavík, áður til heimilis að Þórustíg 13, Njarðvík,

lést laugardaginn 5. desember. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, þriðjudaginn 15. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Þroskahjálp á Suðurnesjum.

Einar Árnason
Sveinn Guðbergsson
Sigríður Guðbergsdóttir
Aðalsteinn Guðbergsson

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Vigfús Sigurðsson
húsasmíðameistari, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 6. desember á hjúkrunarheimilinu Sólvangi.

Inga Sigrún Vigfúsdóttir **Óli Rafn Sumarliðason**
Guðfinna Vigfúsdóttir **Aðalsteinn Valdimarsson**
og afabörnin.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Guðríðar Arnbjörnsdóttur
frá Nýlendu Stafnesi, til heimilis að Miðhúsum, Sandgerði.

Sigurbjörg Eiríksdóttir **Gunnar B. Sigfússon**
Arnbjörn R. Eiríksson
Guðrún J. Eiríksdóttir **Þröstur Sveinsson**
Laufey Þ. Eiríksdóttir
Dagbjört H. Eiríksdóttir **Eiður Stefánsson**
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Okkar ástkæra,

Ólína Halldórsdóttir
frá Snotrunesi, Borgarfirði eystra,

lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum 2. desember. Minningarathöfn verður frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 12. desember kl. 11.00. Útförin verður í Bakkagerðiskirkju kl. 14.00 sama dag.

Þórhalla og Guðrún Ester Einarsdætur
Herdís Ingvadóttir.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

Andres Kristinsson
Þórólfsgötu 21, Borgarnesi

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 5. desember. Útför verður gerð frá Borgarneskirkju laugardaginn 12. desember kl. 14.00.

Ásta Kristjana Ragnarsdóttir
Ragnar Ingimar Andresson **Magnea Kristín Jakobsdóttir**
Sigríður Andresdóttir **Ingólfur Friðjón Magnússon**
Kristinn Grétar Andresson
og barnabörn.

Georg Hermannsson
frá Ysta Móa, Fljótum,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar föstudaginn 4. desember. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 12. desember kl. 13.00. Jarðsett verður í Barðskirkjugarði sama dag.

Systkini og aðrir aðstandendur.

EMILY DICKINSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1789.

„Hundar eru mönnum fremri, þar sem þeir búa yfir vitneskju sem þeir ljóstra ekki upp.“

Emily Dickinson var bandarískt ljóðskáld. Hún var nánast óþekkt meðan hún lifði en öðlaðist frægð eftir andlát sitt og er nú talin vera með bestu skáldum Bandaríkjanna á 19. öld. Ljóð Dickinson hafa verið gefin út í íslenskri þýðingu Hallbergs Hallmundarsonar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

SÁTTUR VIÐ SITT Gunnar Ágústsson starfaði hjá borginni í ein 52 ár og líkaði vel. Hann lét af störfum um daginn og ætlar að nýta tímann vel til að njóta lífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GUNNAR ÁGÚSTSSON: LÆTUR AF STÖRFUM HJÁ BORGINNI EFTIR 52 ÁR

Farsæll í starfi

„Nú, ég er bara mjög sáttur og hef notið þess að vera þarna við vinnu allan þennan tíma, enda umkringdur góðu fólki,“ segir Gunnar Ágústsson, sem á dögunum lét af störfum sem rekstrarstjóri hjá borginni eftir 52 farsæl ár. Upphaflega réði Gunnar sig aðeins til bráðabirgða, eða meðan hann var að hugsa sig um hvað hann ætlaði að taka sér fyrir hendur, eins og hann orðar það sjálfur.

„Á þeim tíma tíðkaðist að menn veldu sér ævistarf. Ég var hins vegar í ákveðinni óvissu, enda aðeins átján ára unglingur, og leitaði því ráða hjá þeim sem stóðu mér næst. Ég spurði föður minn og bræður, sem voru iðnaðarmenn, hvort þeir teldu sín störf vera vænleg, en allir réðu þeir mér frá því að feta í þeirra fótspor þar sem lítil framtíð væri í því. Ég réði mig því til starfa hjá borginni meðan ég var að ákveða mig,“ rifjar hann upp og hlær.

Sem fyrr segir varði umhugsunartíminn hvorki meira né minna en í heil 52 ár. Gunnar vann fyrst um sinn í vinnuflokki Eyjólfs nokkurs Jónssonar, landsþekkts sundkappa, sem fljótlega sneri sér að lögreglustörfum en þá tók Gunnar við stöðu verkstjóra hjá borginni. Hópur hans sá aðallega um viðhald og nýbyggingar í hverfinu og vann hann við þær framkvæmdir til ársins 1970. Þá tóku við tímabil sem voru ýmist nýframkvæmdir á malbiki eða viðhaldsverkefni. Þegar þjónustuhverfum var fjölgað úr tveimur í fimm árið 1986 tók Gunnar við starfi rekstrarstjóra á bækistöðinni við Sigtún. Hann hélt svo utan um hverfastöðina á Njarðargötu frá árinu 1993 til 2006, en eftir það sá hann um hverfastöðina á Miklatúni þar til hann lét svo af störfum á dögunum.

Starfs síns vegna þurfti Gunnar að vera í miklum mannlegum samskiptum og segist hann af þeim sökum hafa lært hversu mikilvæg háttvísi er. „Ég áttaði mig fljótt á því hversu áríðandi var að hitta fólk og ræða við það á góðu nótunum, ætlaði ég að koma mínu vel til skila.“ Þá segist hann hafa kynnst ýmsum góðum embættismönum í starfi sínu hjá borginni sem hafi unnið góð störf en lítið hafi borið á út á við.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri þakkaði Gunnari kærlega fyrir vel unnin störf hjá borginni í kaffisamsæti sem haldið var honum til heiðurs á dögunum. Þakkaði hún honum jafnframt fyrir að taka jafn langan umhugsunartíma og raun ber vitni. Gunnar skilur sáttur við borgina og horfir fullur tilhlökkunar til framtíðar. „Það verður gott að fá aukinn frítíma; nú gefst færi á að stunda betur golfið og líkamsræktina, göngur og þess háttar. Maður er nú þokkalegur til heilsu og vonar að lafa svolítið lengur,“ segir hann og hlær.

roald@frettabladid.is

COMME DES GARÇONS hefur fært út kvíarnar. Nú hefur hönnuður þeirra, Rei Kawakubo, klætt enga aðra en tískudrósina Barbie. Kjóllinn er ermalaus með blómamynstri og víðu pilsi.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

HELGIN
Laugardaga

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
Þurrkari
- 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur í hlýjum og fallegum ullarkjól sem systir hennar saumaði á hana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tilraunadýr systur sinnar

Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur hefur yfirleitt ekki dýran fatasmekk en býr vel að því að eiga Ingibjörgu Þóru Gestsdóttur fatahönnuð fyrir systur auk þess sem hún er sjálf nokkuð lagin með nálina.

„Ég hef alltaf verið kreppumanneskja hvað varðar föt. Ég sauma mikið og prjóna sjálf og er svo þessi týpa sem rótar í 500 króna kassanum á útsölunum þannig að ég þarf ekki að breyta mikið í fatakaupum þó kreppi að í þjóðfélaginu," segir Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur um fatasmekk sinn. Á myndinni er Ragnheiður þó í dýrindis prjónakjól sem hún segir heitan úr saumavél systur sinnar. „Ég er svo vel sett að þegar mikið liggur við get ég leitað á náðir systur minnar, Ingibjargar Þóru Gestsdóttur fatahönnuðar, og á ég mikið af skemmtilegum fötum frá henni." Prjónakjóllinn er úr íslenskri ull með lausum kraga svo hægt er að breyta honum. „Svo er hægt að vera annaðhvort í fínum eða grófum sokkabuxum svo hann er mjög praktískur," segir hún og bætir við að systir hennar sé nýfarin að sauma þessa kjóla og noti hana sem prufudýr. „Hann er upplagður í jólaboðin enda er hlýr ullarkjóll alltaf sniðugur á þessum árstíma."

Ragnheiður saumar og prjónar sjálf en í seinni tíð segist hún frekar hafa búið til föt á börnin og barnabörnin. „Ég byrjaði strax á unglingsárum að sauma á sjálfa mig, þó af veikum mætti enda ætlaði ég fyrst að vera fatahönnuður og síðan leikmynda- og búningahönnuður," segir hún. Það fór þó ekki svo og önnur listgrein, ritstörfin urðu ofan á. Í ár eru hún með tvær bækur á jólamarkaðnum. „Í vor gaf ég út söngvasafnið, Ef væri ég söngvari, þar sem ég safnaði saman textum og myndskreytti," segir hún. Þá kom nýverið út skáldsaga fyrir unglinga sem heitir Hjartsláttur en það er fjórða unglingabók Ragnheiðar. „Mér finnst mjög mikilvægt að það sé skrifað fyrir þennan hóp. Þetta eru kröfuharðir lesendur sem eiga allt gott skilið," segir hún.

solveig@frettabladid.is

Eirberg
Fjölþrepa bakbrettið
• Eykur sveigjanleika
• Linar bakverki
• Bætir líkamsstöðu
• Auðvelt í notkun
• Má nota hvar sem er
Opið virka daga frá kl. 9 -18 og laugardaga til jóla kl. 11-16
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Jólagjöfin
er íslensk hönnun
Lín DESIGN
Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Sofðu vel um jólin
JÓLATILBOÐ
IQ-CARE
Queen 153x203 cm
Verð nú: 199.900
Verð áður: 229.900
SAGA
Queen 153x203 cm
Verð nú: 129.900
Verð áður: 164.900
ÞÓR
Queen 153x203 cm
Verð nú: 149.900
Verð áður: 189.900
Svefn & heilsa
Fyrst og fremst í heilsudýnum
6 mán.
vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

TÍSKA

HUNDAR Í VOGUE, eða Dogs in Vogue, er nafn nýrrar bókar eftir Judith Watt. Þar segir hún frá ferfætlingum sem hafa markað þófaför í sögu tískutímaritsins Vogue í hundrað ár.

Sparifatnaður í úrvali
Stærðir 36-52
hjá Hrafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

Hanna Björg Hallgrímsdóttir skoðar kjóla hvar sem hún kemst í þá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fallegur svartur kjóll með skemmtilegum ermum.

Svartur og sígildur en með skemmtilegu víðu pilsi.

Klæðist ekki kjólum en hannar dásamlega

Fyrirmyndirnar eru Christian Dior og Chloe og hönnuðir Marchesa en hennar eigið handbragð leynir sér ekki. Kjólarnir eru rómantískir og sniðin draga fram hið kvenlega í fari hverrar konu.

Hún klæðist sjálf nær aldrei kjólum en hannar og saumar þá af mikilli list. „Já, það er satt, en mér finnst afskaplega gaman að hanna og sauma kjóla," segir kjólaklæðskerinn Helena Björg Hallgrímsdóttir. Eins og hjá svo mörgum öðrum hönnuðum kviknaði áhuginn strax í æsku. „Ég var alltaf að sauma föt á mig, þannig að ef til vill var fljótlega ljóst hvaða leið ég myndi feta." Hún þurfti þó að fara frá æskuslóðunum á Akureyri og til Reykjavíkur til þess að fara í Iðnskólann sem síðar varð að Tækniskólanum. Þaðan útskrifaðist hún með sveinspróf í kjólasaumi.

Spurð um fyrirmyndir segir hún þær margar. „Ég fylgist auðvitað vel með tískuheiminum og áhrifavaldarnir eru margir. Sumir eru grónir í bransanum eins og Christian Dior og Chloe en einnig finnst mér hönnuðir Marchesa mjög flottir. Þá skoða ég kjóla hvar sem ég kemst í þá," segir hún og hlær. En hvernig myndi hún lýsa sínum eigin kjólum? „Þeir eru fremur einfaldir en ef til vill dálítið rómantískir. Það er líka eitthvað sérstakt við hvern og einn kjól, eitthvert lítið atriði sem fólk tekur í fyrstu ekki eftir en gerir kjólinn að því sem hann er."

Og draumurinn? „Hann er vitaskuld að opna verslun undir eigin merki, sem er einfaldlega Helena. Ég er með vinnustofu í Bolholti 6, þar sem ég er með flíkurnar, en auk kjólanna er ég líka með boli, peysur og slár úr ullarefni. Þetta má skoða á heimasíðu minni www.helenabjorg.net."

unnur@frettabladid.is

Ermalaus hvítur kjóll tekinn saman með belti í mittið

Glæsilegur blár samkvæmiskjóll.

Eldhús- og skrifstofuklukkur
Veðurhús fyrir litla veðurfræðinginn
Borðdagatal m/tíma og vekjara
Loftvogir margar gerðir
Þráðlausir inni- og útihitamælar
GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

silfur sjávar
íslensk hönnun og handverk
fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð: 14.900.-
ERNA
sími 552 0775

Hnappa á ermum jakkafatajakka má rekja aftur til Napóleóns. Hann taldi að með því að sauma hnappa á ermar hermanna yrði komið í veg fyrir þann ósið að snýta sér í ermarnar.

www.azteen-magazine.com/fashion

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Eðalkrem og steinar í jólapakkana

Hvað á að gefa í jólagjöf? er spurning dagsins. Í París eru sumir heppnari en aðrir því tískuhús bjóða nú viðskiptavinum að versla með afslætti, löngu áður en vetrarútsölur hefjast. Sumum finnst súrt í broti að borga fullu verði það sem í janúar fer á útsölu. Því er verslunin í fínu tískuhúsunum ekki svo mikil fyrir hátíðarnar. Alltaf eru þó einhverjir sem hætta sér út á þann hála ís að reyna að klæða vini og vandamenn og því er oft mikið um skipti milli jóla og nýárs.

Fylgihlutir eru auðveldari viðureignar því ekki þarf að finna réttu stærðina heldur aðeins það sem passar við stíl hvers og eins. Klútar og slæður geta því verið góð hugmynd fyrir dömur og herra og eru upplögð til að hressa upp á gamlar yfirhafnir eða gefa þeim dekkri og hressilegra yfirbrað. Verðið er eins margbreytilegt og munstrið. Hjá H & M finnast klútar á tæpar tíu evrur, hjá Kokaï á 35 evrur meðan fínu tískuhúsin eins og Louis Vuitton eða Hermès selja slæður á 350-750 evrur svo dæmi séu tekin um verð.

Jólapakkar innihalda einnig oft ilmvötn og helstu framleiðendur senda gjarnan nýju ilmvötnin á markað fyrir jólin. Hjá Guerlain er Idylle nýjasta afurðin, Dolce & Gabbana veðjar á Rose the one og Ricci Ricci frá Ninu Ricci gæti bjargað jólunum en þetta er aðeins brot af dýrðinni. Snyrtivöruframleiðendurnir leggja ekki minni áherslu á sífellt dýrari yngingarkrem sem oft eru blönduð sjaldgæfum jurtum sem eiga að búa yfir ótrúlegum eiginleikum og að sjálfsögðu kosta sitt. Kremin hafa því haldið innreið sína í gjafastríðið, upplagt í jólapakkann fyrir þá sem eiga nokkra tugi ilmvatna. Það frumlegasta er þó nýi varaliturinn frá l´Oréal sem blandaður er kremi sem á að vinna gegn hrukkumyndun í vörunum. Ja, allt er nú til, myndi einhver segja!

Fyrir þá sem setja markið hærra er auðvitað hægt að skella sér á eins og eitt Rolex með demöntum eða þá nýja blómahringinn frá eðalskartgripaframleiðslu Dior. Á krepputímum hækka eðalsteinar og gull í verði og demanta er alltaf hægt að selja, ólíkt hlutabréfum sem geta orðið verðlaus á einum degi. Ekki veit ég hvort það tengist auknu verðgildi skartgripa en einn af gömlu skartgripaframleiðendum rússneska keisarans, Fabergé, hefur að nýju hafið framleiðslu á eðalskartgripum eftir níutíu ára hlé. Söluaðferð Fabergé er hins vegar gjörbreytt því eðalskartið er selt á Netinu en ekki í búðum til að sleppa við að eyða í umgjörðina.

Svo eru þeir til sem lifa í takt við breytta tíma. Bio-coop-búðirnar í París selja bæði matvæli og allt sem tengist lífrænni ræktun. Þar svarar starfsfólkið ef spurt er um gjafapappír: fólk getur bara pakkað inn í dagblöð!

Aurum í tíu ár

Í tilefni tíu ára afmælis skartgripaverslunarinnar Aurum verður boðið upp á fínasta súkkulaði í versluninni í dag.

„Árin hafa liðið ótrúlega hratt og kannski er ánægjulegast að sjá hvernig hönnunin hefur þróast og orðið margbreytilegri hér heima," segir Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, sem stofnaði skartgripaverslunina Aurum fyrir jólin 1999. Hún hefur síðan rekið verslunina í miðborg Reykjavíkur og undanfarin ár í Bankastræti 4.

Í tilefni afmælisins býður Guðbjörg fólki að koma í verslunina í dag og þiggja gómsætt súkkulaði. „Það var útbúið í samvinnu við Ásgeir í Sandholt en í súkkulaðinu endurspeglast nýjustu skartgripirnir mínir," segir Guðbjörg. Hún mun enda frumsýna nýjustu skartgripalínu sína í dag en í ár hefur hún þegar hannað þrjár aðrar línur sem kallast Karlotta, Móey og Laufey. Nafnið á síðustu línunni verður upplýst í dag en Guðbjörg læðir að blaðamanni þeirri staðreynd að sú sé mjög íslensk.

Guðbjörg sækir oft innblástur í íslenska náttúru. Hún leggur áherslu á léttleika í hönnun sinni og hefur orðið þekkt fyrir þrívíddarform sín. Sumir af nýju skartgripunum eru þó með flatara formi auk þess sem þeir eru stærri en hún er vön að hafa þá.

Þess má geta að Guðbjörg hlaut Sjónlistarverðlaunin 2008 í flokki hönnunar. Hægt er skoða og kaupa skartgripi Guðbjargar á vefsíðunni www.aurum.is - sg

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður opnaði verslunina Aurum fyrir tíu árum.

Nýjasta leynivopnið

Uppblásanlegir brjóstapúðar gætu orðið nýjasta æðið.

Við þekkjum aðhaldsnærbuxurnar sem halda inni maganum, aðhaldssokkabuxur sem móta rass og læri og silíkonpúðana sem hægt er að smeygja inn í brjóstahöldin til að gefa fyllri barm.

En nú er komið nýtt leynivopn í baráttu kvenna fyrir hinu fullkomna útliti. Hér er um að ræða uppblásna brjóstahaldara sem eru nú seldir í verslunum Debenhams víða um heim. Konur hafa tekið við sér og hundruð uppblásinna brjóstahalda seldust fyrstu dagana.

Tilgangur hins nýja undirfatnaðar er að veita konum hina fullkomnu brjóstaskoru sem vitaskuld er erfitt að vera án þegar farið er út á lífið. Ótvíræður kostur er að hægt er að blása upp á örskotsstundu en einnig tekur stutta stund að hleypa loftinu úr allt eftir því hvort sæti gluggaþvottamaðurinn eða fúli múli á móti eru nálægt.

Í brjóstahaldinu eru púðar sem líkjast útflöttum kjúklingabringum. Með því að ýta á takka pumpast loft í þá. Þannig má stækka brjóstin um allt að eina skálastærð. Draumur hverrar konu ekki satt?



Hver er hinn fullkomni barmur? Það er stóra spurningin.

Munstrað og þægilegt

Jólafötin á kríli og krakka þurfa ekki endilega að vera jakkaföt og prinsessukjólar.

Margir eru nú á höttunum eftir réttu jólafötunum. Þegar þau eru valin er gott að hafa í huga að kaupa föt sem er hægt að setja saman með ýmsum hætti og nota við önnur tækifæri en á tyllidögum. Mikið úrval er af þægilegum sparifötum sem jafnvel má nota í leikskólann þegar fram líða stundir.

Fjólublái liturinn er nokkuð ríkjandi í stelpudeildum barnafataverslana eins og verið hefur í tískuheiminum almennt en símunstur eru einnig vinsæl. Þegar kemur að litlum herrum þykir flott að þeir séu til dæmis í einlitum buxum og símunstruðum bol sem er eflaust þægilegra en jakkaföt og bindi.

vera@frettabladid.is

www.gabor.is

Fallegar gjafir handa elskunni

Ný sending skór, töskur og seðlaveski

Sérverslun með
Gabor
XENA
FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060

Fáir myndu halda því fram að Lady Gaga sé venjuleg. Hér kemur hún fram á bandarísku tónlistarverðlaunahátíðinni nýlega.

Nei, þetta er ekki búningur sem Lady Gaga notar á sviði heldur föt sem hún klæddist á göngu í Manhattan í nóvember.

Lady Gaga á tónleikum í Washington í september.

Hin mörgu andlit lafði Gaga

Mikil gleði en hálfgerð klikkun ríkir í fatavali tónlistarkonunnar Lady Gaga sem skaust upp á stjörnuhimininn á síðasta ári.

Lady Gaga, eða Stefani Joanne Angelina Germanotta er bandarísk söngkona, lagasmiður og sviðslistamaður. Hún er 24 ára gömul en hefur verið viðriðin tónlistarbransann í lengri tíma. Aðeins 19 ára náði hún samningum við Def Jam Records en var fljótlega sparkað. Yfirmenn þar á bæ sjá líklega eftir því í dag.

Eftir það kom Gaga fram á ýmsum rokkuppákomum í New York en starfaði meðfram því sem lagasmiður fyrir Interscope Records meðal annars fyrir listamanninn Akon sem benti yfirmönnum hjá fyrirtækinu á að leyfa Gaga að spreyta sig eftir að hann heyrði hana syngja.

Hún gaf út sína fyrstu plötu, The Fame í ágúst 2008 og frægðarsól hennar hefur risið síðan. Bæði gagnrýnendur og áheyrendur eru á einu máli um að þarna fari sérstök lafði. Lög hennar á borð við Just Dance og Poker Face hafa farið sigurför um heiminn og fyrra lagið var tilnefnt til Grammy-verðlaunanna.

Fatastíll Gaga þykir með eindæmum furðulegur á köflum. Hún er undir áhrifum bæði í tónlist og stíl frá glysrokkurum á borð við David Bowie og The Queen en einnig fær hún innblástur frá söngvurum á borð við Madonnu og Michael Jackson.

solveig@frettabladid.is

Lady Gaga kemur fram á MOCA NEW í Los Angeles í nóvember.

NORDICPHOTOS/GETTY

Blái draugurinn, gæti þessi mynd heitið. Svona mætti Lady Gaga til fara á uppákomu í New York í október.

Lady Gaga var greinilega undir áhrifum frá Madonnu þegar hún valdi þennan búning.

Lafðin fer víða. Í þessum fötum mætti hún í hinn vinsæla þýska þátt Wetten dass…? í Þýskalandi.

Galliano hannar jólatré

JOHN GALLIANO ER BEST ÞEKKTUR FYRIR SKÖPUNARVERK SÍN Á TÍSKUPÖLLUNUM. NÚ HEFUR HANN TEKIST Á VIÐ NÝTT VERKEFNI OG HANNAÐ ÆVINTÝRALEGT JÓLATRÉ.

Listrænn stjórnandi Christian Dior, John Galliano, sér venjulega um að hanna hátískukjóla fyrir stjörnur á borð við Gwen Stefani, Ditu Von Teese og Sharon Stone, en fyrir þessi jól breytti hann til og hannaði jólatré.

Dior-tréð er sex metra hátt og búið til úr pappamassa og stendur í anddyri hótelsins Claridge's í London.

Jólatréð er ekki beint jólalegt. Það er málað í metallbláum litum og í greinum þess leynast hlébarði, páfagaukar og drekafluga.

„Ég kem oft á Claridge's þegar ég er í London og finnst skemmtilegt að geta komið með smá flækju á hið hefðbundna jólatré.

Dior-tréð var sett upp 1. desember en þá var einnig sett upp sýning á 20 gömlum kjólum úr safni Dior sem Galliano valdi. Tréð mun standa í anddyrinu fram á þrettándann.

Teikning af jólatré Galliano.

pompea
Lyf og heilsa Austurveri
býður til kynningar á Pompea sokkabuxum 10. desember frá kl. 14:00-17:00
Glaðningur fylgir öllum sokkabuxum.
Tilboðið gildir frá 10.-17. desember.
Verið velkomin!
Lyf&heilsa
Við hlustum!

TRIND
Avallt No 1
TRIND
Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

StelpurKonur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES®
STOTT PILATES
Innritun hafin á janúarnámskeið!
Sími 581 3730
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
STOTT PILATES æfingakerfið er frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.
Kennt er 2x í viku í 9 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:30 og 16:30.
Nýr tími mánudaga og miðvikudaga kl 7:30. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 29.900.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

StelpurKonur
Staðurinn - Ræktin
60+
60+
Innritun hafin á janúarnámskeið!
Sími 581 3730
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
Lokuð 9 vikna námskeið sniðin að þínum þörfum.
2x í viku í 9 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.
eða 18 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

Í skyrtu og bindi ertu fínn

Saga hálsbindisins hófst í þrjátíu ára stríðinu 1618-1648. Þá vöktu bundnu hálsklútarnir sem króatískir málaliðar báru við þjóðbúning sinn athygli Parísarbúa og um skeið voru slíkir klútar helsta tískan þar.

Nú fara hálsbindin mjókkandi eins og þessi mynd af sýningarpöllum haustsins ber með sér.

Grýlurnar sungu óð til hálsbindisins á níunda áratugnum sem hófst á þessum orðum:Hvers vegna eru allir karlmenn með æði fyrir bindum? Og svarið er augljóst: hálsbindi voru til skamms tíma það eina sem karlmenn gátu skreytt sín hefðbundnu jakkaföt með og fengið útrás fyrir innbyggðar páfuglshvatir.

Saga hálsbindisins hófst í Þrjátíu ára stríðinu sem var háð á árunum 1618-1648. Þá vöktu bundnu hálsklútarnir sem króatískir málaliðar báru við þjóðbúning sinn athygli Parísarbúa og um skeið voru slíkir klútar helsta tískan á götum Parísar og þá jafnt um háls karla og kvenna. Ýmsar útgáfur af þessum hálsklút sigldu gegnum tískuöldur tímans þar til kom að iðnbyltingunni. Þá kallaði samtíminn á hálstau sem var auðvelt að setja upp og hélt klæðileika sínum heilan vinnudag. Fyrsta bókin um hálstaushnýtingar hét Neckclothitania og sýndi í máli og myndum fjórtán mismunandi aðferðir til að binda hálsklúta.

Í Bretlandi hafa skáröndótt bindi notið mikilla vinsælda síðan á þriðja áratug síðustu aldar. Í Bretlandi var hefð fyrir því að skárendurnar næðu frá vinstri öxl og til hægri en þegar bandarískir klæðskerar tóku upp þessa tísku lágu rendurnar í gagnstæða átt.

Fyrir seinni heimstyrjöldina voru hálsbindi almennt styttri en þau eru dag. Ástæðurnar voru meðal annars þær að buxur voru sniðnar miðað við náttúrulegt mitti sem nemur við naflann en líka vegna þess að þrískipt jakkaföt voru mjög í tísku og það þótti ómögulegt ef bindisendi gægðist niður undan vestinu.

Breidd hálsbinda hefur fylgt tískusveiflum eins og annað. Eftir fyrri heimstyrjöldina voru handmáluð og skærlituð hálsbindi vinsæl í Bandaríkjunum og urðu þau allt að 11 sentimetrum á breidd. Upp úr 1950 fóru bindin að mjókka og litirnir að dofna uns svo var komið í upphafi sjöunda áratugarins að bindin voru nánast bara svört og sum ekki breiðari en þrír sentimetrar. Sveiflurnar virðast ganga þannig að því mynstraðri sem bindin eru því breiðari eru þau. Buxnaseta á mjöðmum ræður hins vegar lengd bindanna, þeim mun neðar sem buxurnar sitja á mjöðmunum þeim mun lengri eru bindin.

Bindi með áprentuðum teiknimyndum sáust fyrst á níunda áratugnum.

Fjólublá bindi eru það allra flottasta fyrir þessi jól og þau mega vera með röndum og mynstri.

Á níunda áratugnum fór bindishönnun í nýjar áttir þegar áprentuðu bindin litu dagsins ljós. Myndirnar á þeim voru meðal annars af teiknimyndasöguhetjum og efnin urðu einnig tilraunakenndari, til að mynda voru gerðar tilraunir með plast og tré.

Undanfarin ár hafa hálsbindi verið í meðallagi breið og allt leyfilegt í skreytingum, allt frá hefðbundnum röndum og upp í hin ýmsu mynstur. Nú virðist eins og bindin séu að mjókka aftur og þá má búast við að mynstrin fari minnkandi.

- bb

Jólakjóllinn þinn!
- Munið gjafakortin -
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

Leiðbeiningar um gerð jólastjörnu

Á SÍÐU 6 Í SÉRBLAÐINU LEIKUR Í HÖNDUM SEM FYLGDI FRÉTTABLAÐINU Í GÆR VANTAÐI UPPLÝSINGAR UM FÖNDUR.

Hér eru upplýsingar sem vantaði í leiðbeiningar við gerð jólastjörnu, sem birtust í sérblaðinu Leikur í höndum í gær:

6. Snúið nú pappírsferningunum við og límið saman næstu tvær ferningaræmur. Haldið áfram og skiptist á að líma á réttunni og röngunni þar til allir ferningaræmurnar hafa verið límdar saman.

Myndavélar

Sérblað • fimmtudagur 10. desember 2009

SONY

Sony ALPHA DSLRA230
DSLR myndavél með innbyggðri hristivörn sem virkar á allar linsur.
8 GB minniskort fylgir.

10,2 megapixla CCD myndflaga - ISO 100 - 3200 - BIONZ örgjörvi - 9-punkta "centre cross AF" með EyeStart® nema - Shutter speed 1/4000 sek - Flash sync 1/250 - Mesti tökuhraði 2,5 rammar á sekúndu í fullri upplausn - Super SteadyShot hristivörn, virkar á allar linsur - Rykvarnarkerfi - Bravia Sync - HDMI Útgangur

109.990.-

Sony DSC-S930
Einföld myndavél með 10 megapixla myndflögu og hristivörn á frábæru verði. 2GB minniskort fylgir.

10 Milljón pixlar - 3 x optical aðdráttur - 2.4" skjár - Face Detection - Hristivörn - Fæst í Svörtu, bleiku og silfri, íslenskar leiðbeiningar

29.990.-

Sony DSC-W210
30mm Carl Zeiss linsu og hristivörn. 2GB minniskort fylgir.

12.1 Megapixel, 2.7" LCD skjár, 30 mm víðvinkill, 4 x Optical aðdráttu,r Steady Shot, Face Detection, Carl Zeiss Vario Tessar Linsa, 1/2.3" Super HAD, ISO 3200, BIONZ Örgjörvi, HD-útgangur (Component) íslenskar leiðbeiningar

39.990.-

Sony DSC-WX1
EISA verðlaun: „Best Compact Camera 2008–2009"
2 GB Minniskort fylgir

10. 2 Exmor R CMOS myndflaga 1/2.4 2,7" LCD skjár Hágæða Sony "G" linsa f;2.4-5.9 24-120mm Wideangle,, HD upptaka á myndskeiðum með stereo hljóði, 5 x Optical zoom, Sweep Panorama, Optical Steady Shot, Face Detection, ISO 3200, BIONZ Processor, HD-output ready (Component)

82.990.-

Sony Center

● **ÓMÆLD SKEMMTUN** Fyrsta skyndi-myndavélin kom á markað árið 1947 en heiðurinn að henni á bandaríski vísindamaðurinn Edwin Land. Síðan hefur Polaroid-fyrirtækið verið ráðandi á skyndi-myndavélamarkaðinum en Polaroid-myndavélar dæla ljósmyndunum út úr sér jafn óðum og hefur sá eiginleiki gefið tilefni til ómældrar skemmtunar.

Dæmi um góðan sið sem margir eigendur Polaroid-myndavéla hafa komið sér upp er að mynda alla vini og vandamenn sem líta við í mat eða partí, láta þá skrifa nöfn og dagsetningar undir myndina og líma inn í bók. Með tíð og tíma ættu að vera til skyndimyndir af velflestum ættingjum og vinum. Þá getur verið gaman að taka myndir af sama fólkinu með nokkurra ára millibili og sjá hvort eitthvað hafi breyst. Kannski er komin ný hárgreiðsla, nýr fata-smekkur eða jafnvel nýr maki. Margir láta bók sem þessa liggja frammi sem gestabók og finnst gestum og gangandi yfirleitt gaman að fletta í henni.

Eyjólfur segir það færast í aukana að almenningur kaupi DSLR-vélar enda sé mikil vakning í áhugaljósmyndun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áhugaljósmyndurum fjölgar

Sony státar af bestu smá-myndavélinni 2009-2010 sam-kvæmt Eisa og er framarlega í DSLR-myndavélaframleiðslu þrátt fyrir að einungis séu þrjú ár síðan þær síðarnefndu komu á markað.

Sony býður upp á breitt úrval myndavéla og er með söluhæstu myndavélaframleiðendum í heimi í smámyndavélaflokki. „Fólk leið-ir þó ekki endilega hugann að Sony-myndvélunum enda er Sony þekkt fyrir svo margt annað og er í farar-broddi á svo mörgum sviðum. Stað-reyndin er hins vegar sú að Sony er einn af þremur stærstu mynda-vélaframleiðendum í heimi," segir Eyjólfur Jóhannsson, vörustjóri hjá Sense.

Smámyndavélaflokkurinn hjá Sony heitir Cyber Shot en fyrr á árinu kynnti Sony nýja myndflögu sem heitir Exmor R. „Þetta er fyrsta baklýsta myndflagan í heiminum en hún ræður betur við erfið birtuskil-yrði en aðrar myndavélar hafa hing-að til gert og hlaut Sony í kjölfar-ið Eisa-verðlaunin fyrir bestu smá-myndavélina 2009-2010," upplýsir Eyjólfur. Hann segir Sony framleiða um sextíu prósent af þeim mynd-flögum sem séu notaðar í heimin-um. „Sony heldur þó ákveðnum teg-undum eingöngu fyrir sig."

Fyrir þremur árum setti Sony fyrstu DSLR-vélarnar á markað en þær eru með skiptanlegum linsum. „Sony keypti fyrirtækið Konica Minolta, sem er mjög virtur mynda-vélaframleiðandi, og notaði linsu-festinguna sem hann var búinn að koma sér upp en á DSLR-vélunum skiptir hún gríðarlegu máli. Þannig þurfti Sony ekki að byrja frá grunni heldur gat fólk þegar í stað valið úr yfir fimmtíu linsutegundum. Í öllum DSLR-vélunum er síðan hristivörn innbyggð í myndavélahúsið, sem þýðir að allar linsur sem eru settar á vélina eru hristivarðar."

Eyjólfur segir það færast í auk-ana að almenningur kaupi sér DSLR-vélar. „Það virðist vera mikil vakn-ing í áhugaljósmyndun og augljós-lega er stór hópur fólks sem leggur upp úr því að kaupa vélar til að geta stundað áhugamálið af krafti. Mér finnst þó mikið um að fólk eigi bæði smámyndavél og stærri vél enda hentar ekki alltaf að taka þá stærri með og þá er gott að eiga litla sem ræður vel við erfiðar aðstæður eins og flestar Sony-vélarnar gera."

Eyjólfur segir íslenskar leiðbein-ingar fylgja flestum Sony-mynda-vélum en hann mælir sérstak-lega með því að þeir sem vilji festa kaup á Sony-vél komi í Sony Cent-er í Kringlunni. „Þar eru menn sem lifa og hrærast í Sony-heiminum og eru sérfróðir um þessa vöru."

● **HVER TÓK MYNDINA AF ARMSTRONG Á TUNGL-INU?** Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands kemur þessi spurning oft upp þegar samsæriskenningasmiðir fara að efast um að Banda-ríkjamenn hafi lent á tunglinu árið 1969 og telja jafnvel að myndin af atburðinum hafi verið fölsuð í myndveri. Svarið er að á einum fæti tunglferjunnar var myndavél sem beint var að stiganum þar sem geimfararnir gengu út og geimfarinn Neil Armstrong tók tók fyrstu skrefin á tunglinu. Það er eitt af frægustu augnablikum mannkyns-sögunnar sem fest hafa verið á filmu. Myndavélin var hins vegar fest þannig að fyrstu myndirnar sem komu til jarðar sneru í raun öfugt og varð að snúa þeim við fyrir útsendingu. Armstrong tók síðan mynda-vélina af fætinum og var hún síðan notuð til að mynda allt það sem gerðist meðan skipverjar á Apollo 11 athöfnuðu sig á tunglinu. Þetta er sem sagt skýringin á því hvers vegna hægt var að mynda fyrstu skref Armstrongs á tunglinu; enginn var þar fyrir til að mynda hann, eins og sumir hafa spáð í.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439

Fyrst út úr brennandi húsi

Fólk tekur myndir af fjölmörgum ástæðum en flestir taka samt myndir til að skrásetja dýrmætar minningar. Sumarfríið á Snæfellsnesi, brúðkaupið hjá litla frænda, fyrstu myndirnar af litla barninu og allir afkomendurnir samankomnir á áttræðisafmæli langömmu lifa lengur og betur í minningunni ef til eru myndir til að hressa upp á þær.

Myndatökur af daglega lífinu og fjölskyldunni eru líka fjárfestingar í framtíðinni. Þegar fólk er spurt hvaða hlut það myndi bjarga úr brennandi húsi segja mjög margir að þeir myndu reyna að bjarga myndaalbúmunum þegar fólk og gæludýr væri komið í heila höfn.

Það skiptir máli að vanda sig við allar myndatökur, þó að nú á tímum stafrænna myndavéla sé hægt að smella af svo til endalaust í þeirri von að komi góð mynd án þess að þurfa að bíða eftir niðurstöðunni úr framköllun eða hafa áhyggjur af filmuverði. Það borgar sig samt alltaf að hugsa áður en myndin er tekin, velta fyrir sér lýsingu, sjónarhorni og samsetningu myndarinnar til að eiga lítið listaverk af

Ómetanlegar minningar úr daglegu lífi.

þeim sem þér þykir vænt um. Og svo þarf náttúrulega helst að eiga góða myndavél.

Fjölskyldumyndirnar má auðvitað ramma inn og þá geta þær verið sannkölluð listaverk.

Útgangspunkturinn að taka enn betri myndir

Flestir Íslendingar þekkja Canon-myndavélarnar að góðu. Þar hafa tækninýjungarnar heldur ekki farið hjá garði eins og Halldór J. Garðarsson, vörustjóri Sense, kann að lýsa.

„Þetta byrjar allt með linsunni," segir Halldór. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Eiginleikar í litlum myndavélum á borð við Canon Ixus og PowerShot, sem gera notendum kleift að taka enn betri myndir við mismunandi aðstæður og háskerpuvídeó í þeim stærri eru meðal nýjunganna hjá okkur. Fjórða kynslóð DIGIC-örgjörvans frá Canon er komin í flestar vélar en hann sér meðal annars um háhraðavinnslu þannig að við fáum skarpari og hreinni myndir." Þetta telur Halldór upp í byrjun þegar hann er beðinn að lýsa nýjustu Canon-vélunum.

„Myndavélamarkaðurinn er mjög líflegur og skemmtilegur og Canon leggur ríka áherslu á að framleiða vélar fyrir marga hópa þannig að hver og einn geti valið þá myndavél sem hentar," segir Halldór og tiltekur að myndgæðin hjá Canon séu ávallt í fyrirrúmi enda snúist allt um að fá hágæða ljósmyndir. „Þetta byrjar allt með linsunni og Canon býr yfir áratuga langri ljósfræðilegri reynslu sem gerir kleift að framleiða litlar myndavélar, samanber Ixus og PowerShot, með mjög góðum linsum. Nokkrar vélar eru með 28mm linsu og í einni nýrri Ixus-vél er 24mm gleiðlinsa og 5x optical-aðdráttur. Með gleiðlinsu er hægt að ná góðum myndum inni í mjög litlu rými og þær henta líka vel í hópmyndatökur og landslagsmyndir." Halldór nefnir líka Canon PowerShot-vélar með miklum aðdrætti eða allt að 560 mm sem er tuttugufaldur aðdráttur. „Það veitir ótrúlegan sveigjanleika að vera með svona mikinn aðdrátt og svo erum við líka með vatnshelda myndavél sem þolir tíu metra dýpi og tíu stiga frost þannig að breiddin er mjög mikil."

Litlu Canon-myndavélarnar eru allar tíu megapixlar og yfir, að sögn Halldórs, og hann segir Canon vinna stöðugt að því að gera notendaviðmótið þægilegra. „Snertiskjár er eitt dæmi og einn mjög góður eiginleiki er Smart Auto sem byggir á Scene Detection tækni til að ákvarða birtu viðfangsefnis, skerpu, fjarlægð og fleira. Þá velur myndavélin bestu tökustillinguna fyrir viðfangsefnið eða aðstæðurnar. Einnig eru ákveðnar Canon-myndavélar með handvirkar stillingar fyrir þá sem eru vanir þeim eða vilja prófa sig áfram í myndatöku með eigið hugvit að vopni."

Að sögn Halldórs hefur áhugi á ljósmyndun vaxið gríðarlega hér á landi undanfarið. „Segja má að sprenging hafi orðið á síðustu tveimur til þremur árum og til að mæta þessari þróun býður Canon upp á mjög sterka vörulínu í EOS D-SLR myndavélum. Við erum með þrjár týpur fyrir byrjendur, EOS 1000D, 450D og 500D en í þeirri síðastnefndu er til dæmis hægt að taka upp myndskeið í háskerpu. Fyrir lengra komna áhugamenn og atvinnumenn eru síðan orðnar enn betri vélar og við erum að sjá dæmi um að menn séu að taka upp sjónvarpsauglýsingar, þætti og tónlistarmyndbönd á Canon EOS ljósmyndavél. Þetta er mjög spennandi þróun."

En er boðið upp á námskeið í meðferð myndavélanna? „Já, við höfum verið í samstarfi við Þórhall Jónsson sem gaf út kennslubók um EOS 400D, vorum með tvö námskeið nú í haust og yfir 60 manns mættu," svarar Halldór. „Útgangspunkturinn í þeim er að læra á alla möguleika vélanna og taka enn betri myndir." Stefnt er á að bjóða upp á fleiri námskeið eftir áramót. Hægt er að finna upplýsingar á www.sense.is

Canon

EOS
Canon EOS 1000D
EISA Award:
„Best Consumer Camera 2008–2009"
• 10.1 megapixla CMOS sensor
• Tekur 3 ramma á sek.
• 7 punkta fókuskerfi
• 2.5" skjár m/ Live View
• DIGIC III örgjörvi
• Innbyggt rykhreinsikerfi
Jólatilboð á EOS 1000D body: Aðeins 89.900 kr.
Jólatilboð á EOS 1000D m/ EF-S 18–55 linsu: Aðeins 109.900 kr.
• 8GB SDHC minniskort fylgir með á meðan birgðir endast

DIGITAL IXUS
Canon IXUS 95 IS
Notendavæn myndavél fyrir byrjendur – Nokkrir litir í boði
• 10 megapixlar
• 3.0x optical aðdráttur með Image Stabilizer linsu
• Frábærar myndir án erfiðis með Scene Detection
• Face Detection tryggir frábærar andlitsmyndir
• Komið í veg fyrir blörr með Motion Detection tækni
• Hámarks skerpa með i-Contrast
• 2.5" LCD skjár
Jólatilboð 44.900 kr.
• 2GB Lexar minniskort fylgir með

Canon PowerShot A480
Notendavæn myndavél fyrir byrjendur – Nokkrir litir í boði
• 10 megapixlar
• 3.3x optical aðdráttur
• 2.5" LCD skjár
• 15 tökustillingar fyrir ákveðnar aðstæður
• 1cm macro stilling
• Face Detection tryggir frábærar andlitsmyndir
• Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
Jólatilboð 25.900 kr.

EOS
Canon EOS 500D
Full HD vídeó – EISA Award:
„Best SLR Camera 2009–2010"
• 15.1 megapixla CMOS sensor
• Full HD vídeó (1080p)
• High ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
• Tekur 3.4 ramma á sek.
• 9 punkta fókuskerfi
• 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
• DIGIC 4 örgjörvi
• Innbyggt rykhreinsikerfi
Jólatilboð á EOS 500D body: Aðeins 154.900 kr.
Jólatilboð á EOS 500D m/ EF-S 18-55 linsu: Aðeins 179.900 kr.

• 8GB SDHC minniskort fylgir með á meðan birgðir endast

Sony Center

TAKTU BETRI MYNDIR

Handbók fyrir byrjendur stafrænnar ljósmyndunar.



Bókin er skrifuð fyrir eigendur Canon EOS 400D. Í henni er farið yfir allar helstu stillingar Canon EOS myndavéla og þær útskýrðar. Einnig er fjallað um helstu atriði varðandi almenna ljósmyndun við mismunandi aðstæður og úrvinnslu mynda. Bókin nýtist því einnig eigendum annarra stafrænna myndavéla.

VERÐ KR. 3.990,-

SÖLUSTAÐIR

Bókin fæst í Pedromyndum, Nýherja, Beco og verslunum Eymundsson. Einnig er hægt að panta bókina á heimasíðu okkar www.pedromyndir.is.

Fylgstu með okkur á facebook

www.pedromyndir.is

● **FORSAGA STAFRÆNNA MYNDAVÉLA** Uppruna stafrænna myndavéla má rekja til myndbandstækisins og voru þær þróaðar út frá þeirri tækni. Myndbandstækið var fundið upp árið 1951 og virkar þannig að lifandi myndum er breytt í stafræn merki og vistaðar á segulbandi. Bæði sjónvarpsupptökuvélar og stafrænar myndavélar nota CCD (Charged Coupled Device) til að nema litbirtu og styrkleika. NASA hætti að nota hliðstæð merki og hóf notkun á stafrænum merkjum til að kortleggja yfirborð tunglsins og sendi því stafrænar myndir til jarðar. Yfirvöld í Norður-Ameríku hófu að innleiða stafræna tækni á þeim tíma. Það stuðlaði að framförum í þróun á tækninni á bak við stafræna myndatöku.

Heimild: www.wikipedia.org

KYNNING

Opnar nýjar víddir

Þórhallur Jónsson kennir eigendum Canon-myndavéla réttu handtökin í bókinni Stafræn ljósmyndun á Canon EOS 400D og hefur fylgt útgáfu hennar eftir með ljósmyndanámskeiðum sem hafa mælst vel fyrir.

„Almennt hefur verið mikil ánægja með bókina. Eiginlega er óhætt að segja að hún hafi slegið í gegn þar sem ég hef selt um 3.000 eintök," segir Þórhallur Jónsson, eigandi Pedromynda á Akureyri, um bókina Stafræn ljósmyndun á Canon EOS 400D fyrir byrjendur sem hann gaf út á síðasta ári við góðan orðstír.

Í bókinni kennir Þórhallur byrjendum hvernig best sé að meðhöndla Canon EOS 400D myndavélar og taka enn betri myndir á þær. „Ég fer yfir allar helstu stillingar, til dæmis ljósmælingu, táknin á skjánum, myndbyggingu og margt fleira," útskýrir hann og segir upplýsingarnar skipta sköpum hvað myndgæði varðar. „Fólk fær hreinlega ekki allt út úr myndavélinni sinni, búi það ekki yfir nægilega góðri þekkingu á notkun hennar. Ef fólk stillir til dæmis ekki hvítjafnvægisstillinguna verður alveg á hreinu að litirnir verða aldrei réttir." Hann tekur fram að margt af því sem fram komi í bókinni megi hæglega heimfæra upp á aðrar gerðir af myndavélum.



Þórhallur segist hafa fengið mikið lof fyrir útgáfu bókarinnar og af þeim sökum hafi hann farið af stað með námskeið sem byggja á henni. „Námskeiðin hef ég kennt bæði fyrir norðan hjá Pedromyndum og svo fyrir sunnan og þá á vegum Sense, dótturfélags Nýherja og dreifingaraðila Canon-neytendavara," segir hann og bætir við að sökum eftirspurnar verði hann með fleiri námskeið fyrir sunnan í febrúar á næsta ári.

Bókin Stafræn ljósmyndun á Canon EOS 400D hefur hlotið mjög góðar viðtökur.

Að sögn Þórhalls stendur svo til að gefa aðra kennslubók í notkun Canon-myndavéla í mars/apríl á næsta ári. „Í henni fer ég yfir þá þróun sem hefur átt sér stað á Canon-myndavélum frá útgáfu fyrri bókarinnar, meðal annars skemmtilegar tækninýjungar eins og HD Video sem fullnægir algjörlega þörfum fréttaljósmyndara. Óhætt er að segja að með þessari tækni séu að opnast nýjar víddir fyrir myndavélaeigendur, heill heimur af spennandi möguleikum."

Þórhallur segir eigendur Canon-myndavéla verða að búa yfir góðri þekkingu á vélunum sínum vilji þeir fá sem mest út úr þeim. Hér er hann með tíkinni Emmu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

● **ATHVARF GAMALLA SLIDES-MYNDA** Veistu ekkert hvað þú átt að gera við gömlu slides-myndirnar þínar en tímir ekki að henda þeim? Á vef Ljósmyndasafns Reykjavíkur er sagt frá þeim markmiðum safnsins að leitast við að safna ljósmyndum, munum og heimildum tengdum ljósmyndaiðkun atvinnu- og áhugaljósmyndara. Tekið er við myndum af öllu tagi, negatívum og pósitívum, glerplötum, filmum, myndaalbúmum og rafrænum ljósmyndum. Einnig er tekið við ljósmyndum í römmum eða öðrum hlutum sem ljósmyndir eru geymdar í. Myndavélum, linsum, ljósum og öðru úr starfi ljósmyndara er einnig safnað. Safnið tekur við og varðveitir efni frá fyrirtækjum, stofnunum og einkaaðilum sé þess óskað. Nú þegar á Ljósmyndasafn Reykjavíkur og geymir um 4,5 milljónir ljósmynda, auk fjölda áhalda, tækja og ýmissa muna. Svo ef þú átt fjöldann allan af gömlum myndum sem þú ert í vandræðum með væri kannski ráð að tala við starfsmenn Ljósmyndasafnsins og athuga hvort þú mátt gefa safninu heimildir um þig og fjölskyldu þína. Svo gæti verið fróðlegt að kíkja á myndasafnið á vefnum þar sem hægt er að fá allar fimm milljón myndirnar keyptar. Hver veit nema þar leynist mynd af þér?

● **BAKGRUNNURINN VALINN** Þegar teknar eru myndir af fólki er mikilvægt að velja vel bakgrunninn fyrir myndatökuna. Best er að velja stað með einföldum bakgrunni. Þéttur trjágróður, gras eða hafið virka til dæmis vel. Eftir því sem hörundið er dekkra þarf bakgrunnurinn einnig að vera dekkri til að andlitið verði upplýst.

Hafið sem minnst af mynstrum og litum. Einfaldleiki er lykilorðið en einnig getur verið gott að hafa eitt einkennandi kennileiti.

● **EKKI GLEYMA LJÓSMYNDARANUM** Oft vill það fara þannig að maðurinn með myndavélina endar sjaldnast á mynd sjálfur. Ljósmyndarinn ætti því öðru hverju að fá vini og kunningja til að taka við vélinni og smella nokkrum myndum af honum sjálfum. Þá er auðvitað líka hægt að nota þrífót og tímastilli til að ná myndum af hinum sjaldséða ljósmyndara.

● **HIN RÉTTA LÝSING** Erfitt getur verið að finna rétta lýsingu fyrir mynd. Stundum er of bjart og stundum of dimmt. Góð regla er að hafa sólina ávallt fyrir aftan og á hlið ljósmyndarans. Ef mjög bjart er úti er gott að fara með myndefnið í skuggann því hart sólarljós upplitar andlit fólks á myndum.

Stundum getur verið skemmtilegt að hafa sólina á bak við fólkið því það getur myndað nokkurs konar rosabaug í gegnum hárið.

Þegar teknar eru myndir innandyra með SLR (single-lens reflex) myndavél, er gott að beina flassinu að vegg þannig að ljósið endurkastist af honum og myndi þannig náttúrulegri lýsingu.

● **GÓÐ TASKA ER GULLI BETRI** Taska utan um myndavélina er eitt af því sem nauðsynlegt er að eiga. Ef vélin er stór þarf taskan að vera það líka og gott er að þar sé pláss fyrir aukarafhlöðu og jafnvel hleðslutæki. Líka snúru til að færa myndirnar inn á tölvuna.

Ef um filmuvél er að ræða verður að gera ráð fyrir einu hólfi fyrir aukafilmur. Svo er alltaf gott að geta haft litla vasabók og penna einhvers staðar nálægt vélinni svo hægt sé að punkta niður minnisverð atriði í sambandi við myndatökurnar.

Best er að vélin snúi þannig í töskunni að linsan – með hlíf á – snúi upp og takkarnir inn að miðju töskunnar. Þannig verða viðkvæmir hlutir fyrir minnstu hnjaski.

● **LITMYNDIN LÍTUR DAGSINS LJÓS** Fyrsta litmyndin var tekin rétt eftir aldamótin 1900 en uppfinningin var einkaleyfisvarin árið 1903 og sett á markað 1907. Frönsku bræðurnir Louis Jean og Auguste Marie Louis Nicholas Lumière fundu filmuna upp en hún var sú eina á markaðnum til ársins 1935 þegar Kodak setti Kodachrome á markað.

Auguste Lumière.

Faðir þeirra Lumière-bræðra rak ljósmyndastofu sem þeir bræðurnir störfuðu á en þeir höfðu mikinn áhuga á ljósmyndun og fundu upp margvísleg tól sem urðu mikilvægir hlekkir í þróunarsögu ljósmynda og kvikmynda. Litfilma þeirra hlaut nafnið Autochrome Lumière.

Annie Leibovitz áritar hér eintak af hinni frægu ljósmynd sinni af hjónunum John Lennon og Yoko Ono sem var tekin örfáum klukkustundum áður en Bítillinn var myrtur. NORDICPHOTOS/GETTY

Myndin fræga af súdanska barninu og hrægamminum sem Carter var sæmdur Pulitzer-verðlaununum fyrir. MYND/KEVIN CARTER

Hrægammar og stjörnufans

Hin bandarísku Annie Leibovitz og Suður-Afríkumaðurinn Kevin Carter eru með frægustu ljósmyndurum sögunnar. Þau létu að sér kveða hvort á sínu sviðinu í ljósmyndun.

Kevin Carter framdi sjálfsmorð árið 1994.

Leibovitz tók þessa frægu forsíðumynd Vanity Fair af hjónakornunum Tom Cruise og Katie Holmes og dóttur þeirra Suri. NORDICPHOTOS/AFP

Umslag metsöluplötunnar Born in the U.S.A. með Bruce Springsteen, en Leibovitz tók ljósmyndina.

Bandarískur ljósmyndarinn Annie Leibovitz hefur öðlast mikla frægð og vinsældir fyrir portrettmyndir sínar af mörgum af helstu stjörnum skemmtanaheimsins. Stíll hennar þykir bera vott um afar náið samband milli ljósmyndara og viðfangsefnis.

Fyrst kvað að Leibovitz að ráði þegar hún hóf störf á hinu nýstofnaða Rolling Stone-tímariti árið 1970. Þremur árum síðar hafði hún unnið sig upp í starf yfirljósmyndara blaðsins, sem hún gegndi í áratug.

Meðal frægra ljósmynda Leibovitz má nefna tvær forsíðumyndir tímaritsins Vanity Fair af leikkonunni Demi Moore. Á annarri myndinni var Demi kasólétt og nakin, og á hinni var hún enn og aftur nakin en í þetta sinn höfðu jakkaföt verið máluð á líkama leikkonunnar. Eina umdeildustu ljósmynd sína tók Leibovitz af hinni fimmtán ára gömlu barnastjörnu Miley Cyrus, en á myndinni er Cyrus sveipuð klæði og sést í bert bak hennar. Þótti mörgum sem verið væri að ráðskast með barn til að selja sem flest eintök af tímariti. Þá er Leibovitz höfundur hinnar frægu ljósmyndar á umslagi metsöluplötunnar Born in the U.S.A. með Bruce Springsteen og hún hefur ljósmyndað Elísabetu Englandsdrottningu. Þá tók hún frægar myndir af John Lennon og Yoko Ono sem notaðar voru á forsíðu Rolling Stone, en myndatakan fór fram einungis nokkrum klukkustundum áður en Lennon var myrtur árið 1980.

Annar frægur ljósmyndari er Suður-Afríkumaðurinn Kevin Carter, en hann og þrír samlandar hans gengu undir nafninu Bang-bang klúbburinn í upphafi tíunda áratugarins. Ljósmyndararnir í hópnum höfðu einsett sér að sýna fram á grimmdina sem fylgdi aðskilnaðarstefnunni og voru meðal annars þekktir fyrir að taka ljósmyndir í stórhættulegum kringumstæðum.

Árið 1993 fór Carter með hjálparstarfsmönnum frá Sameinuðu þjóðunum til Suður-Súdan, þar sem gríðarleg hungursneyð ríkti. Þar tók Carter mynd af máttförnu ungbarni sem skreið í áttina að hjálparstarfsmönnum, og í baksýn mátti sjá hrægamm sem sat á jörðinni og beið eftir að barnið lognaðist út af. Myndin birtist í New York Times, vakti heimsathygli og árið eftir var ljósmyndarinn sæmdur Pulitzer-ljósmyndaverðlaununum.

Margir höfðu ekki síst áhuga á að vita hver afdrif barnsins á myndinni hefðu orðið. Sjálfur sagðist Carter hafa hrætt hrægamminn í burtu eftir að hafa smellt af, en hann var víða gagnrýndur fyrir að hafa einungis tekið mynd af barninu en ekki komið því til hjálpar.

Örfáum mánuðum eftir að Carter var sæmdur Pulitzer-verðlaununum framdi hann sjálfsmorð. Í kveðjubréfi sem hann skildi eftir talaði Carter um hversu mikil áhrif allir þeir hræðilegu hlutir sem hann ljósmyndaði hefðu haft á hann. - kg

Myndir þú lýsa barnabörnum þínum sem þokukenndum?

Þá stingum við upp á mælingu og margskiptum gæðaglerjum frá Zeiss í Þýskalandi.

ZEISS

Listaverð í Þýskalandi er um 105.000 krónur

Tilboðsverð hjá prooptik

39.900 krónur

prooptik gleraugu

Hagkaupshúsinu, Skeifunni
Kringlunni, 2. hæð
Spönginni, Grafarvogi

5 700 900

● **LJÓSMYNDANÁMSKEIÐ** Ljósmyndun er meðal vinsælustu áhugamála Íslendinga enda býður landið okkar upp á frábært myndefni og fjölbreytt birtuskilyrði, fyrir utan hversu gaman er að safna fjölskyldumyndum í minningabankann.

Mögleikar myndavélatækninnar eru miklir en til að fullnýta þá getur þurft talsverða kunnáttu. Því er margt vitlausara en að fjárfesta í námskeiðum sem haldin eru víða í meðferð myndavéla og vinnslu mynda í tölvum. Stafræn tækni í myndavélum hefur stöðugt sótt í sig veðrið á síðustu árum og filmuvélarnar heyra næstum fortíðinni til, nema að þeirra tími komi aftur, rétt eins og vínylplötuspilaranna.

Á Þingvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vatnsheldar, marglitar og með tveimur skjáum

Verslun Ormsson í Síðumúla er full fagurra myndavéla sem eru færar í flestan sjó.

Valur Kristófersson með nokkrar af myndavélunum sem fást í Ormsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við erum með vélar frá Olympus, Casio og Samsung," segir Valur Kristófersson, deildarstjóri hjá Ormsson." Þetta eru myndavélar í öllum verðflokkum, frá ódýrum vasavélum og upp í dýrar vélar þar sem hægt er að skipta um linsur, nota aukaflass og batterígrip." Og myndavélarnar eru ýmsum kostum búnar. „Frá Olympus erum við með vélar sem eru vatnsheldar, þannig að hægt er að taka myndir í vatni, hvort sem er neðansjávar eða í baðinu heima. Svo erum við líka með vél frá Casio sem er hraðvirkasta vél á markaðnum og tekur allt að 60 myndir á sekúndu. Frá Samsung erum við svo með vélar sem eru með tveimur skjáum, bæði að framan og aftan, svo það er hægt að taka myndir af sjálfum sér. Flottustu speglarnir í dag."

Valur segir hæpið að tala um vinsældasveiflur milli ára í myndavélakaupum. „Það er helst að fólk vilji fá liti," segir hann. „Flestar vélarnar eru til í frá einum og upp í sex mismunandi liti og fólk velur oft uppáhaldslitinn sinn eða þess sem á að fá vélina að gjöf."

Myndavélar eins og önnur tæki sem fólk ber á sér eru alltaf að minnka og Valur kannast við að vélarnar verði stöðugt þægilegri í vasa. „Myndavélar verða alltaf öflugri og öflugri miðað við stærð. Hægt er að fá flögu með ansi hárri upplausn í vél sem er ansi lítil og nett." Ekki er þó allt fengið með smæðinni. „Eftir því sem vélin er minni um sig er minna svigrúm með aðdráttinn en þegar aðdráttarinn er orðinn meiri verða vélarnar aðeins þykkari."

Myndavél með tvöföldum skjá svo nú er loksins hægt að taka góðar myndir af sjálfum sér.

Hjá Ormsson er mikið úrval tækifærismyndavéla en þar má líka fá flóknari og vandaðri vélar fyrir þá áhugaljósmyndara sem vilja taka listrænni myndir og leggja meira í myndatökuna. „Við erum með mjög góðar svoleiðis vélar, frá Olympus til dæmis, og á þær má fá margar mismunandi linsur." Svo er það verðlaunavélin. „Við erum með verðlaunavél frá Casio sem fékk Eisa-verðlaunin 2009/2010 sem besta „Compact travel"-vélin. Þessi vél er með tólf milljón punkta upplausn og hleðsla rafhlöðunnar endist í þúsund myndir. Linsan er mjög víð, 24 mm, og tekur upp vídeómyndir í háskerpu upplausn."

● **FYRSTA LJÓSMYNDIN TEKIN FYRIR 187 ÁRUM**

Elsta náttúrulífsmynd sem varðveitt er eftir Joseph Nicéphore Niépce.

Saga ljósmyndarinnar er stutt líkt og annarra tækniundra sem fólk á Vesturlöndum tekur sem sjálfsögðum hlut. Það var árið 1822 sem franski uppfinningamaðurinn Joseph Nicéphore Niépce tók fyrstu ljósmyndina sem lifði. Þetta var langt frá því að vera fullkomin ljósmynd og næstu áratugina reyndu Niépce og fleiri sem höfðu verið að grúska í þeim fræðum sem gerðu ljósmyndun mögulega að þróa hana frekar. Efni sem voru notuð til að reyna að framkalla mynd voru meðal annars silfur og gelatín auk ýmissa gerða af plötum, fyrst glerja og síðan filma. Allar voru þessar myndir svarthvítar en liturinn kom ekki til sögunnar fyrr en í byrjun 20. aldar og var frumstæður til að byrja með.

Á þessum tíma fannst fólki myndavél hinn merkilegasti gripur og það var mikill viðburður að fara til ljósmyndara. Fólk mætti þar í sínu pússi og ef marka má myndirnar frá þessum tíma var það langt frá því að vera einhver gleðistund, svo grafalvarlegt er fólk yfirleitt á þessum myndum.

Í dag er þessu öðruvísi farið þegar jafnvel börn eiga myndavélar. Fólk keppist við að taka myndir af öðrum, jafnvel sjálfu sér, og ekki nægir fjölskyldualbúmið eða veggurinn lengur fyrir myndirnar. Nú er fólk óhrætt við að sýna jafnvel öllum heiminum myndir af sjálfum sér eins og á Facebook.

ORMSSON

OLYMPUS

E-620
12.3 milljón pixlar
Hraður 3 punkta sjálfvirkurfókus
3 rammar á sekúndu, allt að 5 myndir í RAW á buffer
Hreyfanlegur Live View á 2,7" skjár
Hristivörn í vél
"Dust Reduction System" rykfríar myndir
Depth of field Preview
"Face Detection" fyrir góðar andlitsmyndir
"Shadow Adjustment Technology" fyrir betur lýstar myndir
Lokarahraði 1/4000–60 sec, Bulb
4/3 myndastaðall
Innbyggt flass, hægt að stýra þráðlausu flassi frá vél
ISO 100-1600
Jpeg og RAW skráarsnið
Notar CF og xD minniskort
Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir
Tvær linsur fylgja, 14-42mm og 40-150mm
Verð 159.900 kr.

CASIO

EX-H10
12,1 milljón punkta upplausn
10x aðdráttarlinsa (24-240mm)
Stór 3" Super Clear LCD skjár
EXILIM Engine 4.0
38 myndstillingar – Auto bestshot
Hristivörn - CCD Shift stabilization
Betri focus með Advanced Auto Framing
Make-up Mode
Dynamic Photo function
Face Detection function gefur betri andlitsmyndir
ISO 64-3200
Videoupptaka með hljóði
16:9 Háskerpu upplausn
(Hámarksupplausn: 1280x720 24 fps)
YouTube™ Capture Mode
Rafhlöðu ending 1000 myndir
35.7MB Innbyggt minni
Styður SD og SDHC minniskort
Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
Verð 59.900.-

EISA Best Product 2009-2010 TRAVEL COMPACT CAMERA

SAMSUNG

EC-ST500
HD video upptaka (1280 x720p upplausn)
Auto red eye fix (rauð augu hverfa)
3,0" skjár
12.2 milljón pixlar
4,6x optical zoom Scheneider linsa, ACB (Auto Contrast Balance)
Smart face recognition (allar andlitsmyndir verða eðlilegri)
Advanced Movie Mode (MPEG-4 upptaka, Pause & Edit
Smart Touch user interface (vélin er auðveldari í notkun)
Photo styler selector (þú getur valið mismunandi form á myndum
Verð. 54.900.-

OLYMPUS

μ 550WP
10 milljón pixlar
3 x aðráttarlinsa (38-114mm)
Hristivörn
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
Höggheld (1,5m)
Vatnsheld niður á 3 metra
Þolir allt að 10° frost
13 handhægar tökustillingar
Videoupptaka með hljóði
Tekur xD minniskort og SD
Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
Fæst í þremur mismunandi litum
Verð 33.900.-

JÓLATILBOÐ

VATNS HELD

10MP

OLYMPUS

Olympus MJU550
Stafræn MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 38-114mm linsu, 2,5" LCD skjá, Image Stabilisation hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, Intelligent Auto, USB 2.0 og ryðvörn. Tekur xD eða microSD kort. Vatnsheld að 3m dýpi.

TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

EISA AWARD Best Product 2009-2010
TRAVEL COMPACT CAMERA
Casio Exilim EX-H10

CASIO 12.1MP

Casio EXH10
12.1 millj. punkta uppl., EXILIM 4.0, Auto BESTSHOT, hristivörn, Advanced AF fókus, 3" Super Clear LCD breiðskjá, 10x Optical og 4x Digital Zoom, F3.2 4.3 - 43.0mm linsu, HD hreyfimyndatöku, YouTube, 1000 mynda rafhlöðu, 35.7MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

1000 MYNDIR Á RAFHLÖÐU

AVCHD LITE HÁGÆÐA HREYFIMYNDATAKA

4GB KORT OG VÖNDUÐ LEÐURTASKA FYLGIR

Panasonic

Panasonic DMCTZ7
10.1 millj. punkta uppl., Advanced iA, Venus Engine HD, Auto Focus Tracking, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu með MEGA OIS hristivörn, 12x Optical og 4x Digital Zoom, 3" LCD skjá, AVCHD Lite HD hreyfimyndatöku, 40MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl. 300 mynda rafhlaða.

TILBOÐ 84.990
FULLT VERÐ kr. 89.990

LEICA DC LENS
10.1MP

JÓLATILBOÐ
VÖNDUÐ TASKA
+ 2x 2GB KORT
FYLGIR VÉLINNI

10.2 DX

Nikon

Nikon D3000 KIT1855DX
Digital SLR með 10.2 millj. punkta uppl., DX myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfv. fókus, Active D-Lighting, skjámynd snýst, Stop-motion ofl.

TILBOÐ 114.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

Fæst líka með AFS18-55VR linsu með hristivörn á kr. 122.995

Olympus FE26
12MP með Autofocus, Face- og Contrast Detection, DSP hristivörn, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 19MB minni, tekur xD kort ofl.

FÆST Í 2 LITUM - SVÖRT OG BLEIK

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 22.990

Olympus FE4000
12MP með 4x Optical Zoom, Intelligent Auto, Advanced Face Detection, 2.7" LCD skjá, hreyfimyndatöku, sjálfv. ISO 100-1600, Lithium hleðslurafhlöðu, 19MB minni ofl. Styður xD og microSD kort .

2 LITIR GRÁ OG APPELSÍNUGUL

TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

Casio EXZ33 2 LITIR
10.1MP með EXILIM 2.0, BESTSHOT, Face Detection, DSP hristivörn, 2.5" TFT LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, You Tube, 11.4MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort. 230 mynda hleðslurafhlaða. Taska fylgir.

TILBOÐ 26.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

Panasonic DMCFS42S
10,1MP með Face Detection, LUMIX Vario linsu, 4x Optical og 4x Digital Zoom, linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, Burst Shooting Mode, 50MB minni, kortarauf ofl. 410 mynda hleðslurafhlaða. TASKA FYLGIR

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

Nikon S220 5 LITIR
10 MP með 2,5" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafr. titringsjöfnun, hreyfiskynjun, blikkprófun, brosstilling, háþróuð AF-andlitsstilling, D-lýsing skugga, hreyfimyndatöku, Ísl. leiðarvísir ofl.

TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

Casio EXZ90
12,1MP með EXILIM 4.0, Auto BESTSHOT, hágæða hristivörn, Face Detection, 3" Super Clear LCD breiðskjár, 3x Optical og 4x Digital Zoom, HD hreyfimyndataka, YouTube, 35.7MB minni, kortarauf og 230 mynda hleðslurafhlaða.

2 LITIR

TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

Nikon S570
12.0MP með NIKKOR 5x Optical Zoom, 4x skerpu, 2,7" LCD skjá, rafrænni hristivörn, eltifókus, AF andlitsstillingu, D skuggalýsingu, makróstilling, hreyfimyndatöku ofl.



TASKA og 2GB MINNISKORT FYLGIR

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 44.990

Nikon S1000PJ
12.2MP með NIKKOR 5x linsu, innb. skjávarpa með 10 lúmen og 13-100sm myndum í VGA, 2,7" LCD skjá, 5x skerpu, rafr. hristivörn, eltifókus, AF andlitsstillingu, D-lýsingu, makró, raðmynda-, hreyfimyndatöku ofl.

INNBYGGÐUR SKJÁVARPI

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 99.990

Olympus E450DZKIT
10MP D-SLR með TruePic III+, 2.7" LCD skjá, Face Detection, fullkomin rykhreinsun, þráðl. flass control, AF/AE læsing, Long Exposure með hristivörn, USB 2.0 ofl. 2 stafr. Zuiko linsur og minniskort fylgja.

TILBOÐ 108.990
FULLT VERÐ kr. 114.990

Olympus E520DZKIT
Digital SLR með 10 milljón punkta uppl., hristivörn fyrir allar linsur, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 2,7" LCD HyperCrystal skjá, USB 2.0. Tekur CompactFlash og xD kort ofl.

TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

Olympus EP1
12,3MP D-SLR Compact með Micro Four Thirds linsu, Hi-Speed Live MOS flögu, ISO 100-6400, TruePic V, Intelligent Auto, HD hreyfimyndatöku (1280x720 -16:9), stereó hljóði, 7x og 10x stækkun (betri makró fókus t.d.), HDMI mini, USB, Li-Ion rafhlöðu ofl. Styður SD/SDHC kort.

EISA AWARD Best Product 2009-2010
EUROPEAN CAMERA
Olympus EP1

TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 159.990

Panasonic DMCGF1K
12,1MP D-SLR með Micro 4/3 linsum, Venus Engine HD, LUMIX G VARIO linsu, HD hreyfimyndatöku, 3" skjá, Burst Shooting, HDMI, USB 2.0, innb. hátalara, hljóðnema ofl. Allt að 380 myndir á rafhlöðu.

TILBOÐ 179.990
FULLT VERÐ kr. 189.990

Nikon D5000 KIT1855VR
10,2MP D-SLR með 2.7" LCD BriteView Clear Matte Mark V skjá, fókuslæsingu, raðmynda-töku, TTL ljósmælingu, AVI hreyfimyndatöku, ítarlegri lagfæringavalmynd, HDMI út ofl. AF-S DX NIKKOR 18-55 mm VR Linsa fylgir.

JÓLATILBOÐ SB400 FLASS FYLGIR

TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 199.990

Nikon

Nikon D90KIT1855
12,3MP D-SLR með 3" hágæða LCD-skjá og hreyfimyndatöku á Motion JPEG-sniði. Stór DX myndflaga og hátt ISO-ljósnæmi gefa einstök myndgæði ofl.

TILBOÐ 229.990
FULLT VERÐ kr. 259.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tæknirás, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

Skærrauður, kanarígulur og skræpótt mynstur

Oscar de la Renta hélt á dögunum tískusýningu í New York þar sem sýnd voru fötin fyrir síðsumarið 2010. Gulir, bleikir og rauðir litir voru áberandi auk skræpóttra mynstra.

„Konur verða að verða ástfangnar af fötunum," sagði fatahönnuðurinn Oscar de la Renta baksviðs, rétt áður en fyrirsætur sprönguðu um í klæðum úr hans smiðju á tískusýningu í New York á dögunum. Umræðan snerist þá um það hvernig laða ætti að viðskiptavini í kreppunni.

De la Renta var djarfur í litavali og var óhræddur við að nota skræpótt mynstur. Helstu litirnir sem hann notaði voru kanarígulur, skærrauður, bleikur og rúbínrauður. Þá notaði hann litfagrar slæður og litlar peysur til að lífga upp á dressin.

- sg

Glitrandi kjóll og glæsilegur.

Blómamynstur og rauðir tónar voru áberandi.

Sæt og skrautleg appelsínugul golftreyja við litríkan kjól.

Skræpótt skyrta og appelsínurauð slæða.

De la Renta notaði slæður til að lífga enn frekar upp á fötin.

Flott fyrir jólin

Kjóll áður ~~14990~~
Nú 9.990

Ullarkápur áður ~~19990~~
Nú 14.990

Peysur áður ~~6990~~
Nú 3.990

Opið til kl 22 í kvöld

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

Jakkaföt frá 24.900 kr. í Herra Hafnarfirði

Allir þeir sem kaupa jakkaföt fá skyrtu og bindi að verðmæt 12.000 kr. frítt með.

Herra hafnarfjörður
Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Subaru legasy outbak 2.5 ssk 1998 ek 174 þús km ny skoðaður 10 toplúga cd dráttarkúla álfelgur verð 590 Tilboð 450 Bílabankinn 588-0700

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

MMC PAJERO BENSÍN V-6/STUTTUR. Árgerð 1999, ekinn 152 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 980.000. Rnr.242393. Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW.BÍLALÍF.IS

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Hyundai santa fe v-6 2006 ek 58 þús km ny skoðaur 11 sjálfskiptur spioler álfelgur litað gler fallegur bíll verð 2490 Bílfang 567-2000



Bmw 320 d 2003 ek 165 þús km sjálfskiptur álfegur cd verð 1890 þús Bílfang 567-2000

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

LAND ROVER RANGE ROVER HSE NEW. 10/2002, ekinn 104 þ.km, 4,4L sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.800.000. #280955 - Bíllinn er á staðnum, kíktu við en vertu ekki of sein(n)!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
http://www.bilalind.is

Vilt þú kaupa selja eða skipta ?
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins á bifreiðum og stórlækkaðan sölukostnað.Skráðu bílinn frítt á www.Netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2. Netbilar.is bjóða betur

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

Toyota ayko 2006 ek 52 þús km sjálfskiptur 5 dyra álfelgur spoiler litað gler verð 1380 Tilboð 1190 stgr Bílalind 580-8900

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
http://www.bilalind.is

TOYOTA YARIS SOL Árgerð 2006. Ekinn 46 þ.km Verð kr. 1.590.000

Höfðahöllin
Norðurhella 8, 221
Hafnafjörður
Sími: 567 4840
Vantar bíla á skrá og á staðinn.
www.hofdahollin.is



Toyota Hilux D/C 38“, 6/1996, raðnr 272286, ekinn 300.000, er á 36“ dekkjum, 2500cc disel, ásett verð 590.000, bill á staðnum

Toyota Hilux D/C, 4/2007, raðnúmer 113566 , ekinn 52.000, 3000cc, sjálfskiptur, lok á palli, krókur, 17“ álfelgur o.f.l. gott eintak, ásett verð 3.980.000, bill á staðnum

Jeep Gran Cherokee Laredo 4x4 , árgerð 1999, raðnumer 272252, ekinn 177.000km, nýupptekinn motor, nótur fylgja, ásett verð 850.000 en er á TILBOÐI 650.000, bill á staðnum.

Renault Kango Express VSK bill, árgerð 1/2004, raðnumer 113603, ekinn 70.000, er á rauðum númerum, bensín beinsk, ásett verð 790.000, bill á staðnum.

Mazda 6, raðnumer 113638, árgerð 3/2005, topplúga, cruise control, topplúga o.f.l, ekinn 111.000, ásett verð 1.790.000, skoða skipti á ódýrari, bill á staðnum

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

VW Passat Highline, árg. 6/2005, ek.aðeins 43þús.km, beinskiptur, topplúga, álfelgur, sæti m/leður í köntum og tau í miðju, Mjög flottur bíll!! Ásett verð 2290þús.kr! er á staðnum

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Jeep Grand Cherokee Laredo árg. ‘97 ek. 113þ. mílur. Góður bíll, v. 490þ. stgr. S. 844 7851.

Til sölu Toyota Lexus árg. ‘92 Góður bíll. V. 400 þús. S. 844 7851.

Toyota Carina E station, árg. ‘93, ek. 240þús., 2l sjálfsskiptur, vetrar og sumardekk á álfelgum, góður og fallegur bíll. Verð 290þús. Uppl. s. 845 8562.

VW Vento árg. ‘98 ek. 154 þús. Sk. ‘10 V. 300 þús. S. 861 3826.

Nissan Micra árg. ‘01 ek. 124þ. Sk. ‘10 3ja d. í mjög góðu lagi. Ásett v. 460þ. Tilboð 290þ. S. 848 6958.

0-250 þús.

4X4 TOYOTA Á 190 ÞÚS!
TOYOTA Corolla Touring 1,8 4WD árg. ‘96 skoðaður 2010, dráttarkrókur, cd, verð 190 þús. s. 841 8955.

VW Golf árg. ‘98 með bilaða vél. Fallegur bíll, verð 190þ. Uppl. í s. 694 6086.

500-999 þús.

Mjög vel með farin og þjónustaður Ford Fiesta 1,4L árg. ‘03 ek. 58þús. 4 dyra sjálfskiptur. Ný heilsársdekk. Verð 790þús., góður staðgreiðsluafsláttur, upplýsingar 699 5595.

Hyundai Starex Diesel 7 manna, 4x4 árg. 1999 ekinn 108Þ. Ný tímareim góður bíll. Verð 750.S: 898-2811.

2 milljónir +

TILBOÐ TILBOÐ
BMW 545 I árg. 2004 ekinn 108Þ. Leður Topplúga.19“M felgur 17“ Vetrar. Flottur bíll. Tilboðs verð 3,180. Enginn skipti. S: 898-2811.

Tiboð Tilboð
Til sölu Nissan Patrol GR árg. 2002 ekinn 189þ. nýr mótor í 65 þús. ný heddpakkn. frá Kistufelli. ARB loftlás að framan, loftdæla, loftkútur, aukatankur, toppgrind, spiltengi og grind að framan, kastarar, sérsm. 14“ felguboltar, felgum, 44“ á 16“ felgum, kassi á afturhurð, niðurtekið gólf f. öfturstu sætaröð, koni stýrisdempari, OEM gormar, breyttur af SS Gísla. Einn eigandi , smurbók frá upphafi.Verð 3390. Tilboð 2680.898-2811.

Bílar óskast

ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!
Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónytir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Sendibílar

Leigð’ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Hópferðabílar

Renault Master árg. 2005 ekinn 90 þús. km. 17 farþega, hópleyfisskoðun. Er breyttur fyrir hjólastólaakstur, einfalt að setja sæti í. Selst með hjólastólarampi og fylgihlutum eða ekki. Uppl. í s. 899-2589.

Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Mótorhjól

Honda150 CRF Smal Weal árg. ‘07 lítið notað. Verð 500þús Uppl. s. 822 1920.

Haustútsala á vespum í stuttan tíma!
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Lyftarar

Til sölu Bobcat 3071 skotbómulyftari árg. 2001 notk. 8470 klst. Þarfnast málningar en í ágætu ástandi þar utan, skófla getur fylgt. Upplýsingar í s: 481-3220.

Vélsleðar

Vinnuvélar

Til sölu flatvagn Ankerman 9 metra langur með gámafestingum. S. 897 3154.

Óska eftir að kaupa bílkrana ásamt dælu og tengibúnaði á pickup sem lyftir 500kg. Uppl. í s. 893 0597, Siggi.

Bátar

Jólagjafir frá 3900kr, www.gummibatar.is Kayak, siglingar, Jet-Ski, sjósund eða brimbrettasport? Jólagjöfin fæst hjá okkur. Fullt af vörum á síðu. Gúmmíbátar & Gallar,S:5711020

Sennilega ódýrustu skrúfurnar á markaðnum Útvega koparskrúfur á allar gerðir báta, beint frá framleiðanda upplýsingar á www.somiboats.is Óskar 0046704051340.

Bílaþjónusta

Aukahlutir í bíla

Þarf ekki að koma jeppanum í jólabúninginn ? Frábær 17X10' álfelga á jólatilboði á aðeins 24,990,- SÉRSTAKT JÓLATILBOÐ. 17' ION felgur og 33' dekk á aðeins 289,900,- með umfelgun. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

Hjólbarðar

SPARAÐU!! Einn dekkjagangur allt árið, næstu ár, engar umfelganir. Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í bleytu og hálku. Söluaðili; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122.

Varahlutir

Kaupum og sækjum bilaða bíla. Hafðu samband í síma 5676700 (varahlutaverslun). Vakabílar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Viðgerðir

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

Hreingerningar

Teppahreinsun

Tek að mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön. 1.500 kr. klst. Val um tímafjölda. Uppl. í s. 868 7283.

Garðyrkja

Jólaskreytingar, trjáklippingar og fellingar, laufa og lóðahreinsanir, stéttahreinsun, þökulagnir, jarðvegsvinna, smíðar og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 www.garðarbest.is, netfang:gardarbest@gardarbest.is

Bókhald

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald,stofnun EHF,ársreikningar,VSK uppgjör,erfðarfjárskýrslur, launautreikningar o.fl. s. 517 3977.

Fjármál

Fjárhagserfiðleikar?

Við aðstoðum einstaklinga og smærri fyrirtæki við endurskipulagningu fjármálanna. 100% trúnaður. Áralöng reynsla. B7 Ráðgjafar sími: 845 3777.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og allir alm. flutningar. Meðalstór og stór bíll. S. 661 1977 www.toppflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir- Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar.
kristjan@flisaverk.is
S: 898 4990.

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, gler-setningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Húsaviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Stífluþjónusta

Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvufjarhjálp

Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

TANTRIC LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! 895 6687.

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Sælunudd!! Mjög notalegt líkamsnudd í boði, S:6984105

Spádómar

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Ódýra spástofan les í sígaunaspil. Sími: 857-9799.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Dulspekisíminn 908-6414

Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

661 3839 - Símaspá

Tímapantanir frá kl. 16.00. Alla daga.

Skemmtanir

34 - 34 - 34

Óska eftir að ráða 34 dansandi dverga fyrir danssýningu á laugardag. Þurfa að kunna góð skil á Macarena, Lambada og Fugladansinum. Fullum trúnaði heitið.
Uppl. í síma 580 2528.

34 - 34 - 34

Rafvirkjun

Önnur þjónusta



Ódýr blekhylki í HP, Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Þjófavarnirnar komnar aftur!

Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.- Nú á jólatilboði 19.900.-

GSM Þjófavarnir með myndavél

Eigum eftir fáein sett eftir í sumarbústaði, á heimili og fyrirtæki. Innifalið gasskynjari, hurðaskynjari, hreyfiskynjarar og 2 fjarstýringar. Sendir viðvörun og myndir í GSM síma og tölvu. Einig getur þú fylgst með því sem er að gerast. Verð áður 69.000.- Verð nú 49.000.-

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Tapað / Fundið

Bifreið stolið

Svartur Subaru Legacy Station, árgerð 2004, skráningarnúmer **NI-986.** Þeir sem geta gefið upplýsingar um bifreiðina eru vinsamlegast beðnir að hringja í Ívar í **síma 840 1433** eða senda tölvupóst í póstfang **ivar@bilaland.is**

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum frá kl. 9-16.

Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. Tilboð Jólakort með umslagi 99 kr.- www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Til sölu 1000 lítra fiskabúr með úrvali af fiskum + hreinsibúnaður fluval fx5. S. 897 3154.

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.

Ískápur til sölu á 25 þús. og gömul eldavél á 10 þús. Er í góðu lagi. Uppl. í s. 866 7154.

Ný ósamsett eldhúsinnrétting til sölu. Svört háglans. Veggeining L. 2,85m, eyja L. 3,15m. Fæst á góðu verði. Frekari uppl. fást í s. 696 2378.

Óskast keypt

34 - 34 - 34

Lumar þú á skærgulum jólasveinabúningi í geymslunni? Vantar 34 stykki fyrir sérstaka kynningu á laugardag. Fullum trúnaði heitið.
Uppl. í síma 580 2528.

34 - 34 - 34

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,
Verið velkomin

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumalltgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Óska eftir að kaupa nuddbekk, þarf að vera vel með farinn. Uppl. í s. 770 7622, Trausti.

Garðhýsi/Smíðakofi

Óska eftir að kaupa garðhýsi 8-10fm. Hurð þarf að vera breið. Hámarksverð 200þús. Uppl. í s 897 9482

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sjónvarp

34 - 34 - 34

Óska eftir að kaupa 34" túbusjónvarp. Gult. Fullum trúnaði heitið.
Uppl. í síma 580 2528.

34 - 34 - 34

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Óska eftir playstation 3 tölvu og ekki væri verra ef einhverjir leikir fylgja með.... S: 699-6828.

Vélar og verkfæri

Vantar snittvél á góðu verði. Hafið samband í síma 868 6066.

Verslun

NÝ SENDING!! sTR 42-56. Emilía Bláu húsin Faxafeni
s: 588-9925 www.emilia.is

Fyrirtæki

Söluturn til sölu, skipti skoðuð. Uppl. í s. 820 7701

Til bygginga

Nýlegar setur til sölu. Upplýsingar í síma 867 7753.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

HEILSA

Heilsuvörur

Shaktimat
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á TILBOÐI 8800,-. Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál. Aðeins nokkur eftir, af þessari sendingu.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Viltu komast á annað plan í lífinu með breyttum lífstíl þá er þetta fyrir þig. Gefðu sjálfum þér bestu gjöf sem er frábær heilsa.

Uppl. coach@plan.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!

Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE

An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

J. B. HEILSULIND Dekurdagar?

Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

Þjónusta

Er andlega orkan á þrotum?

Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

STAY APARTMENTS - VIKULEIGA

Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.

Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.
For more info call 661-7000

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

2ja herb. 80fm nýleg íbúð í Hraunbæ, Rvk. Sérinng. Leiga kr.109.000. S:898-3420

4ra herb glæsileg íbúð um 107fm í Fögrluhlíð, Hafnarfirði. Sérinng. Leiga kr. 155.000. S: 898-3420

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Tveggja herb íbúð á jarðhæð í einbýlishúsi í kórahverfi með öllum húsgögnum og raftækjum langtímaleiga 85.000 með rafm og hita aðeins reglusamir , laus, uppl 663-5440.

Stúdíóíbúð

Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 824 6692.

Til leigu herb. við Laufásveg. Sameiginlegur aðg. að þvottah. og eldhúsi. Leiga 24 þús. S. 552 5137 & 865 5544 e. kl. 17.

100 fm 3-4 herb íbúð til leigu á svæði 104. Laus 1. jan. Uppl. í s. 848 6529.

Sjarmerandi einbýli til leigu í 101 Rvk frá janúar. 120 þús. Skammtímaleiga. Allt innifalið. S. 699 3681.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

20 fm herb. til leigu í 105 Rvk. 40 þús. á mán. Trygging + fyrirfr. Reglusemi skilyrði. S. 698 5033.

Til leigu 5 herb íbúð á 2 hæðum í Sandgerði nálægt skóla. Uppl í síma 866-4805

Stúdíóíb. 20 m2- í Norðurmýri til leigu, 50þús. á mán, allt innifalið, laus strax, uppl. í s:861-6760

Til leigu 4.herb. 100fm íbuð á Langholtsvegi RVK. Verð 130þús. upplsí síma 842-0949.

ROOM FOR RENT IN RVK. Til leigu eitt herb. í 104 Rvk. Verð 35þ. p. mán. allt innif. S. 844 1136.

Til leigu 3ja berb. íbúð í 111 Rvk. Frábært útsýni. Verð kr. 100þ. auk hússjóðs. Uppl. í s. 699 0415.

Húsnæði óskast

Ung móðir óskar eftir leighúsnæði frá áramótum er reyklaus og reglusöm. Er ekki á vanskila skrá. Gígja Skúladóttir sími 770 5797.

Óska eftir 2ja herb. íbúð, helst í árbæ eða hraunbæ. Greiðslug. 80-90 þús. S. 845 4709.

Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

Þrastahólar Grímsnesi

Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Lækkað verð, verð nú 12,9 mill. Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

Atvinnuhúsnæði

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

STÖRF.IS

Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Fasteignir

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Glæsilegt raðhús með útsýni í Skjólsölum Kópavogi

Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö fullbúin baðherbergi.Rúmgóð stofa, eldhús með fallegri innréttingu. Vandaðar eikar innréttingar og gólfefni. Upphitað bomanite bílaplan, pallur og heitur pottur. Eignir er vel innréttuð og frágengin í alla staði Verð 55,9. Möguleiki á skiptum á eign í Hlíðunum, 105 Rvk. **Upplýsingar gefa : Sigþór S: 899 9787. sb@valholl.is, Jón Rafn S: 695 5520. jonrafn@valholl.is**

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

Til sölu

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI!

FJÖGURRA STÓLA HÁRGREIÐSLUSTOFA Á BESTA STAÐ Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR TIL SÖLU VEGNA BARNEIGNA. VERÐ AÐEINS 1,5 MILLJ. MJÖG HAGKVÆM REKSTRAREINING.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 8667439 EÐA 8221622

Þjónustuauglýsingar

www.tomstundahusid.is

Nýkomin sending af lömpum með stækkunargleri í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600

TOMSTUNDAHÚSIÐ

Lífgaðu upp á tilveruna.

Harðviður er hlýlegur í borðplötur, hillur þrep o.fl. Eigum fyrirliggjandi gott úrval af hágæða ítölsku límtré. 25 ára góð reynsla segir sitt um gæðin.

EFNISSALAN EHF.

EFNISSALAN EHF, SMIÐJUVEG 9 (GUL GATA), SÍMI 554 5400
WWW.EFNISSALAN.IS

CMT ORANGE TOOLS

CMT sagarblöð og fræsitennur

Ásborg vélaverkfæri

Smiðjuvegi 11 S 5641212

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is

Sendibílar til leigu

Þú leigur hann.

Krefst ekki meiriprófs réttinda

Frábært svæðanuddtæki

Þetta líkir eftir nálastungulækningum, en í stað nálar er notað lágtíðni-rafmagn. Púðarnir eru settir á sömu staði og nálarnar í nálastungum, en það á að gera sama gagn. Tækið hefur margþættan lækningarmátt.

Sem dæmi: frosnar axlir - gigt- höfuðverk- svefnleysi- háþrýstingur-magabólgur-sykursýki - hægðartregða-offita - hætta að reykja (kynningarverð 15.900.-).

Alls getur þetta tæki meðhöndlað yfir 30 kvilla. Þetta tæki hefur verið notað í 20 ár og fengið viðurkenningar. Tækið er CE merkt.

Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Knútsson, s. 820 5469



Glæsilegu haldararnir frá Vanity Fair

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS ALLA FIMMTUDAGA.

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMANN Í S. 512 5407

Bílaþjónustan Bílaði Bíllinn

Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.

Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Vélvirki - vélstjóri - véltæknifræðingur
Öflugt, meðalstórt framleiðslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að traustum og skipulögðum vélvirkja, vélstjóra eða véltæknifræðingi í viðhald og umsjón með framleiðsluvélum fyrirtækisins. Í boði er fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki. Laun skv. samkomulagi.
Áhugasamir sendi umsókn á mailið: tjonusta@365.is merkt: Vélar 2010

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum sölumanni.
Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.

Upplysingar gefa Trausti 770 7622 Aðalheiður 820 8665 ilg@plan.is

Auka eða aðalvinna!
Öflugt fyrirtæki á höfuðborgasvæðinu getur bætt við sig íslenskumælandi fólki við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar með möguleika á dagvinnu.
Árangurstengd laun í boði.
Umsóknir sendist á atvinna@sparnadur.is
Uppl. í síma 618 8062.

Fjölskylda í Grafarvogi leitar að barngóðri manneskju til að annast 10 mán stelpu virka daga 8:45 - 16:15 frá janúar og fram á sumar. Meðmæli nauðsynleg. Upplýs í síma 557 8578 eða á jennyruth@live.com

Tryggjum öllum börnum gleðileg jól
Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind
Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Merkja þarf hverja gjöf með merkimiða þar sem tekið er fram hvaða kyni hún hentar og hvaða aldri. Ef þú býrð úti á landi þá kemur Pósturinn gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús. Jólapappír og merkimiða er að finna við þjónustuborð Smáralindar á annarri hæð.
Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.
Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.
Við óskum öllum gleðilegra jóla
BYLGJAN 989

TILKYNNINGAR

Einkamál

50 samkyn. KK sem býr á austurlandi vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8967.

32 ára samk. KK vill kynnast karlmanni til að gera eitthvað skemmmtilegt með. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8992.

Ungur samkynhn. KK til í allt, vill kynnast KK með ævintýri í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8310.

55 ára samkyn. KK myndarlegur, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Verður að hafa aðstöðu. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8867.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

STÆRSTA OUTLET LANDSINS

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

TAX-FREE DAGAR

ALLAR VÖRUR VERSLUNARINNAR ÁN VSK!*

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS!

| Barnajakkaföt | Barnakuldaskór | Bindi | Bolir |
| Dömuskór | Flíspeysur | Fótboltabúningar | Gallaleggings |
| Herraskór | Hettupeysur | Hljómsveitabolir | Húfur |
| Inniskór | Íþróttatöskur | Jakkaföt | Kuldaskór |
| Levi's gallabuxur | Málverk | Softshell jakkar | Skyrtur |
| Sokkar | Strákaskyrtur | Treflar | Úlpur | Vettlingar |

Vörum er hægt að skipta
í aðrar vörur til 31. desember 2009.

Vertu vinur MerkjaOutlet á Facebook. Kíktu á myndirnar og skoðaðu vöruúrvalið!

*Gildir ekki af DVD-diskum og hlaupahjólum. Ríkissjóður fær virðisaukaskatt af öllum seldum vörum. Afslátturinn er alfarið á kostnað MerkjaOutlet.

Opið: Mán.-lau. 11 til 18 - Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400



Satan í kerfishruninu

BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Þriggja manna nefnd situr nú kófsveitt við að finna út hverjum bankahrunið er að kenna. Nefndin er búin að svitna heillengi yfir þessari risastóru spurningu og fresta því að birta niðurstöðuna einu sinni. Sumt er svo hrikalega viðkvæmt í uppgreftri nefndarinnar að það má ekki segja frá því fyrr en árið 2090. Á alveg að drepa mann með þessu gríni?

ÉG HEFÐI getað sparað ríkissjóði stórfé og sagt ykkur svarið strax. Nú, auðvitað er þetta allt saman Satani að kenna! Er það ekki annars? Er ekki hentugt að kenna honum bara um þetta líka? Þessu ímyndaða ofurillmenni sem alltaf er að fokka upp góðum áætlunum Guðs. Satan færi nú létt með að taka á sig smá kerfishrun hjá rogginni örþjóð í rassgati. Ég held að allir gætu verið sáttir við þessa niðurstöðu. Þá gætum við mokað þessu klúðri snyrtilega á bak við okkur og byrjað aftur frá grunni: Árangur áfram ekkert stopp og gömlu góðu dagana gefðu mér með Sjálfstæðisflokknum og Framsókn. Víií...

SATAN verður hvort sem er kennt um þetta. Ef svo ólíklega vill til að einhver þessara dúdda sem við höfum horft upp á á flótta með ört minnkandi trilljónirnar sínar verður stöðvaður og settur í járn mun hann bera Satan fyrir sig. Bú hú hú, mun ríki kallinn væla, ég gáði ekki að mér, þetta voru bara tölur með engin tengsl við raunveruleikann, bú hú hú, Satan beit mig í kúluvömbina.

EF SVO ólíklega vill til að einhver verði látinn bera ábyrgð, segi ég. Maður á nefnilega alveg eftir að sjá það gerast. Geturðu ímyndað þér hvaða hringa- og langavitleysa fer í gang 1. febrúar þegar nefndin leggur fram 9.000 blaðsíðna skýrsluna? Ég er þegar kominn með kvíðahnút yfir öllum fréttaskýringunum, lagaflækjunum og umræðuþáttunum um efni doðrantsins. Ég mun auðvitað ekki geta slitið mig frá umfjölluninni, sama hvað ég rembist, því ég er alltaf að bíða eftir þessu augnabliki þegar ég finn innan í mér að loftið hafi nú loksins verið hreinsað. Að allt leirtauið sé orðið hreint og óhætt sé að fara að huga að næsta partíi.

NÆSTA partí já. Hvenær byrjar það? Rís þá hér á Nýja Íslandi tandurhreint þjóðfélag með eintómum ofsalega göfugum kapítalistum sem kæra sig ekki um að græða nema í hófi? Til að baktryggja okkur er örugglega vissara að bjóða Satan í það partí líka.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

DESEMBER TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990

UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX

500GB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
14.900

1TB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
19.900

HVERGI BETRA VERÐ

SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990

4
BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

kl. 21 á Græna hattinum

Í kvöld eru styrktartónleikar fyrir Tónminjasafnið á Akureyri. Forkólfar safnsins efna til styrktartónleika svo koma megi þessu merkilega safni fyrir. Helena Eyjólfsdóttir, Kristján Edelstein, Inga Eydal, Rúnar Eff, Cantabile, Krossbandið, Óskar Pétursson og Húsbændur og hjú koma fram. Kynnir er Sigurður Gunnarsson. Húsið verður opnað kl. 20. Forsala er í Eymundsson á Akureyri.

menning

menning@frettabladid.is

Tómas á Rosenberg

Í kvöld verður sveiflan allsráðandi á Kaffi Rosenberg þegar Tómas Einarsson, bassaleikari og forgöngumaður um tónleikahald og spilamennsku með meiru, kallar til fríða sveit samferðamanna og heldur útgáfutónleika. Tilefnið er margfalt: Fagnað verður útgáfu á tónleikadiski Tómasar, LIVE!, sem kom út fyrir skömmu, sem og útgáfu á latínsafninu Reykjavík-Havana, en það inniheldur plöturnar Kúbanska, Havana, Romm Tomm Tomm og LIVE! og eru þar komnar í eitt knippi plötur Tómasar frá Kúbutúrum hans.

TÓNLIST Tómas Einarsson reykir bara heima

Hljóðfæraleikarar eru auk bassaleikarans Tómasar, Óskar Guðjónsson saxófónn, Kjartan Hákonarson trompet, Samúel J. Samúelsson básúna, Ómar Guðjónsson gítar, Davíð Þór Jónsson hljómborð, Pétur Grétarsson kóngatrommur og Matthías MD Hemstock, trommur og slagverk.

Latínplötur Tómasar R. hafa notið mikilla vinsælda hérlendis og selst samtals í meira en átta þúsund eintökum. Tónleikadiskurinn LIVE! hefur að geyma níu lög frá tónleikum í Reykjavík, Moskvu og Havana, en nýjustu upptökurnar eru frá sveittum og afar líflegum tónleikum í Iðnó á Jazzhátíð Reykjavíkur í haust sem leið.

Tónlist Tómasar R. hefur hlotið lofsamlega dóma í helstu tímaritum latíntónlistarinnar og lög hans hafa setið á vinsældalistum latínútvarpsstöðva í Bandaríkjunum, Kólumbíu, Perú og á Ítalíu. Þá hefur hann með sókn sinni suður á bóginn glætt íslenskt tónlistarlíf djúpum og hröðum töktum suðrænna sálna og þannig glatt geð guma og freyja hér á norðurslóðinni. Hefur ekki síðan suðurameríska danssveiflan settist hér að fyrir tíma twists og rokks fyrir atbeina dansáhugamanna nokkur maður sinnt sálgæslu okkar þumbaranna með suðrænum ákafa hins prúða og stillta dalamanns. - pbb

> Ekki missa af

Jólatónleikum kl. 20 í Laugarneskirkju. Þá munu þær Erla Björg Káradóttir sópran, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran og Sólveig Samúelsdóttir mezzósópran flytja hugljúfa jólagleði í tónum. Meðleikari á tónleikunum er Antonía Hevesi. Óhætt er að segja að efnisskráin verði fjölbreytt, allt frá íslenskri jólatónlist til léttra ameríska jóladægurlaga ásamt klassískum perlum. Þannig ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

02.12.09 – 08.12.09

1 Svörtuloft
Arnaldur Indriðason



2 Vigdís
Páll Valsson

3 Jólasyrpa 2009
Walt Disney

4 Meiri hamingja
Tal Ben-Shahar

5 Karlsvagninn
Kristín Marja Baldursdóttir

6 Jöklar á Íslandi
Helgi Björnsson

7 1001 okkur
Hugleikur Dagsson

8 Horfðu á mig
Yrsa Sigurðardóttir



9 Auður
Vilborg Davíðsdóttir

10 Snorri
Óskar Guðmundsson

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Gengur bara ljómandi vel

Réttur hálfur mánuður er í frumsýningu á Óliver! eftir Lionel Bart í Þjóðleikhúsinu og sýningin er að skríða saman eins og það kallast á leikhúsmáli: fyrstu æfingar, allt með öllu, hefjast í byrjun næstu viku.

LEIKLIST Selma Björnsdóttir leikstýra með meiru frumsýnir Oliver! annan í jólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þótt margir hafi vökult auga á því hvernig svona stórt verkefni kemur saman er það hausinn á Selmu Björnsdóttur sem er undir. Næsta vika verður áreitisfull, þá tekur hún loks að sjá hvernig framkvæmdin tekur sig út á sviðinu, hljómsveit verður á staðnum og raunar ræður tónlistin ferðinni, allt annað verður að falla að henni eins og er í söngleikjum.

Selma er brött þegar við náum í hana fyrir níu á fimmtudagsmorgun. Hún er enn heima við og barn gambrar á bak við: „Það gengur bara ljómandi vel," segir hún, „hljómsveitin kom inn í þessari viku og við verðum með allt saman í næstu vinnuviku." Þá fara ljós að birtast á fullbúnu sviði og leikarar taka að festa hreyfingar nákvæmar í leikmynd Vitasar Narbutas, allir verða komnir í sína búninga og sýningin fer að taka á sig lit.

Selma er vön stórum sýningum þar sem saman fer tónlist og hreyfing, bæði sem stjórnandi og flytjandi. Reyndist Óliver! stærri en hún átti von á? „Ég vissi að þetta yrði mikið, en það var samt ögn stærra. Það eru mest fjörutíu manns á sviðinu og mörg númer stór, strákarnir að biðja um matinn, markaðsnúmer, þú krækir þér í, morgunsöngurinn, þetta eru allt stór númer með fimmtán til fjörutíu flytjendum á sviði." Leikmyndin er á tveimur hæðum: „Það er eiginlega nauðsynlegt í verki eins og þessu að hafa tvær hæðir til að geta deilt hreyfingunni, hún sé ekki bara á einu plani heldur líka upp og niður."

Selma fékk sér til samstarfs breska danshönnuðinn Allette Collins, en hún vann á sínum tíma Rent í Loftkastalanum með Baltasar og Regínu, dansmyndina, með Maríu Sigurðardóttur. Collins fær það erfiða verkefni að semja sporbrautir fyrir leikara og óvana krakka, mest unga stráka: stór hópur af drengjum kemur fram í sýningunni og þar verða tveir drengir um stóru hlutverkin, Hrapp og Óliver: „Það er mikið álag fyrir þessa drengi sem eru búnir að vera hér alla daga undanfarið, sá sem fer með hlutverk Óliver er næstum inni á sviðinu alla sýninguna. Þeir Ari Óli og Sigurbergur standa sig vel."

Jólasýningar Þjóðleikhússins eru alltaf sérstakar í vinnuferli. Öllum verkum verður að vera lokið fyrir Þorláksmessu, sem er hinn hefðbundni lokaæfingardagur. Svo kemur tveggja daga hlé en frumsýning er að kvöldi annars dags jóla. Það er Rúnar Freyr sem verður með jólaundirbúning og matseld hjá frú Selmu þessi jólin.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ ER EIGINLEGA AÐ GERAST Á ÍSLANDI?

ER ALLT AÐ VERÐA VITLAUST?

★★★★

„... feikna stílisti ... fyndinn og beittur í gegn ..."

Hrund Ólafsdóttir, Morgunblaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Spil í úrvali

á frábæru verði

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

999

VÆNTANLEGT
11. DES.

1.990

999

1.999

1.990

1.490

1.990

1.499

1.990

989

1.499

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Auður djúpúðga verður til

Bókmenntir ★★★

Auður
Vilborg Davíðsdóttir

Vilborg Davíðsdóttir sótti þegar á sögumið þegar hún var búin að skóla sig í sagn- og mannfræði og tók fyrir þrítugt að gefa út sögur sem voru byggðar á skörpum afmörkuðum tímabilum í norrænni sögu. Eftir því sem á leið feril hennar stækkuðu viðfangsefnin, sögurnar tóku að heimta ítarlegri og víðtækari rannsóknir, oft á þeim sviðum sögu norrænna manna sem heimildir voru fáar um, og reyndi því æ meir á innsæi hennar í frásögn og djúpa þekkingu á söguefninu.

Í nýrri bók, sem ég tel að verði líkastil þríleikur, leitar hún að upphafi Auðar djúpúðgu, þeirrar sögufrægu konu, á eyjunum milli Írlands og Skotlands, byggðinni sem varð til undir 800, ólgandi átakatíma milli aðkomumanna frá Norðurlöndunum; Noregi og Danmörku, sem áttu landfestar í norðureyjunum, á Mön og á vesturströnd Skotlands. Þetta voru þjóðarbrotin sem eyddu byggðum Pikta og upprunalegum landnámsmönnum Orkneyja og eyjaskarans við norðurbrún Skotland. Hér takast á frumkristni Kelta og heiðindómur, þetta er heillandi tími.

Vilborg hefur oftast eytt þreki sínu og stílgáfu til að greina og segja örlagasögur af konum; eins er það hér. Karlar eru fjarlægir í sögunni, hún er kvennamegin. Sagan af Auði er raunar spennandi og sápukenndur róman, eins og lunginn af sagnaskáldskap sem reynir að endurskapa horfna tíma. það skiptir ekki máli þótt helstu söguhetjur hafi geð nútímamanna, við eigum ekki annan inngang að þeim hvort eð er.

Margt er fallega hugsað og orðað í sögu af Auði, gífurlegt magn heimilda rennur um söguna, sviðsetning er prýðileg, en persónusköpun nokkuð klisjukennd. Vilborg beitir víða fornum orðmyndum en alltaf af gát, hún verður ástfangin af stöku orðum en í heild verður að segja að saga hennar sé skrifuð af mikilli smekkvísi.

Og hér er margt sem vekur áhuga, þótt kristinn munkur, Gilli, sem verður mikill örlagavaldur í sögunni, taki nokkuð pláss og trúboðsstellingar hans séu langdregnar í fyrsta parti sögunnar. En hann hverfur úr sögunni þegar þolinmæði lesanda er komin að mörkum. Sagan eftir það verður bærilegasta afþreying.

Páll Baldvin Baldvinsson

Niðurstaða: Vel grunduð þroskasaga frá upphafi níundu aldar, spennandi og forvitnilegum tíma.

BÓKMENNTIR Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur hefur sent frá sér þroskasögu stúlku á níundu öld sem síðar verður kölluð Auður djúpúðga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristinn í Bústaðakirkju

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari verður einsöngvari á árlegum jólatónleikum Kórs Bústaðakirkju á þriðjudagskvöldið kemur hinn 15. desember en þeir hefjast kl. 20.

Jólatónleikar í kirkjunni eru árlegur viðburður og hafa þangað sótt gestir úr sókninni og víðar að. Yfirskrift tónleikanna að þessu sinni er „Yfir fannhvíta jörð“. Miklu verður kostað til við tónleikana og mun Hljómsveit Björns Thoroddsen ásamt strengjakvarttet sjá um allan undirleik undir stjórn kórstjórans Renötu Ivan. Glæsileg efnisskráin verður að mestu hugljúf jólatónlist, bæði íslensk og frá ýmsum öðrum löndum ásamt einhverjum vel völdum aríum af óperusöngvaranum Kristni Sigmundssyni.

Undanfarin ár hefur Kór Bústaðakirkju alltaf fengið góðan gest með sér á þessa árlegu tónleika, eins og Sigrúnu Hjálmtýsdóttur (Diddú), Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Kristján Jóhannsson og Stefán Hilmarsson. Mikil eftirvænting er með að fá Kristin Sigmundsson, en hann er okkar allra merkasti óperusöngvari á erlendri grund um þessar mundir.

Miðasala er hafin á tónleikana, en aðeins 300 miðar verða seldir á þessa glæsilegu tónleika og er miðasalan í Bústaðakirkju. Tónleikarnir verða ekki endurteknir.

TÓNLIST Kristinn Sigmundsson verður einsöngvari á jólatónleikum í Bústaðakirkju á þriðjudag í næstu viku og er miðasala hafin FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 10. desember 2009

Tónleikar

20.00 **Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna**, Brokkkórinn, Borgarkórinn og Sönghópur Hveragerðiskirkju koma fram á tónleikum í Hveragerðiskirkju við Hverahlíð.20.00 Erla Björg Káradóttir sópran, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran og Sólveig Samúelsdóttir mezzósópran verða með tónleika í Laugarneskirkju við Kirkjuteig. **Á efnisskránni verður jólatónlist og klassík.**

20.00 Jólatónleikar til styrktar Fjölskylduhjálp fara fram í Víðistaðakirkju við Hraunbrún í Hafnarfirði. Meðal þeirra sem fram koma eru **Dísella, Soffía Karlsdóttir, Guðrún Árný Karlsdóttir og Margrét Árnadóttir.**

20.00 Jólatónleikar Glæðanna, kórs kvenfélags Bústaðakirkju og Vorboðanna, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ, verða haldnir í Bústaðakirkju við Tunguveg.

20.30 Jólatónleikar **Sigríðar Beinteinsdóttur** fara fram á Grafarvogskirkju við Fjörgyn.

20.30 Sniglabandið leikur lög af plötunni **„Jól meiri jól“** á útgáfutónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

21.00 Útgáfutónleikar Borgarinnar fara fram á NASA við Austurvöll. Fram koma Hjaltalín, Megas og senuþjófarnir, Hjálmar, Baggalútur, Snorri Helgason, Berndsen og **Sigríður Thorlacius** og Heiðurspiltar. Húsið verður opnað kl. 20.30.

21.00 **Ellen Kristjánsdóttir** heldur útgáfutónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík.

21.00 Í **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri verða haldnir tónleikar til styrktar Tónminjasafninu á Akueyri. Meðal þeirra sem fram koma eru Helena Eyjólfsdóttir, Kristján Edelstein, Inga Eydal, Krassbandið og Húsbændur og hjú. **Húsið verður opnað kl. 20.**

22.00 Latínband Tómasar R. Einarssonar heldur útgáfutónleika á Kaffi Rosenberg við **Klapparstíg.**

22.00 Hreimur Örn Heimisson verður á Pósthúsinu **Vínbar** við Pósthússtræti 13.

22.00 **Eldhúspartý FM957** fer fram á Sódóma Reykjavík við Tryggagötu. Fram koma Ingó og Veðurguðirnir, Alan Jones og Í svörtum fötum. Sérstakur gestur kvöldsins er Bubbi Morthens. **Húsið verður opnað kl. 21.**

Sýningar

Davíð Örn Halldórsson sýnir málverk í Menningar- og listamiðstöðinni Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Þar stendur einnig yfir sýningin **„Úrvalið - Íslenskar ljósmyndir 1866-2009“.**

Sveinbjörg Ásgeirsdóttir hefur opnað sýninguna **„Á meðan ég svaf“** á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

Æja hefur opnað sýninguna **„Saga“** í Gallerí List við Skipholt 50A. Opið virka daga kl. 11-18 og lau. kl. 11-16.

Síðustu forvöð

Hjá Listasafni ASÍ við **Freyjugötu** lýkur á sunnudaginn sýningum Jóhönnu Helgu Þorkelsdóttur og Halldórs Ragnarssonar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-18. **Enginn aðgangseyrir.**

Markaðir

Opin vinnustofa og jólamarkaður fer fram í Hönnunarsafni Íslands að Lyngási 7-9 (efri hæð) í **Garðabæ.** Fyrir markaðnum standa Lúka Art & Design, Hring eftir hring, S. Anna Nikulásdóttir og Þórdís Jóelsdóttir.

Dagskrá

Kínó ör-kvikmyndaklúbburinn stendur fyrir dagskrá hjá Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Nánari upplýsingar á **www.listasafnreykjavikur.is.**

Upplestur

20.00 Í veitingastofu Þjóðarbókhlöðunnar við Arngrímsgötu verður boðið upp á upplestur úr nýútkomnum bókum. Fram koma Sölvi Björn Sigurðsson, Vilborg Davíðsdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Steinar Bragi, Oddný Eir Ævarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon. **Enginn aðgangseyrir.**

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.i.

Einstök kona, litríkt líf

„Frásögn Ingu Dóru af lífi Ásu Guðmundsdóttur Wright er lifandi og skemmtileg.“

Silja Bára Ómarsdóttir / eyjan.is

„... merk og sérstæð kona sem á stórbrotinn og næsta einstæðan hátt hlynnti að menningarmálum.“

Kristján Eldjárn, forseti Íslands
(úr minningargrein um Ásu)

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Inga Dóra Björnsdóttir veitir leiðsögn um sýningu á munum Ásu Guðmundsdóttur Wright á Þjóðminjasafninu sunnudaginn 13. desember kl. 14

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Frábær skemmtilestur



★ ★ ★ ★

„Þetta er ein skemmtilegasta bók sem ég minnist þess að hafa lesið um íslenskan rithöfund.“

Jón Viðar Jónsson / DV

★ ★ ★ ★ ★

„Ítarleg og skýr, falleg og frábærlega hugsuð ævi- og hugmyndasaga ofvitans úr Suðursveit ...“

Páll Baldvin Baldvinsson /Fréttablaðið

SNORRI HELGASON

FJALLABRÆÐUR

> Í SPILARANUM

Snorri Helgason - I'm gonna put my name on your door
The Go-Go Darkness - The Go-Go Darkness
Ellen Kristjánsdóttir - Draumey
Jóhann G. Jóhannsson - Á langri leið
Fjallabræður - Fjallabræður

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Fjölmennt á toppnum

Áramótin nálgast svo hver sem vettlingi getur valdið velur nú plötur ársins. Margir marktækir hafa kveðið upp sinn dóm. Amerísk indí-rokkblaðið Spin segir að Merriweather Post Pavilion með tilraunasveitinni Animal Collective sé besta plata ársins, en andlegum bróður Spin í Bretlandi, vikublaðinu NME, finnst platan Primary Colours með The Horrors best. Platan Veckatimest með Grizzly Bear er hins vegar best samkvæmt hlustendum National Public Radio í Ameríku. Breska gáfumannarokkbandið Wild Beasts er að gera það gott með sinni annarri plötu, Two Dancers. Netmiðillinn Muso's Guide segir að platan sé besta plata ársins og því mati er annar netmiðill, Gigwise, sammála.

VILLIDÝR Önnur plata breska bandsins Wild Beasts skorar víða hátt.

> Plata vikunnar

Bloodgroup - Dry Land
Stórt stökk í þróunarferli Bloodgroup. Hljóðgervla- og trommuheilaknúið rosapopp nær hér áður óþekktum hæðum á Íslandi. Önnur af tveimur bestu íslensku plötum ársins.

- Dr. Gunni

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Allt að gerast í Afríku

Það er mikil gróska í tónlist víða í Afríku og útgáfa á afrískri tónlist á Vesturlöndum hefur verið mjög öflug síðustu ár. Annars vegar er um að ræða nýjar plötur með starfandi tónlistarmönnum. Í þeim flokki hefur tónlist frá Malí verið áberandi og árið 2009 er engin undantekning hvað það varðar. Nokkrar af bestu plötum ársins koma þaðan. Fyrsta má nefna fjórðu plötu eyðimerkurgítarsveitarinnar Tinariwen, Imidiwan: Companions. Algjörlega frábær plata sem er á mörgum listum yfir bestu plötur ársins, meðal annars í fimmta sæti hjá Mojo. Af öðrum flottum Malíplötum frá 2009 má nefna nýjustu plötu Íslandsvinarins Oumou Sangare, Seya og plötuna I Speak Fula með Bassekou Kouyate & Ngoni Ba. Loks verður að geta políó-sjúklinganna og snillinganna í Staff Benda Bilili sem eru ekki frá Malí heldur Kongó, en platan þeirra Tres Tres Fort er sannkallað eyrnakonfekt.

FÖNK FRÁ BENÍN Orchestre Poly-Rythmo de Cotonou.

Hinn flokkurinn í afrísku útgáfunni er endurútgáfa á tónlist frá sjöunda og áttunda áratugnum. Á þeim tíma voru miklar hræringar víða í Afríku, nýlendurnar voru margar nýbúnar að fá sjálfstæði og mikil gerjun í menningarlífinu. Afríska tónlistin hafði áhrif á bandaríska fönkið og vestrænir straumar lituðu afrísku tónlistina. Nokkur fyrirtæki eru öflug í útgáfu á tónlist frá þessum tíma og þau eiga það sameiginlegt að vera rekin af ástríðufullum áhugamönnum sem hafa eytt stórum hluta síðustu ára með hausinn ofan í afrískum kassettu- og vínilplötukössum. Soundway-útgáfan er ein þeirra. Hún er rekin af Miles Cleret og gefur bæði út tónlist frá Suður-Ameríku og Afríku þar á meðal mikið af nígerísku fönki og highlife. Nýjasta útgáfan er Ghana Special með tónlist frá 1968-1981. Svo er það Analog Africa-útgáfan. Maðurinn á bak við hana heitir Samy Ben Redjeb. Hann hefur sérhæft sig í tónlist frá Benín undanfarið, gaf út safnplötuna Legends of Benin í mars og plötu með Orchestre Poly-Rythmo de Cotonou fyrir skemmstu. Frábær hljómsveit sem byrjaði sem skemmtisveit fyrir börn, en þróaðist út í eina af mögnuðustu afró-beat, fönk og voodoo-sveitum síns tíma. Upplýsingar og tóndæmi eru á http://analogafrica.blogspot.com/

Þokast nær og nær FM95,7

Easy Music for Difficult People er þriðja stúdíóplata Kimono. Lögin voru að mestu spiluð beint inn. Meðlimirnir – Alex MacNeil, Gylfi Blöndal og Kjartan Bragi Bjarnason – kíktu á Dr. Gunna.

MEÐFERÐARMÚSÍK Kimono. Alex, Kjartan og Gylfi – stjörnur framtíðarinnar á FM95,7! FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sé hlustað á glimrandi gott gítarrokkið á nýju plötu Kimono finnst manni það minna á eitthvað, en maður kemur bara ekki alveg fingri á hvað það er. Það er lítil hjálp í strákunum.

„Við hlustum á mjög mismunandi tónlist svo ég veit eiginlega ekki hvaðan músíkin okkar kemur," segir Gylfa. „Ég hef verið að hlusta á Lynyrd Skynyrd og Fleetwood Mac."

„Ég hef verið að hlusta mikið á popp eins og Phoenix upp á síðkastið," segir trommarinn Kjartan.

„Hjá mér er það aðallega einhver seventísmúsík," segir Alex. „Krautrokk og T-Rex og stöff."

Þrír á eyðieyju

Þetta er fyrsta plata Kimono sem tríós því bassaleikarinn Dóri Halldórs er hættur.

„Hann hætti nú bara þegar við vorum á byrjunarreit með þessa plötu. Við reyndum að fá aðra bassaleikara en fundum svo út að besta leiðin væri að Gylfi færi að spila á barítón-gítar [gítar með þykkri strengjum en hefðbundinn gítar]. Þannig gátum við haldið inni samspili tveggja gítara og þurftum ekki að draga grunlausar sálir inn í hópinn," segir Alex.

„Okkur er umhugað um það hvernig sambandið er í bandinu. Svo virkar líka lýðræðið mjög vel þegar það eru bara þrír," segir Gylfi.

„Einum finnst eitt, öðrum finnst annað, og þá er það sá þriðji sem ræður," segir Kjartan. „Og það er yfirleitt ég svo þetta er mjög gott kerfi fyrir mig!"

Hvar er þessi auðvelda tónlist sem titill plötunnar vitnar í?

„Mér finnst ég alltaf vera að semja popp," segir Alex. „Ég hef oft rætt þetta við Curver og honum finnst hann alltaf vera að búa til popp líka." „Ég held við höfum alltaf viljað vera að búa til popp en samt aldrei alveg detta fram af brúninni," segir Gylfi.

„Við erum mjög meðvitaðir þegar við erum að semja. Stundum kemur eitthvað og við dæsum: Æ, þetta er nú einum of 95,7-legt. Og þá snúum við við og rétt sleppum."

En væri það ekki áskorun: Að komast á plei-listann hjá FM95,7?

„Við þokumst allavega nær og nær, eða þannig líður okkur stundum," segir Alex.

„Oft er kannski eitt hljóðfæri að spila eitthvað sem gæti gengið á 95,7 en þá bjarga hin tvö hljóðfærin málunum. Við erum eins og þrír á eyðieyju. Þegar einn okkar er að klikkast verða hinir tveir að reyna að bjarga honum!" segir Gylfi.

Fúl gamalmenni

Það eru þrjár stúdíóplötur komnar frá bandinu en það er eiginlega í sömu sporunum og þegar það byrjaði. Finnst ykkur ekki kominn tími til að setja stefnuna „hærra", eða að minnsta kosti eitthvað annað? Kimono í Eurovision?

Þessi tillaga fær fádæma lélegar viðtökur. „Okkar markmið er nú eiginlega bara að byggja upp katalók. Okkur finnst bara gaman að búa til plötur," segir Alex.

„Já, við erum ægilega sjálfmiðað band. Það sem við gerum gerum við bara fyrir okkur sjálfa," staðfestir Gylfi. „Ú je!" segir Alex.

Og er alltaf jafn gaman í æfingahúsnæðinu? Er ekki fullorðins-stöff sem þið þurfið að sinna? Konur og börn?

„Jú jú, Alex á eina tveggja ára, það er eitt á leiðinni hjá Kjartani, en ég er ófrjór. Nei grín, ég er bara ekkert að flýta mér," segir Gylfi.

„Það er lítið mál að setja til hliðar þrjá tíma nokkrum sinnum í viku fyrir eitthvað sem við höfum jafn gaman af og þessu," segir Alex.

„Maður finnur fyrir því þegar við æfum ekki í einhvern tíma. Maður verður fúll og leiðinlegur. Konurnar hvetja okkur þá eiginlega bara til að fara að æfa aftur," segir Kjartan.

„Þetta er meðferðarmúsík fyrir fúl gamalmenni!" segir Alex og hinir kinka glottandi kolli.

Kimonostrákarnir ætla að geyma útgáfugigg fram yfir áramót, en það má sjá þetta þétta og skemmtilega rokkband á Paddy's í Keflavík nú á föstudagskvöldið og svo á Sódómu á laugardagskvöldið.

Milljón mismunandi manns

Platan Milljón mismunandi manns með tónlistarmanninum Steve Sampling verður fáanleg á Gogoyoko frá og með morgundeginum. Platan er metnaðarfullur rappópus sem fjallar um dag í lífi ónefnds aðila, eiginlega fyrsta íslenska „concept"-platan. Steve fékk íslenska rapplandsliðið – menn eins og Didda Fel, Mezzias MC, Dabba T og Steinar Fjeldsted – til að semja texta og flytja á íslensku á plötunni. Planið er svo að koma verkinu út á CD og vínylplötu eftir kannski einn, tvo mánuði.

Upphaflega stóð til að platan yrði höfð frítt á síðunni Coxbutter.com en frá því var horfið. Sú síða er hins vegar glæsileg veita fyrir íslenskt gæðarapp og þar liggja ókeypis plötur í hrönnum. Þar á meðal eru plöturnar Lögmál hafsins með hinum dularfulla Vald Wegan, Ljósvaki EP með Ljósvaka og Of góður dagur til að borga reikninga með 7berg.

- drg

STEVE SAMPLING Gefur út metnaðarfullan rappópus.

Desember í Múrbúðinni

MÚRBÚÐARVERÐ

Borvél með 132 fylgihlutum
2.495kr.

Verkfærasett 33 stk.
1.495kr.

Jólatré með ljósum 47cm
2.495kr.

Skrúfvél 3,6 v
4.900kr.

Kuldagalli grár
9.900kr.

Bor-/skrúfvél 2 rafhl. 2Ah,18v
9.900kr.

Jólastjarna með ljósi 60 cm
1.995kr.

Skrall skrúfjárn með bitum og toppum 60 stk.
3.900kr.

Startkapplasett
1.295kr.

Snjóþota með bremsum
2.295kr.

Batterísborvél m. höggi
2 rafhl. 18v
5.900kr.

Lóðboltasett
2.995kr.

Halogen veggljós
2.995kr.

Alvöru bílþvottakústur
3.495kr.

Barna verkfærasett
4.995kr.

Listmálarasett
1.695kr.

Topplyklasett 33 hlutir
4.900kr.

1200W stein- og flísasög
3.900kr.

Skólasett
1.395kr.

Verkfærakista úr járni m. hjólum
3.295kr.

Slípirokkur 230mm 2200W
4.900kr.

Útilegusett úr stáli
4.900kr.

Vasaljós
245kr.

Topplyklasett 3/8' 36 stk.
7.900kr.

Tangasett
295kr.

Digital MP3 spilari með útvarpi
7.900kr.

Tvö stækkunargler
245kr.

Bílskúrshurðaopnari með tvem fjarstýringum
18.900kr.

Bílasett
9.900kr.

Rafmagnskapall 25 m
2.995kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

***Reykjavík** Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

> SANDLER OG ANISTON

Adam Sandler verður seint sakaður um leti og nú heyrast fréttir þess efnis að hann sé að leggja drög að gamanmynd með Jennifer Aniston. Samkvæmt fyrstu fregnum eiga Sandler og Aniston að ganga í hjónaband til að gabba hið opinbera.

bíó

bio@frettabladid.is

Framhaldsmyndir gera sig líklegar

Aðdáendur kvikmynda frá draumaverksmiðjunni í Hollywood eru fyrir löngu orðnir vanir því að endurvinnsla er lykilorð hjá stóru kvikmyndaverunum. Ef eitthvað skilar peningum aftur í kassann er gullkálfinum síður en svo slátrað heldur er hann alinn á öllu því besta þar til hann springur úr ofáti. Ef svo má að orði komast.

Væntanlega þarf því ekki að koma neinum á óvart að í undirbúningi skuli vera Spider Man 4. Sú þriðja olli reyndar töluverðum vonbrigðum hjá gagnrýnendum en aðsóknin var prýðileg. Og til þess er horft í Hollywood. Samkvæmt fréttum vestanhafs standa nú yfir viðræður við John Malkovich um að hann leiki vonda karlinn Vulture. Slíkt væri mikill happafengur fyrir myndaflokkinn því fáir eru jafn góðir að leika illmenni og Malkovich. Þá er víst einnig orðrómur á kreiki um að Anne Hathaway leiki Feliciu Hardy en samkvæmt myndasögubókunum breytist hún í Svörtu læðuna. Sannarlega spennandi.

Hin framhaldsmyndin sem nú er sögð vera í bígerð kemur hins vegar ögn meira á óvart, því samkvæmt Los Angeles Times er Josh Brolin nú orðaður við Men in Black 3. Mynd númer tvö var afleit en nú á að horfa aftur til fyrstu myndarinnar og gera alvöru geimveruhasargrín. Will Smith er að sjálfsögðu í aðalhlutverkinu en vonandi fær Brolin að njóta sín eftir stórkostlega frammistöðu í No Country for Old Men, W. og American Gangster.

Í FRAMHALDSMYNDIRNAR John Malkovich og **Josh Brolin** eru að íhuga tilboð um að leika í framhaldsmyndum.

Wood talar fyrir dansandi mörgæs

Leikstjóri Happy Feet, vinsælu teiknimyndarinnar um hina dansandi mörgæs Mumble, er að undirbúa kvikmynd númer tvö. En ekki hvað. Myndin sló í gegn beggja vegna Atlantshafsins. Kvikmyndavefur Empire greindi síðan frá því í gær að samningar hefðu tekist við bæði Elijah Wood og Robin Williams um að þeir endurtækju radd-rullur sínar. Wood talaði fyrir Mumble en Williams fór, að sjálfsögðu, á kostum sem Ramon.

Hollywood Reporter var fyrst með fréttirnar en þar kemur ekki fram hver söguþráðurinn verður. Hins vegar er vitað að þeir Wood og Williams verða í Ástralíu einhvern tímann snemma á næsta ári til að taka upp raddirnar sínar ef einhver skyldi hafa áhuga á því.

TALAR FYRIR MÖRGÆS Elijah Wood tala fyrir mörgæsina Mumble í Happy Feet 2.

Gamlir snúa aftur

Allt útlit er fyrir að fleiri gamlir vinir úr Hringadróttinssögu-bálkinum snúi aftur í kvikmyndinni Hobbitanum sem byggð er á samnefndri bók J.R.R. Tolkien. Peter Jackson upplýsti í samtali við MTV-sjónvarpsstöðina nýverið að viðræður stæðu yfir við Hugo Weaving og Cate Blanchett um að bregða sér aftur í hlutverk álfakóngsins Elrond og álfadrottningarinnar Galadriel.

Eins og flestir ættu að vita er Hobbitinn forleikurinn að Hringadrottinssögu. Guillermo del Toro leikstýrir en Jackson sér um framleiðslu og kemur að handritsgerðinni. Þegar hefur verið greint frá því að Ian McKellen ætli að endurtaka leik sinn sem Gandálfur og að Andy Serkis verði enn og aftur Gollrir. Samkvæmt imdb.com er ráðgert að myndin verði frumsýnd 2011.

SPENNANDI Peter Jackson hefur upplýst að gamlir vinir úr Hringadrottinssögu gætu snúið aftur í The Hobbit.

Meistari gamanleiksins

Bandaríski leikarinn Robin Williams hefur á undanförnum þremur áratugum heillað áhorfendur með einstökum leik. Honum hefur tekist það sem fáir grínistar hafa getað leikið eftir: að sameina dramatík og húmor í eina sæng.

Williams leikur aðalhlutverkið í Disney-kvikmyndinni Old Dogs á móti John Travolta sem frumsýnd verður í kvikmyndahúsum borgarinnar um helgina. Williams fær nú sennilega enga Óskarstilnefningu fyrir leik sinn eða húrrahróp frá gagnrýnendum enda þykir Old Dogs ekkert sérstaklega merkilegur pappír ef marka má dóma á kvikmyndavefsíðunni imdb.com. Myndin fjallar um tvo viðskiptafélaga sem óvænt þurfa að taka að sér tvíbura með ófyrirséðum afleiðingum.

Robin Williams er eiginlega Íslendingavinur. Því hann styrkir íslenska leikarann Þorvald Davíð Kristjánsson til náms í Julliardháskólanum í New York. Þar lærði Williams fræði sín ásamt Ofurmenninu Christopher Reeve. Þeir tveir héldu ákaflega traustri og góðri vináttu allt til dauðadags Reeves. Ferill Williams hófst fyrir alvöru í sjónvarpsþáttunum Happy Days. Sagan segir að framleiðandi þáttanna, Garry Marshall, hafi beðið Williams um að setjast niður enda hafði hann verið á iði alla áheyrendaprufuna. Williams stóð á haus ofan á stólnum og Marshall réð hann á staðnum. „Hann var eina geimveran sem mætti í inntökuprófið," sagði Marshall seinna meir um þessa stund með Williams.

Ferillinn á hvíta tjaldinu hófst með titilhlutverkinu í Stjána bláa en hann vakti fyrst athygli fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni The World According to Garp sem byggð er á samnefndri skáldsögu Johns Irving. Williams fékk þó ekki Óskarstilnefningu eins og meðleikarar hans, John Lithgow og Glenn Close, og þurfti að bíða í fimm ár eftir henni. Williams sló þá í gegn með stórkostlegri frammistöðu í Good Morning Vietnam. Túlkun hans á útvarpsmanninum Adrian Cronauer var stórfengleg og þar sýndi Williams hvers hann er megnugur, að ná því í nánast einni og sömu tökunni að fá áhorfendur til að veltast um af hlátri en um leið fyllast samúð og samkennd. Williams er nefnilega ekkert síður góður þegar hann tekur að sér dramatísk hlutverk í kvikmyndum á borð við Fisher King og Good Will Hunting en þegar hann bregður sér í hlutverk trúðsins.

Einkalíf Williams hefur síður en svo verið dans á rósum, hann er tvíkvæntur og glímdi við kókaínfíkn á níunda áratug síðustu aldar. „Kókaín er leið Guðs til að segja þér að þú sért að græða of mikið af peningum," sagði Williams eitt sinn. Hann skráði sig í meðferð við misnotkun áfengis fyrir þremur árum og hefur haldið sér frá flöskunni síðan þá.

fgg@frettabladid.is

EINN AF ÞEIM BESTU

Samkvæmt Entertainment Weekly er **Williams** einn af 25 fyndnustu leikurum allra tíma. Hæfileikar hans eru þó ekkert síðri á dramatíska sviðinu þar sem ferill hans hefur náð hæstu hæðum. **Þorvaldur Davíð Kristjánsson** er einn af þeim sem hafa notið góðs af rómaðri góðmennsku leikarans en Williams styrkir íslenska leikarann til náms í Julliard-skólanum í New York.

GAMLAR OG GÓÐAR WILLIAMS-MYNDIR

The World According To Garp (1982)
Good Morning Vietnam (1987)
Dead Poets Society (1989)
The Fisher King (1991)
Aladdin (1992)

Alvörurokk og hryllingur

Hún er fjölbreytt flóran sem ratar í kvikmyndahús borgarinnar um þessa helgina. Fyrst ber að nefna heimildarmyndina Anvil sem fjallar um samnefnda rokkhljómsveit frá Kanada. Þrátt fyrir að hún hafi haft áhrif á hljómsveitir á borð við Metallicu, Slayer og Anthrax þá hefur henni sjálfri aldrei tekist að slá almennilega í gegn. Heimildarmyndin fjallar um síðustu tilraun þeirra til að „meikaða" í Evrópu.

Næst ber að nefna The Bad Lieutenant: Port of Call – New Orleans. Myndin er sögð vera endurgerð frægrar kvikmyndar Abels Ferrara, The Bad Lieutenant, þar sem Harvey Keitel fór á kostum í hlutverki The Lieutenant. Að þessu sinni er það Nicholas Cage sem leikur gjörspilltan lögreglumann í New Orleans en hann lendir í mikilli klemmu þegar hann verður uppvís að því að stela kókaíni á morðstað. Með önnur hlutverk fara þau Eva Mendes og Val Kilmer en myndin fær prýðilega dóma á imdb.com. Leikstjóri er hinn sérvitri Werner Herzog.

Þriðja myndin sem verður frumsýnd heitir Sorority Row. Söguþráðurinn er kunnuglegur: hópur háskólastelpna ákveður að reyna að fela dauða einnar úr systrafélaginu þeirra eftir að ósmekklegur hrekkur misheppnast. Þegar dularfull morð hefjast ári seinna uppgötva stelpurnar að morðinginn veit hvað þær gerðu. Rumer Willis, dóttir Bruce Willis og Demi Moore, leikur aðalhlutverkið í myndinni.

Síðast ber að nefna að sjötta myndin í Saw-flokknum verður frumsýnd um helgina.

SPILLTUR Nicholas Cage og **Eva Mendes** leika í kvikmyndinni The Bad Lieutenant: Port of Call – New Orleans.

VINSÆLUSTU
ÆVISÖGURNAR

„Verulega góð ævisaga.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

★ ★ ★ ★

„... björt saga með djúpum og dimmum sorgarköflum ... með hreinskilni um ósigra og skýrri boðun um erindi og árangur mætrar konu.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Handbækur, fræðibækur, ævisögur 09.12.2009

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



★ ★ ★ ★ ½

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

„... sannkallað meistaraverk ... textinn er þéttur og knappur, afar læsilegur og skrifaður af þroskaðri snilld.“

Össur Skarphéðinsson / DV

„... stórvirki ... verð að fá að taka ofan ... Ég efa ekki að ævisögu Snorra verður tekið fagnandi.“

Einar Kárason / Morgunblaðið

> LÆKNIRINN ÁBYRGUR

Bræður **Michaels heitins Jackson** eru sannfærðir um að læknir poppstjörnunnar eigi sök á því hvernig andlát Jacksons bar að. Þetta kemur fram í viðtali við þá í spjallþætti Larry King sem sýndur er á CNN. Þeir segjast sannfærðir um að dr. Conrad Murray sé sekur.

fólk

folk@frettabl

Bolvíkingur með klúrið jólalag

„Það er óþarfi að syngja alltaf í kringum grautinn. Af hverju ekki að fara bara beint þar sem hann er heitastur?“ segir bolvíski trúbadorinn Einar Örn Konráðsson. Hann hefur sent frá sér lagið Jólatól sem er heldur klúrt og fjallar um jólasvein sem er langt frá því að vera hreinn sveinn. „Þetta er gamalt lag frá mér sem hét áður hringvöðvalagið. Ég samdi bara nýjan jólatexta ofan í það og var enga stund að því. Ég tók þetta upp á rúmlega klukkustund heima hjá mér, notaði hringluna hjá syni mínum og henti þessu inn,“ segir Einar Örn, sem setti lagið rakleiðis inn á Youtube- og Facebook-síðurnar.

Ástarvikan hefur verið haldin í Bolungarvík í ágúst undanfarin ár við góðar undirtektir. Þrátt fyrir að hafa gefið út þetta klúra jólalag vill Einar ekki meina að allir Bolvíkingar séu með kynlíf á heilanum. „Ég held ég skeri mig svolítið úr varðandi það opinberlega. Ég held að hinir haldi sig bara út af fyrir sig inni í herbergi. Þetta liggur svolítið létt fyrir mér að semja einhverja kúk- og pissbrandara inn í textana.“

EINAR ÖRN KONRÁÐSSON Einar hefur sent frá sér jólalagið Jólatól sem fjallar um jólasvein sem er langt frá því að vera hreinn sveinn.

Einar stundar nám í Keflavík um þessar mundir en fer alltaf vestur um páskana og spilar fyrir heimamenn í Kjallaranum. Hann hefur verið trúbador í rúm tíu ár og gefið út eina plötu, Lognið á undan storminum. Einnig vann hann trúbadorakeppni Suðurnesja fyrir nokkrum árum. En er hann alltaf svona klúr? „Ég er svona tvískiptur. Annars vegar er ég þessi klúri Einar Örn en síðan er alveg hinn póllinn á móti. Þessi dúnmjúki Einar sem er alveg með ballöðurnar á kristaltæru.“ - fb

BÆTT FJÖLSKYLDULÍF Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir hannaði sérstakt fjölskyludagatal. Hér er hún ásamt börnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Varð til af einskærri nauðsyn

„Hugmyndin varð eiginlega til af einskærri nauðsyn. Ég er með fimm manna heimili, maðurinn minn er lögreglumaður og vinnur vaktavinnu og starfar einnig sem körfuboltadómari. Svo á ég tvo syni sem æfa fótbolta og fimleika og nú nýlega bættist þriðja barnið við. Mér fannst orðið alltof erfitt að fylgjast með hverjir voru hvar og hvenær og ákvað að gera dagatal til að hjálpa mér við skipulagið,“ útskýrir Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir sem hannaði Fjölskyldudagatalið. Dagatalið er sérstakt fyrir þær sakir að sex reitir eru við hvern dag ársins sem þýðir að hægt er að færa inn stundaskrá allra fjölskyldumeðlima daglega.

Upphaflega ætlaði Kolbrún Ösp aðeins að gera eitt dagatal til að létta sjálfri sér lífið en þegar hún varð vör við áhuga fólks á dagatalinu ákvað hún að láta prenta fleiri. „Ég var í fæðingarorlofi á þessum tíma og skráði mig í fjarnám í grafískri miðlun á meðan svo ég gæti hannað útlit dagatalsins sjálf. Svo lét ég Odda prenta þetta út fyrir mig og gorma.“

Þegar Kolbrún Ösp er innt eftir því hvort fjölskyldulífið gangi betur fyrir sig núna segir hún svo vera. „Jú, fjölskyldulífið gengur mun betur. Það er minna um árekstra og við mætum öll á réttum tíma þangað sem við eigum að mæta,“ segir hún og hlær.

Hægt er að nálgast Fjölskyldudagatalið í gegnum vefsíðuna idagsinsonn.is auk þess sem hægt er að kaupa það í verslunninni A4. Hluti af ágóða sölunnar rennur til Fjölskylduhjálpar Íslands. - sm

Gefur út bók og heldur tvær ljósmyndasýningar

Ljósmyndarinn Fiann Paul er pólskur að uppruna, en hefur starfað úti um allan heim. Hann er án efa þekktastur hér á landi fyrir portrettmyndir sínar af börnum sem voru á horni Lækjargötu og Austurstrætis fyrr á árinu, en fyrsta bók hans, Goðsögnin, er nýútkomin og á fimmtudag opnuðu tvær sýningar á ljósmyndum hans í Ráðhúsi Reykjavíkur og Norræna húsinu.

FJÖLHÆFUR Fiann Paul ljósmyndari, 29 ára, er arkitekt og leikskólakennari að mennt, en hann hefur einnig kennt bardagalist og leikið í kvikmyndum. Hann gefur nú út sína fyrstu bók, Goðsögnina, og heldur tvær ljósmyndasýningar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég á alltaf í erfiðleikum með að segja hvaðan ég er, en ég kenni mig aðallega við Norður-Atlantshafið, Ísland og Grænland,“ segir Fiann Paul. Fiann, sem er 29 ára gamall, er menntaður arkitekt og leikskólakennari, en sneri sér að leiklist og ljósmyndun eftir dvöl sína í Himalajafjöllunum þar sem hann kenndi meðal annars bardagalist. „Ég starfaði fyrir lögregluna á stað sem kallast Litla-Tíbet og kenndi bardagalist. Áður en ég fór þangað keypti ég mína fyrstu filmumyndavél og það var byrjunin á ljósmyndaferlinum,“ útskýrir hann og segist meðal annars hafa fengið innblástur frá því fólki sem þangað kom í trúarlegum tilgangi.

Fiann eyddi alls þremur árum í Himalajafjöllunum, en áður starfaði hann meðal annars með börnum í Mexíkó og Afríku með hjálparsamtökunum Chiparamba. Hann er án efa þekktastur hér á landi fyrir portrettmyndir sínar af börnum sem voru á horni Lækjargötu og Austurstrætis fyrr á þessu ári, en fyrsta bók hans, Goðsögnin, er nýútkomin og í vikunni opnuðu tvær sýningar á ljósmyndum hans í Ráðhúsi Reykjavíkur og Norræna húsinu með myndum úr bókinni og frá Grænlandi. „Ég sé sjálfur um alla stíliseringu og sit stundum sjálfur fyrir sem karakter á myndunum mínum,“ segir Fiann, en í bókinni sameinast ævintýralegar ljósmyndir úr íslensku landslagi og þroskasaga sem vísar bæði inn á við og aftur í norræna goðafræði. „Bókin er í ævintýrastíl og myndirnar eru ef til vill áhrifameiri en textinn, en sagan fjallar um manneskju sem reynir að ná settum markmiðum og láta drauma sína rætast,“ útskýrir hann.

Bókin kemur einnig út á ensku undir nafninu Legend, en íslensk þýðing er í höndum Þorgríms Þráinssonar. Meðfram ljósmyndauninni hefur Fiann einnig reynt fyrir sér í kvikmyndaleik. „Ég lék í mynd í Los Angeles sem er nokkurs konar hryllingsmynd og heitir The Beginning of the End. Hún er ekki komin út ennþá svo ég get ekki sagt hvort ég sé stoltur af henni, en ég leik einnig í víkingamynd sem verður tekin upp á landamærum Póllands og Þýskalands á næsta ári og ég er mjög spenntur fyrir henni. Sjálfan langar mig að færa mig út í kvikmyndagerð og einbeita mér að fantasíumyndum sem yrðu teknar upp á Íslandi og Grænlandi,“ segir Fiann, en áhugasömum er bent á heimasíðu hans fiannpaul.com. alma@frettabladid.is

Geitabóndi býður í smakk

Í versluninni Búrinu við Nóatún, verður gestum boðið upp á að smakka fyrsta íslenska geitamjólkurísinn í dag.

Það er Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, geitabóndi á Háafelli í Borgarbyggð, en hún hefur verið með geitur í ein tuttugu ár og segir þær skemmtileg dýr. „Mig hafði langað í geitur frá því að ég man eftir mér þannig að það fyrsta sem ég gerði þegar ég tók við búi var að fá mér geitur. Þetta eru yndisleg dýr, þær eru mjög spakar og miklir félagar manns, en þær eiga það til að vera pöróttar og fara ekki alltaf eftir þínu höfði,“ útskýrir Jóhanna og bætir við að ólíkt því sem margir halda þá eru geitur í raun skyldari dádýrum og kúm heldur en kindum.

Jóhanna segir íslenska geitastofninn líklega hreinasta geitastofn í Evrópu og það sem gerir íslensku geitina sérstaka er að í mjólkina vantar það prótín sem veldur oftast mjólkuróþoli hjá mönnum og því henti hún vel fyrir þá sem glíma við mjólkuróþol.

GEITABÓNDI Jóhanna B. Þorvaldsdóttir geitabóndi býður fólki upp á að smakka geitamjólkurís í Búrinu á fimmtudaginn.

Jóhanna er með hundrað og fjörutíu geitur á býlinu og segir mikla vinnu fylgja þeim. „Ég er sú eina sem mjólka þær reglulega og vinn úr afurðunum og stundum eru dagarnir einum of stuttir fyrir öll þau verk sem þarf að vinna. Ég mjólka í ís- og ostagerð og svo seljum við auðvitað kjötið líka,“ segir Jóhanna og bætir við að eftirspurnin eftir kjöti hafi aukist til muna undanfarið. „Ég er búin að selja næstum allt kjöt sem ég átti en ég held ég eigi nóg eftir í eina sparimáltíð handa mér og fjölskyldu minni,“ segir hún og hlær.

Ísinn sem verður til sölu í Búrinu er framleiddur af Holtsels Hnossi og segir Jóhanna að ísinn sé með eindæmum góður. Einnig er verið að vinna að geitapaté sem verður að öllum líkindum einnig til í versluninni. Jóhanna verður viðstödd í Búrinu í dag á milli klukkan 15.00 og 18.00 þar sem hún leyfir viðskiptavinum að smakka vörurnar. - sm

Gleði hjá Borginni

Útgáfugleði hljómplötuútgáfunnar Borgarinnar verður haldin á Nasa í kvöld. Frá því í ágúst hafa alls níu plötur komið út á vegum útgáfunnar við góðar undirtektir. Í kvöld koma fram Hjaltalín, Megas & Senuþjófarnir, Hjálmar, Baggalútur, Sigríður Thorlacius & Heiðurspiltar, Snorri Helgason og Berndsen. Aðgangseyrir verður 1.000 krónur en fyrir 2.000 krónur fæst aðgangur að tónleikunum og ein af plötum Borgarinnar. Allur hagnaður rennur til Fjölskylduhjálpar Íslands og hefur Borgin sett sér það markmið að gefa að lágmarki 500.000 krónur, jafnvel þótt heildarhagnaðurinn verði minni. Borgin leitar einnig eftir fyrirtæki sem er tilbúið að jafna

MEGAS Megas & Senuþjófarnir stíga fyrstir á svið á Nasa í kvöld, klukkan 21.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þá upphæð. Skorar útgáfan á öll fyrirtæki í landinu að sýna hug sinn í verki.

Jólatónleikar Sniglabandsins

Þótt fólk tengi Sniglabandið jólunum vegna Jólahjólsins er það þó ekki fyrr en núna sem fyrsta jólaplata bandsins kemur út. Jól meiri jól heitir hún og verður kynnt á jólatónleikum í Salnum í Kópavogi í kvöld og á Græna hattinum á Akureyri á föstudagskvöldið.

„Nokkur laganna verða flutt af einhverjum persónum, ýmist þjóðkunnum persónum, persónum sem við vissum ekki að væru til en könnumst samt við eða jafnvel persónum sem við vildum að væru til en eru sennilega ekki til. Ég er ekki að tala um jólasveinana, þeir eru til," segir Skúli Gautason, mjög leyndardómsfullur.

„Þessi plata fer í ýmsar áttar, meðal annars til eyjunnar grænu, Írlands. Það er smá Pogues-fílingur í sumum lögunum," segir Friðþjófur „Diddi" Sigurðsson. „Það heyrist að platan er gerð af karlmönnum, en hún er vitanlega fyrir alla. Það er svolítið fyllirí á plötunni. Menn að vakna eftir hádegi á aðfangadag og koma sér í gírinn."

KARLAJÓL Það er smá fyllirí á jólaplötu Sniglabandsins.
MYND/TRATTI

Áreiðanlegar heimildir herma að Stefán muni syngja Jólahjólið í réttri tóntegund á tónleikunum. Nema það verði Andrés önd. **- drg**

Leikkonan Uma Thurman er hætt með unnusta sínum, Arpad Busson.

Hætt með unnustanum

Leikkonan Uma Thurman er hætt með unnusta sínum, milljarðamæringnum Arpad Busson. „Sambandi þeirra lauk fyrir næstum tveimur mánuðum. Þau eru enn þá vinir," sagði heimildarmaður. Uma og Arpad byrjuðu saman sumarið 2007 og trúlofuðust ári síðar. Svo virðist sem þau hafi hætt saman vegna heiftarlegs rifrildis um peninga. Uma á tvö börn með fyrrverandi eiginmanni sínum, leikaranum Ethan Hawke. Hún var einnig gift leikaranum Gary Oldman. Á meðal þekktustu mynda Umu eru Kill Bill-myndir Quentins Tarantino.

Gerir heimildarmynd á Indlandi

BÆTIR RÁÐ SITT Lindsay Lohan er sögð vilja bæta ráð sitt með því að láta gott af sér leiða og segja skilið við partístandið í LA.

Lindsay Lohan er nú á leiðinni til Indlands. Samkvæmt heimildum fjölmiðla vestanhafs vill leikkonan bæta ráð sitt eftir stanslaust partístand í Los Angeles undanfarið, en tilgangurinn með Indlandsferðinni er að taka upp heimildarmynd með BBC um mansal þar í landi.

Leikkonan, sem er 23 ára, verður á Indlandi til 12. desember, en þegar hún kemur aftur til Los Angeles mun hún hafa skipulagt heimsókn á spítala þar sem hún ætlar að gefa veikum börnum leikföng. „Ég hef gengið í gegnum margt í mínu lífi og myndi gjarnan vilja stofna mín eigin góðgerðasamtök," segir leikkonan. Það er þó aðeins eitt af mörgu sem hún vill áorka á komandi árum því Lohan segist vilja skrifa handrit, framleiða kvikmyndir, þætti og myndbönd, hanna föt, búa til tónlist og skrifa bækur, svo eitthvað sé nefnt.

ÚRVALS TÓNLIST OG DVD
Á FRÁBÆRUM AFSLÆTTI

25% afsláttur
2.950 kr.
verð áður 3.950 kr.

25% afsláttur
2.950 kr.
verð áður 3.950 kr.

29% afsláttur
3.990 kr.
verð áður 5.590 kr.

17% afsláttur
2.490 kr.
verð áður 2.990 kr.

Anna Mjöll
Shadow of your smile

21% afsláttur
2.690 kr.
verð áður 3.390 kr.

Stefán Hilmarsson
Húm

31% afsláttur
1.990 kr.
verð áður 2.890 kr.

Karneval dýranna
Sögumaður: Örn Árnason

29% afsláttur
1.480 kr.
verð áður 1.990 kr.

KK og Ellen
Jólin eru að koma

27% afsláttur
1.380 kr.
verð áður 1.890 kr.

Guðrún Gunnars
Cornelis Vreeswijk

28% afsláttur
1.680 kr.
verð áður 2.325 kr.

Hjálmar
IV

22% afsláttur
1.990 kr.
verð áður 2.550 kr.

Eivör
Live

26% afsláttur
1.990 kr.
verð áður 3.190 kr.

Söngvaseiður
Tónlistin úr sýningu Borgarleikhússins

29% afsláttur
1.680 kr.
verð áður 2.365 kr.

Magnús Eiríksson
Reyndu aftur

24% afsláttur
1.880 kr.
verð áður 2.490 kr.

Jóhann G
Á langri leið

28% afsláttur
1.850 kr.
verð áður 2.580 kr.

Friðrik Ómar og Jógvan
Vinalög

38% afsláttur
1.990 kr.
verð áður 3.190 kr.

Sigurður Flosason
Það sem hverfur

28% afsláttur
1.680 kr.
verð áður 2.325 kr.

Tilboðin gilda til og með 14.des eða á meðan birgðir endast

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

BOKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Eleanor Jackson úr La Roux kom fram á tónleikunum, en hún hefur vakið athygli fyrir sérstæðan stíl.

Shakira klæddist stuttum kjól og háum stígvélum.

Miley Cyrus söng Party in the USA á 02 Arena við góðar undirtektir.

Ne-Yo kom fram á Jingle bell ball í London um helgina.

Þær Amelle og Heidi úr Sugababes komu fram á 02 Arena með nýjum meðlim sveitarinnar, Jade Ewen.

Stjörnurnar í jólastuði í London

Fjöldi heimsþekktra tónlistarmanna kom fram á hinu árlega Jingle Bell Ball á 02 Arena í London um helgina. Tónleikarnir marka upphaf jólahátíðarinnar hjá mörgum Lundúnabúanum og rennur hluti af ágóða af miðasölu í að aðstoða börn sem minna mega sín í borginni. Meðal þeirra sem komu fram voru Lady Gaga, The Sugababes, La Roux, Ne-Yo, Shakira og Janet Jackson.

Tvíburasysturnar í The Veronicas komu fram á Jingle bell ball.

Ungstirnið Pixie Lott söng við góðar undirtektir tónleikagesta.

Músíkalskt par

Tímaritið OK! hefur greint frá því að söngkonan Jessica Simpson og Billy Corgan, forsprakki hljómsveitarinnar Smashing Pumpkins, séu mögulega að draga sig saman. Þetta ólíklega par á að hafa dregið sig saman í veislu í byrjun nóvember og samkvæmt vinum Simpson er hún afskaplega hrifin af Corgan. „Hún féll gjörsamlega fyrir Billy og áhyggjulausu viðhorfi hans gagnvart lífinu. Hún hefur gefið í skyn að hún vilji fara með sambandið á næsta stig. Við höfum þó áhyggjur af því að hún sé að leita að ástinni á röngum stöðum. En hún er fullorðin kona og getur tekið eigin ákvarðanir.“

ÓLÍKLEGT PAR Billy Corgan, forsprakki Smashing Pumpkins, og Jessica Simpson.

Tónlist ★★★

Belafonte

Belafonte

Sérlundað popp

Belafonte er söngkonan Sara Marti Guðmundsdóttir sem var með Jóhanni Jóhannssyni og Pétri Hallgrímssyni í LHOOQ og lagasmiðurinn Styrmir Sigurðsson, sem hefur aðallega unnið við kvikmyndagerð síðustu ár. Þessi fyrsta plata þeirra er búin að vera nokkur ár í smíðum. Tónlistina á henni mætti kalla skemmtilega sérlundað popp. Lagasmíðarnar eru undir áhrifum frá sígildum dægurlögum frá síðustu öld, stundum nokkuð djassskotnar. Hljóðfæraleikurinn samanstendur af hefðbundnum hljóðfærum – bassa, gítar, trommum og hljómborðum sem blandast ýmsum rafgjörningum og hljóðeffektum Styrmis sem oft skapa skemmtilegar andstæður við poppaðar lagasmíðarnar og kraftmikinn og öruggan söng Söru.

Það er frísklegur og svalur blær yfir þessari plötu. Sara sýnir að hún er fín söngkona, lögin eru góð og þessar tilraunakenndu hljóðskreytingar setja oft mjög skemmtilegan blæ á tónlistina. Það eina sem mér finnst ekki alveg nógu gott á plötunni er hljóðið. Það kemur ágætlega út ef maður lætur hana malla í tölvunni, en ef maður setur hana í alvöru græjur vantar svolítið meiri dýpt í hljóminn; það er of mikil hátíðni og ekki nógur botn.
Á heildina litið er Belafonte samt mjög áhugaverð og skemmtileg poppplata frá sveit sem vonandi er bara rétt að byrja.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Frískleg og fersk plata sem blandar saman sígildu poppi og tilraunakenndum hljóðheimi.

Mesta úrvalið
af snyrtivöru*

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

TILBOÐ
3.899kr

Christina Aguilera By Night gjafakassi
Eau de Parfum 15 ml, body lotion 50 ml og sturtugel 50 ml.

TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Markwins förðunarkassar
margar tegundir

TILBOÐ
5.999kr
~~6.899~~

Clarins gjafakassi fyrir dömur
HydraQuench rakakrem, serum og rakamaski.

TILBOÐ
5.799kr
~~6.799~~

Blue Lagoon - fyrir líkamann
algae & mineral body lotion og shower gel 200 ml.

TILBOÐ
3.499kr
~~4.499~~

Sothys gjafakassi fyrir dömur
andlitskrem, andlitshreinsir og naglaþjöl.

TILBOÐ
4.999kr
~~5.999~~

Diesel FFL gjafakassi fyrir herra
Eau de Toilette 30 ml, balm 50 ml og sturtusápa 50 ml.

TILBOÐ
8.399kr
~~9.399~~

Hugo Boss Element gjafakassi fyrir herra
Eau de Toilette 60 ml, balm 50 ml og sturtusápa 50 ml.

Gildir til 13. desember á meðan birgðir endast
Mesta úrvalið í Smáralind, Kringlunni og Holtagörðum.
Minna úrval í öðrum verslunum.

* Samkv. könnun Capacents júní 2009

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

Rólega Ellen er ofvirk

„Það verður allt lagt í sölurnar og ég er með svo ótrúlega flott band með mér. Þarna eru Pétur Ben, Ómar og Óskar Guðjónssynir, Magnús Tryggvason Elíassen, Eyþór Gunnarsson og Þorsteinn Einarsson (í Hjálmum), sem tekur ótrúlega flott slide-gítarsóló á diskinum. Dætur mínar verða líka og Elín Ey ætlar að spila á undan. Ég tek öll lögin á diskinum og nokkur lög eftir Magga Eiríks líka.“

Þetta segir Ellen Kristjánsdóttir um útgáfutónleika sína fyrir plötuna Draumey sem fara fram í Fríkirkjunni í kvöld. Draumey er að stórum hluta unnin með Pétri Ben og er í hugljúfum og rólyndislegum dúr. Hvernig stendur eiginlega á öllum þessum rólegheitum hjá Ellen?

„Það er nú það!? Ég er allavega ekki neitt sérstaklega róleg sjálf. Eiginlega bara hrikalega ofvirk og með athyglisbrest! Núna er ég komin með svo margar hugmyndir að ég á erfitt með að einbeita mér að þessu verkefni.“

Þannig að við erum kannski að tala um brjálaða teknóplötu næst?

„Það er draumurinn. Ég er ekki að djóka! Kannski fæ ég son minn 12 ára til að gera hann með mér.

Í FRÍKIRKJUNNI Í KVÖLD Ellen er í skýjunum yfir hljómsveitinni sem spilar með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nei, ég segi svona. En mér þykir ofsalega gaman líka að syngja kraftmikil lög, blús og soul til dæmis.“

Þannig að það er síðasti séns að sjá rólegu Ellen í kvöld?

„Ha, ha, ha, já ætli það ekki bara. Ætli næsta plata heiti ekki bara Ellen hleypur um.“ **- drg**

Hörð jólalagakeppni á Rás 2

Í síðasta mánuði var blásið til hinnar árlegu Jólalagakeppni Rásar 2. Þetta er í sjöunda sinn sem keppnin er haldin og bárust tæplega 80 lög að þessu sinni. Keppnin hefur notið mikilla vinsælda, en í fyrra sigraði Greta Salóme Stefánsdóttir með lagið Betlehem.

„Það kennir ýmissa grasa og í úrslitum í ár eru stór og hátíðleg jólalög, lítil og sæt jólalög og allt þar á milli. Flytjendur eru allt frá hinum þriggja ára gamla Hróari Hrólfssyni til stórstjörnunnar Björgvins Halldórssonar,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, betur þekktur sem Óli Palli á Rás 2. Dómnefnd á vegum stöðvarinnar hefur nú valið tíu lög úr bunkanum og hlustendur sjá svo um að kjósa vinningslagið, en hægt er að hlusta á lögin og kjósa á heimasíðu Popplands, ruv.is/poppland. Lögin tíu munu hljóma á Rás 2 til miðvikudagsins 16. desember, en þá verður tilkynnt um sigurvegara í Jólalagakeppninni. Verðlaunin eru ekki af verri endanum, en sigurvegarinn fær rúm frá Rekkjunni og 100.000 króna gjafabréf í Krónunni. **- ag**

FJÖLBREYTT KEPPNI „Flytjendur eru allt frá hinum þriggja ára gamla Hróari Hrólfssyni til stórstjörnunnar Björgvins Halldórssonar,“ segir Óli Palli.

DREYMIR UM BÍLFERÐIR ÚT Á LAND Þrándur Þórarinsson á vinnustofu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

TREYSTI MÉR Í ALLT Á SJÁLFSKIPTUM

Þrándur Þórarinsson hefur vakið mikla athygli síðustu misserin fyrir kraftmikil olíumálverk í gamaldags stíl. Hann heldur nú þriðju einkasýninguna sína á Hverfisgötu 18a (áður 101 gallerí). Sýningin stendur fram á Þorláksmessu.

Þrándur, sem er þrítugur, tók bílpróf í fyrra og ætlaði að láta gamlan draum rætast, ferðast um landið og mála merkisstaði og landslag eins og gömlu meistararnir. Draumurinn endaði þó þar sem hann hófst, á vinnustofunni í miðbæ Reykjavíkur, þar sem hann málaði tólf olíumálverk upp úr Áföngum, kvæði Jóns Helgasonar frá 1939.

„Það var bara einhver skortur af framtakssemi að ég tók ekki prófið fyrr,“ segir Þrándur. „Yngri systir mín tók það um síðustu jól og mér fannst ég ekki geta verið minni maður. Það var tími til kominn. Stóra hugmyndin með prófinu var að loksins gæti ég ferðast um landið og málað landslagið. Ég á ekki bíl og er frekar óöruggur í akstrinum. Ég er alltaf dauðstressaður þegar ég sest undir stýri. Mér líst reyndar betur á sjálfskipta bíla. Prófaði þannig um daginn og það gekk þrusuvel. Það var eiginlega í fyrsta skipti sem ég ók eitthvað á hraðbrautunum í bænum. Ég hef forðast þær eins og heitan eldinn. En ég treysti mér í hvað sem er á sjálfskiptum.“

Myndir Þrándar geta verið drungalegar og ógnvekjandi. Hann hefur málað mynd af Grýlu að narta í óþægan krakka. „Áfangar er frekar myrkt kvæði svo myndirnar eru eftir því, en það verður ekki sett neitt aldursbann á sýninguna. Það ætti enginn að míga í sig við að sjá þessar myndir. Fyrir utan myndirnar upp úr Áföngum verður eitt og annað til sýnis. Ein myndin er til dæmis um manntalið 1703 og önnur um Tyrkjaránið.“

Og Þrándur er með draumaverkefnið á hreinu. „Það væri draumur í dós að fá að mála altaristöflu í kirkju úti á landi svo ég komist einhvern tímann út úr bænum. Þá gæti maður mælt sig við hliðina á fyrirmyndunum, öllum þessum gömlu körlum,“ segir listamaðurinn. **drgunni@frettabladid.is**

LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA Jólatónleikarnir til styrktar Fjölskylduhjálp fara fram í Víðistaðakirkju í kvöld og hefjast klukkan 20. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Syngja til styrktar Fjölskylduhjálp

„Ég fer reglulega með barnaföt og leikföng upp í Fjölskylduhjálp og hef bara séð raðirnar lengjast,“ segir Soffía Karlsdóttir söngkona. Hún stendur ásamt hópi fólks fyrir jólatónleikum til styrktar Fjölskylduhjálp í kvöld. Tónleikarnir fara fram í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og hefjast klukkan 20.

„Þegar ég fór upp í Fjölskylduhjálp í byrjun nóvember náði röðin út á götu. Fólk er að ganga þangað langar leiðir með börnin sín, kerrur og poka og það er orðið hálf óraunverulegt að sjá þetta. Þá hringdi ég í Guðrúnu Árnýju systur mína og spurði hvort við gætum ekki gert eitthvað og við höfðum samband við þessar æðislegu stelpur,“ segir Soffía. Söngkonurnar sem koma fram á tónleikunum ásamt þeim systrum eru Dísella, Esther Jökulsdóttir, Guðbjörg Magnúsdóttir og Margrét Árnadóttir. Um undirleik sjá þeir Óskar Þormarsson, Vignir Þór Stefánsson, Ólafur Þór Kristjánsson og Pétur Valgarð Pétursson. „Allir vilja hafa þetta ofsalega flott og við erum búnar að æfa vel. Það er mikill metnaður fyrir því að hafa þetta flotta tónleika og eftirminnilega stund. Það voru allir boðnir og búnir að leggja sína vinnu í þetta og við fengum meira að segja allt niður í posann gefins,“ útskýrir hún.

Miðasala verður við inngangginn og rennur allur ágóði óskiptur til Fjölskylduhjálpar. „Fólk hefur verið að spyrja hvort það sé ekki forsala eða hvort hægt sé að panta miða, þannig að við eigum von á góðri mætingu,“ segir Soffía. **- ag**

N1 Deildin
2009 - 2010
KARLAR
Fimmtudagur
Höllin AKUREYRI - HAUKAR 19:00
Digranes HK - GRÓTTA 19:30

Bætir hag stúdenta í Evrópu

Sölvi Kárason, nemandi við Háskóla Íslands, hefur verið kjörinn annar fulltrúi Student Union Development Committee, nefndar sem vinnur að því að hlúa að og byggja upp stúdentafélög í löndum innan Evrópu. Nefndin hefur meðal annars verið að aðstoða stúdentafélög í Úkraínu og Bosníu við að bæta hag stúdenta þar.

Sölvi hefur verið viðloðandi stúdentapólitík síðastliðin tvö ár og er félagsmaður í Röskvu, samtökum félagshyggjufólks við Háskóla Íslands. Auk þess að sinna stúdentapólitíkinni stundar hann meistaranám í þróunarfræði við háskólann. „Ástæðan fyrir því að ég gekk upphaflega til liðs við Röskvu var sú að mig langaði að hjálpa til í baráttunni fyrir bættum hag stúdenta. Þótt við höfum það mjög gott á Íslandi miðað við víða annars staðar þá er alltaf eitthvað sem mætti bæta,“ útskýrir Sölvi. Hann segir þó stefnuna ekki tekna á landspólitíkina að námi loknu. „Ég veit ekki hvað mig langar að verða þegar ég er orðinn stór en ég sé ekki fyrir mér að fara í áframhaldandi pólitík. Stúdentapólitík er hagsmunabarátta sem mér finnst eiga lítið skylt við landspólitík.“

Heilmikil vinna fylgir því að sitja í stjórn SUDC og tekur Sölvi sæti í nefndinni í janúar og mun sinna því starfi næsta árið. Inntur eftir því hvort hann telji nefndarstarfið mikilvægt starf svarar Sölvi því játandi. „Þetta er tvímælalaust mikilvægt starf. Öll stúdentapólitík á að ganga út á það að efla rödd stúdenta og nefndarstarfið hjálpar stúdentum að öðlast þessar rödd.“ **- sm**

HUGSJÓNAMAÐUR Sölvi Karlsson var kjörinn annar fulltrúi Student Union Development Committee. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við erum á facebook

Allir Facebook vinir okkar fara í jólalukkupott. Við drögum daglega um vinninga út alla aðventuna. Viltu vera vinur okkar? Við viljum vera vinur þinn.

www.facebook.com/byggt.og.buid

Jólabúðin þín

NÝTT KORTATÍMABIL

byggtogbúið

Skreytum, bökum, eldum, borðum, pökkum, gefum og njótum jólanna

TOPP 10

JÓLAGJAFIRNAR

1. Soda Stream Jet
2. iRobot Ryksuguvélmenni 555
3. Eva Solo Kaffibrygger
4. Íslenska pönnukökupannan
5. Bodum Pressukanna 8 bolla
6. Mebus Veðurstöð
7. iPod Docka
8. Wassermaxx sódavatnstæki
9. Fartölvupúði
10. Kitchen Aid Jólatilboð

MAGNAÐ helgartilboð

Fimmtudagur til Sunnudags

CHEF POTTUR + PANNA
Tvennutilboð

Verð áður 14.980 kr.
Tilboð 7.490 kr. **50%**
Þú sparar 7.490 kr.

ALIAS ORÐALEIKJASPILIÐ



Tilboð 5.490 kr. **22%**
Þú sparar 1.500 kr.

REYKSKYNJARI

Tilboð 999 kr. **50%**

KJÖTHITAMÆLIR

Tilboð 749 kr. **50%**
Þú sparar 750 kr.

TRISTAR CRÈME BRÛLÉE SETT

25%
Tilboð 4.490 kr.
Þú sparar 1.500kr.

SIEMENS KAFFIKERFI
Gerir allt nema drekka kaffið.

Verð áður 99.900 kr.
Tilboð 84.900 kr.
Þú sparar 15.000 kr.

STRATOS HNÍFAPARASETT
Fyrir 8 manns borðandi 6 rétta máltíð + 11 fylgihlutir.

Tilboð 14.997 kr. **40%**
Þú sparar 10.000 kr.

KITCHEN AID BLANDARI
HVÍTUR. 500W, glerkanna, 5 hraðastillilngar.

Verð áður 37.900 kr.
Tilboð 32.900 kr.
Þú sparar 5.000 kr.

TRISTAR STÁL SALT OG PIPARKVARNIR RAFKNÚNAR

Tilboð 4.792 kr. **20%**
Þú sparar 1.198 kr.

ÖÐRUVÍSI vörur



FJÖLNOTA RYKSUGUPOKI
Byltingarkennd nýjung, passar í flestar ryksugur, sparaðu.

Verð 1.499 kr.

DRYKKJULEIKUR
Ómissandi í partýjum.

Verð 3.497 kr.

TVÖFALT KLEINUJÁRN
Sker út bæði hliðar og gat, eitt handtak.

Verð 4.478 kr.

VEKJARKLUKKA CLOCKY Á HJÓLUM
Þetta er endanlega lausn fyrir svefnPURKUR, gerir ótrúlegustu hluti.

Verð 3.999 kr.

ALLIR HÁRBLÁSARAR

20%

ALLAR OLÍULUKTIR

50%

ALLIR BRAUÐRISTAR

20%

TÉKKLISTI

- MIKILVÆGAR JÓLAVÖRUR

- ☐ Aðventuljósaperur
- ☐ Sogskálar
- ☐ Grenilengjur
- ☐ Fjöltengi
- ☐ Kökukefli
- ☐ Piparkökumót
- ☐ Kjöthitamælar
- ☐ Seríufestingar
- ☐ Reykskynjarar
- ☐ Hnetubrjótar
- ☐ Laufabrauðsjárn
- ☐ Límbönd
- ☐ Jólapappír
- ☐ Litaðar ljósaperur
- ☐ Girni
- ☐ Merkimiðar
- ☐ Gaskveikjari
- ☐ Dragbönd
- ☐ Krókar
- ☐ Kjöttvinni

byggtogbúið
KRINGLUNNI

Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

www.facebook.com/byggt.og.buid

Frægustu framhjáhöldin

Fréttir um framhjáhald hins heimfræga kylfings Tiger Woods hafa ratað á forsíður fjölda dagblaða undanfarnar vikur. Fréttirnar vöktu nokkra undrun meðal manna því hingað til hefur ímynd Woods verið nánast fullkomin. Kylfingurinn er þó ekki sá fyrsti frægi sem hefur stigið slíkt feilspor og rifjar Fréttablaðið upp nokkur fræg slík mál.

FRÆGASTA HLIÐARSPORIÐ

Brad Pitt var giftur leikkonunni Jennifer Aniston þegar hann lék á móti Angelinu Jolie í Mr. and Mrs. Smith. Orðrómur um ástarsamband Pitts og Jolie á að hafa bundið enda á hjónaband hans og Aniston. Stuttu síðar tóku Jolie og Pitt saman. Hann hefur ávallt neitað þessum orðrómi en í nýlegu blaðaviðtali lét Jolie þau orð falla að hún leyfi börnum þeirra að horfa á umrædda kvikmynd því þar hafi foreldrar þeirra orðið ástfangnir.

KÆRÐUR

Körfuboltakappinn **Kobe Bryant** hélt framhjá konu sinni með nítján ára gamalli stúlku sem kærði hann í kjölfarið fyrir kynferðislegt ofbeldi. Bryant viðurkenndi hliðarspor sitt en neitaði öllum ásökunum um að hafa beitt stúlkuna ofbeldi og keypti demantshring til að bæta eiginkonu sinni skaðann.

GÓMAÐUR

Breski leikarinn **Hugh Grant** var gómaður með bandarískri vændiskonu árið 1995. Hann var þá í sambandi með fyrirsætunni Elizabeth Hurley. Málið vakti mikla athygli á sínum tíma en endaði þó ekki með skilnaði þeirra Hurley og Grants því þau héldu sambandi sínu áfram í nokkur ár.

Á BAK VIÐ TJÖLDIN

David Letterman ákvað að viðurkenna framhjáhald sitt í spjallþætti sínum í haust. Þar sat hann og sagði áhorfendum frá því að hann hefði átt í tygjum við samstarfskonu sína í nokkur ár á meðan salurinn hló þvingað að bröndurum spjallþáttakonungsins. Framhjáhaldið kom mörgum á óvart, enda hafði Letterman verið með sömu konunni í mörg ár. Kona Lettermans til margra ára rak hann á dyr en þau eru sögð vera að vinna í sínum málum.

ÓTRÚ HVORT ÖÐRU

Jude Law hélt framhjá kærustu sinni, leikkonunni **Siennu Miller**, með barnfóstrunni. Parið hafði þá verið saman í tvö ár og batt framhjáhaldið enda á samband þeirra. Stuttu síðar tók Miller aftur við Law en sambandið entist stutt og þau ákváðu að fara hvort sína leið. Þrátt fyrir að hafa upplifað sorgina á bak við slík svik lét Miller það ekki stöðva sig í því að taka saman við hinn gifta leikara Balthazar Getty, en hann yfirgaf konu sína og börn til að eyða tíma með Miller.

EKKERT UNGLAMB

Ronnie Wood, meðlimur hljómsveitarinnar Rolling Stones, hafði verið giftur Jo Wood í 24 ár þegar hann batt enda á hjónabandið eftir að hafa hlaupist á brott með hinni nítján ára gömlu Ekaterinu. Þau hættu saman fyrr í vikunni eftir að Wood réðst á stúlkuna úti á götu og var handtekinn í kjölfarið.



Sígild húsgögn
sófar og hornsófar í miklu úrvali

Tilboðsverð kr.389.000.-
Vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1

Rokokkóstóll
með slitsterku áklæði

Tilboðsverð kr. 39.000.-

Tilboðsverð kr. 53.000.-

Tilboðsverð kr. 29.000.-

Kommóða 5 skúffur
Breidd:76 cm - Dýpt:36 cm
Hæð 86 cm

Náttborð/kommóða
Breidd:50 cm - Dýpt:30 cm
Hæð 74 cm

25%
afsl. af öllum vörum í verslunni til áramóta
Ath. verð í augl. eru með afslætti

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-16

www.valhusgogn.is

50 vill dúett með Boyle

Rapparinn 50 Cent hefur lýst því yfir að hann vilji syngja dúett með Britain's Got Talent-stjörnunni Susan Boyle. Samvinna rapparans og Boyle myndi eflaust teljast frekar ólíkleg, en eins og fram hefur komið hefur Boyle slegið sölumet með fyrstu breiðskífu sinni I Dreamed a Dream.

Í viðtali við fjölmiðla vestanhafs segist 50 Cent ólmur vilja samstarf. „Susan Boyle er heit akkúrat núna. Ég þarf að fá hana til að taka upp lag með mér, við myndum gera hittara. Það eru allir að tala um hana og hún er með magnaða rödd. Saman myndum við fá fólk til að dansa. Ég er alltaf að leitast eftir að gera eitthvað nýtt og hún er svöl," útskýrir rapparinn og segist einnig vilja bjóða Boyle út á lífið.

„Ég myndi elska að bjóða henni á næturklúbba og gefa henni innsýn í minn heim. Hún myndi skemmta sér konunglega," segir 50 Cent.

VILL GERA DÚETT Rapparinn 50 Cent vill ólmur gera dúett með Susan Boyle og bjóða henni út á lífið.

Tónlist ★★★★

Snorri Helgason

I'm Gonna Put My Name On Your Door

Fyrirtaks frumraun

Snorri Helgason hefur sannað það með Sprengjuhöllinni að hann er fyrirtaks lagasmiður sem fer létt með að hrista fram úr erminni grípandi lög. Á fyrstu sólóplötu sinni fetar hann gamalgrónar þjóðlaga- og blússlóðir með áhugaverðum árangri. Þetta er heldur lágstemmdari tónlist en Sprengjuhöllin er þekkt fyrir en alls ekkert síðri. Lögin eru nær öll prýðisvel samin og Snorri virðist eiga alveg jafnauðvelt með að syngja hressilegt popp og angurværan sveitasöng. Annað lag plötunnar, Freeze-Out, er í fyrrnefnda flokknum en eins og farið er að tíðkast töluvert nú til dags heyrðist það í sjónvarpsauglýsingu áður en það fór að hljóma að ráði á öldum ljósvakans. Queen Street er á svipuðum slóðum og minnir stundum á hina ágætu írsku sveit The Thrills. Kassagítarinn er plokkaður skemmtilega í She's a Meadow og hið fallega Misery er í sannkölluðum Beach Boys-anda. Snorri sannar á I'm Gonna Put My Name On Your Door að hann er einn af okkar hæfileikaríkustu tónlistarmönnum. Flott frumraun.

Freyr Bjarnason

Niðurstaða: Snorri er einn af okkar hæfileikaríkustu tónlistarmönnum. Flott frumraun.

ZO·ON
ICELAND

Við erum í jólaskapi!

Í dag 10. desember er ZO-ON verslunin í Kringlunni í jólaskapi.

Birgitta Haukdal og Magni troða upp, syngja vel valin jólalög fyrir framan verslunina kl: 16:30.

Af þessu tilefni verður 10% afsláttur af ZO-ON fatnaði í versluninni okkar.

Þeir sem líta við fá flottan ZO-ON bol á meðan birgðir endast.

ZO·ON ICELAND

Kringlunni - www.zo-on.is

Óttasleginn Tiger

Samkvæmt tímaritinu The National Enquirer óttast Tiger Woods að einhver af hjákonum hans muni brátt upplýsa heiminn um það að hann hafi feðrað barn. Auk þess á hann að vera mjög óttasleginn um að upptökur af ástarleikjum hans leki á netið. Jafnframt eigi fleiri konur eftir að koma fram og viðurkenna samband sitt við Tiger.

Rachel Uchitel, fyrsta hjákonan sem komst upp um, verður á forsíðu næsta heftis OK!. Þar tjáir hún sig um það hversu erfitt það er að vera ein hataðasta kona Bandaríkjanna um þessar mundir.

ÓTTASLEGINN Tiger Woods óttast að kynlífsmyndband með honum muni leka á netið.

Tobey ruglað saman við Jake

Leikarinn Toby Maguire segist gefa eiginhandaráritanir með nöfnum annarra leikara. Að hans sögn gerist það nokkuð oft að fólk ruglist á honum og Jake Gyllenhaal og þegar það gerist leiki hann með. „Fólk er stanslaust að ruglast á mér og öðrum leikurum, það er klikkað. Sumir rugla mér og Jake Gyllenhaal saman og vilja ræða frammistöðu mína í kvikmyndinni Brokeback Mountain. Aðrir halda að ég sé Elijah Wood. Þegar fólk kemur til mín og hrósar mér fyrir leik í myndum sem ég lék ekki í, þá kvitta ég bara með nafni þess leikara og þakka þeim fyrir hrósið.“

Maguire segist vera mikill fjölskyldumaður og telur mikilvægt að gefa sér tíma með konu sinni og börnum. „Ég held ég sé með ágæta hugmynd um hversu svalur ég er, ég er ekki að reyna að vera stjarna. Mikilvægast er að mér líði vel sem manneskju. Í forgangi hjá mér er að eyða tíma með konu minni og börnum. En ég elska það sem ég geri, þannig að það skiptir mig einnig miklu máli.“

LÍKIR LEIKARAR Margir rugla saman leikurunum Toby Maguire og Jake Gyllenhaal. Þeir leika einmitt bræður í nýrri mynd.

Nýtt tónlistarblað lítur dagsins ljós

Nýtt tónlistarblað, Hljómgrunnur, kemur út í fyrsta sinn með Fréttablaðinu á morgun á degi íslenskrar tónlistar. Samtök tónlistarrétthafa á Íslandi, Samtónn, standa á bak við blaðið, sem ætlunin er að komi út mánaðarlega. Ritstjóri verður Pétur Grétarsson, sem hefur haft umsjón með Íslensku tónlistarverðlaununum.

„Við höfum gert þetta í kringum stórviðburði eins og Íslensku tónlistarverðlaunin að koma út sérblaði,“ segir Pétur. „Þetta er aðallega hugsað sem minnismiði til fólks um þetta frábæra tónlistarlíf í landinu og við viljum senda það út í áþreifanlegu formi öðru hverju.“ Listi verður yfir tónlistarviðburði í blaðinu þar sem fólk getur fengið gott yfirlit yfir allt það helsta sem verður í boði þann mánuðinn.

Þessi nýi fjölmiðill verður kynntur enn frekar á fundi Samtóns á morgun. Þar verður einnig kynnt hver hlýtur Bjarkarlaufið í ár, auk þess sem nafnið á nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu verður opinberað.

Nýtt fyrirkomulag Íslensku tónlistarverðlaunanna verður sömuleiðis kynnt. Nú þurfa flytjendur ekki lengur að borga með tilnefningum sínum en á síðasta ári nam gjaldið níu þúsund krónum fyrir hverja plötu sem var send inn. Plötufyrirtækið Kimi Records ákvað af þessum sökum að sniðganga verðlaunin í byrjun ársins vegna þessa. „Þetta er miklu eldri umræða. Við höfum verið að leita leiða til að fella gjöldin niður en öll umræða hefur áhrif,“ segir Pétur. Peningurinn vegna tilnefninganna var notaður í fjármögnun fyrir verðlaunahátíðina og því stendur fjáröflun yfir hjá Pétri og samstarfsmönnum til að fá aukinn pening. „Við þurfum að finna nálægt milljón annars staðar,“ segir hann. „Þetta er mjög þungur pakki. Allt sem kostar peninga er flókið í dag.“ Tónlistarverðlaunin verða afhent í sextánda sinn í Þjóðleikhúsinu 3. mars næstkomandi. **- fb**

PÉTUR GRÉTARSSON Nýr tónlistarfjölmiðill, Hljómgrunnur, kemur út á morgun sem fylgirit Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

SÆTIR Jónas með kettlingana þrjá sem hann bjargaði úr ruslagámi á mánudag.

MYNDIR/MHH

Slökkviliðsmaður bjargaði þremur kafnandi kettlingum

Jónas Baldur var að taka bensín ásamt ungum syni sínum þegar hann heyrði mjálm frá ruslagámi. Hann kannaði málið og fann þrjá kettlinga nær dauða en lífi.

„Mér brá mjög mikið. Ég trúði þessu ekki alveg. Ég var með fjögurra ára strákinn minn með mér og það datt líka af honum andlitið,“ segir slökkviliðs- og sjúkraflutningamaðurinn Jónas Baldur Hallsson.

Héraðsfréttablaðið Dagskráin á Selfossi greinir frá því í dag að Jónas hafi fundið þrjá kettlinga í ruslagámi á Selfossi snemma á mánudagsmorgun. Hann segist í samtali Fréttablaðið hafa runnið á mjálm, sem hann trúði ekki að kæmi frá fullvaxta ketti. „Mér fannst furðulegt að það væru kettlingar úti í þessu veðri,“ segir Jónas. „Ég rann á hljóðið og fann þá í gáminum. Einn mjálmaði, en hinir voru hreyfingarlausir þangað til ég fór að nudda þá, þá kom líf í þá. Það var búið að vefja þeim inn í koddaver og setja þá í ruslapoka og binda fyrir.“

GRÁÐUGIR Kettlingarnir rífa kjaft að sögn Jónasar og biðja um meiri mjólk þegar hún er í boði.

Jónas segir að þrátt fyrir að hann sé meiri hundamaður ætli hann að halda einum kettlingnum. Hinum vonast hann til að koma fyrir á góðu heimili. Kettlingarnir verða þangað til í góðu yfirlæti hjá Jónasi og fjölskyldu hans og eru meira að segja búnir að eignast mömmu. „Systir konu minnar á læðu. Hún kom með hana í heimsókn og læðan er búin að taka þá að sér,“ segir hann. „Hún liggur hjá þeim og þrífur og sér um þá. Hún mjólkar ekki, þannig að við sjáum um það. Hún sér svo um rest. Það er snilld að horfa á þetta.“

Kettlingarnir eru við góða heilsu að sögn Jónasar og bera þess ekki merki að hafa verið komnir hálfa leið yfir móðuna miklu. „Þeir rífa bara kjaft og biðja um meiri mjólk,“ segir Jónas og hlær. „Þeir eru vel aldir hérna og það er bumba á þeim.“

-En eru þeir komnir með nöfn?

„Konan stakk upp á að þessi sem við ætlum að halda fái nafnið Belgur vegna þess að hann er svo gráðugur í mjólkina og fitnar svo rosalega í hvert skipti sem hann fær sér!“ atlifannar@frettabladid.is

GUNNAR ÞÓRÐARSON Gunnar Þórðarson og Svavar Knútur leiða saman hesta sína í Fríkirkjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Saman í Fuglabúri

Fimmtudaginn sautjánda desember mun Gunnar Þórðarson og trúbadorinn Svavar Knútur leiða saman hesta sína og flytja ásamt strengjasveit sérlega hátíðardagskrá í Fríkirkjunni. Þar gefst áhorfendum kostur á að kynnast tónlist þessara listamanna í afslöppuðu umhverfi. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröðinni Fuglabúrið sem er skipulögð í samstarfi FTT og Reykjavík Grapevine þar sem leitast er við að brúa kynslóða- og tónbil milli ólíkra listamanna. Fyrstu tónleikarnir voru í byrjun sumars með mæðgunum Bryndísi Jakobsdóttur og Ragnhildi Gísladóttur. Svo var röðin komin að Megasi og Ólöfu Arnalds og í þriðja Fuglabúrinu sem var haldið í lok sumars voru það Bubbi Morthens og Hafdís Huld sem léku listir sínar.

Miðaverð á tónleikana í Fríkirkjunni er 2.000 krónur. Kirkjan verður opnuð klukkan 20 og hefjast tónleikarnir klukkan 21. Takmarkaður miðafjöldi er í boði og fást miðar á Midi.is.

Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla

mediline+

- Hægt að breyta stífleika dýnu
- Þarf ekki að snúa
- Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
- Styður þétt við bak og mjóhrygg
- Hægt að taka dýnuver af og þvo
- Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni

mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. **121.936**
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.

Gæða rúm á góðu verði

LYSTADÚN Marco

í 60 ár

Liam **rúm** 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 188.240
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ *heilsudýna.*

Stillanlegt
Liam **rúm** 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 341.840
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.

Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði

Frábærar Jólagjafir



Unglinga heilsurúm 120x200
Margar stærðir og stífleikar
Jólatilboð verð frá kr. **94.288**

Heilsukoddar Jólatilboð kr. **8.560**
100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. **21.520**

Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla



Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. **3.825**

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16

Morðingjar í Keflavík

Annað kvöld, föstudagskvöldið 11. desember, munu þrjár af bestu tónleikasveitum Íslands heiðra íbúa Reykjanesbæjar með nærveru sinni. Hljómsveitirnar Kimono, Morðingjarnir og Bárujárn ætla þá að leika á eðalbúllunni Paddy's. Ókeypis er inn á tónleikana og hefjast þeir stundvíslega klukkan 23.30.

Allar sveitirnar sendu frá sér plötu á þessu ári. Kimono var að senda frá sér þriðju plötu sína, Easy Music for Difficult People og Morðingjarnir komu með Flóttann mikla en Bárujárn var að senda frá sér sína fyrstu þröngskífu, sem ber nafn sveitarinnar. Tónleikar

MORÐINGJARNIR Í Keflavík á morgun.

sveitarinnar eru ekki fyrir viðkvæma. Hægt er að hlusta á tónlist sveitanna á Gogoyoko og þeir sem vilja spara jólagjafainnkaupin geta keypt diskana af böndunum í Paddy's með rosalegum afslætti.

Verið inni í skápnum

Leikarinn Rupert Everett hvetur unga, samkynhneigða leikara til að halda sig inni í skápnum. Hinn fimmtugi leikari heldur því fram að það hafi eyðilagt frama hans að koma út úr skápnum því síðan þá hafi hann aðeins fengið aukahlutverk í kvikmyndum og aldrei aðalhlutverkið.

„Það er ekki ráðlegt. Þetta er aldrei auðvelt og ég mundi aldrei ráðleggja neinum leikara að koma út úr skápnum. Staðreyndin er einfaldlega sú að það gengur ekki upp að vera ungur samkynhneigður leikari sem ætlar sér að komast áfram í kvikmyndaiðnaðinum." Þrátt fyrir þessi orð segist Everett trúa því að hann sé hamingjusamari en þær stórstjörnur sem enn húka inni í skápnum af ótta við að missa vinnuna. „Ég held að ég sé líklega hamingjusamari en þeir. Ég er ekki jafn ríkur en ég get þó verið ég sjálfur."

EKKI KOMA ÚT Rupert Everett segir það hafa slæm áhrif á feril leikara komi þeir út úr skápnum.

Ákváðu að fjölga sér

Leikkonan Jennifer Garner prýðir forsíðu janúarheftis tímaritsins W og í viðtalinu ræðir hún um hjónaband sitt og leikarans Bens Affleck. „Við vorum saman í ár og svo byrjuðum við bara að fjölga okkur. Við hugsuðum með okkur „eignumst barn!" og átta dögum síðar..." sagði leikkonan um barneignir þeirra hjóna.

ÁREKSTUR Rúta hljómsveitarinnar Weezer ók út af í hálku.

Slasaðist í árekstri

Söngvari hljómsveitarinnar Weezer, Richard Cuomo, slasaðist nokkuð eftir að rúta hljómsveitarinnar rann til á hálkubletti og endaði ofan í skurði. Söngvarinn var fluttur á sjúkrahús eftir að hann hafði kvartað undan verkjum í brjósti og rifbeinum. Eiginkona hans og tveggja ára dóttir voru einnig farþegar í rútunni en sluppu báðar ómeiddar. Hljómsveitin var á leið heim til New York eftir að hafa komið fram á hljómleikum í Toronto í Kanada.

Hrifnæm kanína

Fyrrverandi Playboy-fyrirsætan og kærasta Hughs Hefner, Holly Madison, og rokkarinn Benji Madden eru nýjasta parið í Hollywood. Benji er tvíburabróðir Joels Madden, eiginmanns Nicole Richie, og miðað við að hann átti áður í sambandi við hótelerfingjann Paris Hilton er ekki að furða að hann hafi fallið fyrir Holly.

Holly viðurkenndi á Twittersíðu sinni að hún væri hrifin af rokkaranum. „Það mætti segja að ég væri að hanga með einhverjum sem ég er skotin í. Benji er einhver sem ég er skotin í... eins og er." skrifaði hún. Einnig sást til parsins fyrir stuttu á veitingastað þar sem þau létu vel að hvort öðru. „Það var greinilega eitthvað á milli þeirra. Benji hélt utan um mittið á henni og hún hékk í handleggnum á honum. Þau hlógu og döðruðu allan tímann."

SKOTIN Holly Madison viðurkennir að hún sé skotin í Benji Madden.

Besti Laddinn krýndur á föstudag

Í útvarpsþættinum Litla hafmeyjan á Rás 2 hafa Doddi litli og Andri Freyr Viðarsson staðið fyrir eftirhermukeppninni Laddinn síðustu vikurnar. Á föstudagskvöldið er komið að úrslitarimmunni sjálfri þegar Eyþór Ingi og Guðmundur Franklín takast á.

„Það kemur mér mikið á óvart hvað ég er kominn langt í þessu enda hef ég bara verið að fíflast meðal vina með þessar eftirhermur," segir Guðmundur. „Ég veit eiginlega ekki hverju er að þakka. Ég hef allavega ekki verið að safna saman fólki til að hringja inn!"

Keppnin fer þannig fram að tveir fara með Ladda-eftirhermur að eigin vali í hverjum þætti og svo ákveða hlustendur hver hefur staðið sig betur. Alls konar lið hefur reynt sig í Laddagríninu, frægir grínarar jafnt og óþekktir „menn úti í bæ" - Pétur Jóhann, Steinn Ármann, Bjarni töframaður, Sveppi, Steini sleggja, Hemmi Gunn og Ómar Ragnarsson, svo einhverjir séu nefndir.

„Ég vil þakka ömmu minni fyrir þennan árangur," segir Eyþór Ingi. Hann er ekki óvanur keppnum í fjölmiðlum og sigraði í Bandinu hans Bubba sem kunnugt er. „Amma setti Ladda-plötu á fóninn þegar ég var smábarn. Laddi er búinn að vera í uppáhaldi síðan. Þetta varð meira að segja svo slæmt að það voru keyptar teiknimyndir ef ég vissi að hann var að lesa inn á þær."

Eyþór er enn forfallinn Laddamaður og á stórt safn. Hann veit ekki alveg hvaða Ladda-gaurar munu birtast á föstudaginn. „Ég hef aldrei undirbúið mig fyrir þetta. Ég man bara eftir einhverjum karakterum og prófa þá. Ég hef fíflast með nokkra áður og veit að ég næ þeim ágætlega."

Eyþór segist ekkert stressaður fyrir keppnina – „en ég er þó skíthræddur við andstæðinginn!"

Guðmundur ber sig vel: „Eyþór er nokkuð góður, þetta verður hörkukeppni. Ég fer engar nýjar leiðir enda kann ekki góðri lukku að stýra að breyta út af vananum. Þórður húsvörður og yfirstrumpur eru þeir tveir sem mér finnst auðveldast að taka," segir hann. Guðmundur vinnur í verkstæðismóttökunni hjá Bílabúð Benna. Hann sér ekki fram á frekari afrek í skemmtanabransanum þrátt fyrir gott gengi í Laddanum. „Ég er bara að herma eftir skemmtikrafti en er nú ekki beinlínis skemmtikraftur sjálfur!"

BLÓÐUGUR LADDA-BARDAGI

Guðmundur Franklín og **Eyþór Ingi** keppa um titilinn besti Laddinn en þeir sem hafa reynt án árangurs eru allir „Strákarnir", þeir **Pétur Jóhann**, **Auddi** og **Sveppi**, **Hemmi Gunn**, **Ómar Ragnarsson**, **Steinn Ármann**, **Helgi Seljan** og útvarpsmaðurinn **Freyr Eyjólfsson**, sem stakk upp á Ladda-eftirhermukeppninni við Dodda litla og Andra Frey.

Litla hafmeyjan hefst kl. 19.30 á föstudagskvöld en úrslit Laddans um hálftíma síðar. Allar keppnir hafa verið teknar upp á myndband og er hægt að sjá afraksturinn á Youtube.com með því að leita eftir „Laddinn".

drgunni@frettabladid.is

Veröld með útgáfufagnað

Bókaforlagið Veröld hélt útgáfufagnað á Kaffi Sólon fyrir skömmu. Þar glöddust rithöfundar og fleiri valinkunnir einstaklingar yfir góðu útgáfuári núna fyrir jólin. Ekki var annað að sjá en að bæði gestir og gangandi væru í góðu stuði.

SAMAN Á SÓLON Framsóknarmaðurinn Guðni Ágústsson og veðurfræðingurinn Sigurður Ragnarsson, eða Siggi stormur, sátu á Sólon ásamt konum sínum.

BREGÐA Á LEIK Eiríkur Bergmann Einarsson, höfundur bókarinnar Frá Evróvisjón til evru, og rithöfundurinn Hallgrímur Helgason bregða á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BRYNDÍS OG SINDRI Bryndís Schram og rithöfundurinn Sindri Freysson sem gaf fyrir jólin út bókina Dóttir mæðra minna.

Óttast fimmtíu ár

Leikarinn Hugh Grant óttast mjög að verða fimmtugur 9. september á næsta ári. „50 er ekki góð tala og við lendum öll í því að hafa áhyggjur af aldrinum," segir hinn einhleypi Grant. „Mér líður stundum eins og ég hafi samið við djöfulinn um að ég megi skemmta mér núna og ráða fram úr öllu öðru síðar. Síðan kemur hann til mín og segir: „Tíminn þinn er liðinn. Ég fer með þig til helvítis og þú verður einmana gamall maður"," sagði hann.

Grant er barnlaus en segist vel geta orðið góður faðir í framtíðinni. „Ég er ekki í vafa um að ég yrði frábær faðir. Kannski ekki þegar börnin eru pínulítil heldur þegar þau eru orðin aðeins eldri. Samskipti mín við litlu frændur mína og frænkur eru góð og þess vegna hef ég engar áhyggjur af þessu."

Fer með Jackson út á land

Söngvarinn Alan Jones, sem hefur að undanförnu tekið þátt í Michael Jackson-sýningunni á Broadway, íhugar að fara einn með sýninguna út á land ásamt lagahöfundinum Örlygi Smára. Fyrst ætla þeir að prufukeyra sýninguna á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi á föstudagskvöld. „Við ætlum að sjá hvernig gengur. Við ætlum að byrja á Spot og síðan er planið að fara með sýninguna um Ísland," segir Alan, sem verður á sviðinu í um það bil hálftíma, syngjandi helstu slagara poppkóngsins. „Þetta verður mjög gaman. Ég get ekki beðið," segir hann.

Stílisti Alans og umboðsmaður, Selma Ragnarsdóttir, hefur hannað fyrir hann nýjan, rauðan latexbúning sem hann ætlar að klæðast á Spot ásamt reyndar fleiri búningum. Þannig vill hann komast sem næst hinu fræga Jacksonútliti þar sem skrautlegir búningar voru sérlega áberandi.

Alan hefur í nógu að snúast því fyrir jólin ætlar hann að senda frá sér nýtt lag sem nefnist So Strange. Honum til halds og trausts við upptökurnar eru hljóðfæraleikararnir Börkur og Daði Birgissynir. Að sjálfsögðu er lagið undir áhrifum frá Michael Jackson en einnig gætir þar áhrifa sálarkóngsins James Brown.

Síðasta Jackson-sýningin á Broadway fyrir jól verður síðan á laugardaginn. - fb

ALAN JONES Söngvarinn Alan Jones verður í rauðu latexi á Jackson-sýningunni.

SAKNAR EIGINMANNSINS Fergie er nú á tónleikaferðalagi með Black Eyed Peas og segist sakna eiginmanns síns, en þau ætla að stofna fjölskyldu þegar ferðalaginu lýkur.

Barneignir á næsta ári

Fergie segist vilja eignast barn á næsta ári. Söngkonan, sem er 34 ára, giftist Transformers-leikaranum Josh Duhamel í janúar og í viðtali við breska tímaritið Cosmopolitan segir hún þau hjón ætla að reyna að eignast barn um leið og tónleikaferðalagi hljómsveitar hennar, Black Eyed Peas, lýkur í apríl á næsta ári.

„Ég vil ljúka þessu tónleikaferðalagi áður en ég stofna fjölskyldu. Við munum aldrei upplifa þetta aftur í lífi okkar svo við þurfum að njóta þess í botn," segir Fergie. Hún viðurkennir þó að hún sakni eiginmannsins á tónleikaferðalaginu. „Þetta er búið að vera yndislegt ár, en ég sakna Josh núna. Það er mánuður síðan við sáumst síðast, en við heyrumst í síma daglega. Það hjálpar til að hann er líka í sýningarbransanum," segir hún.

HJÁLMAR Plata sveitarinnar hefur selst í yfir fimm þúsund eintökum.

Hjálmar í gullsölu

Fjórða plata Hjálma hefur selst í yfir fimm þúsund eintökum og fyrir vikið verður meðlimum sveitarinnar afhent gullplata í versluninni Havarí í dag kl. 17. Piltarnir munu einnig taka lagið til að fagna áfanganum. Fyrri plötur Hjálma hafa allar náð gullplötusölu en engin plata hennar hefur samt selst eins vel og sú nýjasta. Stefnir allt í að platan rjúfi tíu þúsund platna markið á næstunni. Gullplata Hjálma er jafnframt fyrsta gullplatan á vegum útgáfunnar Borgarinnar, sem var stofnuð fyrr á þessu ári.

Spennandi afmælistilboð á aðventunni

Frá fimmtudegi til sunnudags 10.-13. desember

20% afsláttur

VIVANI gæða sælkerasúkkulaði
- Unnið úr lífrænum kakóbaunum

15% afsláttur

Heilsuhúsið býður nú sem áður upp á hinar geysivinsælu ítölsku PANETTONE kökur sem ómissandi er hjá mörgum á aðventunni

20% afsláttur

Náttúrulegar snyrtivörur frá MÁDARA - án óæskilegra aukefna

20% afsláttur

UDO'S CHOICE 3·6·9 olíublandan
- Blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum (500 ml)

25% afsláttur

Vönduð vítamín og bætiefni frá hinum virta framleiðanda SOLARAY

20% afsláttur

AMÉ - Ljúffengur og óáfengur eðaldrykkur

25% afsláttur

Fjölbreyttar YOGI teblöndur frá öllum heimshornum

30 ára heilsuhúsið

- Laugavegi 20
- Kringlunni
- Smáratorgi
- Lágmúla 5
- Austurvegi 4, Selfossi
- Glerártorgi, Akureyri

www.ellingsen.is

VIKING-DAGAR Í ELLINGSEN

20% afsláttur af öllum Vikingvörum

VIKING SUMMIT GÖNGUSKÓR
Litur: Svartur
Stærðir: 36–47
Verð áður: 23.990 kr.

Tilboð: 18.990 kr.

VIKING TIROL GÖNGUSKÓR
Litur: Grár
Stærðir: 36–47
Verð áður: 19.990 kr.

Tilboð: 15.990 kr.

VIKING PLAY GTX KULDASKÓR, BARNA
Litir: Rauður/svartur
Stærðir: 20–30
Verð áður: 12.990 kr.

Tilboð: 9.990 kr.

VIKING TRYSIL GTX KULDASKÓR, BARNA
Litir: Rauður/svartur
Stærðir: 28–39
Verð áður: 14.990 kr.

Tilboð: 11.990 kr.

Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen

Ellingsen
FULLT HÚS JÓLAGJAFA

REYKJAVÍK Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mán.–fös. 10–18, lau. 10–18, sun. 12–16
AKUREYRI Tryggvabr. 1–3 • Sími 460 3630 • Opið mán.–fös. 8–18, lau. 10–18, sun. 12–16

PÍFUR OG MEIRI PÍFUR Tjullpilsin hressir upp á þennan klassíska jakka.

HERRAMAÐUR Herralínan er einnig látlaus en falleg og minnir mikið á gamla tíma.

FLOTTUR Í TAUINU Þessi herramaður gæti verið á leið í veiðiferð.

JÓLAKJÓLL Fágaður, rauður kjóll sem væri fullkominn í jólaboðið.

Endurlit til liðinna tíma

Augljóst er hvaðan innblásturinn er sóttur í vetrarlínu tískuhússins Moschino. Litapallettan var einföld; bláir, rauðir og svartir litir voru áberandi. Snið kjólanna virtist einfalt en smáatriði, líkt og fallegur útsaumur, rykkingar og pífur gera flíkurnar einstakar. Innblásturinn er sóttur til fyrri tíma, bæði í kvenlínunni og karlalínunni. - sm

EINSTÖK KÁPA Smáatriðin gera þessa annars einföldu kápu sérstaka. Grái liturinn er látlaus og fallegur.

RAUÐHETTA Fallega rauð kápa sem þessi lýsir upp skammdegið.

Prjónaflík á prjónaflík ofan

Missoni-tískuhúsið er fjölskyldufyrirtæki sem hefur sérhæft sig í prjónaflíkum og í vetrarlínunni er ekki brugðið frá þeirri hefð. Litapallettan er ljós og einkennist helst af bleiku, gylltu og ljósbláum litum. Flíkurnar eru nothæfar og líklega fáir sem mundu fúlsa við stórum og þykkum treflum sem þessum í kuldanum í vetur. Karlalínan einkennist af þykkum prjónapeysum og fallegum ullarbuxum, sem eru ekki síður notalegar en fyrrnefndir treflar. - sm

KARLALÍNAN var hlýleg engu síður en kvenlínan. Hér má sjá fyrirsætu í fallegri prjónapeysu.

FALLEG OG HLÝ loðhetta frá missoni-tískuhúsinu.

LEGGINGSBUXURNAR, kjóllinn, yfirhöfnin og trefillinn eru öll úr prjónaefni.

JÓLABÆKURNAR Á LÆGRA VERÐI Í LÁGMÚLA

25%
afsláttur af vinsælustu jólabókunum alla daga til jóla

Verð: 5.690 kr.
Tilboð: 4.267 kr.

Verð: 5.690 kr.
Tilboð: 4.267 kr.

Verð: 5.490 kr.
Tilboð: 4.117 kr.

Verð: 5.490 kr.
Tilboð: 4.117 kr.

Verð: 5.480 kr.
Tilboð: 4.110 kr.



Verð: 5.490 kr.
Tilboð: 4.117 kr.

Verð: 5.690 kr.
Tilboð: 4.267 kr.



Verð: 5.480 kr.
Tilboð: 4.110 kr.

Verð: 6.990 kr.
Tilboð: 5.242 kr.

Þú verslar vinsælustu bækurnar þegar þér hentar, á lægra verði

10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is

nettó
ódýrt fyrir heimilið!



TÝNDA TÁKNIÐ
40%
AFSLÁTTUR

3.288kr áður 5.480kr



MÁTTURINN Í NÚINU
35%
AFSLÁTTUR

1.879kr áður 2.890kr

3.692kr áður 5.680 kr

GÓÐI ELSKHUGINN
35%
AFSLÁTTUR

3.953kr áður 6.480 kr

MYND AF RAGNARI SMÁRA
39%
AFSLÁTTUR



1.879kr áður 2.890 kr

AFL HUGANS
EKKERT LEYNDARMÁL
35%
AFSLÁTTUR

3.585kr áður 5.690 kr



ÚTKALL
VIÐ LÁTRABJARG
37%
AFSLÁTTUR

3.890kr áður 4.890 kr

KARL BERNTSEN
Sýnikennsla í förðun á DVD ásamt 40 síðna fræðsluhefti með leyndarmálum förðunar-meistarans.

HEILSUBÆLIÐ
2.495KR

LATIBÆR
JÓLASVEINNINN
999KR

FOUR CHRISTMASES
2.398KR

MY SISTERS KEEPER
2.398KR

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

3.894kr
áður 6.490kr

UMSÁTRIÐ
40%
AFSLÁTTUR



4.219kr
áður 6.490kr

FRANSÍ BISKVÍ
35%
AFSLÁTTUR

SÁ Á SKJÖLD HVÍTAN
VIÐTALSBÓK VIÐ JÓN BÖÐVARSSON
40%
AFSLÁTTUR

3.692kr
áður 5.680kr

HARMUR ENGLANNA
35%
AFSLÁTTUR



4.219kr
áður 6.490 kr

HJARTSLÁTTUR
35%
AFSLÁTTUR

3.237kr
áður 4.980 kr

HVAR ERTU NÚ
35%
AFSLÁTTUR

3.699kr
áður 5.690 kr

HORFÐU Á MIG
35%
AFSLÁTTUR



3.594kr
áður 5.990 kr

ÆVISAGA MAGNÚSAR EIRÍKSSONAR
40%
AFSLÁTTUR

2.392kr
áður 3.680 kr

REIMLEIKAR
ÍSLENSKAR DRAUGASÖGUR
35%
AFSLÁTTUR

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 10. - 13. desember eða meðan birgðir endast

já
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

NINJA ASSASSIN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
NINJA ASSASSIN	kl. 8 - 10:10	VIP
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40	12
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 5:20	VIP
A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 5:50 (3D) Ótextuð	7
A CHRISTMAS CAROL M/ Ísl. Tali	kl. 5:50	7
A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 8 - 10:10	7
PANDORUM	kl. 8	7
LAW ABIDING CITIZEN	kl. 8	16
COUPLES RETREAT	kl. 5:50	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

NINJA ASSASSIN	kl. 8 - 10:40	16
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 6 - 8 - 9 - 10:10	12
A CHRISTMAS CAROL M/ Ísl. Tali	kl. 5:50 (3D)	7
A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 5:50 (3D) Ótextuð	7

SAMBÍÓIN AKUREYRI

THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON	kl. 8	12
NINJA ASSASSIN	kl. 8	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

JULIE AND JULIA	kl. 5.20 - 8 - 10.35	L
ARTÚR 2	kl. 4 - 6	L
THE BOX	kl. 5.30 - t8 - 10.30	16
LOVE HAPPENS	kl. 8	L
2012	kl. 4.45 - 8 - 10.30	10
2012 LÚXUS	kl. 4.45 - 8	10

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

WHATEVER WORKS	kl. 5.50 - 8 - 10.10	7
A SERIOUS MAN	kl. 5.40 - 10	12
2012	kl. 5.45 - 9	10
DESEMBER	kl. 6 - 8	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR	16

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

2012	kl. 8	10
THE BOX	kl. 8 - 10.10	16
LOVE HAPPENS	kl. 6	L
9	kl. 6	7

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

JULIE AND JULIA	kl. 5.20 - 8 - 10.35	L
PARANORMAL ACTIVITY	kl. 8 - 10	16
2012	kl. 6 - 9.15	10
ZOMBIELAND	kl. 6	16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR	16

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

EXTRACT	kl. 6, 8 og 10	12
ARTHÚR 2 - Íslenskt tal	kl. 6	L
COCO BEFORE CHANEL	kl. 8 og 10.10	L
2012	kl. 7 og 10.10	10

Torrini í Ástralíu um áramótin

Það er hægt að segja að Emilíana Torrini sé nú funheit báðum megin á jarðarkringlunni. Búið er að bæta við þriðju tónleikum hennar í Háskólabíói 21. febrúar en hratt seldist upp á tónleikana hinn 19. og hinn 20. Síðast þegar spurðist voru enn nokkrir miðar eftir á síðustu tónleikana.

Emilíana hefur verið á miklu tónleikaferðalagi og heldur því áfram fram eftir næsta ári. Hún mun eyða áramótunum í Ástralíu þar sem hún er mjög vinsæl. Hún spilar á Falls-hátíðinni dagana 30. og 31. desember, en hún er

EMILÍANA TORRINI Eyðir áramótunum í Ástralíu.

haldin á tveimur stöðum, í Lorne og Marion Bay. Bæði alþjóðlegar stjörnur eins og Yeah Yeah Yeahs og Moby, og heimamenn eins og Wolfmother og Hilltop Hoods, koma fram með Emilíönu á þessari hátíð.

Svo heldur ferðalag Emilíönu áfram 2. janúar með tónleikum í Melbourne. Þá taka við gigg í Sydney, Brisbane og Busselton. Frá Ástralíu er stefnan tekin á Japan og svo taka við tónlistarhátíðir í Dortmund og Prag í janúar svo eitthvað sé nefnt. Emilíana og hennar fólk verður því gjörsamlega spilað þegar það kemur hingað og getur líklega spilað prógrammið sofandi standandi á haus.

ROTTERDAM OG PLATA Óttarr Proppé og Sigurjón í HAM. Auk þeirra eru Flosi Þorgeirsson, Sigurður Björn Blöndal og Arnar Geir Ómarsson í bandinu. Jóhann Jóhannsson er svo utanáliggjandi meðlimur.

MEISTARAVERK HAM Í PÍPUNUM

„Goðsagnakennt“ er lýsingarorð sem alltof oft heyrist og er jafnvel slengt á alls konar hundómerkilegt dót. En eigi einhver hljómsveit inni fyrir þessu lýsingarorði er það að sjálfsögðu hin goðsagnakennda hljómsveit HAM.

Þessar magnþrungnu risaeðlur hafa skriðið úr greni sínu sirka einu sinni á ári síðustu árin til að spila gamla slagara fyrir stjarfa hjörð aðdáenda. Nú hillir loksins undir „alvöru“ HAM-plötu með nýju efni. „Já, ég myndi segja að nú sé klassísk HAM-plata að verða til. Það hlýtur bara að vera miðað við hvað við höfum verið kreatífir,“ segir Sigurjón Kjartansson. „Þetta verður fyrsta alvöru HAM-platan síðan Buffalo Virgin kom út fyrir tuttugu árum. Við getum kannski kallað Dauður hestur heilsteypt verk þó að það sé samansafn. Svo eru þetta bara læfplötur.“

HAM spilar tvö gigg í ár. Bandið var á Eistnaflugi í sumar og spilar á rokkhátíðinni Reykjavík to Rotterdam í Hollandi 18. desember næstkomandi. „Þetta er stórmerkilegt gigg með einhverjum öðrum íslenskum hljómsveitum sem ég veit ekkert hverjar eru (UMTBS, Benny Crespo's Gang,

Mugison og Bloodgroup - innskot höfundar),“ segir Sigurjón. „Ég fylgist lítið með músík og hef lítið gaman af músík nema minni eigin. Við ætluðum að taka Berlín í leiðinni en það varð að fresta því. Berlínarbúar hafa ekki séð okkur í 21 ár og verða því bara að bíða aðeins lengur. Rotterdambúar eru hreinar meyjar þegar kemur að HAM. Við ætlum að spila mikið af nýja efninu, en þetta er svo sem allt nýtt fyrir þeim. Þetta er ágætt eins og við höfum haft þetta. Við spilum kannski eitthvað aðeins meira ef við gefum út á næsta ári, sem ég get ekki lofað. En ég vildi allavega vilja sjá okkur taka plötuna upp á næsta ári hvort sem við gefum hana út þá eða 2011. Hmmm...? Jú, það er aldrei að vita nema við verðum með meistarastykkið á næsta ári.“

drg@frettabladid.is

Jólaskemmtun í háloftunum

Flugfélagið Iceland Express býður farþegum sínum upp á jólaskemmtun um borð í flugvélum sínum núna í tilefni jólahátíðarinnar. Farþegar fá að smakka á hangikjöti, flatbrauði og íslenskum bjór auk þess sem söngkonan Hera Björk, tónlistarmaðurinn Pálmi Sigurhjartarson og spákonan Sigríður Klingenberg munu skemmta fólki með söng og spádómum. Þá hafa vélar flugfélagsins verið skreyttar með jólaskrauti.

„Stefnan er að vera með þessi flug fram að jólum. Það hefur verið mikil ánægja á meðal fólks með þetta uppátæki og margir hafa skrifað okkur til að koma ánægju sinni á framfæri. Erlendum ferðamönnum finnst hangikjötið almennt gott og finnst gaman að fá að smakka framandi mat,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.

Aðspurður segir hann skemmtikraftana hafa gaman af því að breyta aðeins til og troða upp í flugvél. „Þau hafa mjög gaman af þessu. Auðvitað er þetta minna pláss en þau eru vön, en það hefur ekki verið til vandræða hingað til.“

Flugfélagið hefur þurft að bæta fleiri vélum við áætlanaflug til Oslóar og Álaborgar þar sem fjöldi Íslendinga er á leið heim um jólin. „Það er alltaf mikið að gera í kringum jólin. Við erum með allar vélar í fullri notkun og bættum við vélum til nokkurra staða,“ segir Matthías að lokum.

- sm

Á FERÐ OG FLUGI **Sigríður Klingenberg** og **Hera Björk** munu skemmta farþegum Iceland Express fyrir jólin. **Matthías Imsland**, forstjóri Iceland Express, segir erlenda ferðamenn hrifna af íslenska hangikjötinu.

TILBOÐ DAGSINS

Sveppi

verður hjá okkur
í dag milli

kl. 17-18

og áritar myndina!

1.989 kr.

Fullt verð ~~2.489~~

FRÉTTABLAÐIÐ

?

Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!

2.289 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.



2.489 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.

2.989 kr.



6.989 kr.

Þúsundir afþreyingartitla í boði!

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

> Komast Akureyringar á toppinn?

Það er sannkallaður stórleikur í N1-deild karla í kvöld. Þá tekur lið Akureyrar á móti toppliði Hauka. Eftir magurt gengi framan af móti hefur Akureyrarlið-ið heldur betur dottið í gírinn og unnið fimm leiki í röð. Fyrir leik kvöldsins sitja Haukar á toppnum með 12 stig en Valur og Akureyri koma þar á eftir með 11 stig. Akureyringar komast því á toppinn með sigri. Hinn leikur kvöldsins er viðureign HK og Gróttu en þau mætast í Digranesi. Valsmenn spila síðan gegn FH á laugardag.

sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR ÓLAFSSON, 19 ÁRA TROÐSLUMEISTARI ÚR GRINDAVÍK: SKORAÐI Á ALLA KANANA Í DEILDINNI

Það eru allir að vona að ég tapi troðslukeppninni

Ólafur Ólafsson er aðeins nítján ára gamall og rétt nýskriðinn upp í meistaraflokk en hefur þó skorað á alla bandarísku leikmenn Iceland Express deildarinnar þegar hann mætir til þess að verja troðslumeist-aratign sína á Stjörnuleik KKÍ á laugardaginn.

„Ég er búinn að fá mikil viðbrögð við þessari áskorun. Ég er búinn að fá ýmis skot hingað og þangað sem og inni á fésbókinni. Það eru allir að vona að ég tapi og þetta verði rekið ofan í mig af því að þetta hafi verið of stórar yfirlýs-ingar hjá mér," segir Ólafur en þetta var þó ekki alveg að hans frumkvæði. „Friðrik Ingi framkvæmastjóri hringdi í mig og spurði mig hvort ég vildi vera með. Ætli ég hafi ekki verið aðeins pressaður út í það að skora á hina. Ég er tilbúinn að takast á við það. Ég væri ekki í þessu nema ef ég væri til að takast á við hluti," segir Ólafur. Hann býst við mun harðari keppni nú. „Þetta verður miklu erfiðara. Ég er búinn að sjá þessa karla troða og veit að þeir hoppa frekar hátt," segir Ólafur, sem sjálfur hoppar nánast hæð sína í loft upp en hann segist vera búinn að bæta sig síðan hann vann troðslukeppnina fyrir tveimur árum. „Ég er búinn að bæta við mig og styrkja á mér lappirnar. Stökkprógrammið hjá Friðriki í sumar skilar sér örugglega eitthvað." Ólafur sækir hugmyndir sínar hingað og þangað. „Ég er ekki búinn að æfa neitt sérstaklega fyrir þetta en ég er búinn að fá tillögur frá liðsfélögunum. Ég er búinn að horfa á menn troða á netinu og svo sér maður alltaf þessar keppnir í NBA-deildinni. Ég á nóg uppi í erminni," segir Ólafur. Margir bíða örugglega spennt-ir eftir því hverju þessi litríki körfuboltastrákur tekur upp á. Ólafur er þó ekkert að farast úr áhyggjum fyrir laugardaginn. „Þetta verður bara gaman og ekkert annað. Ég sef örugglega vel. Ég fór seint að sofa fyrir síðustu keppni og ætli ég fari ekki aðeins fyrr að sofa núna," segir Ólafur og bætir við: „Ég ætla að reyna að koma á óvart og gera eitthvað nýtt. Það er ekki alltaf hægt að vera með það sama því þá vinnur maður ekki. Ég er ekki að fara í þessa keppni til þess að tapa. Þetta verður alvöru," sagði Ólafur að lokum.



FLOTTUR Guðjón Skúlason bregður á leik fyrir „nokkrum" árum. MYND/ÆGIR MÁR

Stjörnuhelgi hjá KKÍ:

Stjörnur gegn kempum

KÖRFUBOLTI Mikið verður um dýrðir á laugardaginn þegar Stjörnuleikur KKÍ fer fram.

Hefðbundin dagskrá verð-ur með stjörnuleikjum karla og kvenna. Bæði kynin keppa líka í þriggja stiga keppni og svo verð-ur troðslukeppnin á sínum stað.

Einn af hápunktum dagsins er þó klárlega leikur eldri lands-liðsmanna gegn landsþekktum Íslendingum.

Valinn maður er í hverju rúmi hjá gamla landsliðinu en með því spila Jón Kr. Gíslason, Teitur Örlygsson, Guðmundur Bragason, Guðjón Skúlason, Tómas Holton, Páll Kolbeinsson, Herbert Arn-arson, Sigurður Ingimundarson, Falur Harðarson og Birgir Mika-elsson. Liðinu stýrir síðan Torfi Magnússon.

Lið landsþekktra einstaklinga er áhugavert en með því leika meðal annars Auðunn Blöndal, Hilmir Snær Guðnason og Sverr-ir Bergmann. KKÍ mun greina frá fleiri leikmönnum liðsins er nær dregur leik. - hbg

Búinn að skora tvær flautukörfur

Jakob Örn Sigurðarson er að gera mjög góða hluti með Sundsvall Dragons í sænsku úrvalsdeildinni í körfu og í fyrrakvöld tryggði hann liðinu 82-81 sigur á Södertälje með sinni annarri flautukörfu á tímabilinu.

KÖRFUBOLTI Jakob Örn Sigurðarson er í mjög stóru hlutverki í titilvörn sænsku meistaranna í Sundsvall Dragons. Hann er annar leikstjórn-enda liðsins, stigahæsti leikmaður-inn og það er gott dæmi um stöðu hans að í lok leiks á móti Södertälje á þriðjudagskvöldið setti þjálf-arinn það í hendurnar á honum að tryggja liðinu sigur. Jakob brást ekki bogalistin og skoraði hann sína aðra flautukörfu á tímabil-inu.

„Það gefur manni gott sjálfs-traust að skora svona körfu. Það er ekki oft sem þetta gerist og aldrei hjá sumum. Þetta er mjög skemmtilegt og það er gaman að geta sagst hafa skorað svona körfur. Ég var ekki búinn að skora svona körfu áður, en eina flautu-karfan mín fyrir þetta tímabil var í landsleiknum í Höllinni um árið. Þetta gerir sigurinn klárlega ennþá sætari," segir Jakob og lýsir lokasekúndunum.

„Þeir skoruðu úr tveimur vítum þegar fimm sekúndur voru eftir og komust þá einu stigi yfir. Við tókum leikhlé og fengum boltann á miðjunni. Ég fékk boltann úr inn-kastinu, dripplaði, bjó til pláss frá manninum mínum og fékk nokk-uð opið skot á vítalínunni," segir Jakob og bætir við:

Sett upp fyrir hann

„Þetta var sett upp fyrir mig. Ég átti að keyra að körfunni og sjá til hvað myndi gerast, hvort þeir myndu hjálpa eða ekki," sagði Jakob. Þetta var önnur flautu-karfa hans á tímabilinu en hin kom í leik á móti Borås í október. „Það var svona miðjuskot og því meiri heppni í því," rifjar Jakob upp.

Útlitið var ekki bjart fyrir Jakob og félaga þegar fjórði leikhlutinn hófst en þeir voru þá ellefu stig-um undir á heimavelli á móti þriðja neðsta liði deildarinnar. „Við erum búnir að gera allt of mikið af því að koma til baka í lokin. Það er eitthvert þema hjá okkur að bíða með það fram í fjórða leikhluta að fara að spila eins og menn," segir Jakob.

Þriðji í vítanýtingu

Jakob hefur staðið sig mjög vel á sínu fyrsta ári í sænsku deildinni. Hann er sjöundi stiga-hæsti leikmaður deild-arinnar með 16,7 stig í leik auk þess að vera í níundi sæti í stoðsend-ingum með 4,0 að með-altali. Jakob er auk þess með þriðju bestu vítanýtinguna (86 pró-sent) og sjöundu bestu þriggja stiga nýting-una en hann hefur sett niður 41,5 prósent lang-skota sinna.

Jakob deilir leikstjórn-andastöðunni með lands-liðsbakverðinum Matt Levin. Hann segir það ekkert mjög ólíkt því að spila við hlið Jóns Arnórs eins og hann gerði með KR í fyrra-vetur.

„Það er svo sem ekki mikil breyt-ing að spila við hliðina á honum frá því að spila við hliðina á Jóni. Allt skipulagið á liðinu er mjög svip-að og það var heima í fyrra, sem er ein af ástæðunum fyrir því að mér hefur gengið svona vel," segir Jakob og það er ljóst að þeir mynda eitt allra flott-asta bakvarða-par deildar-innar.

„Hann er rosalega góður og með mikla reynslu enda búinn að spila á Ítalíu í fimm ár. Hann er algjör toppleik-maður og ekta leikstjórnandi sem hugsar um liðið og að gefa boltann fyrst. Þegar Matt Levin kom var ég búinn að vera aðeins meira sem skotbakvörður. Við skiptum þessu á milli okkar. Sóknin okkar er þannig sett upp að ásinn og tvist-urinn eru mjög svipaðir," segir Jakob, sem fagnar því að liðið spili hraðan bolta.

Með snöggt lið

„Þetta hentar mér mjög vel. Við erum með snöggt lið og erum svo-lítið öðruvísi en mörg lið í sænsku deildinni. Stóru strákarnir okkar eru íþrótta-menn sem hlaupa og hoppa. Við reynum því að keyra hraðann upp, sem hentar mér mjög vel," segir Jakob.

Eftir tíu daga er stór-leikur við topplið deildarinnar í Solna þar sem æskufélagi hans, KR-ingurinn Helgi Már Magn-ússon, spilar. „Það er rosalega mikil-vægur leikur fyrir okkur. Við erum á heimavelli og erum búnir að tapa á móti hinum toppliðunum. Það er mikilvægt að vinna þann leik," segir Jakob. ooj@frettabladid.is

SJÖUNDI Jakob Örn Sigurðarson er að skora 16,7 stig í leik fyrir Sundsvall Dragons og er í 7. sæti yfir stigahæstu menn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aðalfundur Valsmanna hf.

VALSMENN
FJÁRFESTINGAFÉLAG

Aðalfundur Valsmanna hf. verður haldinn föstudaginn 11. desember, n.k. kl. 17:00 að Hlíðarenda. Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og verður sem hér segir:

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar vegna liðins starfsárs
2. Ársreikningur félagsins
3. Ákvörðun um hvernig fara eigi með hagnað/tap ársins
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Kjör stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Önnur mál

Valsmenn hf. fagna 10 ára afmæli

Í tilefni þess að liðin eru 10 ár frá stofnun Valsmanna hf. verður boðið upp á léttar veitingar í Lollastúku áður en aðalfundurinn hefst.

Af því tilefni verður kveikt á lýsingu umhverfis aðalleikvanginn en lýsingin er gjöf Valsmanna hf. til Knattspyrnufélagsins Vals.

Hluthafar er hvattir til að mæta og fagna þessum tímamótum.

Evrópumeistaramótið í 25 metra laug hefst í dag:

Hrafnhildur byrjar

SUND Evróumeistaramótið í 25 metra laug hófst í Istanbul í Tyrk-landi í morgun. Það er SH-stelp-an Hrafnhildur Lútersdóttir sem stingur sér fyrst en hún syndir þá í undanrásum í 50 metra bringusundi. Hrafnhildur syndir einn-ig seinna um daginn í 200 metra fjórsundi þannig að það verður nóg að gera hjá henni í dag.

Sindri Már Jak-obsson úr ÍRB syndir 100 metra flugsund á milli sunda Hrafn-hildar og í lok undanrásanna synda síðan þær Ingibjörg Kristín Jóns-dóttir úr SH og Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR í 100 metra skriðsundi.

Í pistli frá farastjóra hópsins, Ragnari Marteinssyni, kemur fram að mikið hafi verið rætt um nýju pallana eða startblokkirn-ar eins og þær eru kallaðar. Pallarnir eru aðeins breyttir þannig að aftari fótur er með uppstigi. Þetta á að vera betra í spyrnunni í startinu og er það örugglega en erfitt er að venjast svona löguðu á stuttum tíma og það getur haft áhrif á einbeiting-una.

Ragnar sagði líka frá því að öryggg-isgæsla á mót-inu sé lítil sem engin og hver sem er hefði getað gengið inn í höllina í gærmorgun og feng-ið sér sundsprett í keppnislauginni. - óój

BYRJAR Hrafnhild-ur Lúthersdóttir úr SH syndir í tveimur greinum á EM í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

THE NORTH FACE

Nú erum við komin í jólaskapið

Allar vörur frá stærsta útivistarmerki heims

The North Face

á 30% afslætti til jóla

The North Face er með allt í útivistina:

Hlífðarfatnaður ı Flíspeysur ı Dúnúlpur
Skíðafatnaður ı Bakpokar ı Svefnpokar
Gönguskór og margt fleira

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 48438 12/09

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ www.utilif.is

ÚTILÍF

Óvæntar fréttir þegar Sol Campbell var orðaður við Manchester United:

Frábært væri að fara til United

FÓTBOLTI Mörgum knattspyrnuáhugamanninum brá í brún í gærmorgun þegar Sol Campbell var orðaður við Man. Utd. Hugmyndin er kannski ekki svo vitlaus enda eru nánast allir varnarmenn Man. Utd meiddir.

Á móti kemur að Campbell gæti ekki spilað með United fyrr en eftir áramót þó svo að hann sé samningslaus. Þá verða líklega flestir af meiddu mönnunum komnir til baka og því lítið að gera fyrir hinn 35 ára gamla Campbell.

Campbell hætti eins og kunnugt er hjá Notts County eftir afar skamma viðdvöl. Hann hefur síðan haldið sér í formi með því að æfa hjá Arsenal með það fyrir augum að fá samning í janúar.

Hann viðurkenndi í viðtölum í gær að vera spenntur fyrir United en sagðist þó ekkert hafa heyrt frá forráðamönnum félagsins.

„Það hefur ekki komið nein formleg fyrirspurn frá Man. Utd en þetta hefur aðeins verið í loftinu. Að sjálfsögðu væri það frábært fyrir mig að komast til félags eins og Man. Utd," sagði Campbell við fréttastofu ESPN.

„Ég verð bara að bíða og sjá hvort það komi símtal í gegnum réttar leiðir. Augljóslega myndi ég stökkva á tækifærið en ég er samt ekki að gera mér miklar vonir um að þetta gerist. Ég mun bara halda áfram að æfa með Arsenal. Ef mér stendur til boða að æfa með Manchester United þá mun ég að sjálfsögðu gera það," sagði hinn reynslumikli Campbell.

Lítið hefur heyrst úr herbúðum Manchester United vegna málsins en það yrði óneitanlega áhugavert ef gamli Arsenal-maðurinn myndi spila með United. **- hbg**

LÍTIÐ AÐ GERA Campbell hefur lítið gert síðustu mánuði. Hann brá sér þó á NBA-leik í Chicago þar sem hann hitti landa sinn, Luol Deng, sem spilar með Bulls. NORDICPHOTOS/GETTY

Antonio Cassano:

Reifst við stuðningsmenn

FÓTBOLTI Antonio Cassano lenti upp á kant við reiða stuðningsmenn félagsins sem fjölmenntu á æfingasvæði liðsins eftir að það steinlá gegn AC Milan um helgina.

Stuðningsmennirnir voru afar reiðir og létu Antonio Cassano og félaga fá það óþvegið.

Köll þeirra reyndu á þolrif leikmanna sem allir héldu út nema Cassano. Honum ofbauð, öskraði á áhorfendurna og gaf þeim puttann áður en hann rauk inn í klefa til þess að róa sig niður.

Framkvæmdastjóri Sampdoria brá sér í gervi Georgs Bjarnfreðarsonar er hann útskýrði atvikið. Sagði að málið væri einn stór misskilningur. Cassano hefði misheyrst hvað einn áhorfandi sagði og hefði þess vegna brugðist illa við.

Verður áhugavert að sjá hvernig stuðningsmenn félagsins taka í þessa nýjustu uppákomu framherjans en það líður varla vika án þess að hann sé ekki í blöðunum út af vafasamri hegðun utan vallar. **- hbg**

DATT HANN Í ´ÐA? Andrey Arshavin á að hafa verið við skál kvöldið fyrir Slóvenaleikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ástæða taps Rússa fundin?

Drukknir daginn fyrir leik?

FÓTBOLTI Það kom verulega á óvart að Slóvenía skyldi slá Rússa út í umspilinu fyrir HM. Ef upplýsingar rússneskrar sjónvarpsstöðvar eru réttar þá er ástæðan drykkjuskapur leikmanna liðsins en sjónvarpsstöðin heldur því fram að leikmenn hafi verið vel við skál langt fram undir morgun daginn fyrir leik.

Rússneska knattspyrnusambandið lítur þessar ásakanir afar alvarlegum augum og hefur beðið stöðina um upplýsingar vegna málsins svo hægt sé að kanna sannleiksgildi fréttarinnar.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er með einn besta leikmann rússneska liðsins, Andrey Arshavin, í sínu liði og hann trúir ekki slíkri hegðun upp á sinn mann.

„Hann er alvörugefinn leikmaður og ég hef aldrei efast um hann. Ég trúi ekki orði af þessum fréttaflutningi. Miðað við hvernig hann undirbýr sig fyrir leiki er hann öðrum leikmönnum til fyrirmyndar," sagði Wenger. **- hbg**

ÞRENNA Michael Owen fagnar hér einu af þrem mörkum sínum gegn Wolfsburg.
NORDIC PHOTOS/AFP

Michael Owen stimplaði sig aftur inn í Þýskalandi:

Upprisa Michaels Owen gegn Wolfsburg

FÓTBOLTI Michael Owen minnti heldur betur á sig á þriðjudagskvöldið er vængbrotið lið Manchester United vann óvæntan útisigur á Wolfsburg, 1-3. Owen skoraði öll mörk United í leiknum og var það hans fyrsta þrenna fyrir ensku meistarana.

„Ég hef aldrei verið mjög hrifinn af því að tala um sjálfan mig; ég kýs frekar að tala um liðið. Því er samt ekki að neita að það er ljúft að skora þrennu. Samt er aldrei hægt að skora þrennu án aðstoðar félaga sinna," sagði Owen auðmjúkur eftir leikinn.

Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Owen skorar þrennu í Þýskalandi. Hann gerði slíkt hið sama með enska landsliðinu í München árið 2001. England vann þá ótrúlegan stórsigur á Þjóðverjum, 1-5.

Mikil umræða er þegar farin af stað í Englandi um það hvort Owen eigi ekki að fá annað tækifæri með enska landsliðinu. Hann hefur ekki verið í leikmannahópum Fabio Capello landsliðsþjálfara en frammistaða hans í Þýskalandi hlýtur að hafa vakið Ítalann til umhugsunar um hvort hann eigi ekki að gefa Owen tækifæri.

Vissulega býr Owen ekki yfir sama hraða og áður og þeir dagar eru liðnir að hann trufli varnarmenn andstæðinganna stöðugt. Það sem hann býr aftur á móti yfir er einstakur hæfileiki til þess að staðsetja sig í teignum og klára færin. Ekki búa allir framherjar enska landsliðsins í dag yfir slíkri náðargáfu.

Því spyrja blaðamenn nú hvort Capello hafi hreinlega efni á að skilja slíkan mann eftir næsta sumar.

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, sá enga ástæðu til annars en að hrósa framherjanum í hástert eftir leikinn.

„Owen er frábær í teignum. Hann er á öxlinni á mönnum og hleypur framhjá varnarmönnum. Það er hrein unun að sjá hvað hann tímasetur hlaupin sín snilldarlega," sagði Ferguson um Michael Owen.

- hbg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA
LITLIR FÓTBOLTA-SNILLINGAR
UPPLIFUN SEM ALDREI GLEYMIST
BARNIÐ ÞITT GÆTI LEITT HETJUNA SÍNA INN Á VÖLLINN Í MEISTARADEILDINNI
Ef þú notar MasterCard kort frá Kreditkorti gæti barnið þitt upplifað ógleymanlega stund. Tveir krakkar á aldrinum 7-9 ára fá að fara ásamt fylgdarmanni á leik í Meistaradeild Evrópu í Englandi 2010 og leiða leikmann inn á völlinn.
Fjölmargir skemmtilegir aukavinningar
SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS Á WWW.KREDITKORT.IS
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
KREDITKORT
MasterCard
Official Card

PIPAR\TBWA • SÍA • 92242
800 KR.
PAKKINN
Gleðileg jól
SENDU JÓLAPAKKA HVERT Á LAND SEM ER
800 KR. PAKKINN
EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*
*Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,8 m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.
Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefnum www.flytjandi.is.
Sími 525 7700 www.flytjandi.is
EIMSKIP Flytjandi

CRISTIANO RONALDO Sýndi ótrúleg tilþrif gegn Marseille í Frakklandi.
NORDIC PHOTOS/AFP

Cristiano Ronaldo:

Ekki orðinn 100 prósent góður

FÓTBOLTI Það var ekki að sjá á Portúgalanum Cristiano Ronaldo að hann hefði verið meiddur í tvo mánuði þegar Real Madrid sótti Marseille heim í Meistaradeildinni.

Ronaldo skoraði tvö mörk í leiknum og það fyrra úr hreint út sagt stórkostlegri aukaspyrnu. Hann var svo góður að Zinedine Zidane, fyrrum leikmaður Real, kallaði Ronaldo einstakan eftir leikinn.

„Ég er glaður að hafa skorað sem og að við unnum riðilinn okkar. Þetta var frábær leikur og ég verð að hrósa liðinu okkar sem spilaði frábæran fótbolta," sagði Ronaldo hógvær en hann segist enn eiga nokkuð í land með að ná fullum styrk.

„Ég er ekki alveg orðinn 100 prósent góður. Ég get gert meira og líkamlega á ég nokkuð í land. Þetta er samt allt á réttri leið og ég hef unnið vel með sjúkraþjálfurum og læknum síðustu vikur," sagði Ronaldo.

Ronaldo verður ekki með Real Madrid um helgina gegn Valencia þar sem hann fékk rautt spjald fyrir að sparka í andstæðing í leik Real um síðustu helgi. **- hbg**

Er bara hvíti víkingurinn við hliðina á súkkulaðistrákunum

Handknattleiksmaðurinn Ragnar Snær Njálsson hélt út í óvissuna í sumar er hann gekk til liðs við gríska félagið A.O. Dimou Thermaikou. Dvölin í Grikklandi hefur komið Ragnari skemmtilega á óvart. Hann spilar vel sjálfur og nýtur lífsins í sólinni til hins ítrasta. Nú síðast fékk hann sér tvö húðflúr.

HANDBOLTI Það vakti nokkra athygli síðasta sumar þegar Ragnar Snær Njálsson yfirgaf herbúðir HK til þess að spila með A.O. Dimou Thermaikou í Grikklandi. Honum stóð til boða að fara annað en ákvað að kýla á tilboðið í Grikklandi þó svo að hann vissi ekkert hvað hann væri að fara út í.

„Ég er verulega ánægður með dvölina hérna. Þetta er búið að vera vonum framar og þá sérstaklega handboltinn. Liðið er sterkara en ég bjóst við og deildin er það líka. Ég vissi ekkert við hverju væri að búast og hélt kannski að ég hefði gert vitleysu með því að hafna hinum tilboðunum," segir Ragnar Snær.

Ætlast var til þess af liðinu fyrir mót að það berðist um eitt efstu þriggja sætanna. Gengi liðsins var gott í upphafi en nokkuð hefur hallað undan fæti í síðustu leikjum. Dimou hefur nú tapað fjórum leikjum í röð og er komið í neðri hluta deildarinnar. Ekki er þó við Ragnar að sakast því hann hefur leikið mjög vel.

„Það hefur verið mikill stígandi í mínum leik og ég er að læra meira og meira inn á sjálfan mig á hverjum degi. Ég er búinn að skora svona 7-10 mörk í flestum leikjum. Svo skoraði ég 14 mörk í 15 skotum í Evrópuleik um daginn," segir Ragnar en þökk sé hans framlagi er Dimou komið í sextán liða úrslit í Áskorendakeppni Evrópu.

HÚFLÚRIN Ragnar fékk sér tvö húðflúr í vikunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

Ragnar segir að fín stemning sé á leikjunum í Grikklandi þó svo að áhorfendur séu kannski ekki alltaf mjög margir. Þeir sem mæti láti í sér heyra.

„Við erum með sterkan kjarna af stuðningsmönnum. Það eru svona menn sem deyja fyrir klúbbinn. Á laugardaginn mætum við nágrannaliðinu en liðin hatast. Það er búist við algjörri geðveiki á þeim leik enda er von á fótboltabullunum líka sem mæta ekki oft á handboltaleiki. Úr verður mergjuð stemning," segir Ragnar Snær, sem kann afar vel við líf atvinnumannsins.

„Venjulegur dagur hjá mér er að vakna um 10 og fara í ræktina. Svo er það hádegismatur með liðinu áður en maður fer kannski á ströndina í einn kaffibolla og kíkir á netið í leiðinni. Á kvöldin er maður síðan bara í Playstation eða glamrar á gítarinn þegar æfing er búin."

Á VÍTALÍNUNNI Ragnar hefur verið iðinn við markaskorun. MYND/ÚR EINKASAFNI

Ragnar býr í 50 þúsund manna strandbæ rétt hjá Þessalóniku. Bærinn er mikill sumarleyfisstaður og því er rólegt í bænum yfir vetrartímann.

„Ég er aðeins búinn að ná lit en samt ekkert miðað við hina súkkulaðistrákana. Þeir eru svakalegir. Ég er enn bara hvíti víkingurinn," segir Ragnar hlæjandi.

Hann var nýkominn af húðflúrstofu þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði í hann. Var það í fyrsta skipti sem Ragnar fær sér húðflúr en hann sagði það óumflýjanlegt.

„Fylgir það ekki atvinnumennskunni að fá sér húðflúr?" segir Ragnar og hlær við.

„Ég fékk mér meira að segja tvö húðflúr. Það dugar ekkert minna. Ég fékk vin minn, sem er grafískur hönnuður, til þess að hanna fimm stjörnur sem liggja saman innan á úlnliðnum. Svo er ég með The sky is the limit innan á vinstri byssunni. Stjörnurnar þýða margt en það er ákveðinn stigi sem ég sé fyrir mér. Ég er að klífa þennan stiga. Er að klára fyrstu stjörnuna og næsta stjarna er stærri. Sú síðasta er síðan stærst og þangað ætla ég mér að ná."

henry@frettabladid.is



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

TViX

HÁGÆÐA MARGMIÐLUNAR SPILARAR

EISA AWARD Best Product 2009-2010
Digital Media Player/Server
Dvico TviX HD M-7000

reddot design award winner

TViX margmiðlunarspilarar komu fyrst á markað á Íslandi árið 2005 og vöktu strax athygli fyrir gæði, hönnun og gott verð. Í gegnum árin hafa TViX margmiðlunarspilarar selst í tugþúsunda tali hér á landi. TViX er í dag leiðandi í hágæða margmiðlunarspilurum sem hafa unnið til fjölda verðlauna á borð við **EISA**, **red dot** ofl. Þegar leitað er að vönduðum margmiðlunarspilara sem spilar allar gerðir skráarsniða, og gerðar miklar kröfur til mynd- og hljóðgæða, þá er TViX það sem málið snýst um.

NÝ VARA

720P
HDMI
REC
DVB-T

SJÓNVARPS FLAKKARI

TViX R-2230

2.5" sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir fartölvudiska, með innbyggðum stafrænum DVB-T sjónvarpsmóttakara, HDMI, USB, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum eða öðrum USB flökkurum. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn í bílinn, bústaðinn eða hjólhýsið.

19.990kr.

720P
HDMI
REC
LAN

SJÓNVARPS FLAKKARI

TViX R-3300

3.5" sjónvarpsflakkari með PVR/DVR upptökumögleika fyrir uppáhalds efnið þitt. HDMI, USB, LAN, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn til að geyma og spila allt margmiðlunarefni heimilisins.

29.990kr.

1080P
HDMI
H.264
LAN

HÁSKERPU FLAKKARI

TViX M-6600A

Nýr H.264 háskerpu sjónvarpsflakkari frá TviX sem spilar alla staðla. LED skjár sem sýnir alla virkni, takkar til að stjórna án fjarstýringar, LAN, HDMI, Component, Optical tengi. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Frábær spilari til að geyma og spila allt efni í bestu mögulegu gæðum.

59.990kr.

ÞRÁÐLAUST NETKORT

TViX N-draft

Þráðlaust N-draft 300 Mbps netkort fyrir TviX spilara til að tengjast heimaneti þráðlaust. Passar fyrir R-2230, R-3300, M-6600 spilarana. USB tengt.

7.990kr.

Allar margmiðlunarflakkarar koma án harðs disks.Tölvulistinn býður upp á mikið úrval af hörðum diskum frá merkjum á borð við Western Digital, Samsung og Seagate. Við mælum sérstaklega með Western Digital Green diskunum sem eru mjög hljóðlátir og henta því vel í margmiðlunarflakkara.

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750

ÚRSLIT

Iceland Express-d. kvenna

Snæfell - Haukar 63-77 (30-45)
Stig Snæfells: Gunnhildur Gunnarsdóttir 19, Björg Guðrún Einarsdóttir 10, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 9, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 6, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 5, Sara Sædal Andrésdóttir 4, Rósa Indriðadóttir 4, Hildur Björg Kjartansdóttir 3, Ellen Alfa Högnadóttir 3.
Stig Hauka: Heather Ezell 32, Guðrún Ósk Ámundardóttir 14, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 12, Helena Brynja Hólm 8, Kristín Fjóla Reynisdóttir 6, Auður Íris Ólafsdóttir 3, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 2.

Meistaradeild Evrópu

E-RIÐILL

Lyon - Debrecen 4-0
1-0 Bafetimbi Gomis (25.), 2-0 Michel Bastos (45.), 3-0 M. Pjanic (59.), 4-0 A. Cissokho (77.)
Liverpool - Fiorentina 1-2
1-0 Yossi Benayoun (43.), 1-1 Martin Jörgensen (63.), 1-2 Alberto Gilardino (92.)

STAÐAN

Fiorentina	**6**	**5**	**0**	**1**	**14-7**	**15**
Lyon	6	4	1	1	12-3	13
Liverpool	**6**	**2**	**1**	**3**	**5-7**	**7**
Debrecen	6	0	0	6	5-19	0

F-RIÐILL

Dynamo Kiev - Barcelona 1-2
1-0 Artem Milevski (2.), 1-1 Xavi (33.), 1-2 Lionel Messi (86.)
Inter - Rubin Kazan 2-0
1-0 Samuel Eto'o (30.), 2-0 Mario Balotelli (63.).

STAÐAN

Barcelona	**6**	**3**	**2**	**1**	**7-3**	**11**
Inter	6	2	3	1	7-6	9
Rubin Kazan	**6**	**1**	**3**	**2**	**4-7**	**6**
Dynamo Kiev	6	1	2	3	7-9	5

G-RIÐILL

Sevilla - Rangers 1-0
1-0 Frederic Kanoute, víti (8.).
Stuttgart - Unirea Urziceni 3-1
1-0 Ciprian Marica (5.), 2-0 Cristian Träsch (8.), 3-0 Pavel Pogrebnyak (11.), 3-1 A. Semedo (46.).

STAÐAN

Sevilla	**6**	**4**	**1**	**1**	**11-4**	**13**
Stuttgart	6	2	3	1	9-7	9
Unirea	**6**	**2**	**2**	**2**	**8-8**	**8**
Rangers	6	0	2	4	4-13	2

H-RIÐILL

Standard Liege - AZ Alkmaar 1-1
0-1 Jermain Lens (42.), 1-1 Sinan Boltat (90.).
Olympiakos - Arsenal 1-0
1-0 Leonardo (47.).

STAÐAN

Arsenal	**6**	**4**	**1**	**1**	**12-5**	**13**
Olympiakos	6	3	1	2	4-5	10
Standard	**6**	**1**	**2**	**3**	**7-9**	**5**
AZ Alkmaar	6	0	4	2	4-7	4

Enska B-deildin

Coventry - Newcastle 0-2
Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry og var tekinn af velli á 85. mínútu.
Barnsley - Scunthorpe 1-1
Emil Hallfreðsson var á bekknum hjá Barnsley.

Sænska úrvalsdeildin

Solna - Norrköping 88-92
Helgi Már Magnússon skoraði tíu stig og tók fjögur fráköst fyrir topplið Solna.

Norska úrvalsdeildin

Fyllingen - Haugaland 32-25
Andri Stefan skoraði fjögur mörk fyrir Fyllingen. Ólafur Haukur Gíslason varði tíu skot í marki H.

Valsmenn spila í auglýsingalausum búningum eftir bankahrunið:

Með kröfu í bú styrktaraðilans

ÍÞRÓTTIR Það hefur vakið eftirtekt að Valur hefur leikið í auglýsingalausum búningum í N1-deild karla og kvenna í handbolta nú í haust. Aðalstyrktaraðili félagsins undanfarin ár, Frjálsi fjárfestingabankinn, var tekinn til slita í júní síðastliðnum.

Stefán Karlsson, framkvæmdastjóri Vals, sagði við Fréttablaðið í gær að Valur hefði á sínum tíma gert samning við Frjálsa fjárfestingarbankann sem gilti til 2011.

„Við höfum því gert kröfu til slitastjórnar bankans og á meðan það ferli er í gangi höfum við ekki viljað setja aðra auglýsingu á búningana," segir Stefán. „En við erum vissulega að skoða þessi mál á hverjum degi og hvaða lausnir standa mögulega til boða."

Stefán segir að Valsmenn séu í stöðugum samskiptum við slitastjórn bankans og hugsanlega nýja styrktaraðila til að finna lausn á málinu. „Enda er þetta mikið hagsmunamál fyrir okkur að finna lausn á þessu máli því styrktaraðilar spila stórt hlutverk fyrir íslensk íþróttafélög. Landslagið er þó allt annað síðan hrunið varð og styrktarsamningar eins og þessi hafa breyst mjög mikið. Við djöflumst þó áfram eins og önnur íþróttafélög."

- esá

ENGIN AUGLÝSING Rebekka Skúladóttir í leik með Val í N1-deild kvenna í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleðitíðindi fyrir Val:

Katrín og Kristín framlengja

FÓTBOLTI Valur staðfesti á heimasíðu sinni í gær að þær Katrín Jónsdóttir fyrirliði og Kristín Ýr Bjarnadóttir hefðu framlengt samninga sína við Val fram á næsta ár. Katrín er einnig fyrirliði íslenska landsliðsins.

Báðar voru í lykilhlutverki hjá Val á síðasta tímabili er liðið varð bæði Íslands- og bikarmeistari. Kristín Ýr skoraði 23 mörk í átján leikjum í sumar og varð markahæst í Pepsi-deild kvenna ásamt Rakel Hönnudóttur, Þór/KA. Katrín skoraði alls átta mörk í átján deildarleikjum í sumar.

- esá

Barcelona og Inter stóðust prófið

Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lauk í gær. Evrópumeistarar Barcelona tryggðu sér sigur í jöfnum F-riðli þar sem Inter varð í öðru sæti eftir góðan sigur á heimavelli. Liverpool kvaddi keppnina með tapi.

FÓTBOLTI Evrópumeistarar Barcelona tryggðu sér í gær efsta sæti síns riðils með 2-1 sigri á Dynamo Kiev í Úkraínu en síðustu leikirnir í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fóru fram í gær.

Auk þess tryggðu Inter, Stuttgart og Olympiakos sér sæti í sextán liða úrslitum keppninnar.

Barcelona stillti upp sínu sterkasta liði í gær enda hafði Pep Guardiola gefið það út að hann ætlaði liðinu ekkert annað en sigur og þar með efsta sætið í riðlinum.

En Evrópumeistararnir lentu í miklum hremmingum strax í upphafi leiks. Artem Milievski skoraði þá fyrir heimamenn í Kænugarði með marki beint úr aukaspyrnu. Markið skrifast þó á Victor Valdes, markvörð Barcelona, sem missti boltann undir sig og í markið.

Lionel Messi komst svo í gegnum vörn heimamanna stuttu síðar en nýtti færið illa og lét verja frá sér.

Eftir þetta róuðu Börsungar leikinn og tóku öll völd á vellinum. Svo kom löng sókn á 33. mínútu sem lauk með því að Eric Abidal sendi boltann fyrir markið þar sem Xavi var mættur og skoraði af öryggi af stuttu færi.

En þó svo að Barcelona hafi stýrt leiknum af mikilli færni var Gerard Pique stálheppinn að fá ekki rautt spjald þegar hann stöðvaði sókn heimamanna með því að handleika knöttinn. Þetta gerðist undir lok hálfleiksins og hefðu Kænugarðsmenn komist yfir þá hefði það getað breytt miklu um gang leiksins. Pique slapp með áminningu.

Síðari hálfleikur var að mestu leyti tíðindalaus þar til á 86. mínútu. Barcelona fékk þá aukaspyrnu og gerði töframaðurinn Lionel Messi sér lítið fyrir og skoraði með glæsilegu skoti, í slána og inn. Jafntefli hefði reyndar dugað Barcelona til sigurs í riðlinum þar sem Inter vann sinn leik. Úrslitin þýða hins vegar að Rubin Kazan kemst áfram í Evrópudeildina á kostnað Dynamo Kiev.

Balotelli og Eto'o fóru á kostum

Það var einnig mikið undir í hinum leiknum í F-riðli. Inter tók á móti rússnesku meisturunum í Rubin Kazan en stjóri Inter, Jose Mourinho, þótti á hálum ís fyrir leikinn. Þó svo að Inter sé á toppi ítölsku úrvalsdeildarinnar tapaði liðið fyrir Juventus um síðustu helgi og hafa ítalskir fjölmiðlar aukinheldur haldið því fram að hann yrði látinn fjúka hefði Inter mistekist að komast áfram í Meistaradeildinni.

Mourinho gat þó leyft sér að anda léttar á 30. mínútu leiksins er Samuel Eto'o kom Inter yfir með föstu skoti úr vítateig eftir að Mario Balotelli lagði boltann út á hann.

Balotelli var svo sjálfur á ferðinni í síðari hálfleik er hann skoraði með þrumuskoti beint úr aukaspyrnu af löngu færi. Þar með innsiglaði hann góðan sigur Inter og bjargaði starfi Mourinho, um stundarsakir að minnsta kosti.

MAGNAÐUR XAVI Fagnar hér fyrra marki Barcelona gegn Dynamo Kiev í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

MARKAHETJUR Samuel Eto'o og Mario Balotelli skoruðu mörk Inter í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Besta byrjunin frá upphafi

Í Þýskalandi mættust Stuttgart og rúmenska liðið Unirea Urziceni í hreinum úrslitaleik um hvort liðið myndi fylgja Sevilla í sextán liða úrslitin. Rúmenunum dugði meira að segja jafntefli en snemma var ljóst að Þjóðverjarnir ætluðu að láta mikið af sér kveða.

Þeir þýsku skoruðu þrjú mörk á fyrstu ellefu mínútum leiksins og er það met í Meistaradeildinni - ekkert lið hefur náð þriggja marka forystu svo snemma í leik í Meistaradeildinni. Unirea náði að minnka muninn í upphafi síðari hálfleiks en nær komst liðið ekki.

Þess má geta að Markus Babbel var á dögunum rekinn sem stjóri Stuttgart og Christian Gross, fyrrum stjóri Tottenham, ráðinn í hans stað. Það var greinilegt að leikmenn tóku vel í þá breytingu og er liðið komið áfram í næstu umferð.

Þýðingarlaust hjá enskum

Ensku liðin Liverpool og Arsenal léku þýðingarlausa leiki í gær. Liverpool var fallið úr leik og tapaði, 2-1, fyrir Fiorentina á heimavelli. Alberto Gilardino skoraði sigurmark Ítalanna í uppbótartíma. Arsenal var þegar búið að tryggja sér sigurinn í sínum riðli og stillti Arsene Wenger yngsta byrjunarliði nokkurs liðs í Meistaradeildinni frá upphafi er liðið mætti Olympiakos á útivelli og tapaði, 1-0.

Dregið verður í sextán liða úrslit á föstudaginn í næstu viku.

eirikur@frettabladid.is

Lið Þóris Hergeirssonar og Florentinu í C-riðli á HM í kvennahandbolta í Kína:

Keppa um sigurinn í riðlinum

HANDBOLTI Noregur og Rúmenía hafa bæði byrjað vel á HM í kvennahandbolta sem fram fer þessa dagana í Kína og nú er ljóst að lið þeirra Þóris Hergeirssonar og Florentinu Stanciu, markvarðar Stjörnunnar, mætast í dag í úrslitaleik um sigurinn í C-riðlinum.

Þórir þjálfar lið Noregs sem vann sex marka sigur á Ungverjalandi, 25-19, á sama tíma og Rúmenía, með Florentinu í góðum gír í markinu, burstaði Túnis með sautján mörkum, 39-22. Liðin hafa bæði unnið fyrstu fjóra leiki sína en Rúmenar eru ofar á aðeins betri markatölu.

Útlitið var ekkert of bjart hjá norska liðinu um miðjan síðari hálfleik þegar Ungverjar skoruðu tvö mörk í röð og komust 17-15 yfir. Stelpurnar hans Þóris fóru þá í gang og tryggðu sér flottan sigur með því að skora fjögur næstu mörk og vinna 17 síðustu mínútur leiksins 10-2. Linn Kristin Riegelhuth skoraði mest fyrir norska liðið, 6 mörk, en besti leikmaður liðsins var markvörðurinn Katrine Lunde Haraldsen sem varði 18 skot (49 prósent).

Florentina Stanciu varði 11 af 21 skoti sem hún fékk á sig á móti Túnis en hún var í byrjunarliði Rúmeníu og spilaði fyrri hálfleikinn sem rúmenska liðið vann 23-10. Paula Ungureanu, sem er vanalega aðalmarkvörður liðsins, varði 9 af 21 skoti sem kom á hana í síðari hálfleiknum.

Noregur og Rúmenía eru tvö af sex liðum sem hafa unnið fyrstu fjóra leiki sína í keppninni en hin eru Danmörk (A-riðill), Rússland (B-riðill) og loks lið Spánar og Suður-Kóreu sem eru saman í D-riðli. - óój

45 PRÓSENT Florentina Stanciu er búin að verja 31 af 69 skotum sem hafa komið á hana á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞAÐ BESTA UTAN ÚR HEIMI!

DYNAMO REYKJAVÍK

BÓKMENNTA- OG KARTÖFLUBÖKUFÉLAGIÐ EFTIR MARY ANN SHAFFER
ÞÝÐANDI INGUNN ÁSDÍSARDÓTTIR

„Bókin er vel skrifuð og mikil skemmtilesning ... Bókmennta- og kartöflubökufélagið stendur fyrir sínu og býður upp á laufléttan lestur milli jóla og nýárs."

– Brynhildur Heiðardóttir Ómarsdóttir, midjan.is

„Hrífur jafnvel mesta efasemdafólk."
The Times



Eftir höfund Yacoubian-byggingarinnar

CHICAGO EFTIR ALAA AL ASWANY
ÞÝÐANDI JÓN HALLUR STEFÁNSSON

„Þetta er bók sem hiklaust er hægt að mæla með fyrir þá sem hafa gaman af góðum og vönduðum skáldsögum úr hversdagslífinu."

– Ástvaldur Tryggvason, eyjan.is

MÁLAVEXTIR EFTIR KATE ATKINSON
ÞÝÐANDI ELÍSA BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR

„Of gæjaleg til að vera „kellingabók" en of vönduð og hjartnæm til að vera töff. Hún fetar línuna innan þessara marka og tekst þegar best lætur að vera hvorutveggja í senn."

– Bergur Ebbi, midjan.is

„Besta bókin á jólamarkaðnum. Listilega þýdd saga þriggja fjölskyldna með einkaspæjarann Jackson Brodie í forgrunni."

– Eiríkur Jónsson, dv.is

„Dýpri og líflegri en venjulegar spennusögur og meira spennandi en hefðbundnar skáldsögur."
New York Times

Íslensku þýðingaverðlaunin
Tilnefning
Bandalag þýðenda og túlka

BJARTUR
www.bjartur.is

> **Sean Connery**

„Sumir eldast, aðrir þroskast."

Connery fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Dr. No sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HEILLAST AF NJÖRÐUM

Skemmtilega stór hvellur

Langt er síðan ég hef kynnst jafn skrautlegum og skemmtilegum karakter og Sheldon Cooper í þáttunum Big Bang Theory. Undanfarið hef ég sogast inn í þættina sem sýndir eru á Stöð 2 á þriðjudögum. Vinir Sheldons eru einnig furðulega aðlaðandi persónur og kannski er það því að þakka hvað þeir eru frábrugðnir öllum öðrum persónum sem venjulega eru ráðandi í bandarískum gamanþáttum.

Þátturinn fjallar um nirðina Leonard Hofstadter, Sheldon Cooper, Howard Wolowitz og Rajesh Koothrappali. Auk þess gefur Penny, nágranni Sheldons og Leonards, skemmtilega sýn venjulega fólksins á furðufuglana fjóra.

Leonard er doktor í tilraunaeðlisfræði með greindarvísitölu upp á 173 og hlaut doktorsgráðuna 24 ára gamall. Meðleigjandi hans, Sheldon Cooper, er hinn mesti furðufugl. Hann var undrabarn sem byrjaði í háskóla ellefu ára. Hann hefur tvær doktorsgráður og hefur greindarvísitöluna 187. Það breytir því ekki að hann er félagslega fatlaður með meiru og mannleg samskipti eru honum lokuð bók. Hann skilur ekki grín, hvað þá kaldhæðni og er alveg laus við hógværð.

Þá er það Howard Wolowitz sem er eingöngu með mastersgráðu í verkfræði frá MIT sem Sheldon telur vísir um heimsku. Hann telur sig ranglega mikinn kvennabósa.

Síðasti njörðurinn er Rajesh Koothrappali sem kemur frá Indlandi, er með doktorsgráðu í stjarneðlisfræði. Feimnin er hans helsta einkenni þar sem hann verður mállaus þegar fögur kona nálgast.

Svo er það hún Penny, ósköp sæt og meðalgreind kona sem á undraverðan hátt smellur alveg ágætlega inn í hópinn.

Í heildina er þetta þáttur sem vel má mæla með fyrir þá sem vilja gott grín í bland við eðlisfræðitilvísanir. Þeir sem þekkja til í Caltech í Kaliforníu munu vísast til hlæja upphátt yfir samlíkingu þeirra sem þar starfa og stunda nám.

FIMMTUDAGUR

20.10 The Office SKJÁREINN

20.30 Kobe – Doin' Work STÖÐ 2 SPORT

20.30 Ástríður STÖÐ 2 EXTRA

20.40 Eli Stone SJÓNVARPIÐ

21.50 Fringe STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.35 Kiljan (e)
16.25 Leiðarljós
17.15 Táknmálsfréttir
17.25 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn (9:12) (e)
17.40 Stundin okkar (e)
18.10 Mæðralíf (In the Motherhood) (4:7) Bandarísk gamanþáttaröð um þrjár konur sem reyna eftir megni að sinna móðurhlutverkinu, vinnunni og ástalífinu án árekstra.
18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi (e)
18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi
20.40 Eli Stone (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum.
21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi (11:12) Þátturinn um vísindi og fræði á Íslandi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Framtíðarleiftur (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð.
23.10 Himinblámi (Himmelblå) (e)
23.55 Kastljós (e)
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Jesus Christ Superstar
10.00 French Kiss
12.00 Red Riding Hood
14.00 Jesus Christ Superstar
16.00 French Kiss
18.00 Red Riding Hood
20.00 Dr. No James Bond er á Jamaica að rannsaka hugsanleg morð á breskum erindreka og einkaritara hans en uppgötvar að málið er aðeins hlekkur í langri fólskuverkakeðju. Með aðalhlutverk fara Sean Connery og Ursula Andress.
22.00 So I Married an Axe Murderer
00.00 Good Luck Chuck
02.00 The Descent
04.00 So I Married an Axe Murderer
06.00 From Russia with Love

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stóra teiknimyndastundin og Lalli.
08.15 Í fínu formi
08.30 Oprah
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
10.55 Notes From the Underbelly
11.20 Grumpy Old Men (5:5)
11.50 Armed and Famous (1:6)
12.35 Nágrannar
13.00 La Fea Más Bella (86:300)
13.45 La Fea Más Bella (87:300)
14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (6:12)
14.55 Ally McBeal (10:23)
15.35 Barnatími Stöðvar 2 Háheimar, Stóra teiknimyndastundin, Ógurlegur kappakstur og Lalli.
17.03 Bold and the Beautiful
17.28 Nágrannar
17.58 Friends
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.52 Íþróttir
18.59 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 The Simpsons (13:22)
19.55 Two and a Half Men (12:24)
20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel (11:12) Jói Fel er í jólaskapi og eldar mat fyrir hátíðina.
21.00 NCIS (18:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hætturlegri í þessari fimmtu seríu.
21.50 Fringe (3:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Henni til aðstoðar eru hinn umdeildi vísindamaður Dr. Walter Bishop og sonur hans Peter.
22.40 Billy Bathgate Hér er sögð saga Billys úr Bathgate-breiðstrætinu sem trúði því að hann yrði ríkur ef hann fengi inngöngu í glæpaklíku. Með aðalhlutverk Dustin Hoffman og Nicole Kidman.
00.25 ATL
02.10 Death Wish Live
03.00 Samaria
04.40 Fringe (3:22)
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
17.15 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
18.10 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin Útsending frá leik sem fram fór fyrr í vikunni.
19.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
20.30 Kobe - Doin' Work Fylgst með einum degi í lífi Kobe Bryant. Myndin er eftir Spike Lee.
22.00 Bestu leikirnir: FH - Fram 25.06.03 FH og Fram mættust í Kaplakrika í 7. umferð Íslandsmótsins en fyrir leikinn hafði Fram aðeins hlotið 2 stig af 18 mögulegum. FH hafði aftur á móti unnið þrjá leiki í röð og virtust til alls líklegir á Íslandsmótinu.
22.30 UFC Live Events 3
23.25 World Series of Poker 2009

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Everton - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 West Ham - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Goals of the Season 2008 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
19.55 Premier League World Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
20.25 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 1997.
20.55 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 2001.
21.25 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
22.20 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.50 Arsenal - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Nýtt útlit (10:10) (e)
08.00 Dynasty (25:29) (e)
08.50 Innlit/ Útlit (7:10) (e)
09.20 Pepsi MAX tónlist
12.00 Nýtt útlit (10:10) (e)
12.50 Innlit/ Útlit (7:10) (e)
13.20 Pepsi MAX tónlist
16.35 America's Next Top Model (e)
17.25 Dynasty (26:29)
18.15 Fréttir
18.30 What I Like About You (3:18)
19.00 Game Tíví (13:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
19.30 Fréttir (e)
19.45 King of Queens (15:25) (e)
20.10 The Office (8:28) Michael fer í viðskiptaferð til Kanada og tekur Andy og Oscar með sér. Jim getur ekki beðið eftir að Pam snúi aftur úr náminu.
20.35 30 Rock (10:22) Liz kemst að því að nágranni hennar er gullfallegur læknir og er staðráðin í að næla í hann. Jack reynir að heilla ömmu kærustunnar.
21.00 House (8:24) Unglingsstúlka sem segist hafa séð fyrir sér sjálf eftir fráfall foreldranna veikist skyndilega.
21.50 CSI. Miami (8:25) Eftirlýstur morðingi rænir ungabarni og Horatio verður að hafa hraðar hendur til að finna hann.
22.40 The Jay Leno Show
23.25 Nurse Jackie (8:12) (e)
23.55 United States of Tara (8:12) (e)
00.25 King of Queens (15:25) (e)
00.50 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaþing Kristinn Ólafsson framkvstj. Landsbjargar og Sigurgeir Guðmundsson formaður segja frá vettvangi 3000 sjálfboðaliða.
21.00 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm tekur fyrir það allra helsta í íslenskri þjóðfélagsumræðu.
21.30 Segðu mér frá bókinni Þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.25

Eldsnöggt með Jóa Fel

Jói Fel er kominn í hátíðarskap. Í kvöld eldar Jói humar, risarækju og hörpudisk á teini, grillað með hvítlauk og svo hvítvíns-saffransósa með. Í aðalrétt verður safarík innbökuð nautalund í smjördeigi með sveppa duxel, rauðvínssósu og grilluðum kartöflum og svo Söru Bernhardt-smákökur á eftir. Þetta er tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan er þjóðlegri en áður, hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur af hjartans lyst.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Nýsköpun - Íslensk vísindi
Sjónvarpið kl. 21.25

Í þætti kvöldsins verður meðal annars fjallað um Hjartavernd og hvernig starf félagsins stuðlar að betra lífi fólks á fullorðinsárunum. Skoðað verður hvernig fiskifræðingar meta stærð fiskistofnanna og leitað verður svara við spurningunni; er eldgos í aðsigi nálægt Upptyppingum? Sem fyrr er þátturinn í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Andrarímur
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Ástarflótti
15.25 Raddir barna
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Úr gullkistunni
19.27 Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins: Þrjátíu ár á óperusviði
22.12 Orð kvöldsins
22.25 Útvarpsperlur: Leiklist í beinni útsendingu
23.25 Bláar nótur í bland
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
17.45 You Are What You Eat (13:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komið í ógöngur.
18.30 Seinfeld (23:24)
19.00 The Doctors
19.45 You Are What You Eat (13:18)
▶ **20.30 Ástríður** (4:12) Eigandi fjármálafyrirtækisins er kominn til landsins og hugsanleg sameining er yfirvofandi með tilheyrandi uppsögnum. Örvæntingin ræður ríkjum um stund. Stundum þarf að færa fórnir til að halda vinnunni.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
22.00 Gossip Girl (10:22) Þáttaröð um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.
22.45 Grey's Anatomy (7:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
23.30 Medium (15:19)
00.15 True Blood (12:12)
01.10 Ástríður (4:12)
01.40 Seinfeld (23:24)
02.10 Sjáðu
02.40 Fréttir Stöðvar 2
03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.20 Absolutely Fabulous **12.50** Absolutely Fabulous **13.20** After You've Gone **13.50** After You've Gone **14.20** My Hero **14.50** The Weakest Link **15.35** Monarch of the Glen **16.24** Monarch of the Glen **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Waking the Dead **21.50** Lead Balloon **22.20** The Mighty Boosh **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Only Fools and Horses **23.50** Monarch of the Glen

DR 1

12.00 Aftenshowet med Vejret **12.30** Nær naturen **12.45** Hammerslag **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Danskernes Krønike **19.30** Sporløs **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** En splittet familie **22.30** DR1 Dokumentaren - Spøgelsesbilisten **23.25** Seinfeld **23.45**

NRK 1

13.15 Studio Obama **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Månáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Øisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen 2 **21.30** Anne-Kat. ser på tv **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.30** Skavlan

SVT 1

13.20 Nobelpriset 2009 - fred och ekonomi **14.00** Sommarpratarna **15.00** Rapport **15.05** En plats till låns **15.25** Nobelpriset 2009 - prisutdelningen **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Nobelpriset 2009 - banketten **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Skavlan

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta mest á músík í skriftörnum og fer þá úr einu í annað. A Night in Tunisia með Charlie Parker og Dizzy Gillespie, Zombie með Fela Kuti, Paper Planes með MIA og Immigrant Song með Led Zeppelin eru til dæmis fjórar plötur sem hafa verið í gangi.“

Þórarinn Leifsson rithöfundur.

Ragnhildur gerir mynd um fíkla

Fjölmiðlakonan Ragnhildur Magnúsdóttir hefur fengið handritsstyrk frá Kvikmyndasjóði Íslands vegna heimildarmyndarinnar Fíkill.

„Ég fékk lítinn, sætan handritsstyrk í sumar og var að dútla mér við þetta en hugmyndin var búin að veltast um í hausnum á mér lengi,“ segir Ragnhildur. Myndin fjallar á óhefðbundinn hátt um nokkra einstaklinga sem áttu við fíkniefnavanda að stríða en náðu að snúa lífi sínu við. Áður hefur Ragnhildur búið til heimildarmyndina From Oakland to Iceland sem fékk fínar viðtökur. Hún fjallar um ferðalag plötusnúðsins Dj Platurn, bróður Ragnhildar, til Íslands eftir 25 ára búsetu í Bandaríkjunum. „Ólíkt fyrstu myndinni þá ætla ég ekki að framkvæma þessa mynd fyrr en ég fæ framleiðslustyrk. Ég er búin að gera mynd með engum styrkjum. Það var frábær reynsla og ég lærði ofboðslega mikið af því en ég ætla að gera þetta í réttri röð ef ég ætla að gera þetta aftur,“ segir Ragnhildur.



RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR Fjölmiðlakonan hefur fengið handritsstyrk vegna heimildarmyndarinnar Fíkill. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vegferð From Oakland to Iceland er ekki lokið. Myndin hefur verið sýnd á MTV-vef Skandinavíu, í Kanada og á Íslandi og nú er plakatið sem var gert fyrir myndina ofarlega á lista í nýrri íslenskri könnun yfir bestu bíómyndaplaköt áratugarins. „Þetta kom mér mjög mikið á óvart því það vita flestir að þessi mynd var gerð fyrir mjög lítinn pening og fjármagnið fyrir plakatið var líka lítið,“ segir Ragnhildur, sem átti hugmyndina að plakatinu. Þórdís Claessen annaðist síðan grafíska hönnun þess.

Ragnhildur hætti sem útvarpskona á Bylgjunni í október eftir nokkurra ára starf. „Ég fór í stutt endurhæfingarfrí vegna bílslysameiðsla en sagði upp verktakasamningi mínum við Bylgjuna í kjölfarið. Ég fann að mig langaði ekki aftur í akkúrat þetta starf þegar ég fer aftur að vinna. Það var bara kominn tími á breytingar.“ **- fb**



LÁRÉTT
2. berjast, **6.** fæddi, **8.** vefnaðarvara, **9.** kóf, **11.** skammstöfun, **12.** tjón, **14.** æxlunarfæri blóms, **16.** sjó, **17.** dorma, **18.** gröm, **20.** tveir eins, **21.** tegund.

LÓÐRÉTT
1. drykkur, **3.** tveir eins, **4.** ef til vill, **5.** for, **7.** endurbæta, **10.** fley, **13.** fugl, **15.** veiði, **16.** sæti, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. etja, **6.** ól, **8.** tau, **9.** kaf, **11.** fr, **12.** ógagn, **14.** fræva, **16.** sæ, **17.** sef, **18.** erg, **20.** ll, **21.** tagl.

LÓÐRÉTT: 1. kókó, **3.** tt, **4.** jafnvel, **5.** aur, **7.** lagfæra, **10.** far, **13.** gæs, **15.** afli, **16.** set, **19.** gg.

STEFÁN MÁNI: ER DAN BROWN MEÐ SÁL

Saga Film kaupir Ódáðahraun Stefáns

Saga Film hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn að bók Stefáns Mána, Ódáðahraun. Samningurinn er til átján mánaða og því greinilegt að framleiðslufyrirtækið ætlar að setja nokkurn kraft í þetta verkefni. Ragnar Agnarsson mun leikstýra myndinni en Ragnar og Stefán munu að öllum líkindum einnig skrifa handritið. Þetta er þriðja bók Stefáns sem er seld á þennan hátt, ZikZak á réttinn að Skipinu og Svartur á leik ásamt Filmus. „Við skrifuðum undir í dag og erum mjög spenntir, þetta er bara fyrsta skrefið af mörgum en vonandi verða þau fleiri,“ segir Ragnar í samtali við Fréttablaðið.

Ragnar segist fyrst hafa heillast af myndrænum texta Stefáns, söguþráður bókarinnar sé pottþéttur og svo séu persónurnar forvitnilegar. „ Aðalpersónan, Óðinn, er alveg ferlega skemmtilegur, karakter sem ákveður níu ára gamall að verða glæpamaður, það er svolítið ný sýn. Svo dregur bókin ekkert undan í lýsingum sínum á ofbeldinu,“ segir Ragnar en ef af líkum lætur verður þetta fyrsta kvikmyndin hans í fullri lengd. „Ég hef verið að gera mikið af auglýsingum og svo er ég nýbúinn að klára eina stuttmynd og er með aðra í vinnslu.“

Stefán Máni var að vonum ánægður með samninginn og var glaður með hversu mikinn kraft Saga Film ætli að setja í myndina. „Það er samið til átján mánaða með möguleika á framlengingu en þeir eru brattir og það væri gaman ef þetta gengi allt saman eftir á þessu tempói,“ segir Stefán. Eins og áður segir eru tvær aðrar kvikmyndir á teikniborðinu hjá íslenskum framleiðslufyrirtækjum eftir bókum Stefáns og rithöfundurinn hefur varla mátt stinga niður penna án þess að kvikmyndafyrirtækin séu komin í símann. Samlíkingin við Dan Brown, bandaríska metsöluhöfundinn er því einhvern veginn óhjákvæmileg en hann virðist vera í svipuðum sporum. „Ég er miklu gæfulegri en hann, ég er svona Dan Brown með sál,“ segir Stefán og hlær. Og höfundurinn er alveg með það á hreinu hver ætti að leika aðalhlutverkið í myndinni. „Draumurinn er að fá Ólaf Darra. Hann er valkostur númer eitt enda myndi hann rúlla þessu upp.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞRJÚ NÚLL

Saga Film hefur keypt kvikmyndaréttinn að Ódáðahrauni **Stefáns Mána** en þetta er þriðja bók höfundarins sem fer þessa leið. Kvikmyndarétturinn að bæði Skipinu og Svörtum á leik hafa verið seldar. Stefán vill sjá **Ólaf Darra** í aðalhlutverkinu í Ódáðahrauni.

FÓLK Í FRÉTTUM

Frétt Fréttablaðsins um að ofurstjarnan Kylie Minogue hefði samið við íslenska tískumerkið Gyðju vakti mikla athygli á dögunum. Nú heyrist að **Sigrún Lilja Guðjónsdóttir**, hönnuður og framkvæmdastjóri Gyðju, og eiginmaður hafi fengið boð frá sjálfum Sir Elton John um að mæta á árlegt vetrarball hans í London. Stærstu stjörnur heims mæta á ballið – David og Victoria Beckham láta sig til dæmis aldrei vanta og breska konungsfjölskyldan er á meðal heiðursgesta.

Sigrún verður hins vegar að hafna boði Eltons þar sem hún kynnir nýja línu í Kringlunni á laugardaginn. Sérstakt Hollywood-þema verður á kynningunni og gestir myndaðir á rauða dreglinum. Loks tekur **Edda Heiðrún Backman** við styrktarsamningi frá Gyðju og Steinari Waage fyrir hönd átaksins Á rás fyrir Grensás.

Auglýsingatextar eru misjafnir, en þegar þeir eru sérstaklega skemmtilegir vekja þeir athygli. Bæklingur Tiger-verslananna þykir óvenjuskemmtilegur en ástæðan fyrir því er einföld: Rithöfundurinn og lífskúnstnerinn **Auður Haraldsdóttir** sér um að skrifa í hann og leysir það með glans. **- afb**

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Leki á drögum að samkomulagi um samdrátt í losun koltvísýrings.
2. Þau eru svipuð og verðmæti þorskútflutnings fyrstu níu mánuði ársins, 57,5 milljarðar króna.
3. Í fjárlaganefnd Alþingis.

Humar 2.000 kr/kg

Skatan er komin!

Vestfirsk Hnoðmör

Stór, pilluð Eldeyjar-rækja

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Áhrifamiklar hljóðbækur

Fyrirtækið Hljóðbók.is hefur tekið upp á þeirri nýjung að hljóðskreyta þrjár hljóðbækur sem gefnar verða út fyrir jólin. Hljóðskreyttu bækurnar þrjár eru Útkall við Látrabjarg eftir Óttar Sveinsson, Kafbátasaga eftir Örnólf Thorlacius og Pétur poppari eftir Kristján Hreinsson.

„Við notum hljóðeffekta til að auka áhrif sögunnar. Í upphafi bókarinnar Útkall við Látrabjarg heyrist brimrót og hvernig sjómennirnir berjast fyrir lífi sínu og eykur þetta áhrifamátt frásagnarinnar. Kafbátasaga er skreytt með ýmsum kafbátahljóðum og ævisaga Péturs poppara er hljóðskreytt með tóndæmum frá hljómsveitum Péturs,“ útskýrir Gísli Helgason, annar eigandi Hljóðbókar.is.

ÁHRIFARÍK FRÁSÖGN Gísli Helgason, eigandi Hljóðvinnslunar, gefur út hljóðskreyttar hljóðbækur fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta hljóðskreytta bókin, Flóttinn frá Heimaey, kom út í fyrra og að sögn Gísla voru viðtökurnar það góðar að ákveðið var að gefa út fleiri hljóðskreyttar bækur nú í ár. „Viðbrögðin hafa verið góð og fólk hefur sagt við okkur að það hafi farið hrollur um það þegar það hlustaði til dæmis á Útkallið við Látrabjarg.“

Gísli segir hljóðbækurnar vera fyrir alla þá sem hafa gaman af því að hlusta á góða sögu og segir fólk hlusta á sögurnar í bílnum, líkamsræktinni og heima hjá sér. „Sumir hlusta á sögurnar fyrir svefn og finnst gott að sofna út frá lestrinum þannig að hljóðbækurnar er hægt að nota við öll tækifæri,“ segir hann.

Hljóðbækurnar fást í flestum bókabúðum auk þess sem hægt er að panta þær á heimasíðunni www.hljodbok.is. **- sm**

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Hlýrabolir síðir og stuttir
grátt, hvítt og svart

Síðar dömuskyrtur mikið úrval
Teyjubelti kr. 1999

Síðar hettupeysur, XS-XL

Síðar hettupeysur „stretch“

Fallegir kjólar margir litir og gerðir

Kjólar með kraga,
nokkrir litir

Mikið úrval af
skokkum

NÝTT KORTA TÍMABIL

MJÚKIR PAKKAR TILBOÐ

TILBOÐ GILDA ÚT SUNNUDAG

Öll dömuveski

Frábært úrval af fallegum skartgripum og hárskrauti á ótrúlegu verði

Margar gerðir af leggings

Dömu joggingbuxur st. XS-L

NÝTT KORTA TÍMABIL

Herra hettupeysur st. XS-XXL

Herra og dömu náttbuxur verð áður
1.999 verð nú 999, st. S-XL

Vatteruð herra hettupeysa með
loðfóðri í hettu, m/prenti grátt og
brúnt st. S-XXL

Loðfóðraðar herra hettupeysur,
svart, hvítt, grátt, st. S-XXL

OPIÐ FRÁ 10-21 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nylon verður The Charlies

Nylon hefur skipt um nafn og verður hér eftir þekkt sem The Charlies. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu hefur hljómsveitin landað útgáfusamningi við plötufyrirtækið Hollywood Records sem tilheyrir Disney-samsteypunni og hefur listamenn á borð við Miley Cyrus og Jonas Brothers á sínum snærum. Nylon, eða öllu heldur The Charlies, verður á forsíðu desemberheftis tímaritsins Monitor, sem kemur út á morgun. Samkvæmt heimildum verður ferillinn gerður upp í viðtalinu á óvenju opinskáan hátt, en tölublaðið er það fyrsta undir stjórn nýs ritstjóra, Björns Braga Arnarssonar. **- afb**

Delluhugmyndir

Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður gefur á vef sínum ekki mikið fyrir hugmyndir um að Daniel Gros, bankaráðsmaður í Seðlabankanum, fái hjálpað þjóðinni við einhliða upptöku evru, líkt og Svartfjallalandi árið 2002. Svartfellingar hafi verið með þýskt mark fyrir og að án stuðnings Seðlabanka Evrópu yrðu hér engin evruumskipti í alvörunni. „Þessi einhliða-„evru" hugmynd er bara eitt dæmið af mörgum um delluhugmyndir sem ganga ljósum logum í umræðunni," segir hann.
- óká

Kryddsíldin blífur

Þrátt fyrir að talsvert uppnám hafi orðið á Hótel Borg á gamlársdag í fyrra þegar Stöð 2 hélt sína árlegu Kryddsíld undir kröftugum mótmælum hafa forsvarsmenn stöðvarinnar ákveðið að láta ekki deigan síga og blása til þáttarins þetta árið venju samkvæmt. Staðsetningin fæst ekki upp gefin að svo stöddu, en ljóst er að Hótel Borg verður ekki fyrir valinu á ný. Þáttastjórnandi undanfarinna ára, Sigmundur Ernir Rúnarsson, er horfinn á vit nýrra ævintýra, en til að leysa hann af hafa verið fengin **Heimir Már Pétursson** og Lóa Pind Aldísardóttir, auk Eddu Andrésdóttur.

- sh

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Fyrrv. starfsmenn Kaupþings dæmdir í 8 mánaða fangelsi
2. Tyggjó sprengdi af neðri kjálkann
3. Sjálfstæðismenn vilja Geir í prófkjör
4. Níu lögreglumenn krefjast skaðabóta af íslenska ríkinu
5. Kona Tigers skelfingu lostin - upptaka

CONCEAL
Ósýnilega hillan
1.890 kr.

OPIÐ TIL KL. 22
FRAM AÐ JÓLUM

TEKK COMPANY

Tekk Company
Holtagörðum og Kringlunni
Sími 564 4400 - www.tekk.is